

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1997

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- ☐ Coloured covers / Couverture de couleur
- ☐ Covers damaged / Couverture endommagée
- ☐ Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée
- ☐ Cover title missing / Le titre de couverture manque
- ☐ Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- ☐ Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- ☐ Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur
- ☐ Bound with other material / Relié avec d'autres documents
- ☐ Only edition available / Seule édition disponible
- ☐ Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.
- ☐ Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- ☒ Additional comments / Commentaires supplémentaires: Text in Icelandic.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- ☐ Coloured pages / Pages de couleur
- ☐ Pages damaged / Pages endommagées
- ☐ Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées
- ☒ Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou piquées
- ☐ Pages detached / Pages détachées
- ☒ Showthrough / Transparence
- ☒ Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression
- ☐ Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire
- ☐ Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible.
- ☐ Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposant ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir la meilleure image possible.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x		14x		18x		22x		26x		30x	
	12x		16x		20x		24x		28x		32x

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:


University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol $\longrightarrow$ (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:


University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.


Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole $\longrightarrow$ signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)




APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482-1000 - Phone
(716) 281-9999 - Fax

T-1!
PS
1474
.C5
L2155
1914

**SICKESTON & THOMPSON
KIMLI MANITOBA**



VERZLA MED ALLA ALGENGA VERZLUNAR VÖRU

VERZLANIR AD

Gimnī, Arborg, og Iceland's River,

Hæsta verð borgað fyrir alla **BEINDAVÖRU**.

SIGURDSSON & THORVALDSON.
TASLMAN & GIMLI, 8.

POSTHUMUS


ICELANDIC COLLECTION

ELIZABETH DAFOE LIBRARY

THE UNIVERSITY
OF MANITOBA
ELIZABETH DAFOE LIBRARY

AJ-1402

LAKEVIEW HOTEL



Lang beztta og vandaðasta gestgjafahúsið í bænum.
Hinn allra ákjósanlegasti staður fyrir ferðafólk,
sen. vill fara úr bæjunum til að njóta hins hreina
og hressandi vatnsloft.

Ókeypis keyrsla til og frá vagnstöðvum á hverj-
um "Train"-tíma.

J. G. CHRISTIE
EIGANDI

TALSÍMI 1.

PÓSTHÓLF 83.

GIMLI,

— MAN.

H. P. TERGESEN,



Selur allskonar bygging-
arefni af bestu tegund,
sömuleiðis alla algenga
vöru, svo sem, matvöru,
járnvöru, Blikvöru, álva-
vöru, Leirvöru, mjólvöru.

Kvenna og karla fatnað
Hann selur hið víðru ga
STEPHENT PAINT.

Talsími 11. Pósthólf 454.

Gimli, Man,

B. FREEMANNSON & Co.

EIGENDUR

THE GIMLI MEAT MARKET

VERZLA MEÐ,

allar tegundir
ages, Bologna,
Kaupa húðir og
Alskonar garð-
ávextir seldir



af kėti, Saus-
Tólk og Lard.
borga gott verð
fyrir.
og keyftir.

Sanngjarnt verð, fljót afgreiðsla og góð skil.

TALSÍMI 7.

POSTHOLF 329.

GIMLI,

- MAN.

B. S. BENSON,
ÍSLENZKUR
LÖGFRÆÐINGUR og MÁLAFLUTNINGSMAÐUR


Starfstofa: Manitoba Ave.

SELKIRK, MAN.

The Gimli Livery & Dray

B. J. LÍFMAN
eigandi

Annast um alla drágt á varningi flytur fólk,,
hefir hinn besta útbúnað í alla staði.



**MAPLE
LEAF
PRENTFÉLAGIÐ**

Verzlar með ritföng og þess háttar.
Leysir af hendi alskonar prentun bæði
fljótt og vel.

TALSÍMI 16 & 23

PÓSTHÓFL 459

GIMLI, — MAN.



D. Halldorsson

Gullsmiður

Gerir við úr og klukkur
Smíðar

Hringi og aðra gullmuni,
Finnið hann þegar þér
þarfnist einhvers í þesskon-
ar varningi.

Sanngjarnt verð, alúðleg
viðskifti.

D. Halldorsson,
Gimli, — Man.

G. P. Magnusson



ÚTSÖLUMADUR

Fyrir hinar heimsfrægu Deering Bænda vélar

Elds og lífsábyrgðar agent.

UMBOÐSMAÐUR FYRIR

FREDRICK HEAP

LÖGMANN

Selkirk, — Manitóba.

T. Isími 16 og 23 Póstholf 459.

GIMLI, MAN.

Eigið yðar eigin
MYNDAVÉL

og takið sjálf ljósmyndir

Fyrir \$2.00 til \$20.00 geti þið fengið
myndavél í

DUNN'S LYFJABÚÐINNI
að Gimli, Man.

Skrifið eftir bækling er kostar yður ekkert en
gefur allar upplýsingar.


S. DUNN, M. D.

ALSKONAR TEGUNDIR AF



Akuryrkjaverkfærum
eru til sál hjá

G. P. MAGNÚSSON,
Gimli, Man.



BÆKUR



Eftirfylgjandi bækur fást í bókaverzlun
MAPLE LEAF PRENTFÉLAGSINS & Gimli

Sagan um Farmers loðinbjörn\$0.50

Fríða, skáldsaga eftir S. Sivertson, í kápu...
 ...\$0.25 í bandi \$0.65

Skrítlur og smásögur, safnað af

G. P. Magnússyni..... \$0.25

Úr öllum áttum eftir Jón Stefánsson,..... 0.25

Ljóðmæli eftir T. Jóhannesson..... 0.25

Blái roðasteinninn, saga 0.10

Saga sannrar hetju, og fl. 0.30

Kvitteringabækur (100 form) 0.25

Promissory notes (100 form) 0.25

Lien notes 0.25

Drafts..... 0.25

Sömuleiðis eyðublöð fyrir alskonar samninga.

S. Sigurðsson

Fiskikaupmaður

Verzlar með allar nauðsynjavörur
Svo sem kaffi, sykur, álnavöru, leirtau,
skótau, karla og kvenna fatnað. Bygg-
ingar efni af öllum tegundum, Harð-
vöru og mjölvöru.

Hæsta verð borgað fyrir

Alla bændavöru




Verzlanir að

Gimli og Hnausa

Tölsimt að Gimli 17. Posthólf 333.

Friðgeir Sigurðsson

Járnsmiður



Hesta járningum
sta ur gaumur
g fi .

Öllum aðgerðum
sint bæði fljótt og
vel. Sanngjarnt
verð.

Talsími 12.

GIMLI,

— MAN.

Elsta og bezta rakabúðin

á Gimli

Arni Thordarson

Eigandi

Gimli,

-- Man.

Gimli Hotel

Á móti C. P. R. vagnstöðinni, viðgerningur
allur hinn allra bezt. Vönduðustu tegundir af
vínun og vindlum.

G. E. Solmundsson

eigandi

TALSÍMI 14.

PÓSTHÓLF 14.

GIMLI,

— MAN.

J. H. Hanson

Harnessmaker

Verzlar með allt sem að hesta og uxa aktygjum lítur.
Einnig hið ágæta "Hanford's Balsam of
Myrrh" fyrirtaks meðal við öllum meiðslum á
mönnum og skepnum.

Kistur, Handtöskur og margt fleira.

STOCK FOOD

TALSÍMI 9.

PÓSTHOLF 93

GIMLI,

— MAN.

Arthur Zeron



Annast um flutning á fólki og varningi.

Hefir allan hinn bezta útbúnað.

Kaupir, selur og skiftir á hestum

Finnið hann, það borgar sig fyrir yður.

P. G. THOMPSON

SELUR ÞESSAR BÆKUR:

Atgerfi og Ættartign	\$0.40
Vopnasmiðurinn í Tyrus.....	0.50
Sögusafn Bergmálsins, II.	0.2
Rannsóknarferðir til norðurskautsins, I. kafli með 9 myndum.....	0.40

Þessar bækur eru einnig til sölu hjá

H. S. BARDAL í Winnipeg.

Borgun verður að fylgja hverri pöntun.

Gimli, Man.

—

Pósthólf 91.



THE UNIVERSITY OF CHICAGO PRESS
CHICAGO, ILL. 60637
1984

50 cts.

Ljósverðurinn

eða

Gerti og Truman Flint

Eftir

MARIA SUSANA CUMMINGS

Arnþjótur B. Olsen

í þýðingu eftir

JÓHANNES VIGFÚSSON

THE UNIVERSITY
LIBRARY

THE VIKING PRESS, LIMITED

Winnipeg, Manitoba, 1914



Arnþjótur B. Olsen

LJÓSVÖRÐURINN.

eða

GERTI OG TRUMAN FLINT.

FYRSTI KAPITULI.

Ljós í myrkri.

Það var komið undir kveld í bænum. Úti á landinu myndi vera nokkurnvegin bjart svo sem hálfa kl.-stund, en í götunum var orðið dimt.

Á dyraþröskuldi lélegs kofa sat lítið stúlkubarn og starði eftirvæntandi augum upp eftir götunni. Þröskuldurinn, sem hún sat á, var svo lágur og svo nálægt gangstéttinni, að beru fæturnar hennar hvildu á köldu steinunum. Það var nóvember-kveld og litilfjörlegt snjófall hafði gjört göturnar ennþá óþökkalegri en þær áður voru.

Fjöldi fólks gekk framhjá, en enginn veitti litlu stúlkunni eftirtekt, því engin manneskja í heiminum skeytti neitt um hana. Hún var í lélegum og ljótum fötum og útlit hennar veíklulegt. Augu hennar voru dökk og fögur, en svo stór í samanburði við horaða andlitið hennar, að þau óprýddu hana fremur en prýddu. Ef móðir hennar hefði lifað, þá hefði henni

þótt vænt um þessi augu. Að minsta kosti tíu sinnum á hverjum degi var vesalings stúlkunni sagt, að hún væri ljótasta og óskikkanlegasta barnið í heiminum. Enginn elskaði hana og hún elskaði engan. Enginn reyndi að gleðja hana eða skifta sér af því, hvernig henni leið.

Hún hafði ánægju af því, að biðja gamla mannsins, sem kveikti á strætis-ljóskerinu fyrir framan húsið, er hún átti heima í, — svo glöð yfir því, að sjá hið geislandi ljós blakta fyrir vindinum, og þegar hann gekk hart upp stigann og kveikti ljósið, þá varð alt svo fallegt í kringum hana, og þá var líka sem birti í huga þessa einmana barns. Og enda þótt ljósakveikarinn virtist ekki veita henni eftirtekt, né tala við hana, fanst henni samt að hann væri vinur sinn.

“Gerti”, hrópaði hranaleg rödd inni í húsinu, “ertu búin að sækja mjólkina?”

Barnið svaraði engu, en stóð upp og hljóp yfir fyrir húshornið í felur. “Nú, hvað er orðið af stelpunni?” sagði konan, sem talað hafði um leið og hún kom í i dyrnar.

Drengur, sem gekk framhjá og áleit Gertie vera vondan anda, hló hátt og bentu á hornið; gekk svo leiðar sinnar, leit við og sagði við sjálfan sig: “Já, nú fær hún það”..

Gerti var dregin út úr felustað sínum og fékk snoppung fyrir hið ljóta útlit sitt, og annan fyrir óþægð sína, því hún gretti sig framan í Nan Grant; og svo var hún rekin af stað eftir mjólkinni.

Hún flýtti sér eftir megni, því hún var hrædd um að ljósakveikjarinn yrði kominn og farinn, þegar hún kæmi aftur. Þegar hún kom aftur, var ljósakveikjarinn að ganga upp stigann til að kveikja, og var henni það mikið ánægjuefni. Hún nam staðar við neðri enda stigans og var svo glöð yfir að sjá ljósið, að hún veitti því ekki eftirtekt að hann kom ofan, og þar af

leiðandi rak hann sig á hana, svo hún datt. "Heyrðu, barnið mitt, hvernig orsakaðist þetta?" sagði hann og laut niður um leið til að hjálpa henni á fætur. Hún var staðin upp á einu augnabliki. Hún var vön við hrindingar og högg, svo að litilfjörlegar skeinur stóð henni á sama um. En — mjólkinn var eyðilögð. "Nei, þetta er slæmt. Hvað ætli mamma segi?" Þegar hann leit í andlit hennar, varð honum að orði: "Nei, þetta er undarlegt andlit; alveg einsog á svartúlfi". En þegar hann sá, hve hnuggin hún starði á mjólkina, sem helst hafði niður, sagði hann vingjarnlega: "Vertu upp hugann, litla trippið mitt. Vertu ekki hrædd, þó hún rifist dálítið. Eg skal gefa þér nokkuð á morgun, sem eg vei, þér líkar, þú ert svo einmanaleg. Ef kerlingin ilskast út af þessu, segðu henni þá, að eg hafi hrint þér. — Hefirðu ekki meitt þig? Hvað varstu að gjöra við stigann minn?"

"Eg var að horfa á þig kveikja", sagði Gerti, "og eg hefi ekki meitt mig minstu ögn; en mér þykir slæmt, að hafa helt niður mjólkinni".

Á þessu augnabliki kom Nan Grant út í dyrnar og sá, hvað skeð hafði. Hún tók barnið, barði það og skammaði og dró það það inn í húsið. Ljósakveikjarinn reyndi að stilla til friðar, en hún skelti hurðinni aftur rétt við andlit hans. Gerti var hegnt voðalega hart og neitað um vanalegu brauðmolana sína. Svo var hún lokuð inni í þakherberginu til að dvelja þar um nóttina.

Vesalings litla stúlkan. Móðir hennar var dain fyrir fimm árum, og eftir það hafði hún verið liðin þarna, ekki af því að Ben Grant hafði beðið konu sína um það við burtför sína — hann var búinn að vera svo lengi burtu, að enginn bjóst við að hann kæmi aftur — heldur af því, að Nan hafði sínar eigin ástæður; og enda þótt hún skoðaði Gerti, sem stórkostlega þján-

ingu, vildi hún ekki reyna að koma henni fyrir hjá öðrum.

Þegar Gerti vissi, að hún var lokuð inni í þessu dimma herbergi — hún var bæði hrædd og hataði myrkrið — stappaði hún á gólfið og orgaði af öllu megni; reyndi að brjóta hurðina og kallaði: "Eg hata þig, Nan Grant; gamla Nan Grant, eg hata þig". Þegar enginn kom til hennar, varð hún rólegri, lagðist niður á harða bólið og faldi andlitið í höndum sínum og grét, — grét ensog hjarta hennar ætlaði að springa, — grét þangað til hún gat ekki meira. Smátt og smátt kyrðist hún, tók hendurnar frá andlitinu og nuggaði þeim saman af ákafa og leit upp í litla gluggann. Ekkert tungl sá hún; en hún sá bjarta stjörnu, sem stráði geislum sínum svo vingjarnlega til hennar. Henni faust hún aldrei hafa séð neitt svo iandælt. Hún hafði oft verið úti og séð stjörnubjartan himin og veitt stjörnum þeim nákvæma eftirtekt; en þessi einmana, bjarta stjarna virtist segja við hana: "Gerti, Gerti, vesalings litla Gertie". — Henni var þá eins og vingjarnlegt andlit, sem hún hefði einhverntíma séð eða dreymt um. Ált í einu spurði hún sjálfa sig: "Hver hefir kveikt á henni? Einhver hefir gjört það. Einhver góður maður hefir gjört það. En hvernig gat hann komist svona hátt upp?" — Meðan hún var að furða sig á hver hefði kveikt á stjörnunni, sofnaði hún.

Vesalings litla, óupplýsta, myrkri hulda sál. Hver á þú fræða þig? Þú ert guðs barn, litla stúlka. Kristur dó fyrir þig. Vill hann ekki senda einhvern mann eða engil til að kveikja ljósið, sem aldrei sloknar, sem lýsir um alla eilífð?

Um morguninn vaknaði Gerti ekki einsog þau börn, sem vakin eru með glaðri raust eða móðurkossi, sem hafa liprar og vingjarnlegar hendur til að klæða þau í fötin, og vita, að góður morgunverður biður þeirra. Gerti heyrði ruddalegar raddir niðri. Sonur

húsmóðurinnar og tveir aðrir menn, sem áttu þar heima, voru komnir til að neyta morgunverðar og eina tækifærið fyrir Gerti til að fá nokkuð að borða, var að vera til staðar, þegar þeir höfðu lokið máltíð sinni og ná i eitthvað af leifunum, ef Nan var svo góðviljuð að fleygja þeim til hennar. Hún læddist ofan stigann, beið þangað til þeir voru farnir og þaut svo inn.

Hún var ekki boðin velkomin. Nan sagði henni að leggja niður þenna ólundarsvip, borða morgunverð, — ef hún vildi — vera ekki á vegi fyrir sér og koma ekki of nálægt eldinum, þar sem hún væri að vinna annars skyldi hún fá harðari hegningu en þá, sem hún hafði fengið í gærkveldi. Gerti bjóst ekki við betri viðtökum og var mjög glöð yfir því, að fá ofurlítið af þessum lélega mat; gleypiti hann með mikilli græðgi, tók svo húfu sína og fór í rifna yfirhöfn, sem móðir hennar hafði gefið henni, og hljóp út.

Bak við hús Nan Grants var stórt opið svæði, sem notað var til að geyma í kola- og viðarforða. Hins vegar við það var bryggjan og höfnin með óhreinu vatni. Gerti gat fundið marga leikfélaga á þessum stað, og stundum gjörði hún það líka, því öll börnin, piltar og stúlkur, voru jafn óhrein og illa búin eins og hún sjálf; en ekki oft, því þau höfðu komið sér saman um, að vera á móti henni. Fátaek og voluð einsog þau voru, vissu þau að Gerti var enn meira vanrækt og misþyrmt. Þau höfðu oft séð henni hegnt og daglega heyrt hana sneypa fyrir það, hve ljót og óskikkanleg hún væri og að hún hefði enga heimild til að vera á nokkurs manns heimili. Þar af leiðandi álitu þau sig æðri verur en hana, og fyrir-litu hina litlu og yfirgefnu veru. Þetta hefði nú má-ske ekki átt sér stað, ef Gerti hefði oftast verið með þeim og verið vingjarnleg við þau; en meðan móðir hennar lifði, hafði hún forðast að láta Gerti umgangast þess konar börn; og svo var eitthvað í eðli henn-

ar, sem gjörði það að verkum, að hún hafði viðbjóð á hinum dýrslegu leikjuna þeirra. Hún umgekt þau því sjaldan, og það var að eins með háðsyrðum sínum, sem þau særðu tilfinningar hennar. Enginn einn þorði að reyna afl sitt við hana; bráðlynd, illvirk og hrekkvis einsog hún var, hafði hún bakað sér fyrirlitningu og hatur. Einu sinni hafði heill hópur komið sér saman um, að móðga hana, en Nan Grant kom til þeirra í sönu svifum og ein af stúlkunum kastaði skónum hennar Gerti út í höfnina. Litla stúlkann fékk vel útilátna snoppunga og hinir krakkar voru reknir á flóttu. Eftir þetta hafði Gerti aldrei samstæða skó. Í eitt skifti að minsta kosti hafði Nan þó gjört henni greiða, og börnin létu hana í friði.

Það var á sólbjörtum en köldum degi, sem Gerti leitaði skjóls í borðahlaða nálægt bryggjunni. Hún hafði oft leitað þangað áður og það var eini staðurinn þar sem hún gat verið ótrufluð. Þarna sat þetta einmanalega barn og hugsaði um sorgir sínar, þjáningar og ljóta útlit. Stundum grét hún tímunum saman. Við og við lá betur á henni og þótti þá gaman að horfa á sjómennina, sem unnu á skipum sínum eða réru litlum bátum fram og aftur. Sólskinið var hlýtt og yndislegt og raddir mannanna svo glaðlegar, að Gerti litla gleymdi alveg sorgum sínum.

En það var áliðið sumars og sjómennirnir sigldu skipum sínum til annara hafna. Um nokkra daga hafði verið kalt og hvast, svo Gerti hafði haldið sig inni, en nú leitaði hún í skjól sitt, og sér til ánægju fann hún, að sólskinið hafði þurkað borðin, svo vel, að þau verndu fætur hennar. Hugsanir hennar þutu til og frá, unz þær að síðustu dvöldu við hið vingarjarnlega augntillit og röðu ljósakveikjarans. Nú fyrst kom henni til hugar, að hann hafði lofað, að færa henni eitthvað, þegar hann kæmi næst. Hún

gat varla ímyndað sér, að hann myndi eftir þessu loforði sínu, og þó — hann var svo hryggur, þegar hún datt.

Hvað ætlaði hann að gefa henni? Ó, að það yrði skór. — Hann hefir máské ekki séð, að hún var berfætt. Gerti ásetti sér, að sækja mjólkina nógu tím-anlega, til þess að hún gæti verið til staðar, þegar hann kæmi að kveikja ljósið. Dagurinn var langur, en loks kom kveldið og með því Truman Flint. Það var nafn ljósakveikjarans. Gerti var til staðar og gætti þess vel, að Nan Grant sæi hana ekki. Tru var seint á ferð þetta kveld, og þurfti að flýta sér. Hann hafði að eins tíma til að tala nokkur orð við Gerti, en það voru orð, sem lýstu góðum og tryggum hugs-unarhætti. Hann lagi stóru, sótugu hendina sína á höfuð hennar og sagði það hryggja sig, að hún varð fyrir бага, og bætti svo við: “Það var veruleg skömm; hún verðskuldaði ekki hegningu. Og alt þetta af því, að ofurlitið af mjólk heltist niður, sem var óhapp, en ekki illvirki. En”, sagði hann ennfremur um leið og hann stakk hendinni niður í einn stóra vasann, “hér er lítil skepna, sem eg lofaði þér. — Gættu hennar vel. Vertu ekki slæm við hana, og ef hún líkist mömmu sinni, verðið þið góðir vinir áður langt liður. Vertu sæl, litla stúlkan mín”. Svo lagði hann stigaun á bak sér og staulaðist af stað, en Gerti stóð eftir með litinn kattarunga í höndunum.

Gerti varð svo hissa á því, að hafa lifandi ketling milli handa sinna, svo ólíkt því, sem hún hafði búist við, að hún vissi ekki, hvað hún átti að gjöra við hann. Þar í nágrenninu voru margir kettir, en þeir voru allir einsog hún, — hræddir og illa með þá far-ið. Hún hafði oft kent í brjósti um þá, en aldrei dirfst að bera neinn heim, þar eð hún vissi, að sér sjálfri var ekki unnað fæðis og skjóls og þá líklega ekki heldur eftirlætisgoðum sínum. Fyrsta hugsun

hennar var, að fleygja ketlingnum og lofa honum að fara hvert sem hann vildi. En meðan hún stóð þannig efandi, fór hann að biðja fyrir sig á sinn hátt. Hann var utan við sig eftir hina löngu ferð í vasa Trus og skreið nú eftir handlegg hennar upp að hálsinum; þar settist hann og virtist biðja hana að annast sig. Gerti gleymdi alveg ilsku Nan Grants, tók ketlinginn og þrýsti honum að hjarta sínu, og ásetti sér að elska hann og fæða hann, án þess Nan Grant fengi að sjá hann.

Það er ekki unt að lýsa því með orðum, hve vænt henni þótti um ketlinginn. Bráðlyndi hennar hafði hingað til komið í ljós í ljótum orðum, þrjózku og hatri. En í sál hennar var lind ástar og viðkvæmni, sem að eins beið eftir tækifæri til að geta runnið.

En hvað henni þótti vænt um ketlinginn. Hún geymdi hann í borðhlaðanum eins vel og hún gat, bjó honum til ból í gömlum hatti og húfunni sinni, og gaf honum nokkuð af sínum eigin mat. Hún gjörði fyrir ketlinginn það, sem hún þorði ekki að gjöra fyrir sjálfa sig: hún gaf honum ögn af mjólkinni, sem hún sótti nær því á hverjum degi. Hún átti á hættu, að þess yrði vart og henni hegnt; en hún sá lítið, rangt við þennan þjófnað. Hún lék sér við ketlinginn tímunum saman, talaði við hann og sagði honum, hve vænt sér þætti um hann. En þegar kalt var, þá var hún í vandræðum, því það var ekki hægðarleikur, að koma honum inn í húsið. Hún faldi hann við barm sinn og hljóp upp í litla herbergið sitt. Einu sinni eða tvisvar, þegar hún gætti hans ekki, fór hann inn til Nan. Einu sinni rak Nan hann út með gólfsópnum sínum; en kettir og ketlingar voru þar svo tíðir gestir, að hún spurði einskis.

Hvernig gat Gerti fengið svo mikinn tíma til leiks? Flest fátæk börn verða snemma að læra að verða að notum. Nan Grant var barnlaus, og þar eð

hún var starfsöm kona, sem bar lítið traust til barnavinnu, reyndi hún ekki, að útvega Gerti neitt að gjöra, en var ánægð með það, að hún væri aldrei á vegi sínum.

Nan var af skozkum ættum — farin að eldast, og geðslag hennar, sem aldrei hafði verið vingjarnleg, batnaði ekki með aldrinum. Hún hafði að eins séð hinar dökku hliðar lífsins og unnið hart. Maður hennar var trésmiður; en honum geðjaðist ekki að sambúðinni við hana og var því fyrir mörgum árum farinn að stunda sjómensku. Hún þvoði fatnað fyrir aðra, og seldi fáeinum mönnum fæði. Hún hefði getað lifað af þessu, ef hinn vondi sonur hennar hefði ekki eyðilagt talsvert af tekjum hennar, auk síns eigin kaups, og sem var þó all-riflegt, þar sem hann var góður trésmiður. Nan hafði sínar ástæður til að lofa Gerti að vera, og þó langaði hana oft til að losna við hana.

Gerti var búin að annast ketlinginn um fjögra vikna tíma, en þá varð hún innkulsa, og af því Nan var hrædd um, að hún yrði sér til byrðar, ef hún veiktist meira, skipaði hún henni að vera kyrrri inni. Gerti hóstaði voðalega, og hún hefði kosið, að sitja allan daginn við eldinn, ef hún hefði ekki haft ketlinginn til að annast. Um kveldið komu mennirnir heim frá vinnu sinni, og um leio og þeir komu inn, rasaði einn þeirra yfir ketlinginn, sem notaði tækifærið til að komast inn.

“Hvað er þetta?” sagði maðurinn, sem hét Jemmy. “Það er köttur. Er þér ekki illa við ketti, Nan?”

“Það er ekki minn köttur. Rektu hann út”.

Jemmy reyndi að reka ketlinginn út, en hann hljóp í kringum hann og upp í fangið á Gerti.

“Hver á þenna kött, Gerti?”

“Eg”, sagði hún djarflega.

“Hvað er þetta? Hve lengi hefir þú alið ketti? Hvar fékstu hann?” spurði Nan.

Gerti var hrædd við mennina og vildi ekki segja frá, hvernig hún fékk köttinn; hún vissi, að það var ekki til bóta, því Nan gat aldrei fyrirgefið Tru Flint, að hann ávitaði hana fyrir að berja Gerti. Litla stúlkan gat ekkert sagt, en fór að gráta.

“Láttu nú Gerti í friði, en gefðu okkur eitthvað að borða”, sagði Jemmy. Nan gjörði það, en tautaði eitthvað.

Nú var farið að spila á líru úti, og Gerti hljóp að glugganum til að sjá það. Hún gleymdi því, að gá að ketlingnum, sem hafði hoppað upp á borðið, og fór að gjöra sér gott af matnum. Þegar söngurinn hætti, kom ljósvörðurinn, og ætlaði hún að horfa á hann kveikja einsog hún var vön; en þá heyrði hún Nan blóta vonskulega. Um leið og hún sneri sér við, sá hún Nan grípa ketlinginn. Gerti stökk upp á stól og greip í handlegginn á Nan, til þess að bjarga ketlingnum, en hún hrinti henni frá sér hálfu leð yfir gólfið. Gerti heyrði busl og cymdarlegt hljóð. Nan hafði fleygt ketlingnum í stóran stamp, fullan af sjóðandi vatni. Vesalings ketlingurinn engdist sundur og saman og dó kvaladauða.

Gerti varð hamslaus af reiði, greip trjábút og kastaði í höfuðið á Nan. Blóðið fossaði út úr sárinu — en Nan varð svo reið að hún fann engan sársauka, hljóp á Gertie, greip hana og fleygði henni út.

“Þú skalt aldrei koma inn fyrir mínar dyr aftur, djöfuls unginn þinn”, kallaði hún á eftir henni. Svo lokaði hún dyrunum og lét Gerti standa eina úti í kulda næturinnar.

ANNAR KAPITULI.

En hvert ællarðu þú?

Þegar Gerti vissi sig eina úti á götunni, fór hún að hljóða; ekki af því, að hún væri rekin út í kuldann, nei, hún hugsaði ekki um sjálfa sig. Hræðslan og hrygðin yfir hinum voðalega dauða ketlingsins gagn-tók huga hennar. Hún settist við húsvegginn og byrgði andlitið í höndum sínum, án þess að hugsa um hinn háværa grát sinn. Alt í einu var henni lyft upp í stiga Trumanns svo hátt, að andlit hennar var jafnhátt og hans. Þegar hann þekti hana, spurði hann vingjarnlega, hvað að hennu gengi.

“Ó, ketlingurinn, ketlingurinn”, hrópaði hún.

“Hvað þú, ketlingurinn, sem eg gaf þér? Hefir þú mist hann? Gráttu ekki, gráttu ekki”.

“Nei, nei, eg hefði ekki mist hann. Ó, vesalings ketlingurinn”. Gerti grét svo ákaft og hóstaði svo mikið, að Tru varð hræddur um hana. Hann reyndi að hugga hana, og bað hana að fara inn.

“Hún vill ekki lofa mér inn”, sagði Gerti, “og eg vil heldur ekki fara inn, þó hún leyfði mér það”.

“Hver vill ekki leyfa þér þ koma inn? Mamma þín?”

“Nei, það er Nan Grant”.

“Hver er Nan Grant?”

“Hún er ljót og vond kona, sem drekti ketlingnum mínum í sjóðheitu vatni”.

“En hver er mamma þín?”

“Eg á enga mömmu”.

“Hver á þig þú, litla stúlka?”

“Enginn, eg á hvergi heima”.

“Hjá hverjum hefirðu verið, og hver annast þig?”

“Eg hefi verið hjá Nan Grant, en eg hata hana. Eg kastaði trébút í höfuðið á henni, og eg vildi að hann hefði drepð hana”.

“Þey, þey, þetta máttu ekki segja. Eg skal fara inn og tala við hana”.

Truman gekk að dyrunum og ætlaði að taka Gerti með sér, en hún varðist eftir megni, svo hann hætti við það og gekk einsamall inn; þar var Nan Grant að binda um höfuð sitt. Truman sagði henni, að það væri bezt fyrir hana að lofa Gerti að koma inn, svo hún frysi ekki til dauða.

“Hún er ekki mitt barn”, sagði Nan, “og hún er það versta barn, sem til er í heiminum. Það er sannarlegt undur, hve lengi eg hefi hýst hana; en nú vona eg að sjá hana aldrei aftur. Hún ætti að hengjast af því hún nærri því braut höfuð mitt. Eg held að sá vondi andi búi í henni”.

“En hvað verður þá af henni?” spurði Truman. “Hvernig heldurðu þér brygði við, að finna hana hefrosna á þröskuldinum þínum í fyrramálið?”

“Hvernig mér yrði við? Varðar þig um það? Setjum svo, að þú annist hana. Það er voðalegt arg, sem þú gjörir út af þessum unga. Farðu heim með hana, og vittu, hvernig þér geðjast að henni. Þú hefir komið hér einu sinni áður til að rifast um hana. Nú vil eg ekki heyra eitt orð frá þér héðan af. Láttu aðra annast hana, segi eg. Hún frýs ekki til dauða, það þori eg að veðja um. Börn, sem koma inn í heiminn á líkan hátt og hún, yfirgefa hann ekki undir eins. Láttu bæinn annast um hana; hún tilheyrir honum. Þér er bezt að fara, og skifta þér ekki af annara ástæðum”.

Truman beið ekki eftir að heyra meira. Hann hræddist ekkert jafn mikið og reiðar konur.

Gerti var hætt að gráta, þegar hann kom út, og starði á andlit hans með mikilli athygli.

"Hún segir, að þú fáir ekki að koma inn", sagði Truman.

"Ó, það þykir mér vænt um", hrópaði Gerti.

"Hvert ætlarðu þá að fara?"

"Eg veit það ekki. Máske eg verði þér samferða og sjái þig kveikja ljósinn".

"En hvar ætlarðu að sofa í nótt?"

"Eg veit það ekki; eg á ekkert heimili. Eg vil sofa úti og horfa á stjörnurnar. En — verður ekki kalt?"

"Hamingjan góða! Þú deyrð af kulda, barn".

"En hvað á eg þá að gjöra?"

"Guð veit það".

Truman starði á Gerti alveg ráðalaus. Hann gat ekki yfirgefið hana í þessum kulda, en vissi ekki, hvernig hann ætti að annast hana heima hjá sér, því hann var einbúi og fátækur. En voðalegi hóstinn hennar kom honum til að ákveða, að taka hana heim með sér og láta hana njóta hlýinda og matar, að minsta kosti þessa nótt. "Komdu með mér", sagði hann, og Gerti tritlaði við hlið hans, án þess að spyrja hvert þau færu.

Truman átti eftir að kveikja nokkur ljós, og Gerti horfði á hann með þeirri undrun og aðdáun, einsog það væri aðaltilgangur hennar, að fylgja honum til að sjá það. Þegar þau höfðu gengið langan veg, án þess að nema staðar, spurði hún loksins, hvert þau væru að fara.

"Heim til mín", sagði Truman.

"Á eg að fara heim til þín?" spurði Gerti.

"Já", sagði Truman, "og nú erum við komin þangað".

Húsið var tvílyft; Truman átti heima í bakbygg-ingunni. Bæði gengu þau inn. Gerti skalf af kulda

og fætur hennar voru bláir af fro. Ofn var í herberginu, en enginn eldur í honum. Truman hengdi upp stigann og ljósberann í litinn skúr og kveitti svo upp eld. Hann dró bekk að ofninum, lagði yfirhöfn sína á hann og lyfti svo Gerti upp á bekkinn, svo henni gæti hlýnað; að því búnu fór hann að búa til kveldmatinn, því hann var ógiftur og sinn eigin þjónn. Hann bjó til te, holti því í bolla, lét í það sykur og alla mjólkina sína, gaf henni stóra sneið af smurðu brauði og bað hana að eta og drekka eins mikið og hún gæti. Eftir útliti hennar að dæma hafði henni ekki liðið of vel, og svo glaður var hann yfir því, að sjá hana borða með góðri lyst þann bezta mat, sem hún hafði nokkru sinni smakkað, að hann gleymdi að borða sjálfur, en sat og horfði á hana með þeirri viðkvæmni, sem sýndi, að hann var vinur allra og einnig hinnar einstæðustu litlu stúlku í heiminum.

Foreldra sína misti Truman snemma, og fimtán ára gamall kom hann til Boston, þar sem hann hafði reynt eitt og annað. Þar eð hann var heiðarlegur maður, duglegur að vinna og vingjarnlegur við alla, var hann oft í sömu stöðu árum saman. Áður en hann varð ljósvörður vann hann við stóra verzlun, sem auðugur og góður kaupmaður átti. Dag nokkurn, þegar hann var að flytja til þunga kassa, datt einn af þeim ofan á brjóst hans og meiddi hann mikið. Um langan tíma var litil von um bata, en þegar honum loks fór að skána, gekk batinn svo seint, að ár liðu áður en hann gat farið að vinna.

En hann var aldrei jafngóður; leit út sem hann væri tíu árum eldri og svo þröttlitill, að hann gat að eins unnið hæga vinnu. Fyrverandi húsbóndi hans, sem hafði borgað legukostnað hans, útvegaði honum stöðuna, sem ljósvörður. Jafnframt þessu gat hann sópað gangstéttirnar, klofið eldivið og unnið aðra hæga vinnu. Hann var faslaus og dulur, lifði einbúa

lífi og átti að eins einn vin, hringjarann í næstu kyrkju.

En við yfirgáfum Gerti, þegar hún var að borða kveldmatinn, og nú lá hún á stóra bekknum sofandi. Höfuð hennar hvíldi á koddan og ofan á henni var hlý ábreiða. Truman sat við hlið hennar og litla, horaða hendin hennar lá í stóra hnefanum hans; — við og við þrýstir hann ábreiðunni fastara að henni. Hún andar þungan; alt í þinu hrekkur hún við; hana dreymir eflaust illa. Truman hlustaði með athygli á orðin, sem hún talaði, mjög kviðandi: “Ó, gjörðu það ekki; ó, dreptu ekki ketlinginn minn”. Og aftur hrópar hún hræðslulega: “Hún ætlar að taka mig, hún ætlar að taka mig!” En svo varð rödd hennar undarlega mjúk og innileg: “Ó, þú góði, góði gamli maður, lofaðu mér að vera hjá þér!”

Tárin skinu í augum Truman Flints; hann lagði stóra höfuðið sitt á koddann hjá henni og dró höfuð hennar að sínu, um leið og hann struk hendi sinni um langa, ókembda hárið hennar. Hann talar líka látt: “Taka þig, — nei, það skal hún ekki gjöra. Þú skalt vera hjá mér, vesalings litli fuglsunginn. Einnhana í þessum stóra heimi — einsog eg. Með guðs hjálp skulum við búa saman”.

Gerti litla hafði fundið vin og verndara, og það var lán fyrir hana; því að vanræksla og þjáningar höfðu næstum svift hana lífinu. Morguninn eftir, að Truman tók hana heim til sín, vaknaði hún með hitaveiki. Hún leit í kringum sig, og sá að hún var ein, en í ofninum var nógur eldur og morgunverður á borðinu. Fyrst vissi hún ekki, hvar hún var; en þegar hún mundi eftir athurðunum daginn áður, brosti hún og hugsaði til hins góða og gamla Trumans og nýja heimilisins síns. Hún gekk að glugganum til að horfa út, þó hana sundlaði og hún ætti bágt með að ganga. Nér og hvítur snjór lá á jörðunni, sem gjörði hana næstum

blinda, — hana sundlaði enn meir; hún reikaði og datt.

Augnabliki síðar kom Truman inn og varð bilt við, að sjá hana liggja á gólfinu, þó hann furðaði ekki, að yfir hana hefði liðið af því að reyna að ganga. Hann lagði hana í rúmið og gat vakið meðvitund hennar undir eins; en í þrjár vikur gat hún ekki setið uppi, nema þegar Truman hélt á henni í faðmi sínum. Þó að Truman væri að mörgu leyti stíður maður, þá var hann þá ekki við þennan litla sjúkling. Hann var brot af lækni og hjúkrunarkonu á sinn einfalda hátt, og þó hann væri óvanur að fást við börn, sagði hans ljúfa lund honum, hvað nauðsynlegast væri fyrir velliðan Gerti.

Truman var oft neyddur til að skilja hana eina eftir og fara til vinnu sinnar. Veikindi hennar versnuðu, svo hún fékk óráð og vissi ekki hver gætti sin. Einn daginn vaknaði hún eftir langan svefn til fullrar meðvitundar, og sá konu sitja við rúmið sitt og sauma. Hún settist upp til að horfa á konuna, sem ekki vissi, að hún var vöknuð; en þegar konan sá það, varð henni dálítið bilt við og sagði: "Legðu þig niður, barnið mitt, legðu þig niður".

"Eg þekki þig ekki", sagði Gerti. "Hvar er Truman frændi?"

"Hann er úti, góða mín, en kemur bráðum inn. Nú, hvernig liður þér nú? Ertu nokkuð hressari?"

"Já, já; mikið betri. Hefi eg sofið lengi?"

"Stundarkorn. Legðu þig nú út af, þá skaltu fá dálítið að borða".

"Veit Truman frændi að þú ert hér?"

"Já, eg kom inn til að lita eftir þér meðan hann er úti".

"Komstu inn? — Hvaðan komstu?"

"Úr mínu herbergi. Eg á líka heima í þessu húsi".

"Eg held að þú sért góð kona", sagði Gerti. "Mér lízt vel á þig; það er skritið, að eg skyldi ekki sjá þig, þegar þú komst inn."

"Þú varst of veik til að geta það".

Þegar Gerti var búin að borða, lagði hún höfuð sitt á koddann og horfði á þessa nýja vinu, sem sat og saumaði. Konan leit upp og sagði: "Hvað heldurðu að eg sé að sauma?"

"Eg veit það ekki", sagði Gerti, "hvað er það?"

Konan lyfti upp flikinni og Gerti sá, að það var kjóll á litla stúlku.

"Þetta er falleg flik", sagði Gerti. "Fyrir hvern er hún? — Litla stúlkuna þína?"

"Nei", sagði konan, "eg á enga stúlku, en eg á dreng, sem heitir Willie".

"Willie, það er fallest nafn", sagði Gerti, "er hann góður drengur?"

"Góður? Hann er beztu drengurinn í heiminum og hinn fallegasti líka", svaraði konan.

Gerti sneri sér að veggnum með sorgarsvip. Konan hélt, að hún væri þreytt, og Gerti lá kyr standarkorn, þangað til að Truman kom inn.

"Nei, frú Sullivan, þér eruð hér ennþá?" sagði hann. "Þakka yður fyrir. Eg var lengur en eg ætlaði. Hvernig liður barninu?"

"Miklu betur, hr. Flint; hún hefir nú fulla meðvitund og verður bráðum albata. Ó, hún er vakandi", bætti hún við, þegar hún sá Gerti liggja með opin augu.

Truman gekk að rúminu, strauk hár hennar, þreifði á slagæðinni og kinkaði kolli ánægjulega. Gerti greip hendi hans og hélt henni fast. Hann settist niður á rúmstokkinn og sagði: "Mig skyldi ekki furða, þó hún þyrfti nýjan klæðnað, áður en við bjuggumst við. Hún verður alþress að nokkrum dögum liðnum".

"Eg held það líka", sagði frú Sullivan. "En — hafið þér séð ungfrú Graham í dag?"

"Já, eg sá hana, vesalinginn. Guð blessi hana. Hún spurði mig ótal spurninga um Gerti, og hér er lyf, sem hún sendir henni."

Næstu dagana kom frú Sullivan oft inn til hennar, og Gerti, sem ekki var vön við annað en ilsku, fór að þykja mjög vænt um þessa vingjarlegu konu. Eitt kveld sat Gerti á hnjám Trumans við ofninn. Hún hafði sagt honum frá þessari nýju vinkonu sinni og spurði alt í einu: "Truman, frændi, — veistu fyrir hvern hún saumar þessi fót?"

Fyrir litla stúlkunni, sagði Truman, "sem þarf nýjan kjól og margt annað; því hún á ekki nema gömul og rífin og óhrein fót. Þekkir þú slíka stúlkunni, Gerti?"

"Já, það held eg", sagði Gertie.

"Jæja, — hvar er hún?"

"Er hún ekki í fátömi þínu?"

"Hvað er þetta? Heldur þú að frú Sullivan eyði tíma til að sauma fót handa þér?"

Gerti varð niðurlát.

"Eg get nauðast haldið það, en þú sagðir —"

"Hvað sagði eg?"

"Eitthvað um nýjan fatnað handa mér".

"Já, það er selt", sagði Truman, "þau eru handa þér, — tveir nýir fatnaðir og sokkar og skór".

Gerti varð himinglöst og klappaði saman höndum, svo Truman hló líka.

"Keypti hún fatnaðið? Er hún rik?" spurði Gerti.

"Frú Sullivan? Nei, síður en svo", sagði Truman. "Ungfrú Graham keypti þau og ætlar líka að borga fyrir vinnuna".

"Hver er þessi ungfrú Graham?"

"Það er stúlka, sem er allt of góð fyrir þenna heim, — það er áreiðanlegt. Eg skal segja þér frá hanni sefna".

ÞRIÐJI KAPITULI.

Nýr kunningskapur.

Þegar Gerti var orðin nærri heilbrigð aftur, var það á sunnudag, að hún þreyttist að sitja og lagði sig út af og sofnaði áður en dímmt var orðið. Hún svaf tvo eða þrjá klukkutíma, og þegar hún vaknaði, sá hún, að einhver var hjá Truman, að tala við hann, og heyrði, að þau voru að tala um sig. Hana grunaði þegar, að þetta væri þringjarian, Paul Cooper, faðir frú Sullivan.

"Hvar sögðust þér hafa fundið hana?" spurði Cooper.

"Hjá Nan Grant", sagði Truman. "Munið þér ekki eftir henni? Það er móðir drengsins, sem þér urðuð að vitna á móti, þegar kyrkjuggluggarnir voru brotnir nóttina fyrir 4. júlí. Þér getið ekki hafa gleymt henni, Cooper, því hún var alveg vitstola af reiði við yður við réttarhaldið, og dómarninn fékk líka sinn skerf. Hún var í sama skapi gagnvart þessu barni, þegar ég sá hana fyrst, og í annað skifti fleygði hún því út úr húsinu".

"Já, eg man nú eftir henni. Eg get ekki imyndað mér, að hún gæti verið góð við sitt eigið barn, og því siður við annara; en hvað ætlið þér að gjöra við þá litlu, Flint?"

"Annast hana og ala hana upp".

Cooper hló dálítið háðslega.

“Já, góði nágranni, yður finst það auðvitað heimskulegt af mér á mínum aldri, að taka að mér kjördóttur, og máske það sé líka; en eg skal segja yður, hvernig það atvikaðist. Ef eg hefði ekki fundið hana þessa nótt og tekið hana heim með mér, þá hefði hún ef-laust dáið, og sömuleiðis seinna, ef eg hefði ekki með aðstoð dóttur yðar hjúkrað henni vel. Fyrstu nóttina lét hún svo illa í svefni, og gaf ástæðu til að ætla, að hún ætti mjög bág, að eg afréð, að lofa henni að vera, og að skifta mínum litlu matföngum milli okkar. Og guð hefir verið mér góður, Cooper, mjög góður, að hann hefir gefið mér vini, þegar eg þurfti þeirra. Eg veit, hvað það er ervitt, að vera foreldralaus, og eg áleit hana ver stadda, en flesta aðra, og að eg gæti ekki gjört guði neitt þóknanlegra en að annast um þenna litla vesaling og skifta milli okkar þeirri blessun, sem guð hefir veitt mér. Þér litið í kringum yður, granni, einsog þér vilduð segja, að þetta væri fremur litið til að skifta á milli okkar, og það er satt, en það er heimili, — já, sannarlega er það heimili, og það er mikilsvert fyrir hana, sem aldrei hefir átt það áður. Eg hefi vinnu ennþá, og með guðs hjálp vona eg að geta reynst henni sem faðir; þá munu og vissulega þeir tímar koma, að hún verður mér til blessunar”.

Cooper hristi höfuðið og tautaði eitthvað um það, að börn yrðu sjaldan til lblessunar, og það þó maður ætti þau sjálfur.

En hann gat ekki fengið sig til að veikja þá skoðun Trumans, að hann hefði breytt rétt og hyggilega í þessu tilfelli. Truman hafði staðið upp meðan hann talaði og gengið hröðum fetum fram og aftur um herbergið. Svo settist hann aftur og sagði: “Auk þessa hefði eg ekki viljað senda Gerti í burtu, þó eg hefði ekki strengt þess heit fyrstu nóttina, að annast hana, því guð hefir ávarpað mig í gegnum einn af sínum

góðu englum, og beðið mig að breyta ekki áformi mínu. Þér hefið séð ungfrú Graham; hún gengur jafnaðarlega í kyrkjuna yðar, ásamt sinum gamla, elskuverða föður. Eg var hjá þeim að moka snjó eftir mikla storminn fyrir þrem vikum síðan, og þá gjörði hún mér boð, að koma inn í eldhúsið. — Guð blessi hennar engilbjarta andlit! Þó heimurinn sé dimmur fyrir hana, gjörir hún hann bjartan fyrir aðra. Hún getur ekki séð sólina úti, en henni liður samt betur en flestum öðrum, því eg held hún hafi hana í hjarta sínu, og þegar hún brosir, sendir hún geisla sína út með brosinu, svo það er einsog maður sjái regnbogann í skýunum. Hún hefir gjört mér margan greiða, síðan eg meiddi mig í þjónustu föður hennar fyrir hér um bil fimm árum; — og í þetta skifti spurði hún mig, hvernig mér liði og hvort mig vantaði ekkert, sem hún gæti útvegað mér hjá föður sínum. Svo sagði eg henni frá öllu viðvikjandi Gerti litlu, og eg verð að segja þér það, að við grétum bæði áður en eg hafði lokið sögu minni. Svo gaf hún mér peninga til að kaupa fataefni, og sagði mér að fá frú Sullivan til að sauma fötin handa Gerti, og þegar eg ætlaði að fara, sagði hún: “Eg er sannfærð um, að þér hafið gjört alveg rétt, Truman, og guð mun blessa yður og endurgjalda fyrir umhyggju yðar og ást á hinu fátæka barni”.

Truman hafði hugann svo fastan við frásögu sína, að hann tók ekki eftir því, sem hringjarinn hafði séð, en ekki viljað minnast á, til þess að trufla ekki; því, nefnilega, að Gerti var komin fram úr rúminu og stóð við hliðina á Truman, horfði á andlit hans og hlustaði á orð hans með nákvæmri eftirtekt. Loks snerti hún öxl hans, svo hann sneri sér við, sá hana og rétti fram hendur sínar. Hún greip þær og stökk upp í fang hans, huldi andlitið við brjóst hans, grét af gleði og sagði: “Fæ eg alt af að vera hjá þér?”

“Já, meðan eg lifi skalt þú vera mitt barn”, sagði Truman.

Eitt kveldið var mikill stormur, og þá heið Gerti óþreyjufull eftir Truman. Hún var búin að fá nýjan fatnað, og frú Sullivan og önnur kona höfðu lagað alt í herbergi Trumans, svo það var næstum óþekkjanlegt. Þegar hún heyrði hann koma, fól hún sig bak við hurðina. Truman hengdi upp stigann sinn og ljósberann úti í skúrnum; en þegar hann kom inn, varð hann hissa á því, að Gerti kom ekki á móti honum. Þegar hann lokaði dyrunum, sá hann hana. Hún hljóp út á gólfið og hló hátt af gleði. Fyrst leit hún á fötin sín og svo framan í Truman, til þess að sjá, hvernig honum litist á sig.

“Nei, eg hefi aldrei séð annað eins”, hrópaði hann, tók hana upp og bar hana nær ljósinu. “Nýr kjóll, ný svunta og nýir skór. Og hver hefir greitt þér? Nei, hvað þú ert falleg!”

“Frú Sullivan hefir bæði klætt mig og greitt mér. Hún gjörði líka fleira. Sérðu það ekki?”

Truman fylgdi augnaráði Gerti, sem sveinaði um herbergið. Hann var hissa, og það var ekki að undra, því herbergið leit alt öðruvísi út. Það var auðséð, að kvenhöndur höfðu unnið þar.

Hún leiddi nú Truman um herbergið og sýndi honum, hve snoturlega og skynsamlega frú Sullivan hafði komið öllu fyrir, og að hún hafði flutt rúmið inn í skot, sem var mátulega stórt fyrir það, svo herbergið varð rúmbetra. Stundarkornn hélt Truman, að helm-ingurinn af húsmununum hefði verið látinn út, svo mikið hafði rýmkað; en svo sá hann þá alla og furðaði sig á, hver umbreyting gat átt sér stað af smekklegu fyrirkomulagi.

En undrun hans og gleði varð ósegjanleg, þegar hún fór með hann inn í ruslaherbergið, sem nú var orðið að nettu og viðfeldnu svefnherbergi.

“Nei, nú er eg hissa, nú er eg hissa”, var alt, sem hann sagði. Hann settist hjá ofninum, sem var fagaður — og eins fallegur og ofn frú Sullivan, einsog Gerti sagði — nuggaði saman höndum sínum, sem voru kaldar, af því hann hafði verið úti allan síðari hluta dags, og leit yfir herbergið. Gerti stóð upp á stól og tók bolla og diska út úr skápinum; hún ætlaði að bera kveldmatinn á borðið. Frú Sullivan hafði sagt henni, hvernig hún ætti að fara að því. Truman horfði á hana um stund, fór svo að tala við sjálfan sig og sagði: “Frú Sullivan er dugleg kona, hún hefir gjört gamla heimilið mitt mjög viðfeldið; mér þykir vænna um Gerti, og eg er eins glaður og — — —”.

Nú var Truman truflaður. Frammi í ganginum heyrðust hröð og hávær fótatök og dyrnar voru opnaðar umsvifalaust.

“Hérna, Truman frændi”, sagði gesturinn, “er þöggullinn; þú gleymdir honum og eg gleymdi honum”, þangað til mamma sá hann á borðinu, þar sem hafði lagt hann; mér var svo umhugað um, að komast heim, einsog þú skilur.

“Auðvitað”, sagði Truman. “Þúsend þakkir, Willie, fyrir að bera hann fyrir mig. Eg tel vist, að eg hefði brotið hann, hefði eg borið hann sjálfur”.

“Hvað er í honum? Eg hefi verið að hugsa um það”.

“Ó, það er rusl handa Gerti”.

“Willie, Willie”, kallaði frú Sullivan úr herberginu hins vegar við ganginn, “hefirðu drukkið te, vinur minn?”

“Nei, mamma, — — hefir þú?”

“Já, en eg skal búa til te handa þér”.

“Nei, nei”, sagði Truman, “vertu kyr hérna og drektu te með okkur, Willie. Litla Gerti min er nú að bera á borð og teið er bráðum tilbúið”.

“Þökk fyrir”, sagði Willie, “það vil eg með ánægju.

Búðu engan kveldmat til handa mér, mamma; eg ætla að drekka te hjá Truman frænda. Komdu, við skulum sjá, hvað í bögglinum er, en fyrst vil eg sjá Gerti litlu; mamma hefir sagt mér frá henni. Hvar er hún? Er hún ekki orðin frisk núna? Hún hefir verið veik, er það ekki?”

“Já, en nú er hún orðin vel frisk”, sagði Truman. “Komdu, Gerti; sjáðu herna; en hvar er hún?”

“Þarna er hún; hún felur sig bak við bekkinn”, sagði Willie og hló. Hún er þó líklega ekki hrædd við mig?”

“Nei, e, vissi ekki, að hún var feimin”, sagði Truman. “Litla flónið þitt”, bætti hann við og gekk til hennar, “komdu og heilsaðu Willie. Það er Willie Sullivan”.

“Eg skeyti ekki um að heisa honum”, sagði Gerti.

“Skeytir ekki um að heilsa Willie?” sagði Truman. “Þú veizt ekki, hvað þú segir. Willie er sá beztu drengur, sem til er. og eg er viss um að þið verðið brátt góðir vinir”.

“Honum geðjast ekki að mér”, sagði Gerti, “eg veit að honum gjörir það ekki”.

“Því heldurðu að mér geðjist ekki að þér?” sagði Willie, og fór þangað, sem Gerti hafði falið sig. Hún haldi andlitið með höndunum, einsog hún var vön, þegar illa lá á henni. “Eg er viss um, að mér geðjast að þér, þegar eg fæ að sjá þig”.

Hann laut niður meðan hann talaði því hann var miklu hærri en Gerti, og um leið og hann tók hendur hennar burt frá andlitinu og hélt þeim föstum, horfði hann beint í augu hennar, kinkaði kolli vingjarnlega og sagði:

“Hvernig gengur það, Gerti frænka?”

“Eg er ekki frænka þín”, sagði Gerti.

“Jú, það ertu”, sagði Willie í ákveðnum róm, “Truman er frændi þinn og minn líka, og þá hljótum

við að vera skyld einsog eg veit þú skilur, og mig langar til að kynnast þér”.

Gerti gat ekki annað en aðhylst Willie, sem var svo blátt áfram og góður. Hún lét hann draga sig fram úr króknum og þangað sem bjartara var; en þegar þau nálgust lampann, vildi hún losa hendur sínar til að byrgja með þeim andlit sitt; en Willie vildi ekki leyfa það; og þegar hann fór að tala um opnaða böggulinn, vakti hann áhuga hennar á því, hvað í honum væri, og þá gleymdi Gerti sjálfri sér og hræðslu sinni við Willie.

“Sjáðu hérna, Truman frændi segir að hann sé handa þér”, sagði hann, “ég get ekki gizkað á, hvað það er. Getur þú? Findu hérna — það er hart”.

“Opnaðu hann, Willie”, sagði Truman.

Willie tók hníf upp úr vasa sínum, skar bandið í sundur og tók pappirinn utan af gip mynd, sem sýndi Samúel litla flytjanda bæn til guðs.

“Ó, hvað þetta er yndirlegt”, saagði Gerti glöð.

“Hvers vegna gat eg ekki skilið þetta?..”, sagði Willie, “eg hefði átt að geta fundið, hvað það var”.

“Hvað þá, hefirðu séð hann áður?” spurði Gerti.

“Ekki þenna, en eg hefi séð marga líka honum”.

“Hefirðu?” sagði Gerti. “Eg hefi aldrei séð neitt slíkt, og mér finst það vera það fallegasta, sem eg hafi séð. Sagðirðu að eg ætti að fá hann, Truman frændi? Hvar fékstu hann?”

“Það var af tilviljun, að ég fékk hann. Nokkrum mínútum áður en eg mætti þér, Willie, staldraði eg við á götuhorni til að kveikja á gasljósi, og í sama bili sá eg dreng, sem bar margar slíkar myndir á fjöl á höfðinu. Eg stóð og furðaði mig á því, hvernig hann gæti borið þær þannig; en þá rak hann fjölinu í stigann minn og allar myndirnar duttu niður á götuna. Til allrar lukku var snjór þar sem þær duttu, svo þær brotnuðu ekki, nema ein eða tvær, sem lentu á steini

og fóru í mola. Eg kendi í brjósti um drenginn, því það var orðið framorðið og litlar líkur til, að hann hefði selt margar, þar eð svo margar voru enn eftir —”

“Ó, eg veit, hvað þú hefir gjört, Truman frændi, alveg einsog eg hefði séð það”, sagði Willie. “Þú lagðir stigann niður og hjálpaðir drengnum að tina upp myndirnar, því að það veit eg að þú myndir gjöra fyrir hvern einn. Ef þú verður nokkru sinni fyrir óhappi, vona eg að einhverjir þeirra, sem þú hefir hjálpað, verði til staðar til að hjálpa þér aftur”.

“Þessi drengur beið ekki þangað til eg varð fyrir óhappi, Willie; hann endurgalt strax. Þegar við vorum búnir að tina upp myndirnar, hneigði hann sig eins kurteislega og ég væri herramaður og talaði eitt-hvað, sem eg skildi ekki. Svo neyddi hann mig til að þiggja eina myndina, og eg gjörði það af því eg hélt að Gerti mundi þykja gaman að henni”.

“Já, mér þykir vænt um hana”, saagði Gerti. “Mér líkar hún betur — nei, ekki betur, en nærri því eins vel og ketlingurinn; ekki eins vel, af því hann var lifandi, en það er þessi ekki. Ó, litur hann ekki gáfulega út?”

Truman, sem sá, að Gerti hugsaði aðeins um myndina, lét börnin skemta sér saman, en fór að búa til te.

“Þú verður að vera varkár og brjóta hann ekki, Gerti”, sagði Willie. “Eg átti einu sinni Samúel líkan þessum, en eg misti hann á gólfið, svo hann brotnaði”.

“Hvað kallarðu hann?” spurði Gerti.

“Samúel; þeir eru allir kallaðir Samúel”.

“Hvað er Samúel?” spurði Gerti.

“Það er nafnið á barninu, sem myndin er af”.

“Af hverju heldurðu hann liggi á hnjónum?,” Willie hló. “Veiztu það ekki?”

“Nei, af hverju knéfellur hann?”

“Hann er að flytja bæn”.

“Er það af því, að hann horfir upp í loftið?”

“Auðvitað; hann horfir til himins, þegar hann biður”.

Gerti leit upp í þakið í þá átt, sem augu myndarinnar horfðu. Hún virtist vera í vandræðum og var óánægjuleg.

“Þú veizt líklega hvað það er að biðja?” sagði Willie.

“Nei, segðu mér hvað það er”.

“Biður þú aldrei — biður þú ekki guð?”

“Nei, hver er guð? — Hvar er guð?”

Willie var alveg hissa á vanþekkingu hennar og sagði alvarlega: “Guð er á himnum”.

“Eg veit ekki, hvað himinn er heldur”, sagði Gerti.

“Eg held eg viti ekkert um þetta”.

“Það lítur svo út”, sagði Willie. “Eg held að himinninn sé uppi í skýjunum, en sunnudagaskóla kennarinn minn segir, að “himinninn sé allstaðar þar sem góðir menn eru”, eða eitthvað því líkt”.

“Eru stjörnurnar á himninum?” spurði Gerti.

“Það lítur svo út; sýnist þér það ekki?” sagði Willie. “Þar eru í skýjunum, þar sem eg hefi ávallt haldið að himinninn væri”.

“Eg vil að eg tái að fara til himna”, sagði Gerti.

“Máske þú komir þangað einhverntíma, ef þú ert góð og réttlát”.

“Fá ekki nema góðir menn að koma þangað?”

“Nei”.

“Þá kem eg þangað aldrei”, sagði hún hnuggin.

“Því þá ekki? Ert þú ekki góð?”

“Nei, eg er mjög slæm”.

“Þú ert undarlegt barn”, sagði Willie. “Hvers vegna heldurðu að þú sért svo slæm?”

“Eg er það”, sagði hún hrygg, “eg er verst af öllum, — eg er versta barnið í heiminum”.

“Hver hefir sagt þér það?”

“Allir. Nan Grant segir það, og hún segir að allir áliti það; raunar veit eg það líka”.

“Er Nan Grant viðbjóðslega gamla konan sem þú varst hjá?”

“Já, en hvernig veiztu, að hún er viðbjóðsleg?”

“Mamma mín hefir sagt mér frá henni. En lét hún þig ekki ganga á skóla, eða kendi þér neitt?”

Gertie hristi höfuðið.

“Hamingjan góða, þá áttu mikið eftir að læra. — Hvað gjörðir þú meðan þú varst þar?”

“Ekki neitt”.

“Gjörðir ekki neitt og kant ekki neitt; hamingjan góða!”

“Jú, eg kann eitt”, sagði Gerti. “Eg kann að steikja brauð, — mamma mín kendi mér það, — hún lét mig reyna það á ofninum sínum”.

Alt í einu mundi hún eftir kveldmatnum, sem hún var alveg búin að gleyma, og hljóp nú til að ljúka við hann; en hún kom ofseint, — brauðið var steikt og Truman var farinn að láta matinn á borðið.

“Ó, Truman frændi, eg ætlaði að búa til teið”, sagði hún.

“Eg veit það”, sagði hann, “en það gjörir ekkert núna; þú gjörir það þá á morgun fyrir mig”.

Tár komu fram í augun á Gerti, en hún sagði ekkert. Svo fóru þau öll að borða, og Willie lét Samúel á miðju borðsins til prýðis, og á meðan þau borðuðu, sagði hann svo margar skemtilegar sögur, að Gerti hló ~~var~~ var hin kátasta: gleymdi hve ljót hún var og fann til engrar hræðslu, og var nú í fyrsta skifti skemtilegt barn. Eftir máltíðina sat hún við hliðina á Willie, og sagði honum á sinn einkennilega hátt um æfi sína hjá Nan, dauða ketlingsins og fleira.

Það leit út fyrir, að börnin yrðu eins góðir vinir einsog Truman vildi að þau yrðu. Truman sat gagn-

vart börnunum við ofninn, með pípunna sína og reykti; olnbogana lét hann hvíla á hnjónum, horfði á þau og veitti samtali þeirra nákvæma eftirtekt. Hann þvingaði þau ekki að neinu leyti; hló þegar þau hlóu, og þegar hann heyrði Gerti segja frá barnsæfi sinni og sorgunum, lagði hann pípunna á hnéð og þurkaði tár af augum sínum. Hann hafði heyrt þá sögu áður og þá grét hann líka. Hann heyrði hana oft seinna, en aldrei án þess að gráta.

Þegar Gerti var búin að segja frá sorgum sínum, sat hún þögul um stund; en þá datt henni í hug, hve vond Nan Grant hafði verið við hana, og þá breyttist rómur hennar og orðaval. Akafinn í eðli hennar leitaði út, og Truman sat þögull af undrun yfir því, hve ljót orð hún notaði. Hún lét í ljós megent hatur til Nan Grant og gaf í skyn, að hún vonaði að geta hefnt sín síðar. Truman þótti þetta afar slæmt. Hann hafði aldrei orðið var við bráðlyndi hennar áður, og gjörði sér von um, að hún mundi ávalt verða eins róleg og blið og hún hafði verið síðan hún kom til hans. En nú, þegar hann sá hinn hörkulega svip hennar, og hvernig hún krepti hnefann, þegar hún talaði hótandi um Nan Grant, þá kom honum til hugar, að litla stúlkan hans myndi ekki ætíð verða honum til ánægju, og að hann hefði ef til vill ráðist í það, sem honum var ofvaxið. Hann skoðaði hana ekki lengur sem eftirlætisgöð, einsog hann hafði gjört. Nú sá hann, að hún þurfti leiðbeiningar og stjórnar, sem hann fann sig ekki færán um að veita henni.

Það var heldur ekki að furða, því hann var ekki hæfur til að umgangast slíkt eðli, sem Gerti geymdi í sér. Að sönnu hafði hann mikið vald yfir henni, því hún elskaði hann innilega. Það var sú ást, sem gjörði hana svo hólnmóða meðan hún var veik, svo þakkláta fyrir umhyggju hans og vinsemd, og svo fúsa til að gjöra honum eitthvað til gagus og góðs aftur. Það

var þessi ást til hins fyrsta vinar hennar, sem á seinni árum hjálpaði henni til að þola ýmislegt mótlæti. Það var þessi ást, sem gjörði hin síðustu æfiár gamla mannsins björt og glöð.

En einsog nú stóð var hún ekki einhlit. Vinsemdin, sem hún hafði orðið fyrir síðustu vikurnar, gjörði hana bliða og ástúðlega gagnvart velgjörðamanni sínum; en áhrifin af átta ára vondri aðbúð gátu ekki gleymst á svo stuttum tíma. Ofsann í geði hennar var ekki unt að slökkva svo fljótt. Það varð að beina hugsunum hennar og skoðunum í aðra átt um langan tíma, til þess hún gæti lært að stjórna sjálfri sér.

Truman fann sumt af þessu við nánari ihugun; en hann reyndi ekki, að gjöra barnið rólegra. Hann vissi ekki, hvað hann átti að gjöra og gjörði því ekkert.

Enu sinni eða tvisvar reyndi Willie að taka fram í fyrir henni; en hætti strax við það, því hún tók ekki neitt tillit til hans. Hann gat ekki varist því að brosa að reiði hennar, og að sumu leyti hafði hann sömu skoðanir og hún; en hann hafði verið vel uppalinn af móður sinni, og skildi að Gerti var ofsalega bráðlynd, og það var þess vegna, að allir álitu hana vonda.

Þegar Gerti hafði hamast gegn Nan Grant um tíma, hætti hún af sjálfsdáðum; en óánægjinsvipur hvíldi yfir andliti hennar, einsog vant var, þegar hún hafði reiðst. Hann hvarf þó bráðlega, og þegar frú Sullivan kom inn fyrir dyrnar seinna um kveldið, var Gerti glöð og hlustaði með ánægju á Truman, þegar hann þakkaði frúnni með mörgum fögrum orðum fyrir það, sem hún hafði gjört fyrir hann; og þegar Willie fór með mömmu sinni, bauð hún honum góða nótt og bað hann að koma bráðlega aftur.

“Hún er undarlegt barn, er það ekki mamma?” sagði Willie, “en eg kann vel við hana”.

FJÓRÐI KAPITULI.

Fyrsta bænin hennar Gerti.

Það mun vera ervitt, að finna tvö börn, sem alist höfðu upp við jafn ólík kjör og Gerti og Willie, — þó bæði væru þau úr flokki hinna fátæku. Gerti hafði naumast orðið vör við þá umhyggju og ást, sem Willie hafði ávalt notið. Frú Sullivan hafði verið gift gáfuðum sveitapresti, en þar eð hann dó meðan Willie var mjög litill og skildi þeim eftir litla fjármuni, flutti hún heim til föður síns, sem var orðinn ekill og þarfnaðist hjálpar hennar.

Frá þeim tíma bjuggu þau þrjú saman á hinu fátæklega en viðfeldna heimili, og enda þótt þau væri fátæk, gátu þau með iðni og sparsemi afstýrt skorti. Willie var eftirlætisgóð móður sinnar og hún gjörði sér góðar vonir um framtíð hans, enda neytti hún allrar orku til að veita Willie allt, sem hann þarfnaðist, andlegt og líkamlegt.

Það hefði líka verið undarlegt, ef hún hefði ekki verið upp með sér af þessum dreng, sem var svo fallægur, viðfeldinn og gáfaður, að hann öðlaðist allstaðar vini. Enginn gat verið með honum hálfa stund, án þess að dást að honum og þykja vænt um hann. Hann var hneigður fyrir bóklestur, og þangað til hann var tólf ára gekk hann á skóla; en þá bauðst honum góð staða í stærstu lyfjabúð borgarinnar. Launin voru í fyrstu fremur litil, en líkindi til að þau myndu hækka, og miðað við fjármunalegar ástæður hans, varð hann að taka þessu tilboði með ánægju, enda var hann áfram um, að hjálpa til að vinna fyrir sér og sínum.

Móðir hans og afi samþyktu áform hans, og hann tók tilboði Brays.

Heima var hans mikið saknað, því þar eð hann borðaði og svaf í húsi lyfsalans, fékk hann sjaldan tækifæri til að heimsækja móður sína, nema á laugar-dagskveldum. Þess vegna urðu þau kveld og sunnudag-arnir hennar glöðustu stundir.

Þegar Willie kom inn til móður sinnar þetta áður-nefnda kveld, settist hann niður ásamt móður sinni og afa og skrafaði við þau fjörlega. Hann hafði frá mörgu að segja, þegar hann kom heim: frá viðskiftunum og viðskiftamönnum, húsbóndanum og fjölskyldu hans, og móðir hans hafði ávalt skemtun af því, sem Willie hafði gaman af og sömuleiðis afi hans, þó hann vildi ekki kannast við það; því seiuna kom það oft í ljós, að hann hafði heyrt allt. Hann spurði Willie fárra spurninga, enda var það ekki nauðsynlegt því frú Sullivan spurði fyrir þau bæði.

Þegar Willie hafði yfirgefið Gerti þetta kveld, sat hún þegjandi í lágum stól við hliðina á Truman. Hún horfði á myndina, sem lá í keltu hennar, og þó að Truman væri sjaldan vanur, að byrja samtalið, tók hann nú undir höku hennar, horfði á hana spyrjandi augum og sagði:

“Nú, sýist þér ekki Willie vera fallegur drengur?”

“Jú”, svaraði Gerti; en það var einsog hún vissi ekki, hvað hún sagði.

“Þér geðjast að honum, er það ekki?” spurði Truman.

“Jú”, sagði Gerti utan við sig. Hún var ekki að hugsa um Willie, en Truman bjóst við, að hún mundi fara að tala um hann. Eina eða tvær mínútur sat hún þegjandi, svo leit hún upp og sagði:

“Truman frændi, um hvað biður Samúel guð?”

Truman leit upp undrandi. “Um hvað Samúel biður — eg veit ekki við hvað þú átt”.

Gerti lyfti upp myndinni. "Willie segir að þessi litli drengur heiti Samúel, og að hann liggi á hnjánum og fórnir upp höndunum af því hann biðji guð, sem á heima uppi í skýjunum. Eg veit ekki hvað hann mein- ar, — veizt þú það?"

Truman tók myndina og horfði á hana; hann hreyfði sig órólega í stólnum, klóraði sér bak við eyr- að og sagði:

"Já, ég held hann segi satt: þetta barn er biðjandi, þó eg hafi ekki séð það fyrri. En eg veit ekki, hvers vegna hann kallar það Samúel. Við skulum spyrja hann um það seinna".

"En hvað biður hann um, Truman frændi?"

"Ó, hann biður um að fá að verða góður: menn verða góðir, þegar þeir biðja guð".

"Getur guð gjört fólkið gott?"

"Já, guð er mikill; hann getur gjört allt".

"Hvernig getur hann heyrt?"

"Hann heyrir allt og sér allt í öllum heiminum".

"Býr hann uppi í skýjunum?"

"Já, á himni", sagði Truman.

Gerti kom með mörg fleiri undarleg spursmál, sem Truman gat ekki svarað, en furðaði sig á, að hafa ekki hugsað um þau fyrri. Alt, sem Gerti fékk að vita þetta kveld var, að guð var á himnum, að vald hans var mik- ið, og að menn urðu betri, ef þeir fluttu hönum bæn- ir. En hún hugsaði svo mikið um þetta efni, að nýja herbergið, sem hún átti að sofa í um nóttina og hún mundi eftir, gat ekki vakið hugsun hennar um sig.— Þegar hún var háttuð með hvítu myndina í faðmi sín- um og Truman hafði tekið lampann frá henni, lá hún lengi vakandi með opin augun. Við fótagafl hennar var glugginn. Gerti gat horft út. Úti var bjart og him- ininn fjölstirndur og vakti það undrun hennar og for- vitni, hver kveikt hefði á þessum ljósum. Alt í einu datt henni í hug: "Guð hefir kveikt þau! En hvað

hann hlýtur að vera stór, og þó geta börnin beðið hann". Hún fór ofan úr rúminu, gekk að glugganum og féll á kné, lýfti upp höndunum og leit til himins, einsog litli Samúel. Hún sagði ekkert; en í augum hennar skein löngunin eftir að læra að þekkja guð, og von hennar rættist líka.

Margar bænir flutti Gerti guði á síðari árum, og í mörgum vandræðum leitaði hún hjálpar hans og huggunar, þegar hún var sorgmædd og kjarkur hennar bilaði, var guð hennar eina traust; en aldrei nálgadist hún hann með hreinni sál en þetta kveld, þegar hún í fyrsta sinni féll á kné fyrir honum og sagði: "Hér er eg herra", þó varir hennar væru þöglar.

Eitt sunnudagskveld kom Willie og Gerti saman um að mega fylgja Truman þegar hann kveikti ljósin, og veitti hann þá bón fúslega. Það var í fyrsta sinni, sem Gerti kom út á björtu göturnar, og hún dansaði af gleði, þegar hún sá marglitu ljósin í stórri lyfjabúð, eða þegar glöðum og laglegum börnum brá fyrir augu hennar í auðmanna húsum. Meðan Truman kveikti ljósin, sagði Willie vinstúlku sinni frá áformum sínum, að hann ætlaði sér að verða eins rikur og hver og einn af þeim, sem byggi hér í nánd.

Þau gengu nú fram hjá seinasta ljósberanum í götunni og gengu fyrir húshorn; en tæplega höfðu þau gengið tíu skref, þegar Gerti stóð kyr og neitaði að fara lengra. Hún tók fast í handlegg Willie til að stöðva hann líka.

"Hvað gengur að þér, Gerti? Ertu þreytt?" spurði hann.

"Af því — af því —", sagði hún og hvislaði að Willie, "þarna býr Nan Grant; eg sé húsið. Eg hafði gleymt, að Truman frændi gengur hjá því; eg get ekki farið lengra — eg er hrædd".

"Ó", sagði Willie og teygði úr sér, "mér þætti gaman að vita, við hvað þú ert hrædd, þegar eg er með þér

og Truman frændi líka. Láttu hana snerta þig, ef hún þorir — eg skyldi hlæja”. Willie talaði vintgjarnlega og saunfærandi við barnið; sagði, að Nan gæti ekki séð hana, sem og var hans innilegasta ósk, og hræðsla Gerti hvarf bráðlega. Hún var ekki hræðslugjörn að upplagi, en af því hún sá sitt gamla heimili svo snögglega, sem minti hana á hræðsluna og fyrirleitninguna, sem hún bar til Nan Grant, varð henni svona bilt við; en hræðsla hennar breyttist brátt í löngun til að sýna Willie sinn fyrverandi kvalara. Afleiðingin varð sú, að þegar þau komu að húsinu, langaði hana til að sjá Nan Grant, og aldrei bauðst betra tækifæri e einmitt á þessu augnabliki. Hún stóð rétt fyrir innan gluggann og var að rifast við eina af nágrannakonum sínum. Andlit hennar var þrútið af ilsku og enginn hefði getað litið á hana án þess að fá viðbjóð á henni.

“Hvor þeirra er hún?” surði Willie. Sú háa, sem sveiflar kaffikönnunui?”

“Já, það er Nan”, sagði Gerti

“Hvað er hún að gjöra?”

“Hún er að rifast við ungfrú Birch; hún rifst allt af við einhvern; heldurðu að hún sjái okkur?”

“Nei, hún á of annríkt til þess. Komdu, við skulum ekki standa hérna. Hún er hræðileg kona, — alveg einsog eg hafi hugsað mér hana. Eg hefi séð hana nógu lengi, og eg veit að þú hefir giört það líka — komdu!”

Gerti hikaði. Hún var óskelfd af því hún vissi sig örugga og ósæða; hún starði á Nan og augu heunar skutu eldingum, ekki af barnslegum fögnuði einsog fyrir fáum minútum síðan, heldur af eldiegri heipt, sem Nan hafði kveikt fyrir löngu síðan, og nú blossaði upp af því að sjá hana. Willie, sem áleit tíma til kominn að hraða sér heim, og sá að Truman var kominn langt niður eftir götunni, yfirgaf nú Gerti í því skyni að neyða hana til að koma og sagði um leið: “Komdu

Gerti, eg get ekki beðið”.

Gerti sneri sér við og þegar hún sá hann fara laut hún niður, greip stein og kastaði í gluggann, og um leið og glerbrotahringlið heyrðist, greip hræðslan hana og hún þaut af stað, hljóp fram hjá Willie og staðænmdist ekki fyrir en hún var komin til Truman Flints og vissi sig örugga. Willie náði þeim ekki fyrir en þau voru komin heim, og sagði þá mæðinn af hlaupunum: “Gerti, veiztu hvað þú gjörðir? Þú brauzt gluggann”.

Gerti hnípti óþolinmóðlega í hann og sagði að það hefði verið áform sitt.

Truman spurði, hvaða gluggi það hefði verið, og Gerti sagði einsog var og kvaðst hafa gjört það viljandi. Truman og Willie urðu hissa og þögðu, og Gerti þagði líka og leið illa.

Willie kvaddi þau fyrir utan dyrnar og einsog vant var sáu þau hann ekki fyrir en viku seinna.

Arnþjótur B. Olsen

FIMTI KAPITULI.

Þýðingarníkill samfundur í kyrkjunni.

“Pabbi”, sagði frú Sullivan síðari hluta eins dags, þegar hann var að búa sig til að starfa að laugardagsvinnu sinni í kyrkjunni, “því biður þú ekki Gerti litlu að hjálpa þér til að bera eitthvað af áhöldunum. Þú getur ekki borið þau öll í einu hvort sem er, og eg veit hún er fús til að fara með þér”.

“Hún verður bara til fyrirhafnar”, svaraði Cooper; “eg get borið þau sjálfur”.

En þegar hann var búinn að taka eins mikið og hann gat, var þó nokkuð eftir.

Frú Sullivan fór og sótti Gerti og bað hana að fylgja Cooper til kyrkjunnar og bera fyrir hann nokkur áhöld.

Gerti þótti vænt um þetta, tók áhöldin og skoppaði á eftir Cooper. Þegar þau komu í kyrkjuna, tók Cooper á móti því, sem hún hafði borið, og sagði henni að skemta sér eins vel og hún gæti, en engum mætti hún amast við. Svo fór hann inn í skruðhúsið til þess að þurka rykið burt, sópa gólf og því um líkt. Gerti hljóp á milli sætanna og stoðanna og skoðaði alt nákvæmlega, því hún hafði áður séð þetta að eins í fjarlægð úr einu horninu uppi á loftinu. Svo gekk hún upp í prédikunarstólinn og imyndaði sér, að hún væri að tala til fjölmenns safraðar. Svo fór hún að þreytast á þessu, en þá byrjaði organleikarinn að spila lágt en fagurt lag; hann hafði komið inn, án þess hún tæki eftir því. Gerti settist á tröppurnar, sem láu upp í prédikunarstólinn og hlustaði á hann með ánægju og eftirtekt. Hann var ekki búinn að spila lengi, þegar tvær persónur komu inn úr hliðarganginum; önnur þeirra var roskinn maður með þunt og grátt hár, klæddur einsog prestur; hin var ung stúlka, á að gizka 25 ára, í skrautlausum búningi, í dökkjarpri kápu með samlitán hatt; en um hálsinn bar hún kostbæran loðskinnkraga, sem var festur saman að framan með fagurri sylgju. Hún var tæplega af meðalhæð, en vöxtur hennar var fagur og svaraði sér vel. Andlit hennar var lítið, en svipurinn fagur og reglubundinn; hörunds liturinn var hreinn en fólur, og ljósjarpa hárið skryddi hana fagurlega. Hún leit ekki upp, þegar hún gekk og augnahárin náðu næstum niður á kinnar.

Þau nálguðust Gerti þar sem hún sat, en sáu hana ekki. "Mér þykir vænt um, að orgelsöngurinn gleður yður", sagði maðurinn; "mér er sagt að orgelið sé gott og Hermann spili vel; sjálfur þekki eg það ekki".

"Skoðun mín er heldur ekki mikils virði", sagði

stúlkan, "því eg þekki mjög lítið til söngs, þó eg hafi ánægju af honum; en þessi samhljóman á vel við mig; Það er langt síðan eg hefi heyrt svo fagran hljóðfærasöng, eða máske það stafi af því, að hann nýtur sín betur í þessari hátíðlegu kyrð? Mér þykir svo vænt um, að koma inn í stóra kyrkju á virkum dögum. Það var vingjarnlegt af yður að koma inn og sækja mig. Hvernig hugsaðist yður það?"

"Eg hélt að yður mundi þykja vænt um það. Eg vissi, að Hermann mundi vera hér um þetta leyti og spila, og svo hélt eg, að hreyfingin mundi vera yður holl, þegar eg sá, hve fölar þér voruð".

"Hún hefir hrest mig. Mér leið ekki vel í dag og ferskt loft var einmitt það, sem mig skorti; eg vissi að hún mundi hressa mig, en frú Ellis átti svo annrikt og eg gat ekki farið ein út einsog þér vitið".

"Eg hélt að Cooper væri hér", sagði maðurinn. "Eg ætlaði að tala við hann um fyrirkomulag ljósanna; dagurinn er svo stuttur og myrkrið kemur snemma; eg verð að biðja hann að draga blæjurnar til hliðar, annars sé eg ekki til að lesa prædikanina á morgun. Máske hann sé í skruðhúsinu; hann er alt af vanur að vera hér á laugardögum. Eg held eg verði að fara og líta eftir honum".

Rétt í þessu kom Cooper inn í kyrkjuna og þegar hann sá prestinn gekk hann til hans og tók við skipunum hans viðvikjandi ljósunum og blæjunum. Að því búnu virtist hann að biðja prestinn að koma með sér eitthvað í burtu, því hann hikaði við, leit á ungu stúlkuna og sagði: "Eg ætti nú sjálfsgætt að fara í dag, og fyrst þér segist hafa tíma til þess, er það slæmt að eg skuli ekki geta það; en eg veit ekki —"

Hann sneri sér skyndilega að stúlkunni og sagði: "Emily, Cooper spyr mig, hvort eg geti farið með sér til frú Glass, og eg er hræddur um, að eg verði dálitla stund í burtu. Haldið þér, að þér getið beðið hér

þangað til eg kem aftur? Hún býr í næstu götu, en eg býst við að verða tafinn, því eg ætla að tala um bókhlöðubækunar, sem svo illa var farið með; en eg er hræddur um, að elzti sour hennar sé eitthvað við það riðinn. Það verður að rannsast í dag, og eg get naumast gengið svo langt aftur í dag; annars dytti mér ekki í hug að yfirgefa yður”

“Hugsið þér ekki um mig”, sagði Emily, “yður er óhætt að fara; mér er ánægja að því að hlusta á hljóðfærsláttinn, svo þér þurfið ekki að flýta yður mín vegna, síra Arnold”.

Þegar síra Arnold heyrði þessi orð, ásetti hann sér að fara; fyrst leiddi hann samt Emily að stól, rétt fyrir neðan prédikunarstólinn, og fór svo með Cooper.

Allan þenna tíma hafði Gerti setið í efstu tröppunni, án þess eftir henni væri tekið; en þegar dyrunum var lokað, stóð hún upp og gekk ofan tröppurnar. Stúlkan, sem sat rétt hjá tröppunum, heyrði það og sagði: “Hver er þarna?”

Gerti stóð kyr og þagði. Þó undarlegt væri, leit stúlkan ekki upp, enda þótt hún hlyti að hafa heyrt að hljóðið kom að ofan. Nú varð augnabliks kyrð, en svo hélt Gerti áfram ofan tröppurnar. Þá stóð stúlkan upp, rétti fram hendina og sagði: “Hver er þetta?”

“Það er eg”, svaraði Gerti og horfði framan í stúlkuna; “það er aðeins eg”.

“Viltu ekki biða dálítið og tala við mig?., spurði stúlkan.

Gerti gekk nú fast að stólnum, því fagr og mjúki málrómurinn var svo aðlaðandi. Stúlkan lagði hendi sína á höfuð Gerti, dró hana að sér og spurði: “Hver ert þú?”

“Gerti”.

“Hvaða Gerti?”

“Eg heiti aðeins Gerti”.

“Hefirðu gleymt hinu nafninu þínu?”

“Eg hefi ekkert annað nafn”.

“Hvernig komstu hingað?”

“Eg kom með Cooper og bar fyrir hann nokkuð af áhöldum hans”

“Og nú ert þú hér og biður eftir honum og það gjöri eg líka; við verðum þá að skemta okkur saman, er það ekki?”

Gerti hló.

“Hvar varstu? Uppi í tröppunum?”

“Já”.

“Viltu ekki setjast og spjalla dálítið við mig? Eg hefði gaman af að vita, hverra manna þú ert. Hvar áttu heima?”

“Hjá Truman frænda”.

“Truman?”

“Já, eg á heima hjá Truman frænda núna. Hann tók mig heim með sér eitt kveldið, þegar Nan Grant fleygði mér út á götuna”.

“Ert þú sú litla stúlka? Þá hefi eg heyrt þín getið áður. Flint hefir sagt mér frá þér”.

“Þekkir þú Truman frænda?”

“Já, mjög vel”.

“Hvað heitir þú?”

“Eg heiti Emily Graham”.

“Ó, eg þekki þig”, sagði Gerti, stóð upp og klappaði saman höndunum. “eg þekki þig. Það varst þú, sem baðst hann að lofa mér að vera, hann sagði það — eg heyrði hann segja það, og það varst þú, sem gafst mér fatnaðinn; og þú ert falleg, og þú ert góð, og mér þykir svo vænt um þig. Ó, hvað mér þykir vænt um þig!”

Meðan Gerti talaði þannig með gláðri röddu, kom undarlegur svipur á andlit ungfrú Graham, bæði spyrjandi og órólegur, alveg einsog rödd Gerti hefði komið einhverjum streng í endurminningum hennar til að titra. Hún talaði ekki, en lagði handlegg sinn um

mitti barnsins og dró hana nær sér. Þegar hinn ein-kennilegi svipur hvarf aftur af andliti hennar og hin vanalega rósemi hældi yfir því, starði Gerti undrandi á hana og sagði: "Ætlarðu að sofa?"

"Nei, hvers vegna spyrðu að því?"

"Af því þú hefir augun lokuð".

"Þau eru alt af lokuð, barnið mitt".

"Altaf lokuð — hvers vegna?"

"Eg er blind, Gerti; eg get ekki séð".

"Ekkert séð?" sagði Gerti. "Sérðu ekkert? Sérðu mig ekki nú?"

"Nei", svaraði ungfrú Graham.

"Mér þykir vænt um það", sagði Gerti.

"Vænt", sagði frú Graham með hryggum róm.

"Já", sagði Gerti, "fyrst þú sérð mig ekki, getur skeð, að þér þyki vænt um mig".

"Gæti mér ekki þótt vænt um þig, þó eg sæi þig?" sagði Emily og klappaði henni bliðlega á kinnina.

"Nei, eg er svo ljót, og þess vegna þykir mér vænt um, að þú sérð ekki, hve ljót eg er", sagði Gerti.

"En hugsaðu þér nú, Gerti", sagði Emily með jafn hryggum róm. "ef þú gætir ekki séð ljósið og ekkert, sem í heiminum er, hvernig mundi þér líka það?"

"Geturðu ekki séð sólina, stjörnurnar, himininn og kyrkjuna, sem við erum í? Ertu í myrkri?"

"Já, altaf, dag og nótt í myrkri".

Gerti grét. "Ó, hrópaði hún, þegar hún gat talað, "það er slæmt, altófl slæmt".

Sorg barnsins hafði áhrif á Emily, og í fyrsta sinni í mörg ár grét hún yfir sjónleysi sínu.

En hún grét aðeins fáar sekúndur, varð svo róleg aftur og fór að hugga barnið: "Þey, þey, gráttu ekki, og segðu ekki að það sé ofslæmt. Eg þoli það og eg er orðin því vön, svo eg er ánægð".

"Eg gæti ekki verið ánægð í myrkri, eg mundi hata það", sagði Gerti. "Mér þykir ekki vænt um, að

þú ert blind, eg er þvert á móti sorgmædd yfir því. Eg vildi, að þú gætir séð mig og alla hluti. Verða ekki augu þín opnuð á neinn hátt?"

"Nei", svaraði Emily, "aldrei; en við skulum ekki tala um það; við skulum heldur tala um þig. Mig langar til að vita, af hverju þú heldur að þú sért ljót".

"Af því fólk segir að eg sé ljótt barn, og að engum þyki vænt um ljót börn".

"Jú, fólk þykir vænt um ljót börn, ef þau eru góð og hlýðin", sagði Emily.

"En eg er ekki góð, eg er óskikkanleg", sagði Gerti.

"En þú getur orðið gott barn, og þá þykir öllum vænt um þig", sagði Emily.

"Heldurðu að eg geti orðið góð?"

"Já, ef þú reynir það".

"Þá ætla eg að reyna það".

"Eg vona þú viljir það", sagði Emily. "Flint gjörir sér miklar vonir um litlu stúlkuna sína, og hún verður að gjöra alt, sem hún getur, til þess að gleðja hann".

Svo fór hún að spyrja Gerti um liðna æfi hennar, og hún varð svo hrifin af að heyra um mótlæti hennar og reynslu, að hún tók ekki eftir, hvernig timinn leið, né því, að organistinn var hættur að spila.

Gerti var skrafhreyfin. Gagnvart ókunnugum var hún feimin í fyrstu, en væri talað vingjarnlega til hennar, hvarf feimnin bráðlega, og bliða, hluttekningarrika röddin hennar Emily vakti strax ást hjá henni. Enda þótt Gerti hefði að mestu leyti alið aldur sinn hjá sora mannkynsins, sýndi hún þó engan ótta eða feimni af sér við fyrstu kynningu þess, sem alinn var upp við allsnægtir og skraut, og sem með hverri hreyfingu og orði sýndi að hún var hefðarmey. Þvert á móti þrýsti Gerti sér svo innilega að Emily, og strauk mjúka loðskinnskragann hennar svo blátt áfram, eins og hún væri fædd og uppalin í einhverri höll. Einu sinni eða tvisvar tók hún glófaklæddu hendina hennar

Emily og þrýsti hana fast; það var hennar aðferð til að láta í ljósi þakklæti sitt og aðdáun. Ungfrú Graham var ekki síður hrifin af hinu hugðnæma barni. Hún sá strax, hve vanrækt hún hafði verið, og hve áriðandi það var, að hún fengi gott uppeldi hér eftir. Þær hugsuðu svo mikið hvor um aðra, að þær veittu því ekki eftirtekt að myrkrið færðist yfir, Þegar Arnold prestur kom með hraða og móður inn í kyrkjuna. Þegar hann var kippkorn frá Emily, kallaði hann til hennar: "Þér hafið líklega haldið, að eg hafi gleymt yður, því eg var miklu lengur í burtu en eg ætlaði að vera. Eruð þér ekki orðnar þreyttar og óþolinmóðar, góða Emily?"

"Hafið þér verið lengi í burtu?" svaraði Emily. "Mér finst það aðeins stutt stund; eg hefi fengið persónu mér til skemtunar, einsog þér sjáið".

"Hvað, er smáfólk hér?" sagði hann vingjarnlega. "Hvaðan kemur þessi litla?"

"Hún fylgdi Cooper hingað. Er hann ekki hér til að sækja hana".

"Cooper? — Nei, hann fór beint heim, þegar hann yfirgaf mig; hann hefir líklega gleymt barninu. Hvað eigum við að gjöra við hana?"

"Getum við ekki fylgt henni heim? Er það mjög langt?"

"Það er önnur eða þriðja gata héðan í öfuga átt okkar leið. Það verður oflangt fyrir yður að ganga".

"Nei-nei, eg þreytist ekki af því; eg er nú orðin afþreytt, og eg get ekki orðið róleg fyr en eg veit hana komna heim. Þá vil eg heldur verða ögn þreytt".

Ef Emily hefði séð þakkláta svipinn á Gerti, þá hefði hún álitid sér borgað að fullu, þó hún yrði ögn þreytt.

Svo rylgdu þau Gerti heim og Emily kysti hana fyrir utan girðingarhliðið. Þetta kvöld var Gerti kát.

SJÖTTI KAPITULI.

Móðgunin.

Einsog menn skilja, þá gleymdi ekki blinda stúlkan litlu Gerti. Emily Graham gleymdi aldrei þjáningum annara. Hún gat ekki séð heiminn umhverfis eig, en hún geymdi í huga sínum heilan heim af ást og samhygð, sem kom í ljós í velgjörningum og gjöfum. Hugsun hennar var einskær ást. Hún elskaði guð af öllu hjarta og náungann einsog sjálfa sig. Hennar eigin ógæfu varð ekki afstýrt, en hún kvartaði ekki. Annara sorgir og þjáningar gjörði hún sitt itrasta til að lina og bæta; hún varð aldrei þreytt af að gjöra gott, en af engu varð hún jafnhrifin og sorgum Gerti; en löngunin til að kynnast henni betur var óviðráðanleg fyrir hana, og þess vegna lét hún kalla á Truman til sín og talaði lengi við hann um barnið.

Truman þótti vænt um frásögn hennar um samfundinn í kyrkjunni og áhugann, sem hún hafði vakið hjá henni, sem hann dáðist að og bæ vírðingu fyrir. Gerti var áður búin að segja honum frá þessum samfundi og lírósaði ungfrú Graham mjög mikið fyrir það, hve góð hún væri; hún hefði fylgt sér heim, þegar Cooper hefði gleymt henni. En ekki hafði Truman dottið í hug, að þessi eldlegi áhugi væri eins á báðar hliðar.

Emily spurði hann, hvort hann ætlaði ekki að láta Gert stunda nám í skóla.

"Eg veit það ekki", svaraði hann. "Hún er litil ennþá, og ekki vön að umgangast önnur börn, og svo vil eg síður vera án hennar".

Emily sagði, að tími væri til kominn, að hún lærði

að lesa og skrifa, og því fyr, sem hún vendist á að umgangast börn, þess hægra veitti henni það.

“Það er eflaust satt, ungfrú Emily”, svaraði Truman; “og ef þér álitist, að hún eigi að byrja nú, þá skal eg minnast á það við hana og vita, hverju hún svarar”.

“Þér ættuð að gjöra það”, sagði Emily; “eg er viss um, að það gleður hana, og svo er henni það gagnlegt”.

Fáum dögum síðar fór Gerti og Truman að finna Emily; en ráðskonan, sem mætti þeim í dyrunum, sagði að Emily væri veik og gæti ekki tekið á móti neinum, svo þau urðu að fara aftur sorgbitin yfir vonbrigðunum.

Seinna kom það í ljós, að Emily hafði orðið innkalsa í kyrkju ni, þegar hún beið þar svo lengi; en þótt hún yrði að dvelja í herbergi sínu, hefði henni þótt væntum að sjá Gerti, og hún var óánægð yfir því að frú Ellis hafði látið þau fara aftur.

Á laugardagskveldið, þegar Willie var til staðar, mintist Truman á, að senda Gerti á skóla. Hún varð hnuggin af að hugsa um slíkt; en Willie sagði það allveg nauðsynlegt; og þegar Gerti heyrði að ungfrú Graham vildi það, samþykkti hún að reyna það og byrja næstu viku, þó henni væri það á móti skapi. Næsta mánudag fór svo Truman með Gerti til eins af beztu skólunum, og tilsögnin fyrir hana byrjaði. Þegar Willie kom heim næsta laugardagskveld, þaut hann strax inn til Trumans, til að heyra, hvernig Gerti félli að ganga á skóla. Hún sat við borðið með stafrófskverið sítt, en strax og hún sá hann, hrópaði hún: “Ó, Willie, Willie, komdu og heyrðu mig lesa”.

Raunar var það enginn lestur hjá Gerti, því hún þekkti ekki alla stafina ennþá. En Willie hrósaði henni ákafur og hún hafði líka verið iðin. Hann var undrandi yfir því að heyra, að Gerti félli vel að vera

í skólanum, og að hún kunni vel við kennarann og nemendurnar og þótti fristundirnar skemtilegar. Hann hafði búast við að hún yrði óánægð með alt, en nú fann hann að alt hafði gengið vel, og hann hafði aldrei séð hana eins fjöruga og gláða og þetta kveld. Willie þauðst til að hjálpa henni með lesturinn og brátt voru hennar niðursökkinn í hann.

Í tveim eða þrem vikur gekk alt vel. Gerti sótti skólann reglulega og hún tók hröðum framförum. Á hverjum augnaklegi heyrði Willie hana stafa og lesa, og þá hrósaði hann henni og hvatti hana til að herða sig. Hann komst þó að því, að henni var að verða gramt í geði við nokkrar stærri unglingsstúlkur, sem brátt varð að alvöru.

Eitt sinn, þegar börnin voru stödd í skólagarðinum, kom Gerti auga á Truman, sem gekk niður götuna með stigann á öxlinni og blys í hendinni í vinnufötum sínum. Hlæjandi og æpandi af gleði hljóp hún út úr garðinum til að ná honum. Tveim mínútum síðar kom hún aftur glöð og ánægð yfir þessum samfundi. Stærri stúlkurnar, sem henni var áður í nöp við, sáu hana elta Truman, og þegar hún kom aftur kallaði ein þeirra:

“Hvaða maður var þetta?”

“Það var Truman frændi”, svaraði Gerti.

“Þinn hvað?”

“Flint, frændi minn, sem eg á heima hjá”.

“Þú tilheyrir honum þá?” sagði stúlkan í fyrir-litningarróm. “Ha, ha, ha!”

“Hvers vegna hlær þú?” sagði Gerti áköf.

“Svei! Eg vildi ekki eiga heima hjá þessum ljóta og óhreina karli”, sagði stúlkan.

Hinar tóku í sama strenginn og fóru að skopast að ljóta og óhreina karlinum.

Gerti varð hamslaus af reiði. Augun skutu eldingum; hún krepti hnefann og réðist á hópinn á sama

augnabliki, en þar voru of margir fyrir hana og drógu hana út úr garðinum. Þá tók hún sprettiun heim og öskraði hátt á leiðinni.

Þegar hún hljóp þannig, rak hún sig á hávaxna konu sem gekk í sömu átt, en leiddi aðra minni við hlið sína

“Hamingjan hjálpi mér”, sagði stóra konan, sem lá við falli af árekstrinum. “Skammastu þín, stelpa”, sagði hún og greip í Gerti og hristi hana. Þetta jók á reiði Gerti, svo hún hljóp enn harðara þegar hún gat losað sig og kúlust heim á fáum mínútum. Þar féll hún á kné við rúmið, byrgði andlit sitt með höndunum og grét hástöfum.

En hún hafði ekki grátið lengi, þegar hún heyri grindarhliðið opnað og fótatak nálgast dyr Flints. — Þetta vakti eftirtekt hennar, því að hún heyrði að það var ekki fótatak heimilismannanna, sem nálgast. Henni tókst að hætta að gráta og jafnsnemma var barið að dyrum, en hún sat kyr og svaraði engu. Gestirnir biðu ekki lengi, en opnuðu dyrnar og geugu inn.

“Það er enginn heima”, sagði kvenmanns rödd.

“Það er leiðinlegt”, svaraði hún, og Gerti heyrði strax, að það var viðfeldna röddin hennar ungfrú Graham.

“Eg hélt líka, að þér ættuð ekki að fara hingað”, sagði sú fyrri, sem var frú Ellis er Gerti var nærri búin að fella á götunni.

“Ó, eg iðrast þess ekki, að eg fór hingað”, sagði sú Emily. “Eg get beðið hér á meðan þér finnið systur yðar, og eg býst við, að Truman eða Gerti komi bráðum heim”.

“Það sámir ekki, að skilja yður eftir hvar sem er og láta yður biða þar til þér verðið sóttar, ungfrú Graham”, sagði frúin “og föður yðar mun ekki líka það”.

“Ó, hér er gott að vera, frú Ellis. Látið þér mig

setjast í hægindastól Flints, þá liður mér vel”.

“Jæja, en eg ætla að láta meira í ofninn áður en eg fer”, sagði frúin.

Um leið og hún talaði, greip hún skörunginn og skaraði í eldinn, bætti svo allmiklu af við í ofninn og beið þess að í honum lifnaði; svo tók hún kápuna og loðskinnsskragann af Emily, skálmaði síðan út með sömu þungu skrefunum og þegar hún kom, sem voru svo hávær, að Gerti heyrðist að eins einn koma. Þegar frúin var farin stóð Gerti upp og sagði stynjandi:

“Ó, kæra, góða!”

“Hvað er þetta, Gerti, ert þú hérna?” sagði Emily.

“Já, sagði Gerti með grátekka.

“Komdu hingað”.

Hún lét ekki segja sér þetta tvisvar, en þaut til Emily, kaup niður, lagði höfuð sitt í kjöltu hennar og grét hátt.

“Hvað á þetta að þýða?” sagði Emily. Hvað gengur að þér?”

Gerti gat ekki svarað strax, svo Emily beið þess að hún yrði rólegri. Hún tók Gerti upp á kné sér, lagði höfuð hennar að öxl sinni og þurkaði tárin af augum hennar.

Vingjarnlegu orðin hennar og atlætið gjörðu barnið róllegra; fyrst talaði Emily um annað áður en hún spurði um orsökina til sorgar hennar. Svo spurði hún hvort hún stundaði nám.

“Eg hefi gjört það”, sagði Gerti og reis upp frá öxl Emily, “en eg fer ekki aftur á skóla, aldrei”.

“Hvers vegna ekki?”

“Af því ég hata stóru stúlkurnar”, sagði Gerti.

“Þú mátt engan nata”, sagði Emily.

“Því má eg það ekki?” sagði Gerti.

“Af því það er ranglátt”.

“Nei, það er ekki ranglátt”, sagði Gerti, “eg hata þær og Nan Grant. Hatar þú engan?”

"Nei, engan", sagði Emily.

"Hefir nokkur drekt ketlingnum þínum? Hefir nokkur kallað föður þinn ljótan og óhreinan karl?" sagði Gerti. "Ef þær hefðu gjört það, myndir þú hata þær einsog eg, það er eg viss um".

"Gerti", sagði Emily alvarleg, "sagðir þú mér ekki um daginn, að þú værir skem, en að þú vildir reyna að verða góð?"

"Jú", svaraði Gerti.

"Ef þú vilt verða góð og fá fyrirgefningu, þá verður þú að fyrirgefa öðrum".

Gerti þagði.

"Viltu ekki að guð fyrirgefi þér og elski þig?"

"Guð á himnum — sem skapaði stjörnurnar?"

"Já".

"Mun hann elska mig og lofa mér að koma til himins?"

"Já, ef þú reynir að vera góð og elska alla".

"Ungfrú Emily", sagði Gerti eftir litla þögn, "eg get það ekki — og þá fæ eg ekki að koma þangað upp".

Rétt í þessu féll tár á enni Gerti. Hún leit hugsandi framan í Emily og sagði:

"Góða ungfrú Emily, ferð þú þangað upp?"

"Eg vona það og reyni það".

"Mér þætti vænt um að mega vera með þér", sagði Gerti.

"Emily þagði og lét barnið hugsa ótruflað.

"Ungfrú Emily", hvíslaði Gerti, "eg skal reyna, en eg efast um að geta það".

"Guð blessi þig og hjálpi þér, barnið mitt", sagði Emily.

Þær töluðu nú ekkert um tíma. Gerti sat kyr og brátt komst Emily að því að hún svaf. Þegar frú Ellis kom, bentu Emily á barnið og bað hana að leggja það á rúmið, sem hún gjörði strax; en þegar hún kom aftur til Emily, sagði hún undrandi: "Þetta er sama

stelpan, sem var nærri búin að drepa okkur á göt-unni". Emily brosti að þeirri hugsun, að 8 ára gamalt barn skyldi geta tekið jafnvægið frá eins stórri konu og frú Ellis, en hún sagði ekkert.

Hvers vegna grét Emily og knéfell þetta kveld? Hvers vegna bað hún um nýjan styrk og hjálp frá himnum? Hvers vegna bað hún guð að blessa þetta litla barn? Af því hún hafði oft vitað, að samskonar geðslag og Gerti hafði sýnt í dag, gat eyðilagt æfiferil manns á einu augnabliki, og þess vegna bað hún guð svo innilega um að styrkja Gerti til að halda fast við áform sitt og hjálpa sér til að leiða hana.

SJÖUNDI KAPITULI

Óhapp og gæfa.

Næsta sunnudag sat Gerti á fótskemil við ofninn í herbergi Emily. Hún horfði á svipbrigðin í andliti Emily, sem höfðu eitthvert einkennilegt aðdráttarafl fyrir hana, einsog fyrir margar eldri persónur, þó þær gætu ekki gjört sér grein fyrir því. Það var ekki fegurðar-töfran, né meðliðan með blindu hennar, sem þó hlaut að vekja samhygð. Sumir sögðu, að Emily hefði fallegasta munninn, sem til væri. Aðrir, að spékoppurinn í hægri kinninni væri óviðjafnanlegur; enn aðrir, að hrokkna hárið hennar væri fegurra en annara. En þeir, sem skildu og gátu metið lyndiseinkunnir hennar, þektu baráttu hennar og sigur, — vissu, á hvern hátt hún dró að sér unga og gamla, hefðu sagt einsog Gerti sagði þetta sunnudagskveld: "Ungfrú Emily, eg veit að þú hefir verið hjá guði".

Gerti var undarlegt barn. Þrátt fyrir fávizku sína sá hún yfirburði Emily yfir alla aðra, sem hún hafði þekt, og hún hlustaði með athygli á það, sem Emily sagði um mismun ills og góðs.

Gerti hafði ekki komið í skólann síðan hún lenti í áflogunum. Hún neitaði Truman um að fara þangað. En Emily skildi eðli hennar betur og fékk hana til að lofa því, að fara í skólann næsta morgun. Hún sagði henni líka, hvernig hún ætti að haga sér gagnvart óvinum sínum. Svo mundi líka Flint fara með henni og segja kenslukonunni frá ástæðunum til þess, að hún kom ekki fyr, og þá fengi hún enga sneypu.

Truman þótti væntum, að Gerti ætlaði aftur í skólann; fylgdi henni þangað og sagði kenslukonunni frá öllu saman og bað hana svo að sjá um Gerti.

Ungfrú Brown, ung, skynsöm og góð stúlka, skildi vel, hvernig í öllu lá. Hún talaði einslega við stóru stúlkurnar og kom þeim til að skánimast sín fyrir breytni sína við Gerti; enda móðguðu þær hana aldrei oftast, og þar eð Gerti konist í kunningsskap við nokkur góð börn á sínum aldri, varð hún ekki fyrir fleiri óþægindum.

Veturinn leið og vorið kom, svo Gerti gat ýmist setið við opinn gluggann eða úti á tröppunni og hlustað á fuglasönginn. Allan veturinn hafði hún stundað nám og gengið vel. Hún var vel klædd; um það sáu þær Emily og frú Sullivan.

Truman hefði ekki getað þótt vænna um Gerti þó hún hefði verið barn hans. Þegar hlýnaði sátu þau hlið við hlið á bekk úti í garðinum, og hlustaði hann á hana lesa sögur um litlar stúlkur, sem aldrei töluðu ósatt, og drengi, sem alltaf hlýddu foreldrum sínum; en oftast um barnið, sem kunni að stjórna geði sínu. Og gamli maðurinn hafði eins gaman af sögunum einsog hann væri barn.

Emily þekti áhrifin, sem sögur höfðu á börn, og

Því var hún mjög vandlát í vali sínu með bækur handa Gerti. Gerti var nú eins gæfurik og hún var ógæfusöm fyrir sex mánuðum síðan. Nú átti hún marga vini og kunni að meta, hvers virði það var, að njóta aðstoðar þeirra. Alla daga vikunnar var hún glöð, en laugardagur og sunnudagur voru sérstakir gleðidagar fyrir hana og frú Sullivan, því þá kom Willie heim og gat lesið, hlegið og gengið með henni. Hann hafði frá svo mörgu skemtilegu að segja, var svo fjörugur og athugull um alt hennar. Ef eitthvað gekk henni á móti: gamla klukkan stóð, leikfang brotnaði eða lexiur hennar voru of þungar, var Willie ávalt til þess búinn, að bæta úr öllu, og þess vegna var Gerti jafn þráandi komu hans og móðirin.

Síðari hluta sunnudags var Gerti altaf hjá Emily í herbergi hennar, og lærði þá margt gott. Emily hafði lag á, að strá ljósgeislum inn í hina myrku sál Gerti, án þess hún vissi. En löngu seinna — þegar það góða var rötgróið í henni, og hennar barnslegu áform voru orðin að föstum skoðunum — fann hún að þessi sunnudagskveld hafði hún tekið á móti fyrstu geislum þess ódauðlega ljóss, sem enginn getur slókt.

Það hrygði Gerti, þegar hún heyrði, að Graham ætlaði út á land til að dvelja þar um sumarið. Hann átti heimili góðan kipp frá Boston, þar sem hann var vanur að dvelja á sumrin. Emily lofaði samt Gerti, að koma og heimsækja hana einhverntíma þegar veður væri gott, og til þessarar heimsóknar hlakkaði hún í meira en 3 mánuði fyrir og meir en 3 mánuði eftir.

Það var skemtun fyrir Gerti, meðan Emily var fjarverandi, að Willie gat oft komið heim og dvaldi þar einn eða tvo klukkutíma meðan kvöldin voru björt, og hann gat ávalt huggað hana þegar eitthvað var mótdrægt.

Það var fagurt kveld síðla í apríl, að Gerti, sem verið hafði hjá ungfrú Graham til að kveðja hana áður

en hún færi út á land, stóð úti í garðinum og grét beisklega. Hún hélt á bók og nýju reikningsspjaldi, sem Emily hafði gefið henni. En svo var hún sorgþrungin að hún vissi ekki, að maður nálgast hana, fyr en hendur voru lagðar á axlir hennar og hún stóð andspænis Willie.

"Gerti, er þetta viðeigandi aðferð til að bjóða mig velkominn?" sagði hann.

"Willie", sagði hún kjókrandi, "veiztu að Emily er farin?"

"Hvert?"

"Langt í burtu, 6 mílur héðan, og verður þar í sumar".

"En Willie hló. "Sex mílur! Það er voðalega langt!"

"En eg get ekki heimsótt hana", sagði Gerti.

"Þú getur heimsótt hana næsta vetur", sagði Willie.

"Það er svo langt þangað til".

"Hvers vegna þykir þér svo vænt um hana?" spurði hann.

"Hún er svo góð; hún getur ekki séð mig, og henni þykir vænna um mig en nokkrum öðrum, — í hana Truman frænda".

"Því trúir eg ekki; eg held henni þyki ekki nálægt því eins vænt um þig og mér. Hvernig gæti henni þótt það? Hún er blind og hefir aldrei séð þig, en eg sé þig altaf og þykir vænna um þig en nokkurn annan, nema mönnum".

"Þykir þér það, Willie?"

"Þegar eg er á heimleið, hugsa eg ávalt: "Nú fæ eg að tala við Gerti"; og þegar eitthvað kemur fyrir í vikunni, hugsa eg: "Þett skal eg segja Gerti".

Þó að Gerti gleymdi ekki blindu stúlkunni sinni, leið henni vel og tók svo miklum framförum, að Emily varð hissa, þegar hún kom heim í október.

Eitt laugardagskveld í desember kom Willie þjót-

andi inn í herbergi Trumans og hrópaði: "Ó, Gerti, áður en við förum að lesa, verð eg að segja þér það skritnasta, sem fyrir mig hefir komið í dag. Það er um hina einkennilegustu gömlu konu, sem eg hefi nokkuru sinni séð".

"Þú hefir séð, hvernig alt var þakið með is í morgun. Eg stóð í búðardyrnum og leit út, og þá kom eg auga á hina undarlegustu persónu koma niður götuna. Eg get ekki lýst búningi hennar, hann var svo margbrotinn og sjaldgæfur. Göngulag hennar var skemtilegast; hún virtist vera lasburða og átti bágt með að standa á isnum, en undarlegt bros lék um varir hennar. Ó, Gerti, það var lán, að þú sást hana ekki, því þá værir þú enn að hlæja".

"Var það ekki brjáluð manneskja?" spurði Truman.

"Nei, hún var undarleg, en ekki brjáluð", sagði Willie. "Þegar hún kom á móts við dyrnar, skrikaði henni fótur og hún datt. Eg, Bray og annar maður þutum út og bárum hana inn í búðina, og þar raknaði hún við nærri strax, og þegar hún skildi hvað skeð hafði, greip hún vinnupoka sinn og leit eftir því, hvort alt væri í honum, og kinkaði svo kolli ánægð. Bray gaf henni styrkjandi lyf, svo hún fjörgaðist og talaði um að halda áfram. Eg hvíslaði að Bray, að eg skyldi fylgja henni, ef eg mætti, sem hann samþykkti strax. Eg bauð henni handlegg minn og sagði, að mér væri ánægja í, að fylgja henni".

Willie hélt áfram: "Þú hefðir átt að sjá hana þá. Þó eg hefði verið fullorðinn maður og hún ung stúlka, þá hefði hún ekki getað hneigt sig dýpra eða brosað vingjarnlegar. Hún tók um handlegg minn og við förum. Eg vissi, að Bray og hinn maðurinn hlóu að okkur, en um það skeytti eg ekki. Eg vorkendi gömlu konunni og vildi ekki að hún dytti aftur".

"Allir, sem mættu okkur, gláptu á okkur, og það var ekkert undarlegt; við höfum hlotið að vera skritið par. Hún hékk á handlegg mínum með öllum sínum

þunga. — En eg ætti ekki að hlæja að vesalings mann-
eskjunni. Eg skil ekki, hverjum hún tilheyrir. Vinir
hennar ættu ekki að láta hana ferðast einsamla í slíkri
færð, sem var í dag”.

“Hvað heitir hún?” spurði Gerti. “Fékstu ekki
að vita það?”

“Nei, hún vildi ekki segja mér það, en sagði að
heiðarlegur riddari ætti að komast eftir nafni stúlku
sinnar. Hún var sannarlega skritin. Eg spurði hana,
hve gömul hún væri. — Mamma segir, að það hafi ver-
ið ókurteist af mér, en það er þá líka eina ókurteisín,
sem eg hafði í frammi við hana”.

“Hvað er hún gömul?” spurði Gerti.

“Sextán ára”.

“Sextán ára? Er það mögulegt?”

“Hún sagði mér það”, sagði Willie, “og heiðarleg-
ur riddari er skyldugur til að trúá stúlkunni sinni”.

“Vesalings konan”, sagði Truman, “hún er gam-
alær”.

“Nei, það er hún ekki”, sagði Willie. “Stundum
ruglaði hún, en hina stundina talaði hún skynsam-
lega. Þegar við snerum inn í Beacon-stræti, mættum
við mörgum ungum stúlkum, ljómandi fallegum. Hún
hefir eflaust haldið, að eg mundi yfirgefa sig og elta
þær, því hún hélt mér svo fast. Nokkrar af stúlkun-
um stóðu kyrrar og gláptu á okkur, en um það skeytti
eg ekki. En, Gerti, nú skulum við lesa, við verðum
að lesa eins mikið og við getum í kveld, því skeð get-
ur að við getum það ekki í bráð. Bray er nefnilega
ekki friskur, og eg lofaði að koma undirneins eftir há-
degið á morgun. Ef hann skyldi veikjast, fæ eg mikið
að gjöra og get alls ekki komið heim”.

“Eg vona, að Bray verði ekki hættulega veikur”,
sagði Truman og Gerti sem einum rómi.

Willie vonaði hins sama, en sú von vék fyrir ótt-
anum daginn eftir, þegar hann heyrði, að Bray lá
rúmfastur og að lækurinn var vonlítill um bata.

Sýki þessi snerist í taugaveiki, sem deyddi hinn ágæta lyfsala.

Dauði Brays var þungt óhapp fyrir Willie, því að búðinni var lokað og ekkjan ákvað að selja verzlunina. Willie varð vinnulaus. Síðasta árið hafði hann fengið allgott kaup, sem hjálpaði mömmu hans og afa til að lifa vel. Hann sneri sér nú til annara lyfsala í bænum til að fá vinnu, en árangurslaust.

Þegar hann gat enga vinnu fengið í lyfjabúðum, leitaði hann fyrir sér annarsstaðar; en hvergi gat hann fengið vinnu, því engan hafði hann til að mæla með sér. Þannig liðu margir dagar og Willie var orðinn allhnugginn, en í þessum kringumstæðum var Gerti hans beztu huggari.

Síðasta daginn, sem hann leitaði fyrir sér, var hann svo vonlaus og sorgbitinn, að hann treysti sér ekki til að sjá móður sína, þegar hann kom heim, og fór því beint heim til Trumans. Það var aðfangadagskveld jóla. Truman var úti og Gerti einsömul heima. Hún var að búa til köku til að borða með teinu, og þegar hún sá Willie koma þegjandi inn, setjast að borðinu og hylja höfuðið með höndum sínum, vissi hún að kjarkur hans var þrotinn, því þetta var svo ólíkt honum. Hún gekk til hans, itti við honum og horfði á hann meðaumkvunaraugum; en það var meira en Willie gat þolað, hann grúfði sig niður á borðið og grét. Gerti varð hissa: hún vissi ekki, að Willie gat grátið. Að stundarkorni liðnu lagði hún handlegg sinn um háls honum og reyndi að hugga hann eins vel og hún gat, en það gagnaði lítið.

Hann ætlaði að leggja höfuðið á borðið og gráta meira, en Gerti greip báðar höndur hans og sagði: "Komdu, Willie, hugsaðu ekki meira um þetta. Allir eiga við mótlæti að stríða með köflum; næstu viku færðu máské betri stöðu en hjá Bray, og þá verðum við eins gæfurik og nokkru sinni áður. Á eg að segja þér nokkuð?" sagði hún til að skifta um umtalsefni:

"Í kveld eru tvö ár síðan eg kom hingað".

"Er það svo?" sagði Willie. "Kom Truman frændi með þig á aðfangadagskveld jóla?"

"Já".

"Hamingjan góða! Þá kom Santa Kláus með þig til góðra hluta, í stað þess að færa þér góða hluti, var það ekki?"

Gerti þekti ekkert til Santa Kláusar, svo Willie tók að sér að fræða hana um hann.

Nú kom Truman frændi inn og truflaði samtál barnanna með því að sýna þeim fallegan kalkún, jólagjöf frá Graham, og bók frá Emily til Gerti.

"Er það ekki undarlegt", sagði Gerti. "Willie sagði núna, að þú værir minn Sant Kláus, frændi, og eg held líka að þú sért það". Um leið og hún talaði, opnaði hún bókina, og á titilblaðinu var mynd af þessum barnavini. "Það er líkt honum, Willie, já, sannarlega", hrópaði hún; "skinnhúfan, pípan og einmitt svona vingjarnlegt andlit. Ó, Truman frændi, ef þú hefur fullan poka af leikföngum á bakinu í stað ljósberans og stóra kalkúnhanans, þá værir þú reglulegur Santa Kláus. Hefirðu ekkert handa Willie?"

"Jú,, eg hefi dálitinn seðil, en eg veit ekki, hvort honum líkar hann".

"Seðil til mín! Frá hverjum ætli hann sé?" spurði Willie.

"Eg veit það ekki", sagði Truman. "Þegar eg kom fyrir hornið, mætti eg manni, sem spurði um bústað frú Sullivan, og þegar hann sá að eg ætlaði þangað, sem eg sagði honum að hún byggði, bað hann mig fyrir þenna seðil til hr. William Sullivan. Það munt vera þú". Hann fékk Willie seðilinn, sem hélt honum upp við ljósbera Trumans og las hátt:

"R. H. Clinton vill fá að tala við William Sullivan á fimtudaginn milli kl. 10 og 11 fyrir hádegi í nr. 13 við hafskipaklöppina".

Willie leit upp undrandi. "Hvað skal þetta

þýða?" spurði hann. "Eg þekki engan með þessu nafni".

"Eg veit hver það er", sagði Truman. "Það er ríki maðurinn, sem býr í stóra múrhúsinu við hafskipaklöppina, og þetta er nr. á skrifstofu hans".

Willie vissi ekki, hvort hann mátti gleðjast eða ekki. Þetta voru svo undarleg boð frá ókunnum manni, en samt gat hann ekki látið vera að vona að nú væri gæfan á ferðinni, og hið sama gjörðu þau Truman og Gerti, en hann hafði ástæður, sem þau ekki þektu, til að ætla, að ekkert tilboð úr þessari átt gæti átt við sig, og vegna þess fékk hann þau til að lofa því, að minnst ekki á þetta við mömmu sína né afa.

Á fimtudagsmorguninn fór Willie að finna Clinton, sem bauð honum stöðu sem yngsta skrifara á skrifstofu sinni. Willie hikaði, því Clinton mintist ekki á kaup, sem Willie var svo áriðandi. Þegar Clinton sá, að hann var efandi, sagði hann: "Máske yður geðjist ekki að tilboði mínu, eða að þér séu búinn að fá yður stöðu?"

Willie sagðist enga stöðu vera búinn að fá, en sér væri mjög áriðandi að fá kaup, þó hann vissi að margir piltar, synir ríkra manna, tækju þessu tilboði tveim höndum án þess að ætlast til launa fyrst í stað. Kaupið, sem hann hefði fengið í lyfjabúðinni, hefði gjört sér mögulegt að styrkja móður sína og afa.

"Afi þinn er?" spurði Clinton.

"Cooper, hringjari í kyrkju séra Arnolds".

"Á, eg þekki hann. Þér segið satt, William", bætti hann við eftir litla þögn. "Við erum ekki vanir, að gefa yngstu skrifurum okkar nein laun, og þó eru umsækjendurnir margir; en eg hefi fengið meðmæli með yður (þó eg geti ekki sagt frá hverjum þau komu, enda þótt þér litið forvitnislega út), og þess utan geðjast mér að andliti yðar og svip, og vona að þér framkvæmið starf yðar viðunandi. Segið mér því, hve há laun þér fenguð hjá Bray, og ég skal borga yður jafnmikið fyrsta árið og hækka svo laun yðar, ef þér verðskuldið það; svo

getið þér byrjað 1. janúar, ef þér viljið”.

Willie þakkaði Clinton með svo fáum orðum sem unt var, og þaut svo af stað.

Gamli skrifarinn, sem heyrt hafði samtalið, hugsaði með sálsum sér, að þessi drengur sýndi lítið þaklæti í samanburði við hið stórkostlega tilboð kaupmannsins. En Clinton sjálfur, sem horft hafði á andlit drengsins og sá, hvernig óvissan hvarf, en von og innileg gleði komu í hennar stað, sá að Willie var svo þakklátur, að naumast var unt að lýsa því með orðum, og hann mintist þeirrar stundar, þegar hann kom aleinn til bæjarins og leitaði lengi eftir stöðu; þegar hann svo loksins fékk hana, skrifaði hann móður sinni, að nú gæti hann bráðum unnið fyrir sér og henni. Hún var líka ekkja og hann einkasonur hennar.

Meira en 20 ár hafði grasið vaxið á leiði móður hans uppi í sveitinni, og andlit kaupmannsins var orðið gamalt og hrukkótt; en þegar hann settist aftur við hallborðið og óafvitandi skrifaði orðin *kæra mamma* með þurrum pennanum á pappírsblað, hélt hann sig vera orðinn litinn dreng aftur.

Nei, Willie var ekki óþakklátur. Ef svo hefði verið þá hefði ekki kaupmaðurinn minnst þeirrar stunda þegar hann sjálfur var svo hrifinn og gæfuríkur.

Og allar mæður, sem hafa grátið, flutt bænir og þakkað guði fyrir slíkar fregnir frá sínum kæra syni, geta skilið og samglaðst frú Sullivan, þegar hún heyrði þenna óvænta viðburð. Gerti varð himinglöð, og Truman og Cooper glöddust í kyrbey.

En leyndarmál var það, hvernig Clinton hafði heyrt getið um drenginn. Eftir all-margar gaguslausar tilgátur, komust þau að sömu niðurstöðu og Gerti, að þetta væri Santa Kláusi að þakka.

ATTUNDI KAPITULI.

Truman fær slag.

“Sjáðu þarna, Bella”, sagði ung stúlka við aðra á sínu reki, þar sem þær gengu í skugganum eftir götunni á leiðinni til skólans, “þarna er litla stúlkan, sem við mætum daglega ásamt gamla manninum. Hvernig færðu þig til að segja, að hún sé ekki lagleg. Eg dáist að henni”.

“Þú dáist alltaf að þeim, sem aðrir álíta ljóta, Kitty”.

“Ljóta”, endurtók Kitty gröm, “hún er alls ekki ljót. Líttu nú eftir henni. Þegar við mætum þeim; hún er svo yndisleg, þegar hún horfir framan í gamla manninn um leið og hún talar við hann. Eg skil ekki, hvað að honum gengur. Sjáðu, hvernig handleggur hans skelfur, sá sem hún heldur í”.

Þær gengu nú þegjandi framhjá Truman og Gerti.

“Sýnist þér ekki andlit hennar hugðnæmt?” sagði Kitty, þegar þær fjarlægðust þau.

“Hún hefir falleg augn, en annað hugðnæmt sé eg ekki við hana. Mig furðar, að henni skuli ekki leiðast að ganga um göturnar með gamla afa sínum, beint á móti sóluinni, einsog hann skelfur líka, sem naumast getur staðið. Eg vildi ekki gjöra það, hvað sem í boði væri”.

“En hvernig þú talar, Bella”, sagði Kitty. “Eg kenni í brjósti um gamla manninn”.

“Hamingjan góða!- Hvaða gagn er að því, að hafa meðlíðan með öðrum. Ef þú byrjar á því. Þá gjörir þú ekki anað alla æfi þína. En sko, þarna kemur Willie Sullivan, skrifarinn hans pabba. Er hann ekki fallegur? Eg ætla að tala við hann”.

En áður en hún fékk tíma til að segja eitt orð, þaut hann framhjá þeim og sagði: "Góðan morgun, ungfrú Isabella", og áður en hún gat áttað sig á þessum vonbrigðum, var hann farinn langt frá þeim.

"Kurteis", tautaði hin fagra Isabella.

"Nei, sjáðu Bella", sagði Kitty, sem hafði snúið sér við, "hann er búinn að ná gamla manninum og hugðnæmu telpunni minni. Sko, sko, hann tekur hinn handlegginn gamla mannsins og nú eru þau þrjú samferða. Er það ekki ágætt?"

"Það er ekki neitt sérlega ágætt", svaraði Bella ólundarlega. "Hann þekkir þau líklega. Komdu, flýttu þér, við komum of seint í skólann".

Truman var nú ekki lengur verndari litlu stúlkuunnar; hún er nú orðin verndari hans. Hann fékk slag og er nú orðinn svo máttlaus, að hann er ekki fær um að ganga einn. Allan daginn situr hann í he ginda-stólnum sínum eða á gamla bekknum, þegar hann er ekki úti að ganga með Gerti. Slagið kom óvart og litla foreldralausa barnið, sem hann var bændi, var móðir, er nú hans eina aðstoð, huggun og smá þess. 4—5 ár, sem hann hefir hlúð að þessu barni, þegar hún þroskast svo, að nú er hún fær um að hlúta honum. Heimurinn er ekkert fyrir hana; hún skeytir ekkert um forvitni eða hégómadýrd annara. Hún hugsar aðeins um Truman, að gleðja hann og reyna að lengja lífdaga hans.

Tveir mánuðir voru liðnir síðan Truman varð hættulega veikur. Raunar hafði hann verið vesæll áður, en gat þó stundað vinnu sína, þangað til einn dag í júnimánuði, að Gerti kom inn til hans og sá að hann lá í rúminu. Hún gekk til hans og ávarpaði hann, en hann gat engu svarað og var svo undarlegur. Hún þaut inn til frú Sullivan að leita hjálpar. Læknir var sóttur; en útlitið með veikina var hættulegt; samt fór honum brátt að skána, svo að hann gat talað, og að liðinni rúmri viku gat hann gengið með aðstoð Gerti.

Læknirinn hafði ráðlagt eins mikla hæga hreyfingu og mögulegt væri, og þegar veður var gott fór Gerti ávalt út með hann á morgnana, sem vakti svo mikla eftirtekt án þess hún vissi.

Þegar hann kom heim og góðrar máltíðar var neytt sofnaði Truman í stólnum sínum. Þegar hann vaknaði aftur, hlóp Gerti til hans og sagði: "Truman frændi, ungfrú Emily er hér; hún er komin til að vita, hvernig þér líður".

"Guð blessi yður, góða, góða unga stúlka", sagði Truman og reyndi að standa upp.

"Sitjið þér kyr", sagði Emily, sem heyrði hreyfiguna. "Eftir því sem Gerti segir mér, þá eruð þér ekki fær um að standa upp. Gerti, gjörðu svo vel að ljá mér stól við hliðina á Truman".

Þegar hún kom til hans tók hún hendi hans, en varð mjög bilt við, þegar hún fann hve skjálfandi og máttvana hún var.

"Ó, ungfrú Emily, eg er ekki einsog eg var, þegar við hittumst síðast; eg verð ekki lengi í þessum heimi hér eftir".

"Mér þykir slæmt, að hafa ekki vitað þetta fyr", sagði Emily. "Eg hefði þá komið til að vitja um yður; en eg heyrði ekkert um veiki yðar fyr en í dag. Eg hefi sagt Gerti, að hún hefði átt að senda mér fregn um þetta".

Gerti stóð hjá Truman og strauk hárið hans. Þegar Emily nefndi nafnið hennar, leit hann á hana svo bliðlega, að Gerti gleymdi því aldrei.

"Það þarf enginn að hugsa um mig. Allir læknarnir í landinu geta ekki gjört helminginn af því, sem litla stúlkan gjörir fyrir mig. Fyrir fjórum eða fimm árum síðan datt mér ekki í hug, að eg yrði svona ósjálfbjarga, eða þessi litla stúlka myndi hlaupa um kring og vinna fyrir mér, koma og laga koddann undir höfði mér um dimmar nætur og leiða mig um göt-urnar á daginn".

“Nei, frændi, eg gjöri lítið fyrir þig”, sagði Gerti. “Eg vildi eg gæti gjört miklu meira, — gjört þig sterk-an aftur”.

“Eg held þú gjörir það, góða, litla vina mín; en ekki í þessum heimi. Þú hefir gefið mér það sem betra er en sterkur líkami. Já, ungfrú Emily”, sagði hann og sneri sér að henni, “yður eigum við að þakka öll þau gæði, sem við nú njótum. Þér hafið gjört Gerti að því, sem hún er. Hefði einhver sagt mér fyrir sex mánuðum, að eg yrði ósjálfbjarga, þá hefði eg sagt, að það gæti eg ekki borið með þolinmæði. En eg hefi lært af þeirri litlu. Eina nótt var eg kviðandi að hugsa um barnið mitt og sagði: “Ef eg dey, hver mun þá annast um Gerti?”. Þá lagði litla stúlkan, sem eg hélt að væri sofandi í rúminu sínu, höfuð sitt við vanga minn og sagði: ‘Truman frændi, þegar mér var fleygt út á dimmu götuna, einmana og alveg vinalaus, þá sendi minn himneski faðir þig til mín; en vilji hann nú, að þú komir til sín, án þess eg fái að verða samferða, þá sendir hann einhvern annan til að sjá um mig þann tíma, sem eg á eftir að vera hér’. Eftir þetta hætti eg við að vera hryggur”.

“Hr. Flint”, sagði Emily, “viljið þér samþykkja, að trúa mér fyrir barninu yðar, ef þér verðið tekinn frá henni?”.

“Ekkert væri mér kærara, en að vita hana í yðar vernd, þar er hún í varðveislu engils”.

“Nei, segi þér það ekki”, sagði Emily; “eg veit, að sjónleysi mitt, heilsuleysi og reynsluskortur gjörir mig lítt hæfa til að annast um barn einsog Gerti. En sé það nokkur huggun fyrir yður, ef þér skylduð deyja, að vita hana í minni umsjá, þá fullvissa eg yður um, að alt skal gjört verða til þess, að henni liði vel og hún verði lánsöm”, og hún lagði hendi sína í Trumans.

Gerti kom til hugar, að hlaupa upp um hálsinn á Emily, en þegar hún sá Truman gráta, hætti hún við það, lagði höfuð hans að brjósti sínu og þerraði tárin

af augum hans.

“Min æfi er bráðum á enda”, sagði Truman, “eg finn það, og fyrst að þér viljið annast hana, þá verður þess ekki langt að biða. — Munið þér eftir því, þegar þér sögðuð: ‘Þér hafið gjört rétt, og guð mun blessa yður fyrir það’. Eg hefi síðan oft hugsað, að þér væruð sönn spákona og rödd yðar himnesk, en nú segi eg líka, að þér gjörðið rétt, og ef guð launar yður einsog hann hefir launað mér, þá mun þetta barn með ást sinni og greiðveikni endurgjalda alt, sem þér gjörðið fyrir hana. — Gerti?”

“Hún er ekki hér”, sagði Emily, “eg heyrði hana hlaupa inn í sitt herbergi.”

“Vesalings litli fuglinn”, sagði Truman, “henni líkar ekki að heyra, að eg skuli bráðum yfirgefa hana; mér sárnar að vita, að hún skuli gráta yfir gamla frænda sínum innan skamms. Nei, þér þurfið ekki að kalla á hana, eg get gefið henni ráðleggingar mínar seinna. Verið þér sælar, góða Emily” — hún var staðin upp til að fara —. “Ef við finnumst ekki aftur, minnst þess þá, að þér hafið gjört gamla manninn sælan og að deyjandi manns blessun og bæn fylgir yður, að guð leggi jafn fullkominn frið og ró yfir yðar síðustu æfidaga og hann hefir gjört yfir mína”.

Sama kveldið, þegar Truman hafði boðið góða nótt og Gerti var hætt að lesa hátt í litlu biblunni sinni, einsog hún gjörði á kveldin, kallaði Truman á hana aftur og bað hana að lesa upphaldsbænina sína um sjúklinga, sem hún hefði svo oft lesið síðustu dagana. Hún knéféll við rúmið og las bænina.

“Og líka bænina fyrir deyjandi menn, vina mín. — Er hún ekki líka í bókinni þinni?”

Gerti skalf. Þessa bæn hafði hún svo oft lesið, þegar hún hugsaði um dauðann, að hún kunni hana utan bókar. Hún varð að taka á allri sinni sjálfsstjórn og kjarki til þess að geta byrjað; en eftir því, sem hún las meira, varð hún rólegri, svo röddin var hrein og

róleg og Truman fann til einskis kviða yfir hrygð hennar, því hann heyrði ekki, hvernig hjarta hennar barðist.

Hún stóð upp, þegar hún var búin með bænina; hún gat það ekki — en haldi höfuð sitt í rúmfötunum. Um stund var algjör þögn, svo lagði Truman hendi sína á höfuð hennar.

Hún leit upp.

“Þér þykir vænt um ungfrú Emily, góða mín?”

“Já, mjög mikið”.

“Þú verður henni þæg, þegar eg er farin?”

“Ó, Truman frændi, þú mátt ekki yfirgefa mig, eg get ekki mist þig”.

“Það er vilji guðs að taka mig; hann hefir alltaf verið okkur góður og við megum ekki efast um hann nú. Emily getur gjört meira fyrir þig en eg, og þér líður vel hjá henni”.

“Nei, eg varð aldrei framar lánsöm í þessum heimi; áður en eg kom til þín var eg aldrei lánsöm, og ef þú deyrð, vil eg líka deyja”.

“Segðu það ekki, vina mín; þú ert ung og verður að reyna að gjöra eitthvað gott í heiminum og biða þangað til þinn tími kemur; eg er gamall og aðeins til byrði”.

“Nei, frændi, þú ert ekki til byrði. Eg óska þess eins, að eg hefði aldrei verið þér jafn þung byrði og eg hef verið”.

“Þú hefir aldrei verið það; guð veit, að þú hefir verið mér til mikillar ánægju. Mér þykir slæmt, að þú verður að eyða tíma þínum frá námi til að hjúkra mér; en svona erum við öll hvert öðru háð. Eg finn, að guð mun bráðum kalla mig til sín, — fyrr en þig varir, en þú tekur Emily þig til sín, huggar þig og segir þér, að við munum mætast síðar, þar sem enginn skilnaður á sér stað, og Willi gjörir líka alt, sm hann getur til að stytta þér stundir. Fyrst í stað verður þú Emily til byrði, en eg vona þú verðir henni þæg

og góð, og þegar tímar líða getur þú minke gjört eitt-
hvað henni til greiða aftur. Hún er blind og þú verður
að vera hennar auga; hún er veikbyggð og þú verður
að vera hennar hjálpanði hönd, einsog þú ert mín.
Ef þú ert góð og þolinmóð og styður að gæfu annara,
verður þú lánsöm og glöð. Ef þú verður óánægð,
hugsaðu þá um Truman frænda, þegar hann sagði:
‘Vertu hugrökk, litla dúfan mín, eg er viss um, að alt
endar vel’. Vertu nú ekki hrygg; farðu nú að hátta
og á morgun skulum við ganga út með Willie, sem eg
veit að fylgir okkur”.

Trumans vegna reyndi Gerti að vera róleg, fór og
háttaði, en lá lengi vakandi, en þegar hún loksins sofn-
aði vaknaði hún ekki fyr en um morguninn.

Hana dreyndi, að morguninn væri kominn og að
hún, Truman og Willie væru á skemtigöngu, að Tru-
man frænda væri orðinn friskur aftur, augu hans björt
og fótatakið stöðugt og fast, hún sjálf og Willie ánægð
og hlæjandi.

Meðan hana dreyndi þenna skemtilega draum og
grunaði alls ekki, að hún og hinn fyrsti vinur hennar
yrðu aldrei samferða á skemtigöngu oftár, þá kom
boðið, blítt og hávaðalaust um hánótt, sem kallaði
sálu hins góða, gamla Trumans til guðs.

Arnþótur B. Olsen

NIUNDI KAPITULI.

Nýtt helmili.

Tveir mánuðir eru liðnir síðan Truman Flint dó,
og þar eð Grahams fjölskyldan var á ferðalagi, var
Gerti hjá frú Sullivan á meðan; en nú var hún búin
að vera viku hjá Emily.

"Stendurðu ennþá við giuggann, Gerti? — Hvað gjörirðu þar, vina mín?"

"Eg er að horfa á að ljósin eru kveikt, ungfrú Emily".

"Á þeim verður ekki kveikt í kveld. Tunglið kemur upp kl. 8, og gefur næga birtu alla nóttina".

"Eg á ekki við götuljósin".

"Hvað áttu þá við, barnið mitt?" spurði Emily, sem kom til hennar og lagði hendur sínar á axlir hennar.

"Eg á við stjörnurnar, góða ungfrú Emily. Eg vildi, að þér sæjuð þær".

"Eru þær bjartar?"

"Himininn er þakinn af undurfögnum stjörnum".

"Eg var líka vön að standa við þenna glugga og horfa á þær, og mér finst eg sjái þær nú í allri sinni fegurð".

"Eg elska allar stjörnurnar, en vænst þykir mér um mína eigin stjörnu", sagði Gerti.

"Hvaða stjörnu kallar þú þína?"

"Fallegu stjörnuna uppi yfir kyrkjuturninum; hún sendir geisla sína framan í mig á hverri nóttu, svo mér finst einsog á henni sé kveikt fyrir mig. Eg held, að Truman frændi kveiki á henni á hverju kveldi. Mér finst einsog hann standi þarna uppi brosandi og segi: 'Sjáðu, Gerti, eg kveiki ljósið fyrir þig'. Góði Truman frændi. Haldið þér, að honum þyki vænt um mig núna, ungfrú Emily?"

"Já, það held eg sannarlega, Gerti, og ef þú verður eins góð og þolinmóð einsog hann, þá verður hann ljós á vegi þínum".

"Eg var oftast góð og þolinmóð hjá honum, og það er eg líka hjá yður; en eg felli mig ekki við frú Ellis. Hún stríðir mér, svo eg reiðist og veit ekki, hvað eg gjöri. Hún sagði við mig í áheyrn Grahams, að eg hefði rífið í sundur gærdagsblaðið; en eg gjörði það ekki. Það var gamalt blað, sem hún sá mig vefja um

inni-skóna yðar; en eg tel víst, að hún hafi kveikt upp í bókhlöðuofninum með hinu, og Graham mun trúa henni en ekki mér”.

“Eg veit, að þú hefir ástæðu til að vera gröm og trúi því að þú hafir ekki eyðilagt blaðið. En mundu það, góða, að það er lítilsvirði, að vera góð og þolinmóð, þegar ekkert reynir á. Eg vil, að þú getir lært að umbera ranglæti, án þess að tapa sjálfstjórn. Þú veizt, að frú Ellis hefir verið hér í mörg ár; hún hefir hagað sér eftir eigin vild og er óvön börnum. Þegar hún vissi, að þú mundir koma hingað, fann hún að starf sitt mundi aukast; svo það er ekki undarlegt, þó hún kenni þér um eitthvað af því, sem öfugt gengur. Hún er góð kona, vingjarnleg og stimamjúk við mig og áriðandi hússtýra fyrir föður minn. Mér þykir leitt, ef eg hefi ástæðu til að óttast, að ykkur semji ekki”.

“Eg vil ógjarnan vera yður á móti, og eg vil engum vera til byrði”, sagði Gerti dálítið ákøf. “Eg ætla að fara, fara til einhvers staðar, þar sem þér finnið mig aldrei oftari”.

“Gerti”, sagði Emily alvarleg mjög og sorgbitin, um leið og hún sneri henni að sér, því hendur hennar hvíldu enn á öxlum barnsins. “Gerti, viltu yfirgefa þína blindu vinstúlku? Þykir þér ekkert vænt um mig?”

Svo áhrifamikill var svipurinn á andliti Emily, að barninu rann strax reiðin; fleygði sér um háls Emily og sagði: “Nei, góða ungfrú Emily, hvað sem á gengur, vil eg ekki yfirgefa yður. Eg vil breyta einsog þér segið mér. Yðar vegna vil eg ekki reiðast frú Ellis oftari”.

“Ekki mín vegna, Gerti, heldur sjálfrar þín vegna og skyldu þinnar við guð”, sagði Emily. “Eg treysti þér til að breyta vel við frú Ellis við öll tækifæri, þegar þú veizt að eg vil það”.

“Já, eg vil gjöra það, ungfrú Emily. Þegar hún er slæm við mig, skal eg ekki svara herni, þó eg verði

að bíta í varirnar til að halda þeim lokuðum”.

“Eg held það verði nú ekki svo slæmt”, sagði Emily broandi. “Frú Ellis er nokkuð ruddaleg í framkomu”.

Nú heyrðist rödd úti í ganginum: “Þér viljið tala við ungfrú Flint? Jája, það er gott. Hún er inni hjá ungfrú Emily. Máske hún eigi að fara að taka á móti gestum?”

Gerti roðnaði, því það var frú Ellis, sem talaði í mjög háðslegum róm.

Emily gekk að hurðinni og opnaði. — “Frú Ellis”.

“Já, hvað er nú, Emily?”

“Er nokkur þarna niðri?”

“Já, ungur maður, sem vill finna Gerti; — eg held það sé Sullivan”.

“Willie”, sagði Gerti ofsaglöð og ætlaði að þjóta ofan.

“Þú getur farið ofan og talað við hann, Gerti”, sagði Emily. “Komdu svo hingað aftur, þegar hann er farinn; og þér gjörið máske svo vel, að laga ögn til í herbergi mínu, frú Ellis. Þér munuð finna margar tuskur á gólfinu eftir saumakonuna ungfrú Randolph”.

Frú Ellis safnaði saman tuskunum, og þegar hún var búin að því settist hún á stól við ofninn með hvítu tuskurnar í annari hendinni og þær mislitu í hinni.

“Hvað ætlið þér að gjöra við hana, Emily?” sagði hún. Senda hana á skóla?”

“Já, hún á að ganga á W.s skóla í vetur”.

“Er ekki sá skóli mjög dýr fyrir slíkt barn?”

“Jú, það er hann; en eg vil að hún fái þann bezta kennara, sem eg get útvegað, og pabbi er því samþykkur. Hann segir, að ef hún eigi að verða góð kenslukona, þá þurfi hún góða tilsögn. Hún verður hjá okkur fyrst um sinn; eg vil að hún sé hjá mér eins lengi og unt er, bæði af því að mér þykir vænt um

hana og að hún er veikbygð — og núna, þar eð hún er svo sorgbitin yfir dauða Flints, ættum við að gjöra alt, sem við getum til þess að henni líði vel. Finst yður það ekki?”

“Eg reyni ávalt að gjöra skyldu mína”, sagði frúin kuldalega. “Hvar á hún að sofa?”

“Í litla herberginu við endann á ganginum”.

“Hvar á eg þá að hafa pentudúka-fargið mitt?”

“Getur það ekki staðið á milli glugganna í aftari ganginum?”

“Eg mátti vita það”, sagði frúin gröm og þaut út. “Öllu á að breyta fyrir þessa uppáhalds-brúðu”.

TIUNDI KAPITULI.

Willie fer á burt.

Gerti var enn hjá Willie og Emily sat ein í herbergi sínu í djúpum hugsunum. Hún studdi hönd undir kinn og tár runnu úr augum hennar.

Alt í einu var hönd lögð blíðlega á hendi hennar. Hún brökk við, því hún hafði ekki heyrt neinn koma inn.

“Er nokkuð að, ungfrú Emily?,” spurði Gerti “Viljið þér vera einar, eða má eg vera hér líka?”

Samhygðar-rödd barnsins hreif Emily. Hún þrýsti henni að sér og sagði: “Já, já, vertu hérna hjá mér”, Þegar hún lagði hendi sína um mitti barnsins, fann hún að hún skalf og sagði: “En hvað gengur að þér, Gerti, af hverju skelfur þú?”

“Ó, ungfrú Emily, eg hélt þér væruð að gráta þegar eg kom inn, og vonaði að þér munduð leyfa mér að gráta með yður, mér líður svo illa”, sagði Gerti.

Sorg barnsins gjörði Emily rólegri og hún reyndi að fá að vita ástæðuna til sorgar hennar. Willie kom til að segja Gerti, að hann færi til Austur-Indlands. Clinton ætti verzlun í Kalkútta, og hefði boðið Willie að fara þangað sem skrifara, fyrir há laun. Þar væri framtíð hans betur borgið en heima og launin væru nóg fyrir útgjöld handa sér, mönnum sinni og afa, sem hefðu meiri og meiri þörf fyrir aðstoð hans. Hann tók tilboðinu, og þrátt fyrir lið innum stríð hans við að hugsa til 5 eða 10 ára burtuveru, talaði hann þó hiklaust um ferðina við mönnum sína og afa.

"Ungfrú Emily", sagði hún, þegar hún var búin að segja frá þessari nýung, "hvernig get eg þolað það, að Willie fari? Hann hefir ávalt verið mér betri en bróðir, og síðan Truman dó, hefir hann reynt á allan hátt að hugga mig, og eg mundi naumast hafa þolað dauða hans, ef Willie hefði ekki verið, og hvernig get eg þá mist hann?"

"Það er ervitt", sagði Emily vingjarnlega, "en það er honum til gagns. Hugsaðu um það".

"Eg veit það", svaraði Gerti; "en þér vitið ekki, hve vænt mér þykir um Willie, og hafið enga hugmynd um, hve góðir vinir við erum".

Óafvitandi hafði barnið snert streng, sem kom líkama Emily til að skjálfa og röddinni líka, þegar hún svaraði: "Þú heldur að eg viti það ekki, barnið mitt, en eg veit það betur en þig grunar. Eg átti líka —", svo þagnaði hún, stóð upp og gekk að glugganum til að kæla enni sitt við rúðuna, kom svo til barnsins aftur og sagði rólega: "Ó, vina mín, fyrir þá sorg, sem nú þjáir þig, skilur þú ekki, hve þakklát þú mátt vera. Hugsðu þér, að Willie verður á þeim stað, sem þú oft heyrir, hvernig honum líður, og þar sem hann ávalt getur fengið bréf frá vinum sínum. Ykkar sambúð hefir verið ánægjuleg", bætti hún við, "og þið skiljið sem góðir vinir. Ó, slíkur skilnaður ætti ekki að gjöra þig sorgbitna; það er margt verra til".

Við síðustu orðin skalf rödd Emily og barnið horfði á hana undrandi. "Ungfrú Emily", sagði hún, eg fer að halda að allir hafi sínar sorgir".

"Það er hlutfall mannanna og við megum ekki búast við að það verði öðruvísi", var hið angurbliða svar.

Gerti heimsótti oft Sullivan áður en Willie fór, og þar eð hann bjóst við að verða burtu í tíu ár, gat hann ekki hugsað kviðalaust um móður sína og afa. Gerti lofaði að hjálpa þeim eftir beztu getu, og það huggaði Willie mikið. "Þú verður bráðum fullorðin stúlka", sagði hann spaugandi.

Þegar Willie var farinn, tók Gerti fast aðsetur hjá Grahams, fór strax að ganga á skóla og stundaði nám með dugnaði þangað til vorið kom. Hún varð brátt í afhaldi hjá heimilisfólkinu. Frú Ellis hafði ennþá óbeit á henni, en af því Gerti var ávalt kurteis og Emily sá um, að þær væru sem minnst saman, var samkomulagið þolanlegt.

Graham, sem sá að hún var kyrlát og þunglynd, gaf henni litinn gaum í fyrstu; en þegar hann fann blóðin sín lögð saman með góðri reglu hvað eftir annað og gleraugun sín á vissum stað, sem hann varð svo oft að leita að áður, fór hann að álita hana hugsunar-sama stúlku.

Nokkru eftir að Graham var fluttur út á land, sagði Georg henni, sem á hverum degi fór til bæjarins, að frú Sullivan hefði skilið eftir boð hjá slátraranum, að nú væri hún búin að fá bréf frá Willie, og sér þætti vænt um, að Gerti kæmi til að lesa það. Emily var fús til að leyfa henni að fara, en hún vissi ekki, á hvern hátt hún gæti farið, þar eð "Charlie", eini hesturinn sem Graham átti, var í brúkun.

"Því sendið þér hana ekki með fólksvagninum?"

spurði frú Ellis.

Gerti leit þakklátlega til hennar; það var í fyrsta sinn, sem þessi kona studdi að framkvæmd óska hennar.

"Eg held það sé ekki óhult, að láta hana fara al-eina með þeim vagni", sagði Emily.

"Óhult? — Hvað segið þér, þessa stóru stúlku?" hrópaði frú Ellis.

"Haldið þér að það sé óhætt?" spurði Emily.

"Já, í alla staði", svaraði frúin.

Tafarlaust voru nú Gerti fengnir tveir farseðlar, og hún fór af stað glöð í huga. Hún fann frú Sullivan og Cooper, frísk og glöð yfir fregnunum frá Willie, sem eftir langa en þægilega ferð var kominn til Kalkútta. Lýsing á heimili hans, störfum og skyldum endaði bréfið, auk kærlegra spurninga og kveðja, sem Gerti átti mest af. Gerti borðaði dagverð hjá frú Sullivan, og að honum loknum flýtti hún sér til fólksvagnsins. Hún settist inn í vagninn og meðan hún beið þess, að hann færi af stað, skemti hún sér við að horfa á fólk-ið, sem framhjá gekk. Klukkan var að verða 3, og hún hélt að hún mundi verða eini farþeginn, en þá heyrði hún rödd frá persónu, sem hún hafði ekki tekið eftir áður. Hún gekk til dyranna og sá hina merkilegustu persónu, sem hún hafði nokkru sinni séð. Það var smávaxin gömul kona, talsvert bogin af elli. Allur klæðnaður hennar var einkennilegur og framkoma ekki undarleg.

Árangurslaust reyndi hún að komast inn í vagninn, og nú stóð hún með annan fótinn á neðstu riminni og kallaði á ökumann að koma og hjálpa sér.


"Herra minn", sagði hún, "er þessi vagn undir yð-ar umsjá?"

"Jú-jú, eg er ökumaður", og í sama bili kom hann að dyrunum og opnaði þær; lyfti svo konunni upp og lét hana inn í vagninn, og áður en hún gat komið með nokkra spurningu, lokaði hann vagninum.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

“Hamingjan hjálpi mér”, sagði hún um leið og hún settist gagnvart Gerti og fór að laga blæuna sína og annað skraut; “Þessi maður er ekki æfður í þeirri list, að hjálpa kvenmönnum, án þess að eyðileggja klæðnað þeirra. Ó, góða, góða, eg hefi mist sólhlífina mína”, sagði hún í sömu andránni.

Hún stóð upp á meðan hún talaði, en um leið ók vagninn af stað og hún tapaði jafnvæginu og hefði dottið, ef Gerti hefði ekki gripið hana og hjálpað henni í sæti sitt um leið og hún sagði: “Verið þér rólegar, hérna er sólhlífin”.

Hún tók upp sólhlífina, sem hafði verið fest við mitti gömlu konunnar, með grænu bandi, er hafði losnað, og þess vegna áleit hún hana tapaða. Auk hlifarinnar var margt annað fest með þessu bandi, sem Gerti sá nú: saumapoki, kniplingahúa, fjaðra-blævængur, pappírsvöndull og fleira. Áður en vagninn var kominn langt, lagði hún fætturnar upp á bekkinn gagnvart sér, tók út úr sér allar tennurnar og lagði þær niður í saumapokann; svo tók hún af sér silkiglófana og lét á sig ullarvetlinga; tók af sér blæjuna, braut hana saman og festi við græna bandið; tók svo af sér hattinn og breiddi yfir hann stóran vasaklút til að verja hann ryki; seinast losaði hún blævænginn og fór að veifa honum og lagði aftur augun. Líklega hefir hún sofnað, því hún sat alveg kyrr; Gerti sat hugsandi og gleymdi alveg samferðakonu sinni, þangað til hún fann hendi lagða á sína hendi og heyrði sagt: “Góða ungfrú mín, vita ekki þessi dimmu ský á óveður?”

“Jú, eg held það riggi bráðum”, sagði Gerti.

“Þegar eg fór að heiman í morgun”, sagði gamla konan við sjálfa sig, “var sólin hlý og himininn bjartur; jafnvel fuglar sungu svo glaðlega, og nú, áður en eg kemst heim, eyðileggur óveðrið fallegu kniplingana mína”.

“Fer ekki vagninn fram hjá húsi yðar?” sagði Gerti, sem vorkendi gömlu konunni.

"Nei, ekki líkt því, eg verð að ganga hálfu mílu, en þér?"

"Eg hefi heila mílu að ganga".

"Það þykir mér slæmt vegna fallega hvíta bandsins á hattinum yðar", sagði gamla konan meðaumkunarlega.

Vagninn var nú kominn á stöð sína og þær stigu út. Gerti fékk öikumanni farseðil sinn og ætlaði strax af stað heim, en gamla konan bað hana að bíða, þar eð þær ættu samleið. En nú komu ýmsar hindranir; gamla konan neitaði að borga þá upphæð, sem öku- maður heimtaði, og sagði það vera meira en hann ætti að fá. Þegar þeim loksins samdi um gjaldið, lögðu þær af stað með hægð, en voru ekki komnar nema mílu fjórðung, þegar rigningin byrjaði. Þá bað gamla konan Gerti, að opna sóllífina og halda henni yfir höfðum þeirra, og á þenna hátt gengu þær nær því eins langan veg, en þá byrjaði hellirigning og á sama augnabliki eyrði Gerti fótatak fyrir aftan sig, og þegar hún sneri sér við, sá hún Georg, þjón Grahams, koma hlaupandi í áttina til hússins, sem þær nálguðust. Hann þekkti hana strax og kallaði: "Þér verðið gegnvotar, ungfrú Gerti, og ungfrú Pace líka", sagði hann, þegar hann sá gömlu konuna. "Þér ættuð að flýta yður inn til ungfrú Pace til að njóta skjóls".

Á sama augnabliki greip hann ungfrú Pace í faðm sinn, gaf Gerti bendingu að koma líka og þaut svo af stað til hússins. Ungfrú Pace varð svo utan við sig af þessu atviki, að hún þurfti tvær mínútur til að jafna sig. Svo var það ákveðið, að Gerti skyldi bíða þar 1—2 klukkustundir og Georg sækja hana þangað í vagninum.

Ungfrú Pace var ekki áttin greiðagjörn. Hún bjó alein í litlu húsi, sem hún átti sjálf, og tók aldrei á móti gestum. Henni þótti gaman að heimsækja aðra, og þar eð hún hafði aðeins dvalið stutta stund í L—, og allir kunningjar hennar voru í Boston eða ennþá

fjær, var hún stöðugur farþegi á fólksvögnum og öðrum opinberum flutningstækjum. Og þó að flestir þektu hana sökum ferðalaga hennar og kyrkjugöngu, mun Gerti hafa verið fyrsta manneskjan, sem kom inn fyrir dyr hennar, og óboðin þó.

Þegar þær stóðu við dyrnar, neyddist Gerti til að taka lykil gömlu konunnar ljúka upp, leiða hana inn í stofuna og hjálpa henni úr hinum óteljandi flikum hennar. Þegar svo ungfrú Pace var búin að jafna sig, hegðaði hún sér með hinni ágætustu kurteisi, er henni var eiginleg, og þó hún væri sjáanlega hrygg yfir þeirri meðferð, er fót hennar höfðu orðið fyrir, lét hún í ljósi ótta sinn yfir því, að fót Gerti væri eyðilögð. Og Gerti varð hvað eftir annað að fullvissa hana um, að þau væru óskeind, áður en hún fór inn í fataklefann, til að klæða sig í önnur betur viðeigandi fót á heimili.

Undir eins og hún var farin fór Gerti að skoða alla hina undarlegu húsmuni og hluti, sem þar voru.

Herbergi ungfrú Paces var jafn einkennilegt og hún sjálf. Húsmunirnir voru gamaldags einsog fatnaður hennar, blandaðir ýmsum nýtizku munum, og Gerti var að veita smekkleysinu eftirtekt, þegar gamla konan kom inn.

Nú var hún klædd í snotran, nokkuð undarlegan kjól, svartan að lit, miklu viðfeldnari en kniplingakjöllinn.

Í hendi sinni hélt hún á skál með pipar og vatni í, bað gest sinn að drekka og sagði henni, að það mundi verma magann og verja innkulsí, og þegar Gerti, sem átti bágt með að verjast hlátri, afþakkaði boðið, settist ungfrú Pace niður og neytti sjálf þessa hressandi drykkjar, byrjaði svo á samtali, sem sannfærði gest hennar um, að hún var hvorki heimsk né brjáluð.

Ahrifin, sem ungfrú Gerti hafði á Patty Pace, voru enn ákveðnari. Ungfrú Pace var hrifin af ungu stúlkuinni, sem hún sagði að hefði svo góðar gáfur, að vel

sæmdu drotningu, jafn beina líkamsbyggingu og Gazella og yndislegri hreyfingar en álf.

Þegar Georg kom að sækja Gerti, virtist ungfrú Pace vera hrygg yfir því að missa hana, og bað hana að koma bráðla aftur, sem Gerti lofaði að gjöra.

Ánægjulegu fregnirnar frá Willie og viðburðir síðari hluta dagsins höfðu gjört Gerti glaða og fjöruga, svo að hún hljóp inn í húsið og upp stigann með hinni barnslegu finni, sem Truman þótti svo vænt um að sjá hjá henni, en sem hún hafði sjaldan notað síðan hann dó. Hún flýtti sér inn í sitt eigið herbergi til þess að taka af sér hattinn og skifta um kjóla áður en hún færi inn til Emily, sem hana langaði til að segja frá fréttunum.

Í dyrunum til herbergis síns mætti hún Bridget með sófl og sorpreku, og spurði hana, hvað hún væri að gjöra þar um þetta leyti dags, og sagði Bridget henni þá, að frú Ellis hefði notað fjarveru hennar til að láta gjöra aðalhreinsun í herberginu. Hrædd yfir því, að frú Ellis hefði rannsakað hirzlur hennar, leit hún yfir herbergið með gremju, sem skjótt breyttist í all-mikla reiði.

Þegar Gerti flutti frá Sullivans til heimilis Grams í bænum, hafði hún með sér, auk koffortsins með fötunum sínum, gamla öskju, sem hún lét inn í skáp í herberginu sínu.

Þar stóð hún allan veturinn, án þess að vera snert eða tekið eftir henni af neinum. Þegar fjölskyldan flutti út á landið, tók Gerti öskjuna með sér og gætti hennar vel. Þar eð enginn skápur var í herbergi hennar þar, geymdi hún öskjuna í einu horninu bak við rúmið, og kveldið áður en hún fór til bæjarins hafði hún rannsakað og flutt sumt af því, sem í henni var geymt. Hver hlutur, sem í henni var, var henni dýrmætur, sökum endurminninganna, sem við þá voru bundnir, og mörg tár feldi litla stúlkan yfir þessum kæru munum sínum. Þar var líkneskið Samúel, fyrsta

gjöfin, sem Truman frændi hafði gefið henni, sem skemst hafði af óhappi; Truman sjálfur hafði brotið gat á hnakka þess, og þegar hún hugsaði um, hve þolinmóður hann hafði unnið að því að bæta skaðann, fann hún að hún vildi ekki missa þessa mynd fremur en lífið. Svo voru nú pípunar hans, svartar af elli og brúkun; en þegar hún hugsaði um, hve mikla ánægju þær höfðu veitt honum, fann hún að það var huggun að eiga þær. Hún hafði líka tekið með sér ljósberanu hans, því hún hafði ekki gleymt þægilegu birtunni af ljósinu í honum, þeirri fyrstu, sem féll á hennar myrka líf. Ekki gat hún heldur skilið eftir gömlu skinnhúfuna, því undir henni hafði hún oft leitað eftir vingjarnlegu brosi og aldrei árangurslaust. Auk þess voru ýms leikföng og tvær myndabækur, gjafir frá Willie, ofurlítil karfa, sem hann hafði búið til úr lmetu, og fleira smávegis.

Alt þetta, nema ljósberann og húfuna, hafði Gerti látið á hillu; þegar hún kom inn, leit hún strax eftir þessu, en það var horfið; hillan nýþvegin og tóm. Hún gekk yfir í hornið, til að gá að öskjunni. Hún var líka farin. Hún kallaði á Bridget og spurði hana margra spurninga.

Bridget var nýkomin í þessa vist og fremur einföld, en Gerti fékk þó allar upplýsingar, sem hún þurfti. Myndinni, pípunum og ljósberanum var kastað saman við annað rusl og alveg eyilagt, en húfunni var brent; um hitt gat hún ekki gefið neinar upplýsingar, en hélt að því hefði verið brent. Og þetta var alt gjört eftir skipun frú Ellis. Gerti lét Bridget fara, án þess að sýna af sér neina hrygð; svo lokaði hún dyrunum og fékk ákafan grát.

“Þetta var þá ástæða til þess, að frú Ellis studdi áform mitt”, hugsaði hún, “og eg var nógu heimsk til að halda, að hún gjörði það af góðvild. Hún vildi ræna mig, þjófurinn!”

Hún reis upp úr rúminu jafn fljótt og hún hafði

Þeygt sér niður að því og gekk til dyranna; en alt í einu greip einhver ný hugsun hana; hún gekk að rúminu attur, féll á kné með sterkum grátekka og huldi andlitið með höndum sínum. Einu sinni eða tvisvar lyfti hún upp höfðinu og virtist ákveðin í því að mæta óvin sínum; en alt af var eitthvað, sem hindraði hana. Það var ekki hræðsla, því Gerti var við engan hrædd; það hefir hlotið að vera einhver sterkari ástæða. Í öllu falli var það eitthvað, sem hafði huggandi áhrif, því eftir hverja nýja baráttu varð hún rólegri, og eftir stundarkorn stóð hún upp, settist á stólinn og studdi hönd undir kinn. Glugginn var opinn, rigningin hætt og hin endurnærða jörð brosti gegnum geislaríkan regnboga, sem þandi sig yfir austurhluta sjóndeildarhringsins. Litill fugl settist á grein fyrir utan gluggann og kvakaði þakkarsöng sinn. Nokkur blóm sendu ilm sinn upp til hennar. Undarleg ró hvíldi í huga Gerti. Hún hafði sigrad, — unnið þann stærsta af öllum jarðneskum sigrum: sigurinn yfir sjálfri sér. — Regnboginn, söngur fuglanna, ilmur blómanna og allir þeir inndælu hlutir, sem glöddu jörðina, voru ekki að hálfu leyti eins fagrir og ljósið, sem breiddist yfir andlit ungu stúlkunnar, þegar hið innra hugsana stórvíðri hafði rénað, og hún leit til himins og sendi þang að sinn þögla lofsöng.

Hljómur borðbjöltunnar vakti eftirtekt hennar; hún hraðaði sér að því andlit sitt og bursta hárið og fór svo ofan. Í borðsalnum var enginn annar en frú Ellis; Graham var í borginni og Emily hafði höfnðverk, svo Gerti og frú Ellis borðu tvær einar. Hin siðarnefnda fann, að hún hafði gjört eitthvað rangt, enda þótt hún vissi ekki, hve vænt Gerti þótti um hinar helgu minjar, og þar eð hin móðgaða sýndi enga reiði eða ógeð, mintist einusinni ekki á tilfellið, var það hinni seku ógeðfeldara, en hún vildi kannast við með sjálfri sér. Viðburðurinn var aldrei nefndur, en frú Ellis faun, að Gerti var henni fremri með því að

þegja og fyrirgefa.

Daginn eftir kom matreiðslukonan inn til Emily, frú Prime var hennar nafn, með litlu körfuna, sem búin var til úr hnetunni, og sagði: "Eg skil ekki, hvar ungfrú Gerti er núna, ungfrú Emily, því eg hafi fundið litlu körfuna hennar, sem eg veit henni þykir vænt um — hún er alveg óskemnd".

"Hvaða körfu?" sagði Emily. Og frú Prime fékk henni körfuna og sagði henni frá eyðileggingunni, sem eigur Gerti höfðu orðið fyrir, sem hún sjálf hafði horft á með gremju. Sömuleiðis lýsti hún sorginni, sem kom í ljós hjá Gerti, þegar hún var búin að spyrja Bridget. Hún heyrði þetta inn í herbergi sitt, sem var í nánd.

Þegar Emily heyrði þetta, mundi hún eftir því, að henni hafði heyrst Gerti gráta í herbergi sínu kveldið áður, sem var við hliðina á hennar eigin herbergi, en hélt seinna að það hefði verið misheyrn. "Færðu Gerti körfuna; hún er í litla bókaherberginu; en segðu henni ekki, að þú hafir sagt mér frá þessu". Emily beið nú nokkra daga eftir að heyra þessa sögu af eigin vörum Gerti, — en Gerti geymdi sorgina hjá sér í kyrð.

Þetta var fyrsta sönnunin fyrir fullkominni sjálfstjórn hjá Gerti, en varð ekki sú síðasta. Eftir þetta vann hún meira og meira að því, að stjórna geði sínu, og við hverja nýja tilraun veittist henni það hægra, svo að síðustu vakti það undrun hjá þeim, sem þektu geðslag hennar. Hún var nú nærri 14 ára gömul og hafði vaxið svo mikið síðustu tímana, að hún var hærri en flestir jafnaldrar hennar. Hvíldartímarnir og ferska loftið varnaði því, að heilbrigði hennar liði бага við þenna hraða vöxt.

Arnþjófur B. Olson

ELLEFTI KAPITULI.

Hjúkrunarkona.

Sumarið leið ágætlega og með hverjum degi fann Gerti nýjar ástæður til þess að vera glöð og ánægð, en alt í einu breytist þetta gjörsamlega.

Emily veiktist, og þegar Gerti kom inn í sjúkrahverbergið í fyrsta sinni, rak frú Ellis hana út með harðri hendi, og þegar Gerti þróað um að mega koma inn, sagði frúin, að veikiu væri sýkjandi, og að Emily vildi ekki, að hún kæmi þangað inn, — já, að hún vildi engan annan hafa hjá sér en sig, þegar hún væri veik.

Í þrjá eða fjóra daga gekk Gerti óhuggandi um húsið. Fimta morguninn sá hún matreiðslukonuna fara upp með lafrasúpu, og fékk henni nokkur rósa-blóm, sem hún bað hana að fá Emily og spyrja hana, hvort hún mætti ekki koma upp til hennar.

Svo fór hún ofan í eldhús og beið eftir matreiðslukonunni, í þeirri von, að fá að minsta kosti boð frá sjúklingnum. En þegar hún kom ofan aftur hélt hún enn á blómunum, kastaði þeim á borðið og gaf svo tilfinningum sínum lausan taum.

“Það er sagt, að duglegar eldabuskur og hjúkrunarkonur séu ávalt í illu skapi. Það er ekki fyrir mig að dæma um það, hvort eldabuskur séu það; en það er enginn efi á, að hjúkrunarkonur eru það. Í yðar sporum vildi eg ekki fara upp, ungfrú Gerti; því eg þori ekki að ábyrgjast, að hún biti ekki höfuðið af yður”.

“Vildi ekki ungfrú Emily þiggja blómin?” spurði Gerti hnuggin.

“Hún fékk ekkert að segja. Þér vitið að hún gat ekki

séð, hvað það var, og frú Ellis kastaði þeim út fyrir dyrnar og sagði, að eg gæti eins vel komið með eitur inn í sjúkraherbergi og rósir. Eg reyndi að tala við ungfrú Emily, en frú Ellis þaggði niður í mér, svo eg hélt að hún ætti að sofa og flýtti mér út. Ó, hvernig hún hagar sér, þegar einhver er veikur!”

Gerti gekk út í garðinn. Hún hafði ekkert annað að gjöra en hugsa um Emily, sem hún hélt að væri mjög veik. Handvinna hennar og allar bækur voru inni í herbergi Emily; hún hefði getað fundið afþreying í bókaherberginu, en það var læst. Þess vegna var garðurinn það eina, sem hún gat leitað dvalar í, og þar var hún fram að hádegi; en ekki eingöngu þenna morgun, heldur marga aðra, því Emily versnaði alt af og það liðu 14 dagar, án þess Gerti fengi að sjá hana eða fréttu um hana, nema þegar frú Ellis einsöku sinnum mintist á veiki Emily við Graham; en það voru gagnslitlar upplýsingar, því Graham talaði við lækniðinn á hverjum degi og fór þess utan oft inn til dóttur sinnar. Nokkrum sinnum reyndi hún að spyrja frú Ellis, en fékk aðeins þetta svar: Vertu ekki að þreyta mig með spurningum. Hvaða þekkingu hefir þú á veikindum?”

Síðari hluta dags nokkurs stóð Gerti í stórum laufskála í garðinum. Litli frjósanti reiturinn hennar var rétt hjá, og hún var að búa til fræhylki handa fræinu, sem hún hafði safnað saman, þegar hún heyrði fótatak nálgað, og rétt á eftir kom heimilislæknirinn Jeremy inn í laufskálann.

“Hvað eruð þér að gjöra hér?” spurði hann fljótlega, eins og honum var eiginlegt. “Aðgreina fræ?”

“Já”, svaraði Gerti og roðnaði, þegar hún sá dökku augun læknisins horfa rannsakandi á andlit sitt.

“Hvar hefi eg séð yður áður?” spurði hann.

“Hjá Flint”.

“Hjá Truman Flint. Já, nú man eg það. Þér eruð litla stúlkan hans; og myndarleg stúlka líka. Og

vesalings Truman er dáinn; já, bærinn hefir mist mikið með honum. Þér eruð þá litla hjúkrunarkonan, sem eg fann hjá honum. Auðvitað, — en hvað börnin börnin stækka fljótt”.

“Jeremy læknir”, sagði Gerti alvarleg, viljið þér vera svo góður að segja mér, hvernig ungfrú Emily líður?”

“Emily. Einsog stendur líður henni ekki vel”.

“Haldið þér að hún deyi?”

“Deyji, nei, alls ekki. Því ætti hún að deyja? Eg vil ekki láta hana deyja, ef þér viljið hjálpa mér til að halda lífinu í henni. Hvers vegna stundið þér hana ekki?”

“Eg vildi að eg fengi það”, sagði Gerti og stóð upp; “eg vildi að eg fengi leyfi til þess”.

“Hvað er til hindrunar?”

“Frú Ellis vill ekki leyfa mér að koma inn; hún segir, að ungfrú Emily vilji engan hafa hjá sér nema sig”.

“Hún hefir enga heimild til að segja neitt um það málefni og ekki ungfrú Emily heldur; það er eg, sem ræð í mínu efnum, og eg vil að þér séuð þar inni. Eg vil heldur hafa yður til að hjúkra mínum sjúklingum en allar frúr Ellis í heiminum. Hún þekkir ekki lítið minsta til hjúkrunar. Látum hana baka kökur og elda grauta. Á morgun byrjið þér, munið þér það”.

“Þú sund þakkir, læknir”.

“Þakkið þér mér ekki strax; látið það biða þangað til þér hafið reynt það. Það er vandasöm vinna, að stunda vika. Hver á þenna ávaxtagarð?”

“Frú Bruce”.

“Á hún líka þetta perutré?”

“Já”.

“Gott, eg ætla að reyna perurnar yðar, frú Bruce”.

Læknirinn var nú 65 ára, en samt stókk hann yfir steingirðinguna, sem var á milli hans og ávaxtagarðsins. Gerti, sem horfði á þetta með ánægju, sá að lækn-

irinn hrasaði yfir eitthvað, og nú sá hún höfuð með flöjelshúfu rísa upp úr grasinu, og unglingspiltur, á að gizka 16—17 ára, starði forviða á þenna óvænta gest.

“Stattu upp letingi”, sagði læknirinn og sneri sér að drengnum. “Þarftu að liggja þarna til hindrunar fyrir heiðarlegt fólk?”

“Hvað kallið þér heiðarlegt fólk?” spurði drengurinn, án þess að gefa hinum orðum læknisins nokkurn gaum.

“Sjálfan mig og litlu vinstólku mína þarna”, sagði Jeremy og benti á Gerti, sem stóð við girðinguna og hló glaðlega að því, að læknirinn var staðinn að strákapari.

Unglingurinn sneri sér við og horfði á hlējandi andlit hennar Gerti.

“Get eg gjört nokkuð fyrir yður, herra minn?” spurði hann.

“Já, áreiðanlega”, svaraði læknirinn. “Eg kom hingað til að fá mér nokkrar perur, en þar eð þér eruð hærri en eg, getið þér máské náð í góðu greinina þarna með stafnum yðar”.

“Mjög virðingarvert og heiðarlegt erindi” talaði ungi maðurinn; “eg skoða það sem lán fyrir mig, að geta hjálpað yður með þetta góða aform”.

Um leið og hann talaði tók hann stafinn sinn, sveigði greinina niður og hristi hana mikið með hendinni. Perurnar féllu niður á örðina, og þegar læknirinn var búinn að fylla alla ása sína og lófana líka, ætlaði hann yfir girðinguna aftur.

“Hafið þér fengið nóg?” spurði drengurinn kæruleysislega.

“Já, nú dugar það”, sagði læknirinn.

“Það er gott”, sagði drengurinn og fleygði sér letilega niður í grasið og fór að horfa á Gerti aftur.

“Þér hljótið að vera mjög þreyttur”, sagði læknirinn. “Eg er læknir og vil ráða yður til að sofna”.

"Jæja", svaraði pilturinn letilega, "þú ætla eg að fara að ráðleggingu yðar", og hann lagðist aftur á bak og lét aftur augun.

Þegar lækurinn hafði tæmt vasa sína á bekkinn í laufskálanum og sagt Gerti að fá sér nægju sína, hló hann svo dætt að þessu strákapari sínu, að hann gæta naunnast borðað perurnar; en allt í einu datt honum í hug, að það hlýti að vera orðið framorðið, og leit á úrið sitt. "Hálf fimin", vagninn fer að tju mínútum liðnum. Hver getur ekið með mig á stöðina?"

"Eg veit ekki", svaraði Gerti.

"Hvar er Georg?"

"Hann er úti á engi að sækja hey, en Charlie stendur í hesthúsinu með aktýgjunum á. Eg sá hann látinn þar inn eftir að hann kom frá stöðinni með yður".

"Þú verðir þér að aka mér þangað".

"Það get eg ekki; eg kann það ekki".

"En þér verðir að gjöra það; er þú ekki gefa yður leiðbeiningar. Þér eruð þó líklega ekki hræddar?"

"Nei, en Graham —"

"Við skeytum ekkert um Graham. Gjörir þér einsog eg segi. Eg skal ábyrgjas að vður gengur vel".

Gerti var að eðlisferi hugrökki. Hún hafði aldrei áður stýrt hesti; en þar eð hún var óhrædd, gekk henni það ágætlega, og þar eð hún varð margoft að gjöra læknum samskonar greiða eftir þetta, náði hún góðri æfingu á að stjórna hestum, sem kom henni að góðum notum síðar.

Daginn eftir gjörði Jeremy Gerti að hjúkrunarkonu. Strax og hann fann sjúklinginn, hrósaði hann aðstoð Gerti við Truman og dagnaði hennar sem hjúkrunarkonu, og spurði svo, því hún kæmi aldrei þangað inn.

"Hún er veikbygð og hrædd við að sýkjast".

"Því trúir eg ekki; það er ólíkt henni", sagði lækurinn.

“Trúið þér því ekki?” sagði Emily alvarleg.
“Frú Ellis —”

“Hefir logið að yður” greip lækurinn fram í.
“Gerti langar innilega til að hjúkra yður, og hún getur það miklu betur en frú Ellis. Þér þurfið ekki mikla hjálp. Fyrst og fremst kyrð, en hana fáir þér ekki meðan þessi skrafgjarna kona er hjá yður. Þess vegna ætla eg að senda hana norður og niður í dag, en láta Gerti litlu koma hingað í staðinn. Hún er eins hávaðalaus og mús og mjög hyggið barn”.

Það var naumast til þess ætlandi, að Gerti gæti séð eins vel um allar þarfir Emily einsog frú Ellis, og þess vegna kom Emily í veg fyrir, að hún væri send “norður og niður”; því enda þótt Jeremy lækur gæti ekki felt sig við hana, var hún samt gagnleg sem ráðs-kona heimilisins, og þess vegna vildi Emily ekki láta hana fara.

Enda þótt Emily, Jeremy og Gerti væru glöð yfir því, að hin síðastnefnda fékk aðgang að sjúkrahverginu fékk ráðskonan aldrei að vita að neinn vissi um þann órétt, sem hún hafði gjört Gerti með því að fjarlægja hana með lognum ástæðum.

Gerti sýndi þá bliðu, greiðvikni og nákvæmni, sem aðeins gat átt röt sína að rekja til djúprar ástar.

Þegar Emily vaknaði á nóttunni af órólegum svefni, var henni strax réttur svalandi drykkur, og þar eð hún heyrði hrotturnar í frú Ellis, vissi hún að hennar hendi rétti sér ekki drykkinn; og þegar hún varð þess vör, að engar flugur fengu að nálgast hana á daginn, að höfuðverkur hennar var minkaður með klútum, vættum í köldu vatni, og að litlu fæturnir, sem aldrei þreyttust að hlaupa fyrir hana, hreyfðu sig hávaðlaust, varð hún að viðurkenna, að Jeremy lækur hafði útvegað henni ágætt lyf.

Eftir tvær vikur var Emily orðin svo frisk, að hún gat setið uppi allan daginn, þó hún gæti ekki yfirgefið herbergi sitt ennþá. En að tveim vikum liðu.

um sagði lækurinn, að hún yrði að fá ferskt loft og hreyfingu. Þér verðið að láta aka yður dálitinn spotta tvisvar á hverjum degi, sagði lækurinn.

"Það get eg ekki. Georg hefir svo mikið að gjöra, að það er ómögulegt", svaraði Emily.

"Látið þér Gerti aka yður; hún er dugleg til þess".

"Gerti", sagði Emily brosandi, "þú hlýtur að vera uppáhaldsbarn læknisins; hann heldur þú getir alt. Þú hefir líklega aldrei ekið á æfi þinni?".

"Hún hefir ekið með mig á vagnstöðina þessar 6 vikur á hverjum degi", sagði lækurinn.

"Er það mögulegt?", sagði Emily, sem hélt að stúlkur gætu aldrei ráðist í að stýra hesti.

En þegar hún var fullvissuð um, að þetta hafði átt sér stað og að því fylgdi engin hætt, var Charlie látinn fyrir vagninn og Emily og frú Ellis óku hart með Gerti. Þar eð fyrsta ferðin gekk vel, voru þær oft endurteknar; þessar ferðir voru til mikilla nota fyrir Emily og þeim öllum til ánægju. Þegar haustaði og Emily var orðin friskari, óku þær drjúgan spöl á hverjum degi. Stundum var frú Ellis með, en þar eð ráðskonustörf hennar bönnuðu það oftast nær, voru þær vanalega aðeins tvær, og Emily sagði, að kunn-átta og lipurð Gerti í því að stjórna hestum og aka, hefði veitt sér meiri ánægju en nokkuð annað.

Við og við um sumarið sá Gerti unglinginu, sem Jeremy lækur hafði rasað um, þegar hann ætlaði að stela perum. Einu sinni kom hann og settist á girðinguna, þegar Gerti var að vinna í garðinum sínum. Hann lýsti undrun sinni yfir ákafa hennar, mintist lítið eitt á blómin og spurði nokkurra spurninga um Jeremy lækur og að síðustu um nafn hennar. Gerti roðnaði; hún var dálítið viðkvæm, þegar minnst var á nafn hennar, því þó hún væri vanalega kölluð Gerti Flint, gat hún ekki forðast að minnast þess, að hún átti í raun og veru ekkert nafn.

Emily hafi reynt að spyrja eftir Nan Grant til þess

að fá upplýsingar um fæðingu Gerti, en Nan var flutt frá hinum fyrri bústað sínum og enginn vissi, hvar hún var.

Þegar Gerti var spurð um nafn sitt, roðnaði hún, einsog áður er sagt; en svaraði þó rólega, að ef hann vildi fyrst segja sitt, þá skyldi hún segja sitt.

“Nei, það gjöri eg ekki”, svaraði hann þrjóskelega, “og eg skeyti heldur ekkert um að þekkja yður”, og svo sparkaði hann í epli og fór, en Gerti stóð kyr og var sannfærð um, að þetta var sá siðlausasti unglingur, sem hún hefði séð.

TÓLFTI KAPITULI.

Óvænt áreynsla.

Það var hlýjan síðari hluta dags í september, sem Emily sat einsömul í sólherberginu á sveitaheimili föður síns. Tíu ár eru nú liðin síðan lesarinn kyntist Emily fyrst. Hún er samt ekki ellilegri nú en þá, því mótlætið, sem hún varð fyrir, hafði greypt spor sín í andlit hennar á ungum aldri. Hún er þvert á móti gládari og fjörugri nú, en hún hafði áður verið; því sambúð hennar við Gerti hafði vakið meiri áhuga hjá henni fyrir því, sem fram fór í kringum hana, nú en áður.

En þetta kveld, þegar Emily sat einsömul, án þess að vita um hinn fagra kveldroða á himninum, virtust hugsanir hennar vera sorgbrungnar. Hún sat hlstandi, og hvert sinn sem vindurinn sveiflaði hliðsharðinni fram og aftur, hrökk hún við og kviðasvipur breiddist yfir andlit hennar.

Loksins heyrðist fótatak bak við kjarrgróðinguna.

Enginn annar en Emily hefði getað heyrt þetta léttu fótatak. Hún stóð upp til að mæta þeim komandi, sem, þótt hann væri gamall kunningi, mundi ervitt að þekkja aftur sem okkar einu sinni litlu Gerti. Hún er nú orðin ung stúlka, nokkrum þumlungum hærri en Emily, beinvaxin og lagleg. Hörundsliturinn er dökkur en gagnsær og fagur roði breiddur yfir kindar hennar, sem ef til vill er afleiðing hinnar hröðu göngu hennar frá járnbrautarstöðinni. Hattinn hefir hún tekið af sér og heldur í bandið og sveiflar honum, einsog hún hafði fyrir vana, þegar hún var barn; og þess vegna skulum við ekki ásaka hana um, að hún sé að tildra sér til með óvanalega fagra hárið sitt.

Sami gljáinn er enn á augum Gerti, og nú eru þau ekki lengur of stór í blutfalli við andlitið, og enda þótt munnur hennar sé ögn stærri en hinar nákvæmu fegurðarreglur krefjast, gleymist það, þegar maður sér hinar mjallahvítu tennur jafu reglulega settar og perlur á bandi. Snotri netludúkskjóllinn hennar fellur að hálsinum, og tilgjörðarlausir svartir kraginn getur ekki hulið hinn fagra vöxt.

Er Gerti þá reglulega fögur?

Alls ekki. Andlit hennar og vöxtur er þannig, að skiftar mundu skoðanir, en færri mundu kalla hana fagra. En það eru til andlit, sem alt af breyta svip, og þau andlit kunna menn vel við að skoða, — talandi andlit, sem sýna innri tilfinningar; andlit, er stundum sýna hyggindi, stundum kæti, sem eitt augnablik lýsa innri sorg, annað sannri gremju yfir því, sem sálin fyrirlitur, og aftur snúa sér frá heiminum og horfa með lotningu til himins. Slíkt var andlit Gerti.

Hið aðlaðandi við þessa eiginleika Gerti óx við það, að hún vissi ekki sjálf að hún átti þá. Hún var enn ekki búin að sleppa þeirri skoðun, sem henni var innrætt í æsku, að hún væri ljót; en hún fann ekki lengur til vanvirðunnar, sem hún þvingaðist af, af þessari ástæðu.

Þegar hún sá ungfrú Graham koma á móti sér, hraðaði hún göngu sinni og þegar hún kom til hennar, lagði hún handlegg sinn ástúðlega um axlir hennar, og um leið og hún lagði sjalið þéttara um vinu sína, byrjuðu þær á löngu og alvarlegu samtali, sem hér skal getið.

Gerti hafði nefnilega farið snöggva ferð til Boston og heimsótt frú Sullivan. Ástæðurnar þar voru slæmar; frú Sullivan var lasin, en ver stóð á með Cooper. Hann var orðinn sem barn og dutlungasamur. Hann var öflugur og reiðigjarn og fann upp á ýmsu, einsog t. d. að ganga um götur seint á kveldin, sem var alls ekki óhult, og að sofa við opinn glugga, þó hann byggi á neðsta gólfi. Frú Sullivan gat ekki hugsað til þess, að fá ókunnugan til að stunda hann. Hún gat yfir höfuð ekki fengið sig til að hleypa neinum inn í húsið, sem hún var ekki vön að umgangast. Gamla kyrkjan, sem Cooper hafði verið hringjari við, var rifin niður, og þau voru flutt inn í nýtt hús. Þessar breytingar studdu að því að skynsemi hans varð fyrir miklum skaða. Gerti var sú eina, sem við hann réði. Hún var ekki hrædd við hann einsog dóttir hans, og var þess vegna ákveðnari gagnvart dutlungum hans; og að öðru leyti skemti hún honum með því að tala um Willie, sem gamla manningnum þótti vænt um.

Gerti var nú boðin kenslukonu staða við W—s skólann af kennara sínum. Áform hennar var, að veita tilsögn fyrri hluta dagsins, en dvelja hjá frú Sullivan og lita eftir henni og föður hennar síðari hlutann. Þar eð Graham var að búa sig undir langa ferð til syðri fylkjanna, fanst henni þetta vera gott áform. "Frú Sullivan var svo ánægð, þegar eg yfirgaf hana í kveld, og gjörði sér svo góðar vonir um þá miklu huggun, sem hún fengi af því að hafa mig hjá sér í vetur, að eg áleit mig hafa tekið rétt áform; en þegar eg kom heim og sá þig, og fór að hugsa um, að þú ætlaðir að ferðast svo langt í burt, og fór að hugsa

um, hve langt yrði þangað til eg fengi að vera há þér aftur, þá fanst mér einsog —" Gerti gat ekki sagt meira en lagði höfuð sitt á öxl Emily og grét.

Emily reyndi að hugga hana bliðlega. Okkur hefir liðið ágætlega í sambúð okkar", sagði hún, "og eg sakna þín mikið; mestan hluta þessarar ánægju, sem eg hefi notið síðustu árin, á eg þér að þakka; en samt sem áður hefir mér aldrei þótt eins vænt um þig og nú, þegar við erum að skilja; því með þeirri ósérplægni, sem þú lætur nú í ljós, sýnir þú hina eðallyndustu og fegurstu lyndiseinkunn, sem nokkur kvenmaður getur átt. Eg veit, hve vænt þér þykir um Sullivans, og þú hefir líka ástæðu til að láta þér þykja vænt um þau og til að vilja uppfylla þínar gömlu skyldur; en að þú yfirgefur okkur nú og afþakkar að taka þátt í suðurferðinni, án möglunar, sem þú vonaðist svo mikillar skemtunar af, sýnir að Gerti mín er sú hugrakka og góða stúlka, sem eg alltaf hefi vonað og beðið um, að hún mætti verða. Þú gengur veg skyldunnar, Gerti, og þín eigin samvizka mun launa þér það, ef þú færð engin laun á annan hátt".

Þegar Emily hætti, voru þær komnar í eitt garðshornið og sneru sér við; en þá kom til þeirra ein af vinnukonunum og sagði, að frú Bruce og sonur hennar biðu þeirra í daglegu stofunni.

"Fékstu hnappana handa henni í bænum, Gerti?" sagði Emily.

"Já, eg fékk hnappa, sem eg held að eigi vel við; hún er líklega komin til að vita, hvernig það hefir gengið; en eg get ekki farið inn einsog eg lit út núna".

"Það er bezt, að eg fari ein inn með Katy., þá getur þú farið inn um hliðardyrnar og upp í þitt herbergi, án þess nokkur sjái þig. Eg skal biðja frú Bruce afsökunar og þegar þú hefir baðað augu þín og ert orðin rólegri, getur þú komið ofan og gjört grein fyrir því, sem þú áttir að gjöra fyrir hana".

Þegar Gerti kom inn í herbergið að hálfum tíma

liðnum, sáust engin merki geðshræringar hjá henni. Frú Bruce kinkaði vingjarnlega kolli til hennar frá legubekknunum. Ungi Bruce stóð upp og bauð hennu stólinn sinn, en Graham benti á auða sætið við hliðina á sér og sagði: "Hér er sæti handa yður, Gerti".

Hún afþakkaði tilboð beggja mannanna og gekk að Ottoman (tyrkneskur legubekkur fótalaus), sem stóð við opnu glerdyrnar; þangað gekk Bruce líka, settist kæruleysislega á efsta stigaprepið, sem lá niður í garðinn, og fór að spjalla við hana.

Litlu síðar bað Graham unga Bruce að koma út með sér og skoða gosbrunn, sem nýlega var búinn til. Ungi maðurinn, sem var hinn sami og læknirinn rasaði um fyrir nokkrum árum, hafði verið erlendis um tíma. Hann leit nú á sjálfau sig með meiri ánægju en áður, þar eð hann átti nú yfirvararskegg, franskan tizkubúning og fallegt sveitaheimili. Þegar þeir komu aftur inn, settust þeir hjá stúlkunum og fóru að tala við þær.

"Eg hefi talað við Emily um suðurferð yðar, hr. Graham", sagði frú Bruce, "og að dæma eftir leiðinni, sem þið ætlið að fara, verður ferðin skemtileg".

"Eg vona það, frú. Ferðin ætti vonandi að styrkja heilbrigði Emily. og þar eð Gerti hefir aldrei ferðast neitt, býst eg við að hún hafi ánægju af ferðinni".

"Ó, þér verðið líka með, ungfrú Flint?"

"Auðvitað, auðvitað", svaraði Graham, án þess að gefa Gerti tækifæri til að svara. "Við teljum hana með — getum ekki án hennar verið nú".

"Það verður ágætt fyrir yður", sagði frú Bruce, sem ennþá horfði á Gerti.

"Eg vonaði að fá að ferðast með Grahams", sagði Gerti, "og gjörði mér stórar vonir um ánægja af ferðinni, en nú er það ákveðið, að eg verði í Boston í vetur".

"Hvað ertu að segja, Gerti?" spurði Graham; — "hvað á þetta að þýða? Mér er þetta ókunnugt".

“Mér líka, herra, annars væri eg búin að segja yður það. Eg hélt að þér munduð taka mig með ykkur og ekkert hefði glatt mig meira. Hefði eg áður þekt það, sem nú gjörir mér ómögulegt að fara, þá hefði eg verið búin að segja yður það”.

“En við getum ekki verið án þín, Gerti. Eg vil ekki heyra neitt slíkt. Þú verður að koma þrátt fyrir þetta”.

“Eg er hrædd um að það verði ekki mögulegt”, sagði Gerti brosandi, en með sama ákveðna svipnum. “Það er mjög vingjarnlegt af yður, herra, að óska þess”.

“Óska þess! — Eg krefst þess. Þú ert í minni umsjá, barn, og eg hefi heimild til að skipa fyrir, hvað þú eigir að gjöra”.

Graham var að verða ákafur. Gerti og Emily voru hnuggnar, en hvorug þeirra talaði.

“Segðu mér ástæður þínar, ef þú hefir nokkrar”, sagði Graham ákafur, “og af hverju þér hefir dottið þessi heimska í hug”.

“Eg saki segja yður það alt á morgun, herra”.

“Á morgun? Eg vil fá að vita það núna”.

Frú Bruce, sem áleit að heimilisófriður væri í sigi, stóð nú upp til að fara. Graham duldi reiði sína þangað til mæðginin voru farin; en undir eins og dyrnar lokuðust á eftir þeim, gaf hann henni lausan taum.

“Segðu mér nú, hvað þetta þýðir! Eg hefi ráðstafað viðskiftum mínum og búið mig undir að geta eytt þessum vetri til ferðalags — ekki eins mikið mín vegna einsog til að útvega ykkur báðum ánægju — og nú, þegar alt er tilbúið og komið er að því að fara af stað, segir Gerti að hún ætli sér að verða heima. Mér þætti nú gaman að vita um ástæðuna”.

Emily tók að sér að greina frá ástæðunni og endaði með því að segja, að hún væri þessu samþykk. — Þegar Emily þagnaði lét Graham gremju sína í ljósi

ósleitilega.

“Gerti tekur þá Sullivans fram yfir okkur, og þú virðist að hvetja hana til þess. Mér þætti gaman að vita, hvað þessar manneskjur hafa gjört fyrir hana í samanburði við það, sem eg hefi gjört”.

“Þau hafa verið vinir í mörg ár, og nú, þegar þau þurfa hennar svo nauðsynlega, finst henni að hún megi ekki yfirgefa þau, sem mér finst ekkert undarlegt”.

“En mér finst það. Hún kys heldur að þræla á skólanum, og ennþá verri þrældóm hjá frú Sullivan. en að vera hjá okkur, þar sem alltaf hefir verið farið með hana sem heldri stúlku og meira en það, — sem eina af fjölskyldunni”.

“Ó, hr. Graham”, sagði Gerti í bænarróm, “þetta snýst ekki um að gefa neinum forgöngurétt; eg álit það aðeins vera skyldu mína”.

“Og hvers vegna finst þér það vera skylda þín? Af því þú hefir átt heima í sama húsi; af því sonur hennar í Kalkutta hefir sent þér sjal og búr fult af auðvirðilegum smáfuglum og skrifað þér fjölda af bréfum, — aðeins þess vegna heldur þú að þú verðir að sleppa þínum eigin áhugaefnum og hjúkra hinum veiku ættingjum hans. Hefi eg ekki gefið þér bezta uppeldi og aldrei sparað neitt þér til gagns?”

“Mér hefir ekki komið til hugar, að telja velgjörðirnar, sem mér hafa verið veittar, og haga breytni minni eftir þeim, herra”, svaraði Gerti kurteislega og þó með rólegri röggsemd. “Frá því sjónarmiði skoðað er eg yður ósegjanlega skuldbundin, og þér eigið stærstar kröfur til minnar þjónustu”.

“Þjónustu? Eg krefst ekki þinnar þjónustu, barn; frú Ellis getur eins vel stundað Emily og mig líka, en eg virði umgengni þína og sambúð mikils og finst þess vegna óþakklátt af þér að vilja yfirgefa okkur”.

“Faðir”, sagði Emily, “eg hélt að við hefðum látið Gerti fá gott uppeldi til þess, að hún væri öllum ó-

háð, en ekki til þess að hún yrði okkur undirgefin".

"Það er nú eftir því, hvernig á það er lítið, Emily", sagði Graham, "en þú virðist ekki líta á þetta frá sömu hlið og eg, og þar eð þið eruð báðar á móti mér, ætla eg ekki að tala meira um það".

Um leið og Graham sagði þetta tók hann 'ampa, gekk inn á skrifstofu sína og lokaði dyrunum hart á eftir sér, og lét ekki sjá sig aftur þetta kveld.

Vésalings Gerti. Graham, sem alltaf hafði verið svo alúðlegur, sjaldan talað óvingjarnlega til hennar, og ávalt breytt nærgætnislega við hana, hafði nú stórkostlega móðgað hana. Hann hafði kallað hana óþakkláta; honum fanst sjáanlega, að hún hefði niðst á góðvild hans, og hélt að hún tæki aðra vini, sem minna hefðu lagt í sölnurnar fyrir hana, fram yfir sig og Emily. Sorgmædd og særð flýtti hún sér að bjóða Emily, sem líka var yfirbuguð af harmi, góða nótt, og fór upp í herbergi sitt; þar lét hún undan tilfinningunum, sem særðu hana og bönnuðu henni að njóta svefns um nóttina.

Arnlfotur B. Olson

ÞRETTANDI KAPITULI.

Vökunótt.

Þegar Gerti kom á heimili Grahams, gaf hann henni lítinn gaum í fyrstu; en þegar hann tók eftir því, að Emily þótti vænt um hana og vildi hafa hana hjá sér, lét hann að vilja hennar. Smátt og smátt varð hann þess var, að hún var hneigð fyrir garðrækt, sem var uppáhaldsiðja hans, og þegar hún las fyrir hann og var fyndin og skemtileg, fór honum að þykja vænt um hana. Þess vegna vildi hann helst hafa hana og Emily með sér á hinni fyrirhuguðu ferð. Þar eð hún

hafði verið lengi hjá honum og hann hafði látið menta hann vel, gat hann ekki séð, að neinn annar hefði neina kröfu til hennar, og hann hvorki vildi né gat skilið, að skylda hennar segði annað. Hann var heiðarlegur og mikilsvirtur maður, en eigingjarn í meira lagi og þoldi ekki mótspyrnu.

Þar eð Gerti gat ekki sofið, hafði hún nægan tíma til að hugsa um stöðu sína. Fyrst voru tilfinningar hennar sár sorg, en svo komu aðrar bitrari hugsanir. "Hvaða heimild hefir Graham til að breyta þannig við mig?" hugsaði hún, "til að skipa mér að fylgja sér á ferð þeirra, og að láta einsog aðrir vinir mínir væru einskis virði í hans augum og ættu líka að vera það í mínum? Vill hann að eg borgi uppeldi mitt með frelsi mínu? Og hefi eg ekki lengur heimild til að segja já eða nei? Þannig hugsar Emily ekki; Emily, sem elskar mig og þarfnast mín þúsund sinnum meir en Graham, álitur að eg hafi breytt rétt, og fullvissaði mig um fyrir stuttu síðan, að það væri skylda mín að framkvæma áfærni mitt. Og loforð mitt til Willie, er það líka einskisvirði? Nei, það er harðýðgislegt af Graham, að reyna að þvinga mig til að vera hjá þeim, og það gleður mig, að hafa fastráðið, að brjóta af mér slíka fjötra. Auk þess er eg fullnuma kenslukona, og W—s segir, að það sé áriðandi, að byrja strax, meðan þekking mín sé ógleymd".

Þannig talaði drambið, en smátt og smátt viku þessar hugsanir fyrir öðrum mildari.

"Máske það sé nú samt sem áður góðvild, sem hefir komið Graham til að tala þannig", sagði hún við sjálfa sig. "Hann hugsar ef til vill einsog Emily, að eg ráðist í of mikið. Það er ómögulegt fyrir hann að vita, hve sterkar ástæður eg hefi, hve skuldbundin mér finst eg vera Sullivans og hve mjög þau þarfnast mín nú. Mér kom heldur aldrei til hugar að eg ætti að fylgja þeim, því þótt Emily segði, að það væri fastráfið, hefir Graham aldrei minnst á það, og þess vegna hélt

ég, að honum yrði það engin vonbrigði þótt eg neitaði því. En þar eð hann hefir ráðstafað þessari ferð okkur báðum til ánægju, er það ekkert undarlegt, að hann álítur sér misboðið. Hér um finst máské líka, að þar eð eg hefi verið svona lengi í hans umsjá, þá hafi hann heimild til að skipa fyrir um breytni mína. Hann hefir líka verið mér mjög góður — ókunnugri, sem einskis gat krafist”.

“Á eg þá að hætta við áformi mitt, fara með þeim og láta frú Sullivan þjást—, já, máské deyja meðan eg er burtu? Nei, það er ómögulegt, eg skal aldrei verða slíkur svikari gagnvart mínum eigin tilfinningum og samvizku; hve skæmt sem mér þykir að móðga Graham, má eg ekki láta hræðluna við reiði hans hindra mig frá að gjöra skyldu mína”.

Þegar Gerti hafði ákveðið, að taka storminum, sem í vændum var með ró, og beðið guð að styrkja sig, reyndi hún að sofa, en henni var það ómögulegt.

Harðýðgi Grahams var alkunn á heimilinu, og þess vegna voru allir vanir, og einkum fjölskylda hans, að breyta að vilja hans, og þó hann væri ávallt nærgætinn og oftast vingjarnlegur, þorði enginn að gjöra á móti vilja hans, sem gat orðið til þess að vekja ofstopa. Það var því alls ekki undarlegt, að Gerti var að nokkru leyti kjarklítill, þegar hún lagði hendi sína á skráarhúnninn á borðstofuhurðinni hálfri stundu fyrir morgunverð. Samt hugsaði hún sig ekki um nema augnablik, opnaði svo hurðina og gekk inn.

Graham sat í hægindastólnum sínum og morgunblaðið lág á borðinu. Síðari árin var Gerti vön að lesa blöðin fyrir gamla manninn á hverjum morgni og það var í því skyni, að hún nú var komin inn. Hún gekk til hans og heilsaði með “góðan daginn”, einsog hún var vön; en nú var kveðjunni svarað með tauti. Hún settist niður og ætlaði að taka blaðið, en hann varnaði henni þess með því að hafa hendi sína ofan á það.

"Eg hugsaði mér að lesa blaðið fyrir yður, herra".

"Þú skalt hvorki lesa né neitt annað fyrir mig gjöra, fyr en eg fæ að vita, hvort þú hefir ásett þér að sýna mér þá virðingu, sem eg hefi heimild til að krefjast af þér".

"Mér hefir aldrei komið til hugar að sýna yður annað en cialæga virðingu, hr. Graham".

"Þegar ungar stúlkur eða drengir breyta gagnstætt vilja þeirra, sem eru eldri og hygnari, sýna þau hinn mesta virðingarskort sem hugsast getur; en eg er fús til að fyrirgefa allt, ef þú fullvissar mig um það, að þú sért búin að viðurkenna skyldu þína gagnvart mér, sem eg vona að þú sért búin að, eftir heillar nætur yfirvegan".

"Eg get ekki sagt að skoðanir minar séu breyttar að því er snertir skyldu mína".

"Þú átt við það, að þú ætlir þér að halda fast við heimsku þína?" spurði Graham, stóð upp og talaði í þeim róm, er kom Gerti til að skjálfa.

"Er það heimska, að gjöra rétt, herra?"

"Rétt? Skoðanir okkar um hvað rétt er eru í þessu tilfelli mjög mismunandi".

"En ef að þér þektuð ástæðurnar einsog þær eru, munduð þér naumast finna að áformi mínu. Eg hefi sagt Emily orsakirnar, sem hvetja mig til þessa, og hún, —".

"Nefnið þér ekki Emily", sagði Graham, sem gekk hratt um gólfið. "Eg efast ekki um, að hún gæfi höfuð sitt hverjum sem væri, er bæði hana um það; en eg vona að eg hafi betri þekkingu á, hvað menn eiga mér að þakka, og eg vil í fáum orðum segja þér, ungfrú Gerti Flint, að ef þú yfirgefur nú hús mitt, þá gjörir þú það gagnstætt vilja mínum og að þaka sér vanþóknun mína er ekkert smáræði, sem þú máske kemst að raun um bráðlega, — og einkum þar eð það er alveg ónaðsynlegt".

"Mér þykir slæmt, ef yður mislikar framferði

mitt, hr. Graham".

"Nei, þér þykir það ekki slæmt; ef svo væri, þá myndir þú ekki breyta þvert á móti óskum mínum", sagði Graham, sem sá að svipur Gerti varð enn ákveðnari v.ð hans hörðu orð. í stað þess að mykjast. "En eg vil ekki tala meira um þetta efni, það er ekki þess vert. En eg ætla að segja þér, að ef þú ferð úr húsi mínu, máttu ekki bínast við mánu hjálp eða vernd. Þú verður þá að annast þig sjálf eða leita annara. Þú heldur líklega, að vinur þinn í Kalkútta vilji styrkja þig, eða koma máské heim og taki þig undir sína sérstöku vernd; en ef þú heldur það, þá þekkir þú heiminn illa. Eg hugsa að hann sé giftur nú einhverri indverskri stúlku; eða, að hann að minsta kosti hafi gleymt þér".

"Hr. Graham", sagði Gerti stolt, "Sullivan kemur ekki heim í mörg ár enn, og þér megið trúa því, að eg vænti hvorki hjálpar hans eða annara. Eg ætla sjálf að vinna fyrir mér".

"Hetjulegt áform", sagði Graham fyrirtillega, "og latid i ljós með þeim metnaði, sem er vona að ekki bregðist. Á eg að álita áform þitt fastráðið?"

"Já, herra", svaraði Gerti, sem var orðin enn ákveðnari af háði Grahams.

"Og þú ætlar að fara?"

"Eg verð að fara; eg álit það skyldu mína, og er því viljug til að fórna mínu þægilega lífi hér og vináttu yðar, sem eg met mikils".

Graham virtist engan gaum gefa síðari hluta svars hennar, og gleymdi sinni vanalegu kurteisi á þann hátt, að hann hringdi borðbjöllunni svo tryllingslega, að rödd Gerti heyrðist ekki. Katy kom undir eins með morgunverðinn, og svo komu þær Emily og frú Ellis og settust að borðinu. Matarins var neytt með algjörðri þögu, því Emily hafði heyrt hávaðann í föður sínum, og frú Ellis hafði óljósan grun um, að eitthvað óþægilegt hefði átt sér stað...

Þegar Graham var búinn að borða, sneri hann sér að frú Ellis og bauð henni að fylgja sér og Emily á suðurferðinni, og gat þess um leið, að hann mundi dvelja nokkrar vikur í Havanna.

Frú Ellis þáði boðið með mestu ánægju og kom með óteljandi spurningar viðvirkjandi viðkomustöðum og hve langan tíma ferðin stæði yfir; en Emily faldi hnuggna andlitið sitt bak við bollann sinn. Gerti, sem nýlega hafði lesið 'Bréf frá Kuba', og vissi að Graham þekti áhuga hennar á þeim stað, hugsaði með sjálfri sér, hvort mögulegt væri að hann væri svo lítillmótlegur að vilja vekja hjá sér gremju.

Þegar morgunverði var lokið, flýtti Emily sér til herbergis síns, og rétt á eftir kom Gerti til hennar.

Þegar Gerti svaraði spurningum Emily um það, hvað fram hefði farið, nefndi hún ekki þau orð Gramams, sem mest voru særandi, því hún sá á svip hennar, að henni sárnaði, að faðir sinn hefði misskilið hana og skapraunað henni. Hún lét þess samt getið, að Graham vildi að hún færi úr húsinu; og þar eð hann var henni í meira lagi ónotalegur, áleit hún réttast að fara strax, einkum þar eð frú Sullivan var áriðandi að fá hana sem fyrst. Emily sá það hyggilega í þessu áformi, samþykkti það og lofaði að fylgja henni til bæjarins eftir hádegið; því þar eð henni sárnaði allt mótlæti, sem Gerti varð fyrir, vildi hún ekki að Graham fengi tækifæri til að sýna henni fyrirleitningu og háð. Gerti fór því strax á tína saman muni sína og búa um þá, og sat Emily hjá henni á meðan, gaf henni mörg góð ráð og kvað sér þykja slæmt að þær yrðu að skilja, en fullvissaði hana um sína óbifanlegu vináttu.

"Ó, eg vildi að þú gætir skrifað mér, kæra Emily; það væri mér ósegjanleg huggun í hinni löngu fjarveru þinni", sagði Gerti.

"Með aðstoð frú Ellis skal eg segja þér eins mikið um ferðalag mitt og eg er fær um, góða min", svaraði

Emily, "en enda þótt þú fréttir ekki mikið af mér, hverfur þú aldrei úr huga mínum og eg skal aldrei gleyma að biðja guð að annast þig og vernda; hann gefur þér betri ráð og reynist þér betri vinur en eg".

Nökkru seinna fann Gerti frú Ellis, og gjörði hana hissa með því að segja henni að hún væri að fara úr húsinu og kæmi nú til að kveðja hana. Undranin og forvitnin viku þó brátt fyrir ákafanum með að hrósa Graham og ánægjunni, sem í vændum væri af ferðalaginu. Þegar Gerti hafði óskað henni góðrar ánægju, bað hún hana að skrifa sér við og við, en frúin lézt ekki heyra þessa bön og spurði, hvort kjöllinn úr *tíbet* væri viðeigandi að vera notaður á ferðinni, og þegar Gerti endurtók bön sína með meiri ákafa, spurði hún hve mörg úlnliðalín hún þyrfti að hafa með sér. Þegar Gerti var búin að svara öllum spurningum hennar, lofaði hún að skrifa henni eitt bréf.

Áður en Gerti yfirgaf húsið, fór hún inn til Grahams í þeirri von að fá vingjarnlega kveðju, en hann tautaði eitthvað óskiljanlegt og sneri sér svo frá henni. Hún skildi við hann hrygg og tárfeðlandi.

FJÓRTANDI KAPITULI.

Vinur í neyð.

Við göngum fram hjá kveðju Gerti og Emily, móttöku hennar hjá frú Sullivan og byrjun kenslu hennar á skólanum; en ætlum nú að minnst á, hvað fram fór í nóvember, hér um bil tveimur mánuðum eftir að hún fór frá Graham.

Gerti hafði einkennilegt eðli til að stjórna gamla Cooper. Alltaf fann hún nýjar skemtanir, þar á meðal

að fylgja honum til nýju kyrkjunnar, sem verið var að byggja. Cooper vildi ekki láta rífa gömlu kyrkjuna, en þegar hann sá, hvernig þeirri nýju var til hagað, vakti það áhuga hans. Einn af verkamönnunum, Miller að nafni, var vanur að líta eftir Cooper, og kom honum til að trúa því, að það væri mikið gagn að nærveru hans. Stundum sótti Gerti hann, þegar hún var á heimleið frá skólanum, en annars fylgdi Miller honum heim.

Eftir að Gerti settist að hjá frú Sullivan, hafði Cooper breytt til hins betra og var miklu þægari en áður; samlífið við Gerti gjörði líka frú Sullivan lífið skemtilegra; en hún vaxandi veikindi hennar síðustu dagana, gjörðu Gerti óttaslegna, og því ásetti hún sér einn daginn að finna Jeremy lækni, þegar hún væri búin á skólanum, og biðja hann að skoða frú Sullivan. Til þess að geta þetta, bað hún Miller að annast Cooper.

Þenna dag tafðist hún lengur en vant var á skólanum, og klukkan var tvö, þegar hún barði að dyrum hjá Jeremy. Stúlkan, sem lauk upp, benti Gerti að fara inn í skrifstofuna. Læknirinn gekk á móti Gerti með framréttar hendur. "Gerti Flint! Nú er eg hissa!" hrópaði hann. "Það gleður mig að sjá yður. En því hafið þér ekki komið fyr?"

Gerti sagði, að hún ætti heima hjá kunningjumi sínum, og væri annar þeirra mjög gamall en hinn veikur, og að skólinn eyddi svo miklu af tíma hennar, að hún gæti ekkert farið.

"Léleg afsökun", sagði Jeremy, "léleg afsökun. En nú eruð þér hér og við sleppum yður ekki strax". Hann opnaði dyrnar um leið og kallaði hátt: "Kona, kona, — komdu eins fljótt og þú getur og láttu á þig bezta möttulinn þinn, — hér eru gestir. — Vesalings konan", bætti hann við góðlátlega og sneri sér að Gerti, "hún á ekki hægt með að flýta sér, hún er of digur til þess".

Gerti afþakkaði að biða eftir dagverði og sagðist verða að hraða sér heim. Svo lýsti hún veikindum frú Sullivan og tilgauginum með heimsókn sína.

"Einn klukkutími gjörir engan mismun í slíku tilfelli", sagði læknirinn. "Þér verðið að biða og borða hjá okkur, svo skal eg flytja yður í vagninum mínum hvert sem þér viljið".

Gerti hikaði; úti var dimmuviðri og farið að snjóa ofurlítið. Það yrði ekki þægilegt, að ganga heim þessa löngu leið, og auk þess væri vissara að hún fylgdi læknum og sýndi honum húsið, því gatan, sem þau áttu heima í, var ný og engi tala eða númer á húsunum og því óþægilegra að finna húsið.

Frú Jeremy kom nú inn. Hún var feit, sannarlega alt of feit, og auk þess var hún rjóð af því hún hafði flýtt sér. Hún kysti Gerti og leit svo í kringum sig, en þegar hún sá ekki fleiri leit hún ásakandi augru á læknirinn og sagði:

"Skammast þú þín ekki, maður! Eg trúir þér aldrei oftar. Þú taldir mér trú um að hér væri ókuunnugt fólk!"

"Kemur hingað nokkru sinni sjaldséðari gestur en Gerti Flint?"

"Að sönnu ekki", sagði frú Jeremy; "Gerti er sjaldgæfur gestur hér, og eg ætti að sneypa hana duglega af þeirri ástæðu; en þú veizt það líklega, að eg hefði ekki farið í bezta möttulinn minn hennar vegna. Eg er sannfærð um, að hún kann eins vel við mig í þeim gamla, gula; enda þótt hún segði, þegar eg keypti hann, að eg hefði valið þann ljótasta möttul, sem til væri í Boston. Manstu eftir því, Gerti?"

Gerti hló glaðlega að þeim skemtilega viðburði, sem átt hafði sér stað í fataverzlaninni, þegar hún endurkallaði hann í huga sinn. Hún hafði nefnilega fylgt frú Jeremy í búðina, þegar hún keypti möttulinn. — "En, komdu nú að borða, Gerti; dagverðurinn er tilbúinn. Maðurinn minn hefir svo mikið að spjalla við

þig, að hann hefir þráð komu þína stórlega”.

Stundarkorn borðuðu þau án þess að segja eitt orð; en svo fór lækurinn alt í einu að skelli hlæja. Gerti horfði undrandi á hann og frú Jeremy sagði: “Já, Gerti, þessi hlátursköst hefir hann fengið tvisvar á dag í heila viku. Fyrst varð eg jafn hissa og þú, og eg viðurkenni það, að eg veit enn ekki, hvað þeim hefir borið á milli, Graham og honum, sem er hlátursvert”.

“Þú mátt nú ekki ljósta upp leyndarmálum mínum, kona”, sagði lækurinn; “láttu mig segja það sjálfan. Eg býst við, Gerti, að þér hafið ekki verið 5 ár á heimili Grahams án þess að verða þess vör, hve vanstiltur hann er, ímyndunargjarn og sérgóður?”

“Jeremy”, sagði kona hans í ásökunarróm og hristi höfuðið.

“Eg tek mér ekki nærri, þó þú hristir höfuðið, kona. Eg segi mína meiningu, og þetta er niðurstaðan sem eg hefi komist að viðvikjandi Graham og eg efast ekki um, að Gerti er kominn að sömu niðurstöðu; en hún er of góð stúlka til þess að vilja segja það”.

“Eg hefi aldrei orðið neins slíks vör hjá honum”, sagði frúin. “Eg mæti honum nærri því á hverjum degi á götunni, og þá heilsar hann mér ætíð brosandi og vingjarnlega”.

“Það getur verið”, sagði lækurinn, “en Gerti og eg vitum hvað kurteis hann er, þegar einhver vogar að hafa aðra skoðun en hann, — er það ekki satt, Gerti? — Þegar maður —”

“Talar um pólitik við hann, t. d.”, greip frúin fram í. “Það eru ykkar mismunandi pólitísku skoðanir, sem hafa komið ósamlyndi af stað milli ykkar”.

“Nei, alls ekki”, svaraði lækurinn. “Menn geta orðið æstir, þegar menn tala um pólitik, þó þeir séu í rauninni geðspakir menn. Eg get sjálfur orðið æstur þegar eg tala um pólitik, en það er ekki það sem eg á við núna. Það er löngun Grahams til að semja lög

fyrir livers einn sem hann umgengst, sem eg felli mig ekki við. Framkoma hans er eins mikilmannleg og hann væri keisariinn í Kína. Eg hélt þó að hann hefði batnað síðari árin, því hann gat látið skaðan gera sig hygginn þegar hann lenti í leiðinlega viðburðinum með vesalings Filip Amory; en nú held eg samt að hann sé byrjaður á gamla leiknum aftur. Ha, ha, ha, hló gamli læknirinn um leið og hann laut áfram og klappaði á öxl Gerti. "Það gleður mig mjög, að hann hefir nætt skynsamlegri mótstöðu, og það frá þeim sem hann átti enga von á henni."

Gerti horfði undrandi á hann, því það var augljóst að hann vissi hvað fráni hafði farið milli hennar og Grahams. Þegar læknirinn sá spurninguna í augum hennar bætti hann við:

"Yður furðar á því hvaðan eg hefi þessa þekkingu mína, en takið þér nú eftir: Að mestu leyti hefi eg heyrt það af Graham sjálfum, og það sem skemtir mér bezt er að hugsa um liversnig gamli þorparinn reynir að dylja ósigur sinn og koma mér til að halda að hann bafi náð vilja sínum, en eg sá út úr honum og vissi það eins vel og hann sjálfur, að í yður hafði hann fundið sér meiri mann."

"En, hr. Jeremy, eg vona að þér hugsið yður ekki að—"

"Nei, góða mín, eg lít ekki á yður sem sóknbúinn aflogahund, heldur sem skynsama stúlku, sem veit hvað er rétt og gerir það sem er rétt, þrátt fyrir vilja Grahams, og þegar þér heyrið sögu mína, munið þér skilja aðal undirrótina, sem eg byggi skoðun mína um þetta efni á. Dag nokkurn—það eru ef til vill tveir mánuðir síðan—var eg sóttur til eins af W—s börnum, sem hafði fengið hálsbólgu. Meðan eg stóð og talaði við W., var hann kallaður út til manns sem vildi finna hann, og þegar hann kom aftur, sagði hann mér að hann hefði tekið yður sem kenslukonu við skóla sinn. Eg vissi að þú áformir Emily að menta yður svo að þér gætuð

orðið kenslukona, og það gleður mig að þér fenguð góða stöðu. Þegar eg kom út mætti eg Graham fyrir utan dyrnar, og meðan við urðum samferða sagði hann mér áform sitt um vetrarferðina. 'En Gertie Flint fer þó ekki með yður', sagði eg. — 'Gerti? Jú, hún fer með okkur' — 'Ernd þér viss um það? sagði eg. Hafið þér krafist þess af henni?' — 'Krafist? Nei, það hefi eg ekki gert, en það leiðir af sjálfu sér að hún fer með okkur, og hún er auðvitað glöð yfir því að slíkt tækifæri býðst henni, það eru ekki allar ungar stúlkur í hennar stöðu svo heppnar.'

"Eg varð hálfgramur yfir því hvernig hann talaði, og svaraði því í jafn ákveðnum róm: 'Eg fyrir mitt leyti efast um, að hún taki tilboði yðar'. En þá teygði herrann úr sér, og þér hefðuð átt að heyra ræðuna, sem hann hélt. Eg get aldrei hugsað um hana án þess að hlæja, einkum af því að rétt á eftir varð hann fyrir vonbrigðum. Eg get ekki endurtekið hana, en þegar maður hlustaði á orð hans, var ómögulegt að imynda sér, að þér vilduð ekki verða við ósk hans. Mér fanst jafnvel, að það væru landráð af mér að hugsa slíkt. Eg var auðvitað of hygginn til að segja honum það, sem W. sagði mér; en eg hefi aldrei verið eins forvitinn eftir að vita, hvernig sakir stóðu, einsog eg var þá. Stundum datt mér í hug, að aka með konu minni til Emily, til þess að fá vissu minna; en læknar eiga aldrei frjálsan dag og ávalt komu hindranir. Svo var það einn sunnudag, að eg heyrði frú Prime, matreiðslukonu Grahams, tala niðri í eldhúsinu — frænka hennar vannur hjá okkur, — svo fór eg strax ofan að spyrja hana. Hún er góð vinkona yðar, Gerti, og hefir mikið að segja, þegar talað er um yður. Og þó hún segði mér ekki frá öllum smáatvikum, vissi eg að hún sagði satt.

"Tveim dögum síðar hitti eg Graham.

"'Nú, nær farið þér?' spurði eg. — 'Á morgun', svaraði hann. — 'Einmitt það? Þá fæ eg ekki að sjá

stúlkurnar yðar áður en þér farið. Viljið þér ekki gjöra svo vel, að taka með yður dálitinn böggul til Gerti?" sagði eg. — 'Eg veit ekkert um Gerti', svaraði hann öflugur. — 'Hvernig skeður það? Hefir Gerti yfirgefið yður?' spurði eg og lézt vera hissa. — 'Já', svar.ði hann. — 'Og hún hefir vogað, að sýna yður slíka litilsvirðingu — að leika sér þannig að yðar tígn?' sagði eg og notaði hans eigin orð. — 'Jeremy lækni', sagði hann, 'eg vil ekki heyra þessa stúlku nefnda, hún er jafn vanþakklát og hún er óhygginn'. — 'Ó, að því er þakklæti snertir, hr. Graham', sagði eg. 'Þá sögðuð þér sjálfur, að það væri rýr greiði af yðar hálfu, ef þér tækjuð hana með yður, og eg get ekki álitid annað, frá hennar sjónarmiði, en að það sé skynsamlegt, að útvega sér óháða stöðu heima. En eg vorkenni yður og Emily, því þið munuð sakna hennar mikið'. — 'Við þurfum ekki vorkunnsemi yðar, og því síður, sem enginn söknuður á sér stað', svaraði hann. — 'Getur það verið? Eg hélt að þið hefðuð mist mikið með sambúð Gerti'. — 'Frú Ellis fer með okkur', sagði hann með þeirri áherzlu, sem átti að láta mig skilja, að sambúð hennar gjörði allra annara sambúð óþarfa. — 'Einmitt það', sagði eg, 'ágæt kona þessi frú Ellis'. Gremjusvipur kom á andlit Grahams, því hann vissi vel, hve illa mér geðjaðist að frú Ellis'.

'Svei, þú hefðir ekki átt að hreyfa við þessu viðkvæma efni hugsunar hans', sagði geðgóða konan hans, "það er að vekja hjá honum gremju að gagnslausu".

"Eg talaði málefni Gerti, kona".

"Ó, eg held að Gerti þurfi engan til að tala sinu máli. Eg er viss um, að hún ber vinarhug til Grahams".

"Já, það gjöri eg í sannleika, frú Jeremy", sagði Gerti, 'hann hefir verið mér hugulsamur vinur".

"Nema þegar þér viljið fylgja yðar eigin skoðunum", bætti lækniinn við.

Nú var farið að snjóa til muna, og þar eð
góðu vinir Gerti sáu, hvað umhugað henni var um að
komast timanlega heim, báðu þeir hana ekki að biða
lengur. Og eftir að hafa lofað þeim hvað eftir annað
að heimsækja þau bráðlega, ók hún heim á leið með
lækninum.

FIMTANDI KAPITULI.

Enn þá nýjar sorgir.

Þar eð Gerti vissi, hve mjög frú Sullivan hrædd-
ist lækna, lofaði Jeremy að þegja yfir því, hvaða iðn
hann stundaði, en ná tali af henni og á þann hátt kom-
ast eftir af hverju hún væri veik. Þegar þau opnuðu
dyrnar, stóð frú Sullivan upp hnuggin á svip og beið
naumast eftir því, að hún væri kynt Jeremy, en spurði,
hvort Cooper væri með þeim.

“Nei, er hann ekki kominn heim?” spurði Gerti.

Þegar frú Sullivan sagðist ekki hafa séð hann síð-
an í morgun, sagði Gerti með uppgjörðar-ró, að Miller
hefði lofað að gæta hans. Gerti bjóst til að fara til
kyrkjunnar, þegar Jeremy lofaði að biða hennar.

Það var fremur óþægilegt veður, nokkur skafrenn-
ingur og farið að dimma. Þegar hún kom til kyrkjunn-
ar, voru þar fáir menn eftir. Hún sá ekki Cooper og
spurði um Miller, sem kom út rétt í þessu. Hann varð
hissa á að sjá hana og spurði, hvort Cooper væri ekki
kominn heim. Hann sagði, að hann hefði borðað dag-
verð hjá sér, og héldi að eitthvert barnanna hefði fylgt
honum heim til frú Sullivan.

Gerti hraðaði sér nú heim til Millers. Þar eð þar
var svo mikill hávaði í börnunum, hætti hún við að
berja og gekk hiklaust inn. Börnunum varð bilt við

og þutu út í hornin á herberginn, og frú Miller, sem fyrirvarð sig fyrir óregluna í herberginu, itti skjótlega lausu skýli að veggnum, og sá þá Gerti Cooper þar sem hann sat við ofnin, einsog hans var venja. En áður en Gerti kom til hans vakti annað óvænt eftirtekt hennar. Við vegginn á móti dyrunum stóð lítið rúm og í því virtist einhver liggja sofandi; en naumast var Gerti kominn inn fyrir dyrnar þegar manneskjan í rúmi þessu settist upp og horfði fast á hana, bandaði hendinni á móti henni og rak upp hljóð.

Gerti sá undir eins, að þetta var Nan Grant, og varð mjög bilt við í fyrstu.

"Farðu burt! Farðu burt!" grenjaði Nan, þegar Gerti gekk lengra inn í herbergið. Gerti nam staðar, þegar hún sá þenna tryllingslega svip á andliti Nans.

Frú Miller gekk nú til hennar og sagði í huggandi róm: "Hvað þýðir þetta, Nan frænka? Þetta er ungfrú Flint, ein af bestu ungu stúlkunum í þessu landi".

"Nei, það er hún ekki", sagði Nan alvarlega, "eg veit betur".

Frú Miller leiddi Gerti til hliðar og talaði lágt við hana, en Nan reis upp við olnboga og horfði stöðugt á þær og hlustaði. Frú Miller sagðist vera frænka Ben Grants, manns Nans, og kvaðst ekkert hafa heyrt um þau hjón í mörg ár, þar til fyrir fáum dögum, að Nan hefði komið til sín illa til reika og veik. "Eg gat ekki neitað henni um húsaskjól", sagði frú Miller; "en þér sjáið, að við höfum ekki gott pláss handa henni, og það er alls ekki þægilegt, að hafa sjúkrarúm hér í stofunni; auk þess er eg hrædd um, að hávaði barnanna gjöri út af við hana".

"Hafið þér ekkert herbergi uppi, sem þér getið mist?" sagði Gerti.

"Við höfum aðeins eitt og þar sefur Jana okkar", svaraði frú Miller; "hún er eins góð og nokkur manneskja getur verið, og bauðst strax til að ljá Nan herbergi sitt og sofa niðri hjá börnunum; en mér fanst

að við hefðum ekki efni á, að hita það herbergi, og þess vegna bjuggum við um hana þarna. En heiisa hennar fer rónandi, og í dag virðist hún ekki vera með fullri skynsemi”.

“Hún þarf að njóta rósemi”, sagði Gerti; “ef þér viljið hita herbergi Jönu handa henni, þá skal eg borga fyrir það, og senda henni iæknir við fyrsta tækifæri”. —Frú Miller fór að þakka henni með mörgum fögrum orðum, en Gerti greip fram í fyrir henni og sagði: “Eg þekki Nan vei frá fyrri tímum og iæt mér ant um hana”.

Frú Miller varð hissa, en Gerti gat engan tíma mist til að gefa nánari skýringar, en viði samt fullvissa Nan um vinsemd sína áður en hún færði og gekk því djarflega að rúmi hennar.

“Þekkið þér mig, Nan?” spurði hún.

“Já, já”, svaraði hún í láfum rómi. “Því eruð þér komnar hingað?”

“Tú þess að gjöra yður gott, vona eg”.

Nan var enn efablandin og sagði með sömu lágu röddinni: “Hafið þér séð Gerti? Hvar er hún?”

“Henni líður vei”, svaraði Gerti hissa á spurningunni, því hún hélt hún þekti sig.

“Hvað segir hún um mig?”

“Hún segist fyrirgefa yður og kenna í brjósti um yður, og vonar að geta gjört yður eitthvað gott”.

Frú Miller, sem hafði búið til te, kom nú inn með tebolla að rúminu. Gerti tók á móti bollanum og rétti hann að Nan, sem drakk það fljótlega, en starði þó alltaf á ungu stúlkuna. Þegar hún var búin að drekka teið, fleygði hún sér aftur á bak á koddann og tautaði eitthvað, sem ekki skildist, nema nafn Stefáns sonar hennar. Þegar Gerti sá, að hún var farin að hugsa um annað, gekk hún frá rúminu og sagði: “Verið þér sælar; eg kem bráðum aftur að vitja um yður”.

“Þér ætlið ekkert ilt að gjöra mér?” sagði Nan og settist upp.

"Nei, eg ætla að útvega nokkuð, sem yður líkar".

"Látið ekki Gerti koma. Eg vil ekki sjá hana".

"Eg skal koma einsömul", svaraði Gerti.

Nan lagðist aftur út af og talaði ekkert meðan Gerti var, en horfði alltaf á hana. Cooper fylgdi henni mótþróaust, og ferðin heim gekk þeim vel.

Jeremy læknir sat við ofninn og var hlun á nægju-
legasti, þrátt fyrir fjarveru Gerti. Hann talaði um í-
búa þorps nokkurs, þar sem þau höfðu bæði átt heima
í æsku; en frú Sullivan kunni svo vel við þenna skeinti-
lega læknir, að hún leyfði honum að spyrja sig um
heilsu sína, eftir að hún vissi að hann var læknir, og
fann ekki neitt til hræðslunnar, sem hún hafði kviðið
fyrir, ef hún sæi læknir. Þegar Gerti kom aftur, var
hann viss um, hver veiki frú Sullivan var; og þegar
hún fór út til að finna þurran fatnað handa föður síu-
um, sagði hann Gerti frá skoðun sinni um hana.

Jeremy læknir sagði Gerti blátt afram, að frú
Sullivan væri mjög veik, og kvartaði yfir því að hafa
ekki fundið hana fyrir 6 mánuðum síðan, þó veikin
væri miklu eldri. Og héðan af sagði hann að enginn
læknir gæti bjargað henni.

Þetta sárnaði Gerti ósegjanlega mikið. Hún gat
ekki hugsað til þess, að þessi góða kona yrði að yfir-
gefa sig og föður sinn og fengi aldrei að sjá Willie
aftur.

Gerti varð ómögulegt að vera einsömul hjá sjúk-
lingum þessum, og fékk því Jane Miller til að hjálpa
sér. Við skulum ennþá líta á Gerti, þó við höfum
fylgt henni allan þenna dag, sem var svo viðburðarik-
ur. Hún er einsömul, klukkan er 10 og algjörð þögn
í húsinu. Cooper sefur; Gerti hefir farið að dyrun-
um á svefnherbergi hans og heyrt reglubund- .. and-
ardrátt. Frú Sullivan hafði sofnað óvanalega rólega
eftir að hafa neytt styrkjandi drykkjar, er Jeremy
gaf henni. Tíu litlu Kalkúttu-fuglarnir sátu í röð á
mjóðasnum í stóra búrinu við gluggann, og Gerti

hafði lagt hlýjan dúk yfir þá, svo þeim skyldi ekki kólna um of í næturloftinu. Hún hafði lokað öllum dyrum og látið hvern hlut á sinn stað; svo settist hún niður til að lesa, hugsa og biðja. Raunir hennar og sorgir fóru vaxandi. Það leit út fyrir, að mikil hrygð biði hennar og að mikil ábyrgð hvíldi á henni; en hún gagnaði ekki. Nei, hún þakkaði guði fyrir, að hún var hér, og að hún hafði nægilegan kjark til að neita ánægjunni og glöðum dögum, og að vilja heldur mæla baráttu lífsins, þrátt fyrir istöðuleysi sitt og reiði velgjörðamanns síns. Hún þakkaði guði, að hún vissi, hvar hún átti að leita hjálpar. En þó hún væri hugrökk og trú hennar staföst, bjóst samt í henni kvenmannsins blíða og mjúka eðli, og þess vegna grét hún meðan hún sat þarna einsömul, — grét yfir sjálfri sér og honum, sem í fjarlægu landi taldi daga, mánuði og ár þangað til hann kæmi heim til móður sinnar, sem hann fengi ekki oftar að sjá. En við þá hugsun, að það var barnsleg skylda hennar, að annast þessa móður í einu og öllu, sá hún nauðsynina á sjálfstjórn, — nauðsyn, sem hún var fyrir löngu búin að temja sér, og um leið og hún skerpti kjark sinn, þakkaði hún af sér tárin og fól sig í umsjá þess, sem er styrkur hinna veiku og huggun þeirra sorgmæddu, og lagðist svo róleg til svefns.

Það var lán fyrir Gerti, að vikufri var í skólanum. svo henni gafst tími til að gjöra það, sem hún þurfti. Jane Miller var dagleg stúlka, svo Gerti fékk tíma til að fara yfir til Millers og líta eftir Nan Graut, sem nú þurfti mikillar hjúkrunar, þar eð veikin var á hæsta stigi.

Enda þótt Gerti myndi eftir öllum þeim þjáningum, sem hún varð að þola hjá Nan, fann hún samt til engrar beiskju, en hugsaði aðeins um að gjöra henni gagn.

Þess vegna finnum við hana nótt eftir nótt vakandi hjá veiku konunni, sem nú var hætt að vera

hrædd við hana. Nan talaði mikið um litlu Gerti í óráði sínu, en oftast á þann hátt einsog hún héldi hana vera langt í burtu; og það var ekki fyrr en nokkru síðar, að Gerti komst að því, að Nan hafði vilst á henni og móður hennar, sem hún var mjög lík, og af samvizkubiti og óráðinu hélt Nan að hún væri komin til að heimta barn sitt aftur. Með því að Gerti fullvissaði hana hvað eftir annað um vináttu sína og huggaði hana eftir megni, fór Nan loks að hugsa, að hún hefði fundið barn sitt frískt og ánægt, og að hún vissi ekkert um vondu meðferðina á því.

Seinustu nóttina, sem Nan lifði, heyri Gerti hana nefna nafn sitt í sambandi við önnur nöfn. Hún gekk að rúminu og hlustaði, því hún hafði búist við að Nan í óráði sínu myndi mäske minnst eitthvað á ætterni sitt. En nafn hennar var ekki nefnt aftur, en Nan tautaði eitthvað, sem ekki skildist. En alt í einu settist hún upp og sagði við mann sinn, sem hún ímyndaði sér að sjá: "Stefán, Stefán, fáðu mér úrið aftur og segðu mér, hvar hringirnir eru. — Eg verð spurð um þá — og hverju á eg þá að svara?" Svo hélt hún áfram að tala með jafn alvarlegri rödd og starði á vegginn: "Nei, nei, Stefán, eg skal aldrei segja það, aldrei, aldrei"; en um leið og hún sagði síðasta orðið, hrökk hún við og sneri sér fram í rúminu, og þegar hún sá Gerti standa við rúmstokkinn, hrópaði hún: "Heyrðuð þér það? Heyrðuð þér það? Já, þér heyrðuð það og þér ætlið að segja frá því. Ó, ef þér gjörði það!" Hún ætlaði að þjóta fram úr rúminu, en féll aftur á bak á koddann af magnleysi. Gerti varð hrædd, fór og kallaði á Miller og konu hans, af því hún hélt að nærvera sín hefði vakið þenna ofsa hjá henni. Sjálf fór hún inn í annað herbergi og hugsaði um þenna viðburð, sem hún sá og heyrði. Dagurinn var farinn að sýna sig, þegar frú Miller kom inn og sagði að Nan væri dái.

SEXTANDI KAPITULI.

Fagur draumur og kyrlátt andlát.

Hér um bil þrem vikum eftir dauða Nan veiktist Cooper gamli og dó. En ennþá stærri sorg vofði þó yfir Gerti. Fjarvera Emily var henni líka þungbær. Aðeins eitt bréf hafði hún fengið frá henni, dagsett í Havanna. Það var skrifað af frú Ellis og litið huggandi. Hún sagði, að Emily findist hún vera einmana innan um svo margt ókunnugt fólk. Við þetta bættist, að ekkja, ásamt tveimur bróðurdætrum sínum, byggði á sama hóteli og væri orðin ástfangin af Graham. Hún væri léttúðarfull og hégómagjörn kona, en Graham kynni vel við sambúð hennar og hefði stofnað til ýmskonar skemtana fyrir hana. Þetta yrði til þess, að hann gæfi dóttur sinni minni gaum.

Nokkrum vikum eftir að Cooper lézt, sjáum við Gerti standa frammi fyrir frú Sullivan með opið bréf í hendinni. Það var frá Willie. Gerti var búin að lesa það hátt þrisvar sinnum. Hann talaði fjörlega um framtíðar-áform sín, sem voru gagnstæð hugsunum móðurs hans, þar sem hún lá dauðveik í rúmi sínu. Gerti fann líka til ólýsanlegrar sorgar, þegar Willie mintist á þá ánægju, sem sér veiktist í því að mega einu sinni enn þrýsta móður sinni að hjarta sínu.

Eftir langa og alvarlega samræðu, sem gaf í syn að frú Sullivan bjóst ekki við að lifa lengi, sofnaði hún rólega. Þegar hún vaknaði aftur, var orðið dimt, svo hún sá ekki Gerti, sem enn sat á sama stað. Gerti þaut á fætur, þegar hún heyrði nafn sitt nefnt, kveikti ljós og gekk að rúminu.

“Ó, Gerti”, sagði frú Sullivan, “mig hefir dreymt

svo skemtilegan draum. Settu þig hérna, svo skal eg segja þér hann. Mér finst alveg einsog eg hafi orðið fyrir þessu vakandi. Mér fanst eg svífa með hraða miklum gegnum loftið, og um stund var eg fyrir ofan skýin og björtu stjörnurnar. Hreyfingin var svo þægileg, að eg þreyttist ekkert, enda þótt eg liði áfram yfir land og sjó. Loks sá eg fyrir neðan mig fagran bæ, með kyrkjum, turnum og minningarmerkjum og fjölda af glöðum manneskjum, sem hreyfðust í allar áttir. Þegar eg kom nær sá eg andlit á konum og körlum og meðal þeirra ungan mann, sem líktist Willie mikið. Eg fylgdist með honum og sannfærðist bráðlega um að það var hann. Hann var eldri að sjá, en þegar við sáum hann síðast, en alveg eins og eg myndaði mér hann eftir lýsingunum, sem hann hafði gefið af breytingum sínum í bréfunum til mín. Eg fylgdi honum eftir nokkrum götum, og loks fór hann inn í stóra og fagra byggingu í miðju borgarinnar. Eg fór líka þangað inn. Við gengum gegnum marga stóra ganga og skrautleg herbergi, unz við komum inn í borðsal. Í miðju hans var stórt borð þakið af flöskum, glösum og eftirmatar leyfum, svo býlífislegum, að eg hefði aldrei slíkar séð áður. Kringum borðið sátu margir ungir menn skrautklæddir, og voru sumir þeirra svo aðlaðandi, að eg varð í fyrstu hrifin af þeim. En mér fanst eg geta lesið hugsanir þeirra og séð alt það illa, sem í þeim bjó. Einn þeirra var laglegur maður og gáfulegur og virtist hafa talsverða hæfileika, og hafði þá líka; en eg sá betur en aðrir menn, og sá að hann notaði þá til að tæla og svíkja aðra, sem voru nógu heimskir til að trúa honum.

“Annar virtist sökum vitsmuna sinna og fyndni að vera uppáhald hinna; en eg sá, að hann var að verða drukinn og myndi innan stundar ekki verða sjálfráður gjörða sinna.

“Hinn þriðji gjörði gagnslaugar tilraunir til að sýnast ánægður, en hugsun hans var opin fyrir mínum

augum, og eg sá, að daginn áður hafði hann mist alla sína peninga og nokkuð af peningum húsbónda síns líka við spilaborðið, og nú sat hann hnugginn og hugsandi um það, að sér tækist máské ekki í dag að bæta úr skaða sínum.

“Margir aðrir voru til staðar, og allir voru þeir meira og minna hneigðir fyrir óreglu og höfðu stigið ýms spor á leið lastanna. Þeir voru samt glaðir á svip, og þegar Willie leit yfir þenna hóp varð hann ánægjulegur.

“Einn þeirra bauð honum sæti við borðið, og allir hvöttu hann til að setjast. Hann gjörði það, og ungi maðurinn, sem sat við hægri hlið hans, fyllti glas með gljáandi vini og rétti honum það. Hann tók við því og bar það upp að vörum sínum, en á sama augnabliki snerti eg við öxl hans. Hann sneri sér við og sá mig og undir eins datt glasið úr hendi hans og brotnaði í þúsund mola. Eg benti honum að koma, og undir eins stóð hann upp og fylgdi mér. Glaði hópurinn, sem hann yfirgaf, kallaði á hann og bað hann að koma aftur; einn þeirra tók í handlegg hans og reyndi að halda honum kyrrum, en hann gaf því engan gaum og hristi af sér hendina, sem ætlaði að halda honum og við fórum. Áður en við vorum komin út, kom maðurinn, sem ég fyrst tók eftir og hvislaði einhverju í eyra Willies. Willie hikaði, sueri sér við og mun hafa ætlað að fylgja honum, en eg hljóp fram fyrir hann, lyfti fingrinum hótandi og hristi höfuðið. Nú hikaði hann ekki lengur, hrinti táldragaranum frá sér og hljóp út með þeim hraða, að hann var komin ofan löngu tröppuna áður en eg náði honum. Mér fanst eg líka hreyfa mig með miklum hraða, enda varð eg þess brátt vör, að eg gekk á undan syni mínum og leibeindi honum um götur borgarinnar. Við lentum í mörgum æfintýrum, og urðum vör við margar snörur, sem lagðar höfðu verið fyrir þá athugalaus og óreyndu. Oftar en einu sinni frelsaði eg hugsunarlausa drenginn minn frá ýmsum

hættum, sem hann annars hefði lent í. Stundum misti eg sjónar á honum og varð að snúa við; stundum skildist hann við mig í mannfjöldanum og viltist, stundum varð hann eftir af ásettu ráði til þess að horfa á skemtanir fólksins og taka þátt í þeim. En í hvert skifti hlustaði hann á mína aðvarandi röddu og hélt áfram.

“Þegar við gengum gegnum bjarta götu — þar nú var komið kveld og ljósin loguðu glatt —, tók eg alt í einu eftir því, að hann var ekki hjá mér. Eg gekk aftur og fram, en sá hann hvergi. Heilan klukkutíma leitaði eg að honum og kallaði, en ekkert svar kom. Þá þandi eg út vængi mína og sveif hátt uppi í loftinu yfir þessum fólksríka bæ, og rendi augunum yfir mannfjöldann, í þeirri von, að fá að sjá hann einsog í fyrra skiftið.

Mér brást heldur ekki vonin. Í skrautlegum sal, ljómandi hjórtum, þar sem fult var af fjöri og skemtunum, sá eg Willie. Fögur ung stúlka hallaði sér að handleggum mínum, eg leit í huga hennar og sá að hún mat mikils fegarð hans og aðra góða eiginleika. En, ó, nú varð eg skelkuð hans vegna. Hún var falleg og rík, og af skrautlega klæðnaðinum hennar og eftirtektinni, sem hún vakti, sá eg að hún var tízkukona, sem vakti mikla aðdáun. Þegar eg leit inn í huga hennar, sá eg að hún var hégómagjörn, drambsöm, tilfinningalítill og heimselek, og ef hún elskaði Willie, þá var það aðeins fyrr segurð hans, viðfeldna viðmótið og hlýlega brosið, en ekki fyrir mannkosti hans, sem hún kunni ekki að meta. Meðan þau gengu um salinn og hún vakti athygli hans á sér, sveif eg niður til þeirra, án þess að eg sæist, og snerti við öxl hans. Hann sneri sér við; en áður en hann sá andlit móður sinnar vakti rödd daðursdrósarinnar athygli hans á sér. Hvað eftir annað reyndi eg að fá hann til að koma með mér, en hann gaf því engan gaum. Loks sagði hún eitt-hvað, sem sýndi mínum hreinhjartaða dreng tómleika

sálar hennar. Eg notaði tækifærið, þegar hún á þenna hátt misti vald sitt yfir honum, tók hann í faðm minn, breiddi út vængi mína og flaug langt, langt í burtu með hann. Meðan við svifum upp í loftið, varð hinn myndarlegi sonur minn aftur að barni, og við brjóst mitt hvíldi aftur litla höfuðið með silkimjúku hárlökkunum, sem svo oft hafði hvílt þar áður. Við flugum nú til baka yfir land og sjó, og námum ekki staðar fyrir en við sáum frjóvan blett, þar sem mér sýndist eg sjá litlu Gerti mína standa hjá nokkrum skuggaríkum trjám. Þá flaug eg ríður og lagði litla drenginn minn við fætur þína, og um leið og eg hrópaði upp nafn þitt vaknaði eg”.

“Og nú, Gerti, er engin beiskja eftir í þeim bikar, sem eg á að tæma. Heilagur engill hefir hjálpað mér. Mig langar nú ekki lengur til að sjá drenginn minn á þessari jörðu, því eg er sannfærð um, að burtför mín er í fullu samræmi við áform forsjónarinnar. Eg trúi því nú, að móðir Willies gæti ekki varðveitt hann frá freistingunum, ef hún lifði; en að andi þessarar móður muni fá völdug áhrif, og við þá hugsun, að hún gætir hans og reynir að leiða hann eftir réttri leið, frá sínu himneska heimili, fær hann að líkindum betri vernd fyrir öllum hættum, heldur en þó hún dveldi hér á jörðunni. Og nú get eg með fullri alvöru sagt: Verði þinn en ekki minn vilji”.

Frá þessari stundu og þangað til frú Sullivan dó, sem átti sér stað hér um bil mánuði síðar, var hún ávalt róleg og stílt. Í bréfinu, sem hún lét skrifa Willie, og orðaði sjálf, lýsti hún sínu óbifanlega trausti á gæzku og vizku forsjónarinnar og skoraði á hann að rækja sömu auðmjúku ástina til hins almáttuga.

Þegar Gerti var búin með bréfið og farin í skólan, opnaði frú Sullivan það aftur og skrifaði með veiku og skjálfandi hendinni sinni um velgjörninga Gerti við sig, — hve óeigingjörn hún væri, þolinmóð og ástúðleg. “Meðan þú geymir endurminninguna um

móður þína og afa í hjarta þínu, máttu ekki gleyna að bera hið innilegasta þakklæti til stúlku, sem verðskuldar það hrós, sem eg finn ekki orð til að lýsa". skrifaði hún.

Þrek frú Sullivan þverraði svo hægt, að dauði hennar kom Gerti alveg á óvænt.

Í kyrð næturinnar, án annarar hjálpar en hin skelkaða Jana gat veitt, vakti hún hjó hinni elskuðu deyjandi konu. "Ertu hrædd við að sjá mig deyja?" spurði frú Sullivan hér um bil einni stundu áður en hún dó. Þegar Gerti sagðist alls ekki hræðast það, sagði hún: "Snúðu þér þá við og að mér, svo að kæra andlitið þitt verði það síðasta, sem eg sé á þessari jörðu".

Þetta var gjört, og skömmu síðar dró hún sinn síðasta andardrátt, með hendi sína hvílandi í hendi Gerti, og horfði á hana með óviðjafnanlega ás ríku svip í augum sínum.

Arnþjotur B. Olsen

SEY TJANDI KAPITULI.

Fleiri breytingar.

Reynsla og mótlæti þessara síðustu tíma hafði haft slæm áhrif á Gerti, og Jeremy læknir var hræddur um hana. Margir af vinum Gerti buðu henni að setjast að hjá sér, en hún afþakkaði öll tilboð. Aform hennar var, að setjast að í fæðisskóla, svo hún gæti verið eins óháð og unt væri. Frú Jeremy skoraði fastlega á hana, að setjast að hjá sér; og fyrst vildu hjónin ekki heyrast neinar mótbárur. En þegar hún sagði þeim, að Graham hefði haldið því fram, að hún gæti ekki lifað án annara hjálpar, og ætlaði nú að sýna honum og öðrum

að hún gæti það, komu þau sér saman um, að hún skyldi vera hjá þeim um tíma meðan hún væri að hvíla sig, og setjast svo að í fæðisskóla.

Kona sira Arnolds átti systur, sem var ekkja. Hún hafði stórt og víðfeldið herbergi, sem nú var tóm, og undir eins og Gerti var búin að koma öllu í gott horf, sem hún átti, flutti hún inn í það.

Þegar Gerti kom inn í borðsalinn fyrsta kveldið, sem hún var hjá Warren, bjóst hún við að sjá aðeins ókunnug andlit; en henni voru það þægileg vonbrigði, þegar hún kom auga á Fanny Bruce, sem var hjá frú Warren meðan móðir hennar og bróðir voru á skemti-ferðum. Fanny var 12—13 ára og stundaði skólanám, og þar eð hún og Gerti höfðu verið nábúar nokkur sumur, voru þær vel kunnugar. Fanny bar mikla virðingu fyrir Gerti og gladdist nú við þá von, að kynnast henni betur. Þegar hún sá Gerti horfa á sig með stóru, dökku augunum sínum, og vingjarnlegt bros á vörum hennar yfir því að sjá kunnugt andlit, dirfðist hún að ganga til hennar og bjóða henni sæti við borðið við hliðina á sér.

Fanny Bruce var gædd góðum hæfileikum og hjartagóð stúlka, en hún var vanrækt af móður sinni, sem hugsaði aðeins um soninn, þann sama Ben, sem áður er getið. Henni hafði oft verið komið fyrir á fæðisskóla meðan hin skemtigjarna móðir hennar og lati sonurinn eyddu tímum í ferðalag; en hún hafði ekki ávalt átt jafn víðfeldið heimili og nú. En henni fanst hún oft var mjög einmana og yfirgefin, og það olli henni hrygðar, því hún leit svo á, að enginn skeytti um sig.

Gerti var ekki búin að vera lengi hjá frú Warren, þegar hún tók eftir því, að Fanny var einsog ofaukið á heimilinu. Hún var nokkrum árum yngri en hinar stúlkurnar, sem borðuðu þar, þrjár ungar, skrautgjarnar stúlkur, sem ekki vildu láta svo lítið, að lofa henni að vera í sínum hóp; og frú Warren átti svo annríkt

við heimilisstörfin, að hún gaf henni litinn gaum. Þessi einmanalega tilvera hennar vakti meðaumkun hjá Gerti, sem sjálf var hrygg yfir einveru sinni og vinnissirnum, og enda þótt hún virti mikils kyrðina í viðfeldna herberginu sínu, lét hún samt Fanny koma oft upp til sín, sem henni þótti svo umdlur vænt um, að hún var þar oft lengi.

Aprílmánuður var byrjaður, en engar fregnir hafði Gerti enn fengið frá Emily. Hún þráði innilega að mega opna huga sinn fyrir vinnu sinni og segja henni frá allri sinni hrygð. Fyrst skrifaði Gerti henni mörg bréf, en nú vissi hún ekki áritan hennar, og eftir að frú Sullivan dó, voru öll bréfaviðskifti milli hennar og hinna fjarverandi hætt.

Eitt kveld sat hún við gluggann og hugsaði um sína góðu vini; þá var hún alt í einu beðin að koma oían til síra Arnolds og Önnu dóttur hans. Þegar þau höfðu talað saman stundarkorn, sneri ungfrú Arnold sér að henni og spurði, hvort hún hefði heyrt nýjustu nýungina. Nei, Gerti hafði ekki heyrt hana. Sér til stórrar undrunar fékk hún þá að heyra, að Graham væri nýlega kvongaður ekkju nokkurri, sem heitið hefði frú Holbrook. Orsökina til þess, að Gerti hafði ekki heyrt þessa fregn, var sú, að hún hafði ekki lesið blöð síðustu daganna og sjónleysi Emily bannaði henni að skrifa. Eftir þeirri lýsingu, sem ungfrú Arnold gaf Gerti af þessari nýju konu, fékk hún ekki gott alit á henni. Hún skildi undir eins, að þetta hlaut að hafa mikla þýðingu fyrir Emily, og fann til innilegrar meðaumkunar með hinni blindu vinstúlku sinni. En þegar stundalið um Graham stóð sem hæst, kom hr. og frú Jeremy til þeirra. Læknirinn hélt á bréfi í hendinni með áritun Gerti, og um leið og hann rétti henni það, nuggaði hann saman höndunum, leit á Önnu Arnold og sagði: "Nú fáum við nákvæmari fregnir um þessa miklu nýung, ungfrú Anna".

Þegar Gerti sá, að þau voru öll svo áfram um, að

heyra efni bréfsins, opnaði hún það og las fljótlega.

Bréfið var þrjár þéttskrifaðar síður frá frú Ellis og all-lungt bréf frá Graham. Þó Gerti væri hissa á því, að fá bréf frá manni, sem skildi við hana reiður í meira lagi, var löngun hennar eftir að heyra eitthvað um sína kærú Emily enn sterkari, og þess vegna tók hún bréf ráðskonunnar fyrst, þar eð hún bjóst við að það mundi færa sér hinar þræðu fregnir. Það hljóðaði þannig:

"Kæra Gerti! -- Þar eð svo margir frá Boston voru viðstaddir brúðkaupið, bjóst eg við að þér hafið heyrt um það getið. Hann tók sér fyrir konu frú Holbrook, þá sömu, sem eg gat um í síðasta bréfi. Hún var úkveðin í því að fá hann og fékk hann líka. Eg líka ekki við að segja, að hann hafi breytt slóðskulegu með þessari gíftingu. Honum geðjust bett að rólegu lífi, en nú er öll von um það horfin -- vesalings manniðum -- því hún elskar samkvæmistilj umfram allt. Í Havana elli hún Graham, hvar sem hann var; en þá var hann ekki einráðinn í, að giftast henni. Þegar við komum til New Orleans, þá var hún þar, og endirinn varð sá, að hún fékk vilja sínu og giftist honum. Emily tók þetta með ró og var hin alíðlegasta við ekkjuna. En, hamingjan góða, hvernig á Emily að geta þolað allan þann hávaða og málæði unga fólksins, sem umkringir oss? Fyrir mitt leyti að segja, er eg því óvön og kann illa við það. Nýja frúin er kurteis við mig núna, síðan hún náði takmarki sínu.

"En eg bjóst við yður furði á því, hvað orðið sé af okkur núna, Gerti, og verðið liissa á því að heyra, að við séum komin til New York á heimleið. Vesalings Emily liður ekki vel. Eg meina ekki, að hún sé veik, en hún er mjög döpur og viðkvæm. Hún verður þreytt við alla áreynslu og orsökun mun vera hin nýja frá og allar bróðurdeiturnar, ásamt öðrum óþægindum. En hún kvartar aldrei og enginn sér annað en hún sé á-

nægð með giftingu föður síns; en glaðleg hefir hún aldrei verið á þessum vetri og íllit hennar nú vekur hjá mér kvíða. Hún minnst oft á yður og er hnuggin yfir því, að fá ekkert bréf. Eu snúum okkur aftur að aðalatriðinu: Eg skal segja yður, að allt þetta fólk ætlar til Norðurlálfunnar og Emily líka. Það núnn vera hugmynd nýju frúarinnar og nú er það fast ákveðið. Graham vill að eg fylgi þeim, en um slíkt er ekki að tala. Eg vil eins gjarnan láta hengja mig og að voga mér út á sjóinn aftur, og það sagði eg honum hreint og beint. Þess vegna hefir hann skrifað yður og biður yður að verða Emily samferða, og ef þér eruð ekki hræddar við sjóveiki, vona eg að þér samþykkið þessa beiðni hans, því það yrði leiðulegt fyrir Emily, að verða að fá ókununga stálku með sér; en af því hún er blind, verður hún ávallt að hafa einhvern hjá sér. Eg held hana langi alls ekki til að ferðast, en hún vill ekki biðja föður sinn um að vera kyrr, ef því hann kyuni þá að halda, að henni líkaði ekki kona hans. Undir eins og þau eru farin, sem verður í lok apríl, kem eg heima aftur til að búa húsið í D. undir konu þeirra, áður en þau koma heima úr ferðinni. Eg skal nú skrifa eftirskrift til yðar frá Emily, og eg held eg hafi ekki meira að segja sjálf, annað en það, að við biðum svars yður með óþolinmæði, og eg endurtek það að eg vona að þér neitið ekki að fylgja Emily.

Yðar með vinsemd,

Sarah H. Ellis".

Eftirskriftin var á þessa leið:

"Eg þarf ekki að segja minni kærri Gerti, hve mjög eg hefi þráð, að hún væri hjá mér; hve mikið eg hefi hugsað um hana dag og nótt og beðið guð að styrkja hana í raunum hennar og sorgum. Bréfið, sem var skrifað rétt á eftir dauða Coopers, er það seinasta, sem eg hefi fengið, og þess vegna veit eg ekk., hvort

frú Sullivan lifir enn. Skrifðu mér strax, kæra barn, ef þú getur ekki komið. Faðir minn segir þér frá áformum okkar og biður þig að koma með okkur til Norðurálfunnar. Það gleddi mig ósegjanlega, að mín kæra Gerti færi með mér; en þú mátt engu skyldu vanrækja mín vegna. Eg treysti því, að þú munir sjálf ákveða hið skynsamlegasta um breytni þína. Þú hefir heyrt um giftingu föður míns; hún hefir orsakað miklar breytingar fyrir okkur öll, en eg vona að hann verði gæfurikur. Frú Graham á tvær bræðradætur, sem eru á okkur á hótelinu; þær eiga líka að verða okkur samferða, og eru, estir því sem mér er sagt, mjög laglegar stúlkur, einkum Bella Clinton, sem þú hefir séð í Boston fyrir fáum árum síðan. En frú Ellis er nú orðin mjög þreytt af að skrifa, og eg enda því þessar línur með því, að fullvissa mína kæru Gerti um einlæga ást mína á henni.

Þín Emily".

Það var með all-mikilli forvitni, að Gerti opnaði Bréf Grahams. Hún hélt að honum myndi veita erfitt að snúa sér að henni, og var í vafa um, hvort hann mundi skrifa með skipandi orðum eða litillækka sig til að koma með afsakanir og skýringar.

Bréfið hljóðaði þannig:

"Ungfrú Gerti Flint!

"Eg er gístur og hugsa mér að leggja af stað til útlanda þann 28. apríl; dóttir mín fer með mér, en þar eð frú Ellis er hrædd við sjöferðir, finnst mér eg vera neyddur til að bera upp fyrir þér þá uppástungu, að þú komir til okkar í New York og fylgir okkur á ferðalaginu sem félagssystir Emily. Eg hefi ekki gleymt hinu vanþakkláta háttalagi þínu, þegar þú afþakkaðir samskonar tilboð frá mér, og ekkert gæti fengið mig til að gefa þér tækifæri til slíkrar hegðunar aftur, nema sú innilega ósk, að gleðja dóttur mína; og

auk þess vil eg sjna þeirri stúlku velvilja, sem hefir verið svo lengi á heimili mínu að eg ber hlýjan hug til hennar. Eg gef þér þess vegna lækifæri til að láta mig gleyma hinu slæma framskrði þínu, með því að láta nú að óskun okkar; og ef þú samþykkir að koma aftur til okkar, skal eg sjá um, að þú getir haldið áfram að vera heldri stúlka. Þar eð við leggjum af stað i mánaðarlokin, er nauðsyulegt, að þú sért komin hingað innan hálfis mánaðar, og ef þú vilt skrifa og segja, hvern dag þú kemur, þá skal eg taka á móti þér á bryggjunni. Þar eð frú Ellis þráir að komast sem fyrst til Boston, vona eg þú komir eins fljótt og mögulegt er. Þar eð ferðin hingað er nokkuð kostnaðarsöm, legg eg hér með peningaupphæð, sem mætir þeim kostnaði fyllilega, og ef þú ert í skuldum, verðurðu að segja mér upphæð þeirra, og skal eg sjá um borgun þeirra, áður en þú ferð frá Boston. Í þeirri von, að þú sjáir nú skyldu þína, er mér ánægja að skrifa mig sem vin þínu.

J. H. Graham".

Gerti sat í nánd við lampa, sem kastaði birtu sinni á andlit hennar, er nú blóðroðnaði sökum særðrar sómatilfinningar, þegar hún var búin að lesa Grahams bréf. Jeremy læknir sá strax, að hún roðnaði, og undir eins og síra Arnold og dóttir hans voru farin, það hana innilega um að fá að heyra innihaldið bréfsins, því annars kynni hann að álita það þúsund sinnum meira móðgandi en það væri í raun og veru.

"Hann skrifar mér tillboð um að verða þeim samferða til Norðurálfu", sagði Gerti.

"Er það svo?" sagði Jeremy læknir og blistraði hægt; "og hann heldur, að þér séuð nógu heimskar til að fara strax?"

"Þig langar líklega til að fara, Gerti, er það ekki?" sagði frú Jeremy. "Það verður inndælt".

"Sveil" sagði læknirinn. "Hvaða inndæli getur verið í því fólgið, að flækjast með gömlum harðstjóra,

blindri dóttur hans, ímyndunargjarnri konu og kveifarlegum frænkum? Það yrði þægileg staða fyrir Gerti eða hitt heldur, — þý allrur fjölskyldunnar”.

“Ó, hr. Jeremy, þér gleymið Emily”, sagði Gerti.

“Emily er raunar engill og vill aldrei gjöra neinum á móti, ullra sízt eftirlætisgoði sínu; en ef mér skjátlar ekki, verður henni all-erfitt að gæta réttar síns í þessari stækkuðu fjölskyldu föður síns”.

“Þvi meiri nauðsyn er á, að einhver annist hana og verji hana fyrir öllum óþægindum”, sagði Gerti.

“Þér ætlið þá að taka að yður að annast hana. — standa í virkisraufinni?” sagði lèknirinn.

“Eg hugsa mér að taka á móti tilbóði Grahams”, svaraði Gerti, “og fara strax af stað til þess að fylgja Emily; en eg vona, að góða samkomulagið, sem nú virðist vera á milli hennar og hinna nýju heimilisfélaga breytist ekki”.

“Það er þá áform yðar að fara”, sagði frú Jeremy.

“Já”, svaraði Gerti, “ekkert annað en skylda mín gegn frú Sullivan og föður hennar kom mér til að yfirgefa Emily. Nú hefi eg uppfyllt þá skyldu, og þar eð get verið henni til gagns nú og hún vill fá mig, get eg ekki frestað því eitt augnablik. Eg sé líka á bréfi frú Ellis, að Emily er ekki ánægð, og til þess að gjöra hana ánægða, má eg ekkert vanrækja. Hugsið til þess, hve góð hún hefir verið mér”, frú Jeremy”.

“Eg veit það”, sagði frú Jeremy, “og eg held líka að þér fáið ánægju af ferðinni, þrátt fyrir allar fugla-hræðurnar, sem maðurinn minn bregður á loft til að skelka yður. En samt sem áður fórnið þér miklu með því, að yfirgefa fallega herbergið yðar og þægilegu stöðuna, og skifta á því og ógeðslegu ferðalagi”.

“Förn”, sagði lèknirinn. “Það er sú stærsta förn, sem eg hefi nokkru sinni heyrt getið um. Það er ekki eingöngu að sleppa hinni góðu afkomu og fallegasta heimilinu, sem til er í Boston; en það er líka að ofurselja hið óháða líf, sem hún er búin að tileinka sér og

hefir varðveitt svo vel, að hún þiggur aldrei heimboð annara lengur en eina eða tvær vikur."

"Nei, læknir; það, sem eg gjöri fyrir Emily, getur aldrei verið fórn; það er mér aðeins stór ánægja", sagði Gerti hlýlega.

"Gerti hefir ávalt ánægju af að gjöra það sem er rétt", sagði frú Jeremy.

"Nei, nei", sagði Gerti, "mér skjátllar oft; en í þessu tilfelli get eg ekki breytt á annan hátt. Hugsunin um, að okkar kæra Emily yrði að hafa ókunnuga stúlku hjá sér, mundi gjöra mig alvarlega hrygga. Við höfum í mörg ár borið sorgir og ánægju í félagi, og þegar önnur þjáðist, gjörði hin það líka. Eg verð að fara til hennar, eg get ekki annað".

"Eg óska að þessi fórn verði metin einsog hún verðskuldar", sagði Jeremy. "En eg er viss um, að Graham finst að hann gjöri yður þann mesta greiða, sem mögulegt er að gjöra, með því að taka yður til sín aftur. Máske hann breyti við yður sem förúkerlingu; það er ekki í fyrsta sinni, sem hann hegðar sér þannig. Eg get ekki hugsað mér, hvað hefði getað knúð vesalings Fillip Armory til að snúa aftur". Svo sagði hann með hærri röddu: "Hefir hann gjört nokkra afsökun fyrir breytni sinni við yður, í bréfinu;"

"Eg held hann hafi ekki álitid það nauðsynlegt", sagði Gerti.

"Hann hefir ekki reynt að afsaka hið ruddalega framferði sitt? Nei, eg mátti vita það. Mér finst það minn kun fyrir yður að vilja eiga á hættu að verða fyrir annari eins hegðan. En eg hefi ávalt heyrt, að kvenfólkið gleymdi sjálfu sér, þegar um vináttu væri að ræða, og nú trúi eg því. Gerti er ágæt vinstúlka. Við verðum að halda í vináttu hennar, kona, svo við getum krafist greiðasemi hennar".

"Ef þér gjörir það nokkurntíma, þá er eg fús til að gjöra yður þann greiða, sem eg get", svaraði Gerti. "Ef nokkur manneskja í heiminum er í skuld við

mannfélagið, þá er það eg. Eg heyri menn kalla mannkynið kalt, eigingjarnt og tilfinningarlaust; en það hefir ekki verið það við mig. Eg væri óþakklát, ef eg elskaði ekki mannkynið í heild sinni, og þá einkum þá, sem hafa sýnt mér eins mikla ást og nokkurt for-eldralaust barn hefir orðið fyrir”.

Gerti bjó sig til ferðar, og áður en 14 dagar voru liðnir frá því að hún kvaddi vini sína, var frú Ellis komin til Boston og sagði ferd Gerti hafa gengið vel, og nokkrum dögum síðar fékk frú Jeremy bréf, er sagði, að leggja ætti af stað í ferðina að fáum dögum liðnum. Hún varð því fremur hissa, þegar hún að þrem dögum liðnum fékk annað bréf frá Gerti, sem var á þessa leið:

“New York, 29. apríl.

“Min kæra frú Jeremy!

“Þar eð ákveðið var, að við legðum af stað til Norðurálfunnar í gær, verðið þér að líkindum hissa af því að heyra, að við erum enn í New York, og enn meira yfir því, að ferðinni er frestað um óákveðinn tíma. Fyrir tveim dögum fékk Graham eitt af gömlu gigtarköstunum sínum, og það var svo voðalegt, að líf hans var í hættu stöð. Enda þótt hann sé skárri í dag og læknirinn sé óhræddur um líf hans, hefir hann þó sárar þrautir, svo um sjóferð tjáir ekki að hugsa að minsta kosti í nokkra mánuði enn. Hann þráir mjög að komast heim, og undir eins og hann er fær um að ferðast hröðum við okkur heim til D. Eg legg hér innan í bréf til frú Ellis. Það eru leiðbeiningar um ýmsar breytingar, sem Emily vill að séu gjörðar, og þar eð við vitum ekki áritun hennar, vona eg að þér gjörið svo vel að koma því til skila. Frú Graham og frænkur hennar hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum, að því er ferðina snertir; einkum er það stór sorg fyrir ungfrú Clinton, er bjóst við að finna föður sinn í París, sem verið hefir fjarverandi heimili sínu í liðugt ár.

“Eg veit að yður grunar, að hvorki Emily né eg erum leiðar yfir því, að ekkert varð af ferðinni, sem við kviðum svo mjög mikið fyrir; og ef að veikindi Grahams væru ekki orsök þess, að ferðinni er frestað, ættum við erfitt með að dylja gleðina yfir því, að útlit er fyrir, að við fáum að snúa aftur til okkar kæra heimilis í D., sem við vonum að geta náð í næsta mánuði. Eg segi við, því hvorki Graham né Emily vilja heyra nefnt, að eg yfirgefi þau aftur.

“Með kærum kveðjum til yðar og læknisins, er eg yðar einlæg

Gerti Flint”.

ATJANDI KAPITULI.

Afbrýði.

A sveitaheimili Grahams var stór gamaldags gangur eða forstofa, og stóðu báðar dyrnar vanalega opnar, þegar hlýtt var veður, svo svalandi loft streymdi inn og gjörði þenna gang uppáhalds-aðsetur fjölskyldunnar, einkum á morgnana áður en sólin náði að skína þar inn. Skuggaríki garðurinn, sem hallaðist jafnt niður að þjóðveginum, var einnig viðfeldinn að horfa á. Þar höfðu Isabel Clinton og frænka hennar Kitty Ray tekið sér aðsetur heitan júnimorgun, og létu fara eins vel um sig og þær gátu.

Isabella hafði dregið stóran hægindastól að þrep-skildinum og sezt á hann, og þó hún héldi á hekludúk í hendinni var hún samt aðgjörðalaus og horfði niður á þjóðveginn. Hún var frið stúlka, fallega vaxin, andlitsliturinn mjög snotur, augun blá og hárið bjart og þykt. Fallega barnið, sem Gerti sá einu sinni standa

fyrir innan glugga og horfa á Flint kveikja götuljósinn, var nú þroskað og orðið jafn fögur stúlka. Hin óvana-
lega fegurð hennar, sem aukin var með öllum þeim
tegundum, er smekkvísi og auður gátu í té látið, vakti
almenna aðdáun, svo hún fékk smjaður og hrós úr öll-
um áttum.

Þar eð hún misti móður sína snemma og var um
mörg ár í eftirliti vinnufólksins, lærði hún fljótlega að
meta hæfileika sína meira en þeir verðskulduðu, og
frænka hennar, sem átti að sjá um hana eftir að hún
hætti skólanámi, var ekki fær um að stemma stigu fyrir
hínu óstjórnlega sjálfsliti. Yfirlætið, sem í henni bjó
og kæruleysið um, hvernig hún stappaði fótunum í
þröskuldinn, sýndu, að hún vissi hve vel hin ríka og
fagra ungfrú Clinton leit út, þar sem hún sat í bláa og
fagurskreytta kasmír morgunkjólnum. Það var engin
furða, þó hún væri ánægð með útlit sitt, sem enginn
gat neitt fundið að.

Á tröppunni við fætur hennar sat Kitty Ray, sem
var ólík frænku sinni bæði að útliti og lundarfari.
Kitty var af því tagi, sem menn vanalega kalla við-
feldna stúlku: fjörug, glöð og vingjarnleg. Hún var
svo lítil, að barnslegu kækirnir hennar fóru henni vel;
svo glaðleg, að menn urðu að fyrirgefa henni keipana,
sem hún stundum brúkaði; en hún var góð og eðal-
lynd, svo menn gátu ekki annað en látið sér þykja
vænt um hana, þrátt fyrir gallana. Hún var líka snot-
ur stúlka, alt af ánægð og full af fjöri. Henni þótti
vænt um Bellu frænku sína og hagaði sér því oft eftir
vilja hennar; en samt gat hún mótmælt henni djarf-
lega, þegar svo bar undir. Gagnstætt Bellu var hún
vanalega skrautlaust klædd, — ekki af því, að hana
vantaði efni til að skreyta sig, heldur af því að hún var
fremur kæringarlaus. Við þetta tækifæri var dökki
silvikjöllinn hennar að miklu leyti hulinn af rauðum
flauelsdúk, sem hún vafði fast um sig og hélt því fram,
að morguninn væri svo kaldur að hún ætlaði að krókna,

— hefði hún ekki óttast að hitta flugdrekan, hana frú Ellis, mundi hún hafa farið inn í eldhúsið að verma sig. Hún gat ekki skilið, hvers vegna þær fluttu sig ekki að hinni hússhliðinni í sólskininu. “En, hamingjan góða, eg gleymi alveg hörundslit þínum”, sagði hún.

“Hörundslit”, sagði Bella, “eg er ekki hræddari um hörundslit minn, en þú um þinn; eg veit að eg fæ aldrei freknur”.

“Það er líklega satt, en þú yrðir sólbrend og litir út einsog fuglafæla”.

“Þó það ætti sér ekki stað, vildi eg ekki fara þangað og setjast þar; eg kann betur við mig hér og horfa á þá sem fram hjá fara. Mér þætti gaman að vita, hver það eru, sem koma þarna upp eftir veginum. Eg er búin að horfa stundarkorn á þau”.

Kitty stóð upp og leit í áttina þangað, sem Bella benti. Þegar hún var búin að horfa augnablik á persónurnar, sem komu áleiðis til hússins, kallaði hún: “Ó, það er Gerti Flint. Eg skil ekki, hvar hún hefir verið, eða hver það er, sem með henni er. Eg hélt að hér í nánd væru engir snyrtimenn”.

“Snyrtimenn”, sagði Bella háðslega.

“Já, því ekki það, Bella frænka. Hann lítur þannig út”.

“Eg vil ekki gefa mikið fyrir einn af hennar snyrtimönnum”, sagði Bella.

“Þú vilt það ekki?” sagði Kitty. “Það er hyggilegast fyrir þig að bíða þangað til þú sérð hver það er. Þið, sem eruð nærsýnar, ættuð ekki að dæmasvona fljótt. Þetta er nefnilega ungur maður, sem þú mundir fús til að fylgja; það er Bruce, sem við hittum í New Orleans”.

“Eg trúir því ekki”, sagði Bella og þaut á fætur.

“Þú sérð það nú bráðum, því hann kemur hingað með henni”.

“Er það mögulegt? Því ætli hann sé með henni?”

“Máske til þess að sýna sinn góða smekk. Hann getur tæplega fundið viðfeldnari stúlku”.

“Við komum okkur aldrei saman um þetta”, svaraði Bella. “Eg finn aldrei neitt viðfeldið við hana”.

“Það er af því þú vilt það ekki. Nú opnar Bruce hliðið fyrir hana eins kurteislega og hún væri drottning. Það er rétt gjört af honum”.

“Sjáðu”, sagði Bella, “hún er með hvíta garðhattinn sinn og í dropótta bómullarkjólnum. Mig undrar, hvaða álit Bruce hefir á henni, sem er svo útásetningasamur að því er snértir kvenbúnað”.

Gerti og fylgdarmaður hennar voru nú rétt komin að húsinu. Hún leit upp, sá ungu stúlkurnar og brosti blíðlega til Kitty, sem skældi sig einkennilega og leiktaði hennar þýðingarmiklum augum yfir öxlina á Bellu. En Bruce hugsaði of mikið um fylgdarmeyju sína til þess að sjá þær; hann rétti Gerti litla böggulinn, sem hann hafði borið fyrir hana, og þær heyrðu hann segja: “Eg held eg komi ekki inn. Það er svo leiðinlegt að tala við ókunnuga. Starfið þér ekkert í garðinum yðar í sumar?”

“Nei; af garðinum mínum er aðeins endurminningin til”, svaraði Gerti.

“Er það, ungfrú Gerti?” sagði ungi maðurinn. “Eg vona þó, að þetta ókunnuga fólk hafi ekki —”. Hann fylgdi nú augnatilliti Gerti og sá Bellu og Kitty rétt hjá sér, og neyddist til að heilsa þeim; hann vonaði, að þær hefðu ekki heyrt orð sin og talaði til þeirra í þeirri von.

Enda þótt þær hefðu heyrt alt, tóku þær ekkert tillit til þess, þar eð þær héldu, að Bruce hefði átt við alókunnugt fólk.

En þeim skjátlaði. Bruce vissi mjög vel, að frænkur hinnar núverandi frú Graham voru hinar sömu og hann fann suðurfrá, en hann langaði samt ekkert til að endurnýja kunningsskapinn. Hégómagirni hans þoldi þó ekki mátið gagnvart ánægjunni, sem þær létu

í ljós við að sjá hann aftur; og eftir litla stund var hann kominn í fjöruga samræðu við þær; en á meðan gekk Gerti óséð inn í húsið og upp stigann. Hún fór beint inn til Emily, og var að enda við lýsingu sína á ferðinni til bæjarins og árangur erindanna, þegar frú Ellis stakk höfðinu inn um dyrnar og sagði: "Er Gerti ekki komin? — Ó, jú, þarna er hún. Hvað sagði frú Wilkins um jarðberin?"

"Er hún ekki búin að senda þau?"

"Nei, en mér þykir vænt um að eiga von á þeim; eg var svo kvíðandi um dagverðinn".

Hún kom nú inn í herbergið, lokaði hurðinni á eftir sér og settist, stundi svo og sagði: "Þér getið ekki hugsað yður, Emily, hver ósköp það eru af líni, sem stúlkurnar þurfa að strjúka í dag. Það er óskiljanlegur fjöldi af nærfötum, sem þær frú Graham og frænkur hennar senda í þvott. Eg verð að segja, að það er þeim til skammar; jafn ríkar og þær eru, gætu þær sent fötin til þvottakerlinga. Eg hefi hjálpað eins mikið og eg hefi getað, en eg verð að segja einsog frú Prime, að maður getur ekki gjört alt í einu; eg þurfti að fara í kjötbúðina, og eg varð að hafa púdding og eftirmat tilbúinn, og svo var eg svo gröm yfir því, að hafa gleymt að biðja um jarðberin. Frú Wilkins hefir þá ekki verið búin að senda jarðberin sín á torgið, þegar þér komuð til hennar".

"Nei, en það var rétt komið að því að hún sendi þau".

"Nú það var heppilegt. Eg veit ekki, hver ráð eg hefði fundið, ef eg hefði ekki fengið jarðberin, því tíma til að útvega annað í eftirmaðinn hafði eg ekki. Eg hefi nú gjört eins mikið og mögulegt er þennan morgun. Frú Graham hefir aldrei stjórnað heimili og veit ekki, að það þarf tíma til alls. Hún kemur heim frá Boston, býst við að finna alt í beztu reglu og spyr ekki um, hver hafi gjört það".

Nú kallaði frú Prime upp bakstigann: "Frú Ellis,

drengurinn er kominn með jarðberin, en þau eru ekki tind. Hann sagði, að þau hefðu ekki haft tíma til þess”.

“Það eru sannarlega vandræði”, sagði hin þreytta ráðskona. Eg veit ekki hver á nú að hreinsa þau. — Katy hefir nóg að gjöra, og eg kemst ekki til þess”.

“Eg skal gjöra það, frú Ellis, — látið þér mig gjöra það”, sagði Gerti og hljóp á eftir henni ofan stigann.

“Nei, nei, ungfrú Gerti, það megið þér ekki”, svaraði frú Prime, “þér eyðileggið fingurna”.

“Ó, fingurnir á mér eru ekki einsog gljáglófar, — þeir þola þvott”.

Frú Ellis þótti vænt um tilboð Gerti, sem byrjaði strax á starfi sínu. Á meðan gjörðu Bella og Kitty alt sem þær gátu til að stytta Bruce stundir, sem sat í efstu tröppuriminni og leit við og við upp í stigann í þeirri von, að sjá Gerti koma ofan aftur. Að síðustu slepti hann þó voninni, og var að hugsa um að fara, þegar Fanny systir hans kom inn um garðshliðið, gekk heim að húsinu og ætlaði að skjótast inn hjá þeim þremur, sem sátu þar, og inn í húsið.

Bróðir hennar stöðvaði hana og hvíslaði einhverju að henni áður en hún fór inn.

“Hver var þessi vilti Indíána-stúlka?” spurði Kitty Ray, þegar Fanny var horfin inn í húsið.

“Systir min”, svaraði Bruce kæruleysislega.

“Er það mögulegt?” sagði Kitty með áhuga. “Eg hefi oft séð hana, en aldrei veitt henni náðið athygli. Eg vissi ekki, að hún var systir yðar. Hún er snotur stúlka”.

“Sýnist yður það?” sagði Bruce. “Mér þykir leitt að geta ekki verið sömu skoðunar. Mér finst hún vera ófrið”.

Fanny kom nú aftur og nam staðar við stigann og kallaði: “Hún segist ekki geta komið, hún eigi svo annrikt”.

"Hver?" spurði Kitty.

"Ungfrú Flint"

Bruce roðnaði og það sá Bella.

"Hvað er hún að gjöra?" spurði Kitty.

"Hreinsa jarðber".

"Hvert ætlar þú, Fanny?" spurði bróðir hennar.

"Upp á loft".

"Hefirðu leyfi til að ganga um húsið, hvar sem þú vilt?"

"Ungfrú Flint bað mig að fara og sækja fuglana".

"Hvaða fugla?"

"Fuglana hennar. Eg á að hengja búrið með fuglunum í þar sem sólin skín á þá, og þá syngja þeir svo fagurt".

Hún þaut upp, og kom brátt aftur með fuglana, sem Willie hafði sent Gerti frá Kalkúttu.

"Kitty", sagði Bella, "eg held þetta séu fuglarnir, sem vekja okkur svo snemma á morgnana með hávaða".

"Það er ekki ólíklegt", sagði Kitty. "Settu þá herna, Fanny, mig langar til að sjá þá betur. En hvað þeir eru fallegir. Lítið þér á þá, Bruce; þeir eru inn-dælir".

"Láttu búrið herna á tröppurimina, Fanny", sagði Bruce, "þá sjáum við þá betur".

"Eg er hrædd um, að þeir verði skelkaðir, en það vill ungfrú Flint ekki að þeir verði", svaraði Fanny.

"Nei, við skulum vera góð við litlu fuglana hennar ungfrú Gerti", sagði Kitty. "Veiztu hvaðan hún hefir fengið þá, Fanny?"

"Sullivan hefir sent henni þá frá Austur-Indíum".

"Sullivan? Hver er það?"

"Ó, það er mjög góður vinur hennar. Hún fær oft bréf frá honum".

"Hvaða Sullivan? Veiztu ekki skírnarnafn hans?" sagði Bella.

"Eg held hann heiti William", svaraði Fanny. —

“Ungfrú Emily kallar ávalt fuglana litlu Willana”.

“Bella”, sagði Kitty, “það hlýtur að vera þinn William Sullivan”.

“Hann er lánsmaður”, sagði Bruce háðslega, “hann tilheyrir fagurri stúlku og er góður vinur annarar”.

“Eg skil ekki, hvað þú átt við, Kitty”, sagði Bella kuldalega. “Sullivan er ungur verzlunarfélagi föður míns, og ek hefi ekki séð hann í mörg ár”.

“Nema í draumum þínum, Bella”, sagði Kitty. “Því virðist þú hafa gleymt”.

Nú var Bella reið á svip.

“Dreymir yður um Sullivan?” spurði Fanny og horfði á Bellu. “Eg ætla að fara upp og spyrja ungfrú Gerti, hvort hana dreymi um hann líka”.

“Já, gjörðu það”, sagði Kitty, “eg fer með þér”.

Þær hlupu nú gegnum forstofuna og inn í borðstofuna, og báru báðar upp sömu spurninguna samtímis fyrir Gerti.

Gerti varð hissa; en hún varð hvorki feimin né roðnaði og svaraði rólega: “Já, stundum. En hvað vitið þið um Sullivan? — Því spyrjið þið um þetta?”

“Ó, að ástæðulausu”, svaraði Kitty; “það dreymir fleiri um hann, og við spurðum aðeins til að komast að því, hve marga dreymir um þenna sama mann”. Hún lokaði dyrunum og þaut sigri hrósandi til Bellu, til þess að segja henni, að hún ætti að vera jafn hreinskilin og Gerti og viðurkenna breyskleika sinn. Það færi henni miklu betur, en að roðna og neita.

En Bella var nú ekki lengur móttækileg fyrir spaug. Hún var mjög reið og reyndi alls ekki að dylja það. Bruce varð dálítið feiminn og áleit bezt að fara, svo að frænkurnar gætu jafnað striðið einsamlar. Undir eins og hann var farinn tók Bella hekludúk sinn, og gekk rösklega upp í herbergi sitt, en Kitty var kyr til þess að ljúka við hlátur sinn og að nota tækifærið til að ná vináttu Fanny; hún hugsaði nefnilega alhmikið um bróður hennar, og hélt að það mundi bæta fyrir sér

að kynnast systurinni, sem þó er jafn oft brígðult.

Hún bað því Fanny að setjast hjá sér, lagði handlegginn um mitti hennar og fór að tala um Gerti og upprunann til vináttunnar, sem virtist eiga sér stað milli hennar og fjölskyldunnar Bruce.

Fanny var ávalt skrafhreifin og sagði með ánægju frá atvikunum, sem gjörðu hana að vinstúlku Gerti.

"Og bróðir þinn", sagði Kitty, "hann hefir líklega þekt hana lengi?"

"Já, eg held það", sagði Fanny blátt áfram.

"Fellur hún honum vel í geð?"

"Eg veit ekki, en eg held það. Eg sé ekki, hvernig honum ætti að gjöra annað".

"Og hvað var það, sem hann hvíslaði að þér, þegar þú komst upp tröppurnar?"

Fanny gat ekki munað það strax, en þegar hún var mint á svarið, sem hún gaf bróður sínum, svaraði hún undir eins:

"Ó, hann bað mig bara að spyrja Gerti, hvort hún kæmi ekki bráðum aftur, og segja henni, að sér dauðleiddist að biða hennar".

Kitty varð óánægð. "Mér þætti gaman að vita", sagði hún, "hvort ungfrú Flint er von að taka á móti gestum hér og sýnt sama viðmót og okkar jafningjum".

"Já, auðvitað", svaraði Fanny fjörlega. "Því skyldi það ekki mega eiga sér stað? Hún er hin fullkomnasta heldri stúlka, sem eg hefi séð, og mamma segir, að hátterni hennar sé aðdánlegt og eg eigi að taka hana mér til fyrirmyndar. — Ó, ungfrú Gerti, eruð þér nú tilbúnar", sagði hún, þegar hún sá Gerti ganga yfir forstofuna með jarðberin til að láta þau í matklefann.

"Bráðum, Fanny", svaraði Gerti.

"Tilbúin til hvers?" sagði Gerti.

"Til að lesa", sagði Fanny. "Hún ætlar að lesa endirinn af Hamlet fyrir ungfrú Emily; hún las fyrstu þrjá kaflana í gær, og ungfrú Emily gaf mér leyfi til að

hlusta á þá. Eg get ekki skilið skáldrítið, þegar eg les það sjálf, en þegar eg heyri ungfrú Gerti lesa það, skil eg það ofur vel. Hún les ágætlega, og eg kom hingað í dag til að heyra endirinn”.

Þegar Kitty var orðin einsöm, lagði hún sig á legubekkin í forstofunni og sofnaði. Hún var vakin af frænku sinni, sem kom heim frá bænum skömmu fyrir dagverð. Þegar hún sá Kitty sofandi í morgunkjólnum, tók hún í handlegg hennar og sagði hátt og hranalega: “Kitty Ray, vaknaðu og hafðu fataskifti fyrir dagverðinn. Eg sá Bellu við gluggann, engil-sagra einsog vant er. Eg vildi þú gjörðir þér eins mikið ómak til að líta þokkalega út”.

Kitty geispaði, og þegar hún var búin að bíða eins lengi og henni þóknaðist, fór hún að ráði frú Grahams. Þegar Kitty hafði móðgað frænku sína, lét hún eftir á einsog hún vissi ekki, að nein óvinátta ætti sér stað á milli þeirra, og þó að Bella léti sjá, að hún væri móðguð, gat hún ekki til lengdar látið bera á því, af því hún þurfti félagsskapar Kitty við. Þær spjölluðu því bráðlega saman einsog vant var.

“Bella”, sagði Kitty, meðan hún stóð fyrir frammi spegilinn og færði hárið á sér í lag, “manstu eftir um þu stúlkunni, sem við mættum oftast nær á leiðinni til skólans; þeirri, sem leiddi gamlan mann?”

“Já”.

“Eg held að það hafi verið Gerti Flint. Hún hefir raunar breytt mikið, en andlitsdrættirnir eru hinir sömu, og það munu naumast finnast önnur eins augu”.

“Eg efast ekki um að það sé sama persónan”, sagði Bella róleg.

“Hefirðu hugsað um það áður?”

“Já, undir eins og Fanny sagði, að hún þekkti William Sullivan”.

“Hvers vegna hefirðu ekki sagt mér það, Bella?”

“Ó, eg er ekki jafn mikið hrifin af henni og þú og júsir aðrir”.

"Hverjir aðrir?"

Nú var það Bella, sem vakti gremju hjá Kitty.

"Ó, Bruce, t. d., geturðu ekki séð að hann er að nokkru leyti ástfanginn af henni?"

"Nei, það get eg alls ekki séð. Hann hefir þekt hana lengi, segir Fanny, og það er eðlilegt að hann beri virðingu fyrir ungri stúlku, sem Graham metur svo mikils. En eg get ekki trúað því, að hann elski fátæka og nafnlausa stúlku".

"Vera kann, að hann hugsí heldur ekki um að verða ástfanginn af henni".

"En hann getur heldur ekki verið orðinn það. Hún er ekki sú stúlka, sem er viðeigandi fyrir hann. Hann hefir tekið þátt í félagslífinu bæði hér heima og í París og hann vill auðvitað eiga þá konu, sem er fjörug, þyk-ir vænt um félagslífið og kann að nota peninga sína til skrauts".

"Stúlku einsog Kitty kay til dæmis".

"En það rugl, Belia. Einsog menn geti ekki sagt eitt einasta orð, án þess að hugsa um sig! Hvað skeyti eg um Ben Bruce?"

"Eg veit ekki, hvort þú hugsar nokkuð um hann, en það litur svo út. En nú bringir borðklukkan og við verðum að fara ofan til dagverðar. — Þú kemur auðvitað of seint einsog vant er."

NITJANDI KAPÍTULI.

Vonbrigði elskandans.

Í rökkrlinu þenna sama dag sátu þær Gerti og Emily við gluggann, þar sem fögur útsjón var til vesturs. Þær sátu og töluðu um sitt af hverju, einsog þær voru

vanar um þenna tíma dags.

Í herbergjunum voru gestir úr bænum, og kveldgolan flutti ónáninn hlátrinum og spauginu upp til þeirra; en sökuð spulagðarinnar var hann svo lágur, að hann truflaði ekki friðinn í herberginu.

"Þú ættir heldur að fara ofan, Gerti", sagði Emily. "Það lítur út fyrir að þú sést skemmti sér og mér þykir svo vænt um að heyja hlátur þinn innanum hinna".

"Ó, nei, góða Emily, eg vil heldur vera hérna. Eg þekki mjög fáa af gestunum".

"Sem þú vilt, góða mín. En láttu mig ekki hindra þig frá að vera með unga fólkinu".

Nú kom Kitty inn til þeirra, sem frú Graham hafði sent upp til að segja Emily, að frú Bruce væri komin og vildi sjá hana.

"Þá verð eg líklega að fara ofan", sagði Emily. "Verður þú ekki samferða, Gerti?"

"Nei, eg held ekki, ef hún hefir ekki spurt um mig. Gjörði hún það, Kitty?"

"Frú Graham nefndi aðeins ungfrú Emily", svaraði Kitty.

"Þá ætla eg að vera hér", sagði Gerti. Og Emily fór ein ofan.

Rétt á eftir var hringt all-hátt, og nú varð nærvera Gerti nauðsynleg, því það voru læknir Jeremy og kona hans, sem komin voru.

Þegar hún kom inn í herbergið, var fjöldi gesta þar fyrir og ekkert sæti autt. Þar eð hún kom einsöm- ul og öllum óvænt, horfðu allir á hana. Til undrunar fyrir Bellu og Kitty sýndi hún hvorki feimni né klaufahátt; hún leit rólega um salinn og sá frú Jeremy, gekk svo yfir gólfið eins yndislega og henni var lagið, og með svo mikilli lipurð og sjálfsstjórn einsog hún væri sú eina í herberginu. Þegar hún hafði heilsað frúnni með sinni vanalegu kurteisni og hlýleik, sneri hún sér að læknum, sem sat við gluggann hjá Fanny Bruce. Aður en hann gat staðið upp og gengið á móti henni,

hneigði frú Bruce sig vingjarnlega til hennar í hinu horninu, og þess vegna gekk Gerti til hennar að heilsa henni. Bruce, sem staddur var í glöðum hóp unga fólksins í þessum hluta herbergisins, veitti hreifingum Gerti svo mikið athygli, að hann svaraði ekki spurningu Kitty Ray, en stóð nú upp, bauð henni stólinn sinn og sagði: "Gjörið svo vel að setjast, ungfrú Gerti".

"Þökk fyrir", sagði Gerti, "en eg sé þarna vin minn, Jeremy læknir, sem býst við að eg komi og heilsa sér".

Jeremy læknir kom nú á móti henni, rétti henni báðar hendur sínar, leiddi hana yfir að glugganum og lét hana setjast á sinn stól við hliðina á Fanny. Til undrunar fyrir alla, sem þektu Bruce, kom hann nú með stólinn sinn og bauð lækninum að setjast á hann beint á móti Gerti. Svo mikilli virðingu fyrir ellinni höfðu menn ekki búist við af þessum þaulæfða heimsmanni.

"Er þetta dóttir Grahams?" spurði ung stúlka Bellu.

"Nei, nei", svaraði Bella. "Það er stúlka, sem Emily hefir látið ala upp, og sem nú er hér til að lesa fyrir hana og vera eins konar félagssystir hennar; hún heitir Flint".

"Hvað er það, sem unga stúlkan heitir?" spurði tilgjörðarlegur lautinant Bellu, um leið og hann hneigði sig fyrir henni.

"Ungfrú Flint".

"Flint; ó, það er röskleg stúlka. Hún ber hárið einkennilega".

"En það á vel við slik andlit, finst yður það ekki?" spurði unga stúlkan, sem fyrst talaði.

"Eg veit það ekki með vissu", svaraði lautinantinn. "Það er eitthvað, sem fer henni vel; framkoma hennar er viðfeldin. Bruce", sagði hann, þegar Bruce kom aftur, "hver er þessi ungfrú Flint? Eg hefi komið hingað nokkrum sinnum en ekki séð hana fyrri".

"Það er ekki svo undarlegt; hún lætur ekki ávalt

sjá sig. Er það ekki lagleg stúlka?"

"Eg er ekki enn búinn að fá ákveðna skoðun um það. Hún er fallega vaxin. En hver er hún?"

"Hún er uppeldisdóttir Grahams, félagssystir ungfrú Emily".

"Ó, vesalingurinn, hún er líklega foreldralaus".

"Já, eg held það", sagði Bruce og beit sig í vörina.

"Vesalings stúlkan", sagði ungi maðurinn; "en þú segir satt, að hún er snotur og brosið hennar inndælt. Það er eitthvað aðlaðandi við andlit hennar".

Þessa skoðun hafði Bruce áreiðanlega líka, því augnabliki síðar saknaði Kitty Ray hans í salnum; en sá hann strax á eftir standa úti í sólbyrginu og tala við Gerti, Jeremy læknir og Fanny í gegnum opinn gluggann. Samtalið varð brátt fjörugt og virtist að vera um eitthvað mjög skemtilegt; einkum hló læknirinn hátt og Gerti og Fanny tóku oft þátt í hlátrinum líka. Kitty leiddi þetta hjá sér á meðan hún gat, en gekk svo djarflega til hópsins til að heyra við hvað þau skemtu sér.

En Kitty skildi það alls ekki. Jeremy læknir talaði við Bruce um eitthvað, sem skeð hafði fyrir mörgum árum síðan. Það var mikið talað um kollheitu með löngum skúf og miðdegissvefn í grasinu. Læknirinn mintist á þjófa, sem staðnir voru að stuldinum, og minti Gerti oft á atvikin, sem áttu sér stað fyrsta daginn, sem þau kyntust, hann, hún og Bruce.

Kitty fann nú til þess, að hún hafði verið of nærgöngul og varð bæði feimin og vandræðaleg; en þá barði Gerti henni að setjast við hliðina á sér og sagði: "Jeremy læknir talar um þann tíma, þegar hann — eða hann og eg, sem hann vill heldur segja — ætluðum að stela ávöxtum í jurtagarðinum hennar frú Bruce".

"Þér eigið við, að við komum Bruce á óvart", sagði læknirinn, "því eftir mínu áliti hefði hann sofið þangað til í dag, ef eg hefði ekki vakið hann svo eftirminnilega".

"Eg vaknaði í fyrsta skifti til meðvitundar um líf-

ið, þegar eg kyntist yður", sagði Bruce, einsog hann talaði til læknisins, en horfði jafnframt þýðgarmiklum augum á Gerti. "Og þetta var ekki eina andvakan, sem leiddi af því. Eg er hryggur yfir því, ungfrú Gerti, að þér eruð hættar að vinna í garðinum. Af hverju kemur það?"

"Frú Graham hefir látið breyta garðinum", svaraði Gerti, "og nýi garðyrkjumaðurinn hvorki þarf né vill hjálp mína. Hann hefir sín áform og það er ekki rétt, að vilja taka fram fyrir hendurnar á þeim, sem er meistari í sinni iðn; eg yrði að eins til ógagns".

Kitty sneri sér nú að Bruce til að tala um garðyrkju; en Gerti talaði við læknirinn, þangað til frú Jeremy, sem staðin var upp úr sæti sínu til að kveðja, kom til þeirra og sagði: "Hefirðu munað eftir að fá Gerti bréfið".

"Hamingjan góða! eg var nærri búin að gleyma því", sagði læknirinn, smokkaði hendinni niður í vasa sinn og tók upp bréf, bókstaflega þakið af ýmislega litum frimerkjum. "Gjörðu svo vel, Gerti, þetta er án efa reglulegt Kalkúttu-bréf".

Gerti tók við bréfinu og þakkaði lækninum fyrir það með sýnilegri ánægju. Gleði hennar var þó að vissu leyti ekki blönduð með sorg, því hún hafði aðeins fengið eitt bréf frá Willie síðan móðir hans dó, og í því bréfi lýstu orðin ólýsanlega sárri hrygð, og nú bjóst hún við endurtekning hennar.

Bruce horfði á hana og bjóst við að hún myndi roðna og missa sjálfstjórn sína, þegar henni var fengið bréfið í viðurvist svo margra; en hann varð rólegri, þegar hann sá, að henni brá ekki hið minsta og fylgdi læknishjónunum til dyra og kvaddi þau þar með bréfið í hendinni. Svo ætlaði hún til herbergis síns til að lesa bréfið, en Bruce gekk í veg fyrir hana og spurði, hvort bréfið væri svo áriðandi, að hún yrði að svifta gestina ánægjunni af samveru hennar.

"Bréfið er frá vini mínum, sem eg hefi lengi þróað."

að fá að vita hvernig líður”, sagði Gerti alvarleg. “Gjör-ið svo vel, að biðja móður yðar afsökunar, ef hún spyr eftir mér. Hinir gestírnir sakna mín ekki, því þeir eru mér ókunnir”.

“Ó, ungrú Gerti”, sagði Bruce, “það er gagnslaust að koma hingað til að heilsa yður; þér eigið svo oft ann-rikt. Á hvaða tíma dags er hentugast að finna yður án þess þér eigið annrikt?”

“Eg á ávalt annrikt”, svaraði Gerti. “En, góða nótt, hr. Bruce — látið þér mig ekki hindra samveru yðar og hinna ungu stúlkanna”, um leið og hún sagði þetta, þaut hún upp stigann, og skildi Bruce eftir í efa um, hvort hann ætti að reiðast henni eða sér sjálfum.

Bréfið frá Willie var rólegra en Gerti hafði bú-ist við; hann kvaðst hafa fest í huga sér síðustu bón móður sinnar, að treysta forsjóninni, og þó að hann væri sorgþrunginn, reyndi hann að vera þolinmóður og rólegur.

Að öðru leyti var megnið af bréfinu þakkarorð til Gerti fyrir þá ást og umhyggju, sem hún hefði veitt sín-um elskuðu, og bað guð að blessa hana og endurgjalda henni alla þá ósérgjörnu aðstoð, sem hún hefði veitt þeim. Bréfið endaði þannig: “Nú ert þú sú eina, sem eg á eftir, Gerti, og þó mér þætti vænt um þig áður, þá er hjarta mitt nú tengt við þig með þeim böndum, sem eru sterkari en öll jarðnesk bönd. Vonir mínar, starf mitt og allar mínar bænir eru um þig. Guð gefi að við sjáumst aftur”.

Heila klukkustund, eftir að Gerti hafði lesið bréfið, sat hún hugsandi og endurkallaði í huga sinn alt hið liðna, og vaknaði fyrst af þessum draumum, þegar hún heyrði gestina fara.

Frú Bruce og sonur hennar biðu þangað til gest-irnir úr bænum voru farnir, og þegar þau kvöddu, rétt fyrir neðan glugga Gerti, heyrði hún frú Graham segja: “Gleymið þér því nú ekki, hr. Bruce, að við borðum dagverð kl. 2, og við vonumst líka eftir að sjá yður,

Fanny; eg býst við að yður langi til að vera með í skemtiförinni”.

Þetta var þá þannig afráðið, að Bruce ætti að koma þangað bráðlega aftur og borða dagverð, svo Gerti hætti að hugsa um liðna tímann, og fór að hugsa um nútíðina.

Henni geðjaðist ekki að kurteisísatlotum Bruce við sig og því síður að yfirlýsingum hans um það, hve mjög hann dáðist að henni. Hún var hafin yfir alt dekur og sjálfsvirðing hennar særð með eftirsókn hans um nærveru hennar. Þegar hann var 17 ára kyntist hún honum, sem siðlausum letingja, og hið ytra skin, sem félagslífið og siðir þess höfðu lagt á framkomu hans, gat ekki dulið, hve hégóniagjarn hann var. Sem unglingur hafði hann glápt á Gerti af eintómri forvitni og spurt um nafn hennar; sem ungur sláni flæktist hann kringum hana af því honum leiddist og hafði ekki annað að gjöra. En sér til undrunar fann hann að hún var ómótækileg fyrir smjaður hans og aðdáun, sem svo margar ungar fegurðir í bænum þráðu svo mjög. Ekki var þetta af því að Gerti vildi særa tilfinningar hans, heldur af því að hún sá að hann var ekki hreinskilinn.

Það var nýtt fyrir Bruce að finna stúlku, sem mat einskis yfirburði hans, og þetta hvatti hann til að gjöra alt, sem hann gæti til að ná hylli Gerti.

Honum gátu ekki dulist yfirburðir hennar yfir aðrar ungar stúlkur, þó hann væri skilningsdaufur og treggáfaður; hið eðlilega fjör hennar var alveg gagnstætt tízkunnar kæruleysi og að síðustu varð hann alvarlega ástfanginn af henni.

Daginn eftir þenna umtalaða dag kom Graham heim frá bænum rétt fyrir dagverðinn, og um leið og hann gekk til ungu stúlkanna, rétti hann Kitty dagblað og bað hana að lesa hátt fyrir sig.

“Hvað á að lesa?” sagði Kitty ólundarlega.

“Leiðandi greinina”.

Kitty sneri blaðinu upp og ofan og kvaðst enga leið-

andi grein finna. Graham leit undrandi á hana og benti þegjandi á greinina. Hún byrjaði, en var maumast búin með eina setningu, þegar Graham kallaði: "Lestu ekki svona fljótt, — eg skil ekki eitt orð!". Hún byrjaði aftur, en las nú svo hægt, að Graham sagði henni að hætta og fá frænku sinni blaðið.

Bella tók við því og las greinina til enda, og varð þó oft að endurtaka sum orð til þess þau skildust.

"Viljið þér heyra meira, herra?" spurði hún.

"Já, lesið þér skipalistann fyrir mig".

Bella fann listann og byrjaði að lesa: "Canton 30. apríl, barkskipið Anna María, skipstjóri Ray, fe.— hvað þýðir það?"

"Fermt, auðvitað. Meira".

"Aff.", stafaði Bella og var vandræðaleg.

"En hvað hún er heimsk", tautaði Graham. "Kannski að lesa skipanýngar? Hvar er Gerti? Það er eina stúlkan, sem skilur alt. Kallaðu á hana, Kitty".

Kitty fór og sagði Gerti, hvað hún ætti að gjöra. Gerti varð hissa; því síðan hún sagðist ætla burt af heimili hans hafði hann aldrei beðið hana að lesa. — Sæmt fór hún strax, settist á stólinn, sem Bella hafði yfirgefið og las skipalistann, ásamt öllu því sem Graham vildi heyra, án þess að spyrja nokkurs.

Gamli maðurinn, sem sat í hægindastól og hafði lagt giftveika fótinn á lágan legubekk, var óvanalega ánægjulegur á svip, og þegar Bella og Kitty voru farnar til herbergis síns, sagði hann: "Þetta er alveg eins og í gamla daga, er það ekki, Gerti?" Hann lagði aftur augun og Gerti sá að hann var sofnaður.

Hún sá, að hún gat ekki komist fram hjá honum án þess að vekja hann, lagði því blaðið frá sér og tók hekludúk úr vasa sínum til þess að vinna við; en þá kom Bruce, maðurinn, sem hún vildi forðast.

Bruce horfði framan í hana með því sjálfstrausti og alúð, sem hún fyrirleit. Í annarí hendinni hélt hann á blómvendi, sem hann sýndi henni.

“Fagrar”, sagði Gerti um leið og hún horfði á hvítu og rauðu mosarósirnar.

Hún talaði lágt til þess að vekja ekki Graham. Það gjörði hann líka og sagði um leið og hann lét rósirnar hanga yfir höfði hennar: “Mér virtust þær fagrar, þegar eg týndi þær, en fegurð þeirra hverfur við samanburðinn, ungfrú Gerti”.

Gerti lét sem hún heyrði ekki skjallið, stóð upp til að fara og sagði: “Eg ætla að fara inn og segja ungu stúlkunum, a þér séuð kominn”.

“Nei, gjörð þér það ekki”, sagði hann og gekk í veg fyrir hana, “mig langar alls ekki til að finna þær”.

Þar eð hann stóð fyrir dyrunum, sneri hún aftur og settist, tók til vinnu sinnar að nýju og var svipþung.

Bruce sá, að hann hafði sigrað og notaði sér það.

“Ungfrú Gerti”, sagði hann, “viljið þér gjöra mér þá ánægju, að bera þessi blóm í hári yðar í dag?”

“Eg ber aldrei marglit blóm”, sagði hún og leit ekki upp.

Hann hélt að þetta stafaði af því að hún væri syrgjandi; þar eð hún var í svörtum kjól. Hann valdi því úr hvítu rósirnar, fékk henni þær og sagði, að sín vegna yrði hún að bera þær, sem gagnstæðu svörtu, silkimjúk í fléttanna sinna.

“Eg er yður þakklát”, sagði Gerti, “eg hefi aldrei séð jafn fagrar rósir, en eg er ekki vön að skreyta mig með þeim, og vona því að þér afsakið mig”.

“Þér ætlið þá ekki að þiggja blómin mín?”

“Jú, með ánægju, ef þér leyfið mér að sækja vatnsglas”, sagði hún og stóð upp, “til þess að láta þau í og setja þau inn í salinn þar sem við höfum öll ánægju af þeim”.

“Eg hefi ekki tint rósirnar minar í því skyni, að þær yrðu allri fjölskyldunni til ánægju”, sagði hann þóttalega; “ef þér viljið þær ekki, ungfrú Gerti, ætla eg að gefa þær öðrum, sem vill þiggja þær”.

Hann hélt að þetta mundi hræða hana, því hann ímyndaði sér, að hún í raun og veru vildi þær. Svo batt hann rósirnar saman til að gefa Kitty þær, sem hann vissi að mundi gleðjast yfir þeim.

"Hvar er Fanny í dag?" spurði Gerti til þess að fá annað umtalsefni.

"Það veit eg ekki", svaraði Bruce.

Nú varð stutt þögn og á meðan horfði hann á starf Gerti.

"En hvað þér hugsið mikið um þetta starf; augu yðar virðast samgróin því; eg vildi að eg væri eins aðlaðandi og það".

"Eg vildi að þér væruð eins litillátur og það", hugsaði Gerti.

"Mér finst þér gjörið yður lítið ómak til að stytta mér stundir, þegar eg kem að eins til að finna yður", sagði hann.

"Eg hélt þér væruð kominn samkvæmt heimboði frá Graham.

"Og til þess að ná í þetta heimboð, varð eg að dekra við Kitty heila klukkustund".

Ef þér eigið því að þakka heimboðið, verðskuldið þér ekki stundarstytting", sagði Gerti brosandi.

"Það er miklu hægra að þóknast Kitty en yður", sagði Bruce.

"Kitty er mjög alúðleg og viðveldin", sagði Gerti.

"Já, en eg met þó meira bros frá yður en —"

Nú greip Gerti fram í fyrir honum með þessum orðum: "Ó, þarna kemur gömul vinkona til heimsækja okkur. Gjörði þér svo vel að lofa mér að komast, hr. Bruce.

Girðingarhliðið var nú opnað og Bruce sá persónuna, sem Gerti gladdist svo mjög við að sjá.

"Þér þurfið ekki að hraða yður svona mikið til að yfirgefa mig", sagði Bruce; "litla, gamla nornin þarna, hvernar koma virðist að gleðja yður svo mikið, kemur ekki hingað innan hálftrar stundar með þeim hraða sem

hún gengur”.

‘Það er gömul vinkona mín’, svaraði Gerti, “ég verð að fara og bjóða hana velkomna”. Andlit hennar var svo alvarlegt, að Bruce skammaðist sin fyrir hegðan sína, stóð upp og lét hana komast fram hjá sér. Ungfrú Patty Pace — því það var hún, sem staulaðist yfir garðinn — varð yfirburða kát þegar hún sá Gerti, og fór strax að veifa stórum fjaðrablævæng í kveðju skyni. Þegar Gerti kom til hennar, tók hún báðar hendur hennar og stóð kyr nokkrar mínútur áður en þær héldu áfram. Þær gengu inn í húsið um hliðardyrnar, svo von Bruce brást að fá að sjá hana aftur; hann gekk þá út í garðinn í því skyni að vekja eftirtekt Kitty á sér.

Bruce hafði svo öflugt traust á valdinu, sem fylgir hárri stöðu og auð, að hann efaðist ekki um, að Gerti tæki sér tveim höndum, þegar hann bæði hennar.

Margar hygnar mæður höfðu reynt að kynnast honum, og margar ungar stúlkur, jafnvel auðugar og í hárri stöðu, höfðu tekið dekri hans með ánægju, og þar eð hann hélt sig eiga næga peninga til að kaupa hvaða stúlku sem væri fyrir konu handa sér, hló hann að hugsuninni um það, að Gerti kynni að álita sig betri en allar aðrar.

Ennþá hafði hann ekki flutt bónorð sitt til Gerti, en aðeins ásett sér að ná virðingu hennar og vinsemd, og af því það hafði mishepnast hingað til, ætlaði hann að reyna að vekja afbrýði hennar með því, að dekra við Kitty Ray, og í því skyni gekk hann út í garðinn í þetta sinn.

Aformið var svivirðilegt, því Kitty var farið að geðjast að honum. Hún var hneigð til ásta og þar að auki auðtrúa, svo að líklegt var að auðvelt yrði að tæla hana til að vera fórnardýr falsins.

TUTTUGASTI KAPITULI.

Sönn kurtelsi.

Hálfri stundu fyrir dagverð sat frú Graham, frænkur hennar, Bruce, Fanny og lautinant Osborne í daglegu stofunni, og voru mjög forvitin eftir að vita, hvað olli kátínunni uppi á loftinu í herbergi Emily. Þar var enginn sérlegur hávaði, en einkennileg kátína. Hlátur Gerti heyrðist glögt og Emily hló líka hátt; en það hlaut að vera einhver þriðja persóna til staðar, því stundum heyrðist óþekt, einkennileg rödd.

Nokkrum sinnum þaut Kitty upp til að hlusta og reyna að komast að orsökinni til kátínunnar og síðast kom hún með þá fregn, að nú væri Gerti á leiðinni ofan með galdranornina.

Gerti opnaði dyrnar og kom nú inn með ungfrú Patty Pace, sem strax gekk til frú Graham og hneigði sig djúpt.

"Hvernig liður yður, kona?" sagði frú Graham, sem hélt jafnvel, að Gerti væri að gjöra henni Grikk.

"Þetta er líklega nýja frúin?" spurði Patty.

"Já", svaraði frú Graham.

"Mjög myndarleg kona", sagði Patty lágt við Gerti, en sem aðrir heyrðu þó glögt. Svo snéri hún sér að Bellu, sem hafði falið sig bak við gluggablæju, rétti fram báar hendurnar og sagði: "Svo sannarlega sem eg lifi, þa er þetta ungfrú Ísabella, og geislandi einsog morgunsólin. Guð blessi yður! En hvað æskufegurð yðar hefir aukist".

Bella hafði þekt hana þegar hún kom inn, en skammaðist sín fyrir að vera kunningi jafn einkennilegrar persónu, og lét enn sem hún þekti hana ekki, en þá kom Kitty og kallaði: "Hvaðan komuð þér, ungfrú Pace?"

"Ungfrú Kathrine", sagði Patty og greip báðar hendur ungu stúlkunnar glaðlega, "þér þekkið mig þá?" Svo bætti hún við: "Guð blessi yður fyrir það að hafa ekki gleymt gamalli vinstúlkunni".

"Eg þekti yður strax, yður er ekki svo auðgleymt. Manstu ekki eftir ungfrú Pace, Bella? Eg kyntist henni á þínu heimili".

"Ó, er það hún?" sagði Bella, sem reyndi að dylja að hún hafði kynst henni, er oft kom á heimili for-eldra hennar og naut mikillar virðingar hjá þeim.

"Eg er hrædd um, að hún sé drambstö", sagði ungfrú Pace lágt. Svo bætti hún við, án þess að taka tillit til ungu mannanna, sem stóðu bak við hana: "Eg sé, að hér eru ungir biðlar. Eru þeir til yðar, ungfrú Kathrine, eða til hennar?"

Kitty hló, því hún vissi að ungu mennirnir höfðu heyrt til hennar og höfðu gaman af, og svaraði því umsvifalaust: "Ó, til mín, báðir". Ungfrú Pace leit nú í kringum sig og saknaði Grahams, gekk svo til konu hans og sagði: "Hvar er brúðguminn?"

Frú Graham svaraði vandræðalega, að hann kæmi bráðum og bað hana að setjast.

"Þökk fyrir, frú; nei, eg er forvitin og vil með yðar leyfi skoða herbergið. Mér þykir gaman að öllum tizkumunum". Svo fór hún að skoða myndirnar, en var ekki komin langt, þegar hún sneri sér að Gerti og spurði hátt: "Hvar er hin konan?" Gerti varð undrandi á svip, og ungfrú Pace leiðrétti því spurningu sína með því að segja: "Eg á auðvitað við myndina af fyrri konunni; hún hékk hér, ef eg man rétt, en hvar er hún nú?"

Gerti hvíslaði að henni svarinu, og segir þá ungfrú Pace við sjálfa sig: "Í ruslalefanum; já, þannig gengur það, það nýja vill jafnvel eyðileggja endurminninguna um það gamla".

Nú tók hún hendi Gerti, svo hún gæti leitt hana um herbergið; að því loknu nam hún staðar frammi

fyrir ungu mönnunum, sem allir litu á hana með ánægju. Hún heilsaði Bruce, sem gömlum kunningja, og bað svo að kynna sig meðlim hermálastjórnarinnar, sem hún kallaði lautinant Osborne. Kitty kynti hana með nákvæmum samkvæmisreglum, og kynti lautinantinn um leið ungfrú Gerti, sem henni hafði gráust, að frúin, frænka hennar, ekki gjörði. Nú var ungfrú Pace fengið sæti og hún settist þar á meðal unga fólksins og skemti því, unz að borði átti að ganga. Gerti fór aftur upp til Emily.

Við borðið sat Gerti við hliðina á Emily, til þess að hjálpa henni, og við hina hliðina sat Patty. Hún hafði því svo mikið að gjöra, að hún gat engum öðrum veitt eftirtekt, sem Bruce kom illa, því hann vildi að hún sæi dekur sitt við Kitty, sem bar mosarósir í hári sínu og brosti ánægjulega.

Bella var líka ánægð yfir aðdáun hins unga lautnants, og enginn fann ástæðu til að trufla ánægju ungu stúlkanna. Stundum komu þó athugasemdir ungfrú Patty öllum til að hlæja.

Graham var aðdánlega kurteis við ungfrú Patty, og frú Graham, sem gat verið mjög alúðleg, þegar hún vildi, sparaði ekkert til að koma gömlu konunni til að spjalla. Hún varð þess líka vör, að Patty þekti næstum allar manneskjur, og kom með viðeigandi og skemtilegar athugasemdir um hvern, sem á var minst.

Þegar staðið var upp frá borðum, fylgdu karlmennirnir kvenfólkinu út í forstofuna rúmgóðu, þar sem var svo svalt og loftgott heitustu dagsins stundir. Patty Fanny Bruce þvinguðu Gerti til að vera þar hjá þeim, að engan vantaði af fjölskyldunni nema frú Graham, en ekki vildi missa af miðdegislúr sínum.

Ahuginn, sem að Patty vakti, var svo almennur, að allar samræður um annað hættu, og athyglinni var einungis beint að þeim efnum, sem hún vakti máls á.

Pella setti á sig fyrirlitningarsvip og reyndi að leiða hugsanir hr. Osbornes í aðrar áttir; enda tókst

henni það að nokkru leyti. Kitty hafði gaman af Patty og reyndi ekki að tala um neitt, enda sat Bruce við hlið hennar og studdi það ánægju hennar ekki all-lítið.

Nú fór ungfrú Pace að tala um tvö efni, sem henni sérstök ánægja að, nefnilega tízkuna og klæðnaðinn, ekk nú til Bellu og fór að skoða efnið í fatnaði hennar og það hana loks að standa upp, svo hún gæti séð ið á fótunum hennar.

Bella ýtti hendi gömlu konunnar frá sér, einsog hún væri sýkjandi og vildi ekki standa upp.

"Stattu upp, Bella", sagði Kitty lágt, "vertu ekki svona þver".

"Því stendur þú ekki upp sjálf", sagði Bella, "og sýnir henni þinn eigin fatnað?"

"Hún bað þig, en ekki mig", svaraði Kitty, "en eg skal gjöra það með mestu ánægju, ef hún vill sjá minn fatnað. Ungfrú Pace", sagði hún glaðlega um leið og hún tók sér stöðu frammi fyrir henni, "viljið þér ekki líta á kjólinn minn, og hafa hann til fyrirmyndar, ef yður líkar hann. Mér þykir heiður að því".

Af tilviljun var klæðnaður Kitty snotur í þetta sinn, og gamla konan skoðaði hann nákvæmlega og gjörði ýmsar athugasemdir, og gekk svo aftur til sætis sins.

Fanny hélt í bakið á stólnum, sem Patty ætlaði að setjast á, einsog hún ætlaði að draga hann burtu, og af því Bella gaf henni bendingu brosandí, dró hún hann ögn til hliðar, í því skyni að gamla konan dytti á gólfið.

Pegar hún ætlaði að setjast, hefði hún eflaust dott-ið, ef Gerti hefði ekki komið og hjálpað henni. Gerti leit ásakandi augum á Fanny, sem varð sneypuleg og ætlaði að draga sig í hlé; en um leið sté hún ofan á gigt-veika fótinn hans Grahams, sem rak upp hljóð af sárri tilfinningu.

"Fanny", sagði Bruce, sem aðeins sá síðara tilfell-ið, "eg vildi þú gætir lært kurtisi".

"Af hverjum á eg að læra hana?" spurði Fanny

styggi. "Af þér?"

Bruce varð gremjulegur, en svaraði engu. Gamla Patty var nú búin að jafna sig og sagði: "Kurteisi er elskuleg en sjaldgæf dygd, sem þó er svo þroskuð hjá Gerti, vinu minni, að hún væri sönn prýði fyrir prinsessu".

Bella ylgdi sig og brosti fyrirhlitlega. "Lautinant Osborne", sagði hún, "fínst yður ekki ungfrú Devereux hafa fagra hegðun?"

"Jú, áreiðanlega", svaraði lautinantinn; "þegar hún tekur á móti gestum til dæmis, er hún sannarlega yndisleg".

"Um hverja talið þið?" spurði Kitty. "Um frú Harry Nabel?"

"Nei, við töluðum um ungfrú Devereux", svaraði Bella, "en sama má segja um frú Nabel".

"Það finst mér líka", sagði Bruce. "Heyrirðu, Fanny? Við höfum fundið fyrirmynd handa þér. Hugaðu þér eftir frú Nabel".

"Eg þekki ekki frú Nabel", svaraði Fanny; "eg vil heldur taka ungfrú Flint mér til fyrirmyndar. Ungfrú Gerti", sagði hún með angrandi alvöru, "hvernig á e; að læra kurteisi?"

"Manstu hvernig söngkennarinn þinn sagði að þú ættir að læra að leika með svipfagurri viðfeldni?" svaraði Gerti, og leit þýðingarmiklum augum til Fanny. "Eg vil ráða þér til hins sama, þegar þú ætlar að læra kurteisi".

Fanny roðnaði mikið.

"Hvað er það?" spurði Graham. "Láttu okkur heyra, hvaða reglur Gerti fyrirskipar til að læra kurteisi, Fanny".

"Hún segir að þær séu hinar sömu og söngkennarinn gaf mér í fyrra".

"Hvað sagði hann?" spurði Bruce.

"Eg spurði hr. Hermann, hvernig eg ætti að fara að læra að spila með tilfinningu", sagði Fanny. "og

hann svaraði: 'Þér verðist að tileinka yður mentun hjartans, ungfrú Bruce'."

Þessi nýja leiðheining til að ná svo stóru tak marki, framleiddi jafn margar svipbreytingar og mismunandi eðliseinkunnir voru til hjá tilheyrendum Fannyar. Graham beit á vörina og fór, — hann vlssi að kurteisi sin hvíldi ekki á slíkum grunni en að hjá Gerti gjörði hún það. Bella var ímynd fyrir eitningarnar; Bruce og Kitty voru yfirlætisleg og þó að nokkuru leyti glaðleg; en Osborne lautinant virtist skilja sannleikann í þessu, og leit aðdáandi augum til Gerti. Svipurinn á andliti Emily sýndi greinilega, að hún var þessu samþykkt, og gamla konan lét hiklaust í ljósi á nægju sína yfir þessu.

"Athugasemdir ungfrú Gerti eru án efa sannar", sagði hún; "hin eina kurteisi, sem er nokkurs verð, kemur frá mentuðu hjarta. Máske gestirnir vilji vera svo litillátir að hlusta á gamla konu, þegar hún segir frá sjaldgæfu dæmi um sanna kurteisi og hvernig hún öðlaðist endurgjald".

Allir létu í ljósi einlæga ósk til að fá að heyra sögu gömlu konunnar, og hún byrjaði:

"Einn vetrardag fyrir nokkrum árum gekk gömul kona, hrörleg og á aftursfararskeiði, en sem hafði góða sjón og talsverða heimspekkingu — nafn hennar var ungfrú Patty Pace — beina leið og eftir sérstöku heimboði til húss herra Clintons, föður Isabellu, fallegu, ungu stúlkunnar þarna. Öll trén í gamla og góða bænum okkar voru þá þakin með hrími, og gangtraðirnar voru hreint og beint snörur fyrir fætur þeirra gömlu og óvarkáru.

"Eg misti jafnvægið og datt. Tveir glaðlyndir ungir menn hálfuðu mér og fóru með mig til næstu lyfjabúðar, og þar kom eg aftur til meðvitundar. Eg hélt áfram, kviðandi fyrir óhöppum, og hefði naumast komist alla leið, ef ungur maður, rjóður í kinnum, hefði ekki komið og lagt gamla handlegginn minn á

unga og sterka handlegginn sinn og fylgt mér alla leið til hins ákveðna staðar. Þessi eðallyndi fylgdarmaður minn þurfti á mikilli djörfung og stillingu að halda til þess að framkvæma það, sem hann hafði ráðist í. Hugsðið ykkur ungling, fjörugan og fagran einsog sól-argeislaun, beinan einsog ör — já, sannan Apollo — með vesalings litlu, gömlu Patty Pace hangandi á handleggnum! Eg ætla ekki að hlífa sjálfri mér, stúlkur minar, en ef þið hefðuð séð mig þá, munduð þið skoða mig sem mikið endurbætta útgáfu núna, að ytra áliti. Höndum mínum hafði eg stungið í vasana, hnakka-hárvöndullinn hafði allur aflagast um leið og eg datt, og gleraugun mín — þau sömu, sem faðir minn hafði notað— þöktu nærri alt andlitið á mér, og voru í sjálfu sér nægileg til að vekja athygli og forvitni. En hann gekk rólegur af stað með mig, og þrátt fyrir aðlaðandi augnatillit margra fagurra unglingsstúlkna, og háðsleg bros frá ungum mönnum á hans aldri, sem við mættum við og við, studdi hann minn veika líkama með jafn mikilli umhyggjusemi einsog eg hefði verið keisrainna, og tempraði fjöruga göngulagið sitt eftir seina ganginum mínum. Það var sannarlega eðallyndur hugsunarháttur, sem hann lét í ljósi, fylgdarmaðurinn mín. Hefðuð þér getað séð hann, ungfrú Katharine, eða þér, ungfrú Fanny, þá hefði hjarta ykkar tilheyrt honum frá þeirri stundu. Hann var sönn fyrirmynd.

“Hvert hann ætlaði sjálfur, veit eg ekki, því hann yfirgaf mig ekki fyrr en við dyrnar á húsi Clintons. Eg get naumast haldið, að honum hafi verið nein þægð í, að eiga mitt gamla hjarta, en eg held stundum, að það hafi fylgt honum; því enn í dag hugsa eg oft til hans”.

“Og það hafa verið launin hans”, sagði Kitty.

“Nei, ungfrú Kitty, getið þér aftur”.

“Eg get ekki hugsað mér annað æskilegra, ungfrú Pace”.

“Laun hans voru gæfa lífsins, ungfrú Katharine.

Þó er líklegt, að hann sé ekki enn fær um að meta þýðingu þeirra launa".

"Hvers vegna?" spurði Fanny.

"Nú skal eg með fáum orðum segja frá endir sögunnar. Frú Clinton hvatti mig ætíð til að tala mikið, þegar eg var hjá henni. Hún þekti smekk minn og lét mig rausa og mér þótti vænt um nærgætni hennar. Eg sagði henni frá fylgdarmanni mínum og lýsti kostum hans og útliti. Hr. Clinton var til staðar og heyrði alt; hann var maður, sem kunni að meta kurteisni og varð hrifinn af þessu eðallyndi drengsins, og lofaði mér að gefa honum vinnu og efndi það. Hinir eðallyndu andlitsdrættir hans og svipur mæltu með sér sjálfir og útveguðu honum skrifarastöðu. En síðan hefir hann ávalt komist hærra og hærra, og nú er hann orðinn verzlunarfélagi og umboðsmaður fyrir mikiðsvert og auðugt verzlunarhús. Ungfrú Ísabella, mér þætti gaman að heyra síðustu fregnirnar af hr. William Sullivan".

"Eg held honum líði vel", svaraði Ísabella fýluleg; "eg hefi að minsta kosti ekki heyrt annað".

"Ó, Gerti veit það", sagði Fanny; "Gerti veit um alt, sem snertir hr. Sullivan; hún getur sagt yður frá honum".

Nú litu allir á Gerti, sem með ólýsanlegri ánægju hafði hlustað á sögu gömlu konunnar. Ungfrú Pace sneri sér nú að henni, og varð hissa á því að heyra að hún þekti unga fylgdarmanninn hennar. Gerti svaraði öllum spurningum hennar undir eins og feimnislaust; en svo lágt, að hitt fólkið, sem ekki hugsaði um Willic, fór að tala saman um annað efni.

Gerti sagði nú ungfrú Pace, hve forvitinn Willie og ættingjar hans hefðu verið um það, að vita hver orsökina hefði verið til gæfu hans, og gamla konan hafði svo mikið gaman af að heyra um tilgáturarnar um það efni, að hún hló eins glaðlega og unga fólkið við dyrnar.

Ungfrú Pace bað nú Gerti að flytja Willie margar og kærar kveðjur frá sér í næsta bréfi, sem hún skrifaði honum. En nú kom frú Graham til þeirra og hrópaði:

“Hamingjan góða! Þið sitjið hér öll ennþá; eg hélt þið ætluðust að ganga ykkur til skemtunar í skóginum. Kitty, hvað er orðið af þeirri fyrirætlun þinni, að fara upp á fjallið til þess að sjá sólsetrið þaðan?”

“Eg minnst á það fyrir klukkustundu síðan, en Bella sagði, að það væri of heitt: mér sýnist veðrið hentugt fyrir slíkt ferðalag”.

“Það kólnar bráðum”, sagði frú Graham, “svo þið ættuð að fara af stað; vegurinn er býsna langur”.

“Hver ratar þangað?” spurði Kitty.

Enginn svaraði spurningunni, og furðaði Gerti á því, þar eð hún hélt að Bruce væri kunnugur. En nú fór Emily að finna til höfuðverkjar, svo Gerti fór með henni upp í herbergi hennar. Þegar hún var að loka dyrunum, kom Fanny og spurði: “Komið þér ekki með okkur, ungfrú Gerti?”

“Nei”, svaraði Gerti, “ekki í dag”.

“Þá fer eg ekki heldur”, sagði Fanny. “Því viljið þér ekki koma með okkur, ungfrú Gerti?”

“Eg ætla bráðum að ganga út með Emily, ef hún er svo frisk að geta það; þú mátt vera með okkur, ef þú vilt, en eg held þú hafir meiri ánægju af að fylgja hinum og sjá sólsetrið”.

Niðri var talað um, að fá Gerti til að fylgja þeim, en Bella var því mótfallin. Loks varð það þó niðurstaðan, að Kitty var send upp til að biðja hana að verða samferða.

Arnþjótur B. Olsen

TUTTUGASTI OG FYRSTI KAPITULI.

Fyrirlitning.

Gerti vildi helst ekki fara; en þegar Emily hvatti hana til þess, samþykkti hún það loksins. Hún lét nú á sig þykka skó og fór svo að leita að hattinum sínum í skápnum, þar sem hún var vön að geyma hann.

"Að hverju leitarðu?" spurði Emily, þegar hún heyrði Gerti ljúka upp skápnum aftur og aftur.

"Að hattinum mínum; eg get ekki fundið hann. Eg má biðja þig að lána mér hattinn þinn". Hún lét nú á sig hatt Emily, sem lá á rúminu. um leið og Emily sagði:

"Gjörðu svo vel, góða mín".

"Eg fer nú bráðum að halda, að eg eigi hann", sagði Gerti glaðlega, "eg brúka hann svo miklu oft en þú".

Niðri stóð Fanny og beið hennar; hitt fólkið var farið fyrir stundarkorni. Emily kallaði nú á eftir þeim: "Gerti, þú hefir líklega látið á þig þykka skó? Það er alt af svo blautt hjá Tomtons girðingunni". Gerti kvaðst hafa þykka skó; en datt nú í hug, að hinar hefðu ekki verið svo varkárar, og spurði því frú Graham, hvort Bella og Kitty hefðu búið sig undir að verða að vaða í bleytu.

Frú Graham kvað þær ekki hafa gjört það, og þær eð þær væru komnar svo langt, vissi hún ekki hvað ætti að gjöra.

"Ég hefi léttá utanhafnarskó og þá skal eg hafa með mér, og við Fanny skulum ná þeim áður en þær eru komnar að bleytunni".

Það var auðvelt að ná Bellu og lantinantinum, sem gengu mjög hægt, líklega af ásettu ráði. En Kitty og Bruce voru langt á undan þeim.

Þau voru nú komin að blautu mýrinni; en Gerti og Fanny áttu enn drjúgan spöl til þeirra og voru orðnar all-móðar af hlaupunum. Þegar þær gengu fram hjá heimili Tomtons, kom frúin út í dyrnar og ávarpaði Gerti, sem nú hjóst við töf og bað því Fanny að hlaupa á undan og segja Kitty og bróður sínum frá bleytunni og biðja þau að biða þangað til Bella og lautinantinn kæmu. Fanny varð of sein, því Bruce var kominn yfir torfaruna með Kitty eftir þeirri einu leið, sem var fær. Gerti náði nú Fanny.

Bella og lautinantinn nálgufust svo hægt, að Fanny leiddist að biða og bað Gerti að halda áfram og láta þau eiga sig. Loksins komu þau fyrir girðingarhornið; en Bella gekk jafn hægt og áður, þó hún sá að beðið væri eftir þeim.

"Eruð þér orðnar máttvana, ungfrú Clinton?" hrópaði Fanny.

"Máttvana? Við hvað áttu?" spurði Bella.

"Þér gangið svo hægt", sagði Fanny, "að eg hélt að eitthvað gengi að fótunum yðar".

Bella fann það ekki viðeigandi að svara og gekk áfram, án þess að líta við Gerti; en hún lét sem hún sá ekki okurteisi Bellu, tók í hendi Fanny og sneri inn á annan veg og sagði róleg og kurteis: "Þessa leið, ef þér viljið gjöra svo vel, ungfrú Clinton. Við höfum beðið eftir yður til þess að leiðbeina yður yfir þessa blautu mýri".

"Er blautt hérna?" spurði Bella og leit á þunnu skóna sína, en bætti svo við í gremjuróm: "Eg hélt að þér þektuð veginn betur en svo, að fara með okkur hingað. Eg fer ekki yfir þessa for".

"Þá verðið þér að fara heim aftur", sagði Fanny; "það sér enginn eftir því".

"Það var ekki mín uppástunga", svaraði Gerti stillilega, en roðnaði þó ögn; "eg held samt að eg geti hálpað yður út úr þessum vandræðum. Frú Graham hélt, að þér hefðuð of þunna skó og tók eg því þessa

utanhafnarskó með mér”.

Bella tók við þeim, án þess að þakka fyrir, og þegar hún opnaði umbúðapappírinn, spurði hún: “Hver á þá?”

“Eg”, svaraði Gerti.

“Eg held eg geti ekki hamið þá á fótunum”, tautaði Bella, “þeir eru líklega alt of stórir”.

“Með leyfi yðar?” sagði lautinantinn, og um leið og hann tók annan skóinn, laut hann niður til að hjálpa henni að láta þá á sig; en það var all-erfitt því þeir voru of litlir. Þegar Bella varð þess vör; vildi hún sálf láta þá á sig, og í reiði sinni sleit hún mjóu böndin, sem láu yfir ristina, en samt kom hún ekki öllum fætinum í skóinn.

Meðan þær héldu áfram varð Fanny vör við laglegan, barðabreiðan hatt, sem Bella bar öðrumegin á höfðinu, og þekti undir eins að það var hattur Gerti. Hatturinn var nokkuð einkennilegur, svo Gerti hefði naumast keypt hann sjálf; en svo stóð á, að Graham eyðilagði hattinn hennar af ógáti og keypti svo þenna handa henni í staðinn. Hattinn geymdi Gerti í skáp nokkrum og þar fann Bella hann og tók hann. Þegar Fanny ásamt Gerti gengu á eftir Bellu og lautinantinum, benti hún á hattinn til að vekja athygli Gerti, gretti sig og gjörði óteljandi fettur, brettur og bendingar, sem allar áttu að þýða, að hana languði til að rífa hattinn af Bellu og setja hann á Gerti.

Gerti gat varla varist hlátri. Hún hristi höfuðið, gaf Fanny hótandi fingurbendingar og merki til þess að hætta, og að síðustu hraðaði hún sér á undan Bellu, ásamt Fanny, svo að hún sæi ekki fetturnar og bretturnar hjá henni”.

“Þú mátt ekki koma mér til að hlæja, Fanny”, sagði hún; “ef ungfrú Clinton hefði séð til þín, hefði hún orðið mjög gröm”.

“Hún þarf ekki að brúka hattinn yðar, og hún skal ekki gjöra það”.

“Hún má það gjarnan”, sagði Gerti, “hann fer henni vel, og þú mátt alls ekki láta hana vita, að eg elgi hann”.

Fanny lofaði engu, og svipur hennar var svo hrekkjalegur, að við einhverju mátti búast.

Ferðin í gegnum skóginn var unaðsleg, svo Gerti og vina hennar næstum gleymdu hinum, en þá sáu þær alt í einu Kitty og Bruce. Þau sátu við rætur gamallar eikur, og Kitty var að búa til krans úr eikarblöðum, sem hún festi á hatt Bruces; en hann hallaði sér upp að trénu kæruleysislega. En þegar hann sá Gerti, laut hann að Kitty og horfði á starf hennar, og þegar Gerti kom svo nálægt, að hann vissi að hún heyrði til sín, fór hann að þakka Kitty og hrósa henni með mörgum fögrum orðum, sem gladdi Kitty mjög mikið. Vesalings Kitty tók þetta fals hans fyrir alvöru og festi einlæga ást á honum. Gerti og Fanny settu sig spölkorn frá þeim.

“Ungfrú Gerti”, sagði Fanny, “eg vildi að við værum komnar inn í greniskóginn, svo að eg gæti fundið fáeina greniköngla til að búa til úr þeim körfur og öskjur”.

“Þarna eru mörg grenitré”, sagði Gerti.

“Getum við ekki farið þangað og litið eftir grenikönglum?” sagði Fanny; “við getum verið komnar hingað aftur áður en Bella Clinton kemur”.

Gerti var fús til að fara með henni og þær fóru líka strax, eftir að hafa hengt hattana sína upp í tré. Fanny fann undir eins svo marga greniköngla, að hún vissi ekki, hvernig hún ætti að koma þeim heim með sér. “Eg ætla að hlaupa og lána vasaklút hjá Bruce, og ef hann vill ekki lána mér hann, þá tek eg hattinn minn og fylli hann”. Gerti lofaði að biða hennar og hún þaut af stað. Þegar hún nálgadist plássid, þar sem Kitty og Bruce voru, heyrði hún fleiri raddir og háan hlátur. Bella og lautinantinn voru komin og skemtu sér yfir einhverju. Bella stóð með hvíta hatt-

inn í hendinni; hún hafði breytt lögun hans, svo hann leit út sem hattur gamallar konu, fest á hann brossablóm og brennisóley og vasaklút sem blæju. Hann var í sannleika hlægilegur, — hún hélt honum á lofti á staf lautnantsins og spurði, hve mikið menn vildu bjóða í brúðarhattinn hennar ungfrú Flint.

Fanny hlustaði eitt augnablik á þetta með beiskri gremju; þaut svo alt í einu til þeirra eins og hún kæmi úr skóginum. Kitty þreif í kjólinn hennar og kallaði: "Hvað er þetta, ert þú hér, Fanny? Hvar er Gerti?"

"Hún er inni í greniskóginum", svaraði Fanny, "og eg ætla þangað aftur; hún sendi mig hingað til að sækja hattinn sinn, því þar er svo heitt".

"Ó, já", sagði Bella, "Parísar-hattinu hennar. — Gjörðu svo vel að færa henni hann ásamt lukkuóskum okkar".

"Nei, hún á ekki þenna hatt, ungfrú Emily á hann", sagði Fanny; "en þetta er hennar hattur", sagði hún um leið og hún tók hattinn af höfði Bellu.

Augu Bellu skutu eldingum. "Hvað á þetta að þýða, óþekka stelpa þín?" sagði hún. "Fáðu mér hattinn undir eins aftur", og hún rétti hendina eftir honum og ætlaði að taka hann.

"Það dettur mér ekki í hug að gjöra", svaraði Fanny; "þetta er hattur Gerti. Hún var að leita að honum í dag og komst að þeirri niðurstöðu, að hann væri annaðhvort týndur eða að honum hefði verið stolið. og þess vegna fékk hún hatt ungfrú Emily að láni; en henni mun þykja vænt um, að hann er fundinn, og nú ætla eg með hann til hennar. Eg held þó", sagði hún um leið og hún hljóp af stað og leit við, "að ungfrú Emily leyfi, að þér notið hennar hatt, ef þér farið vel með hann".

Eftir fáein augnablik meðan Bella skammaðist sín og var reið, Kitty og Bruce hlóu og lautinantinn bar kæti sína í laumi, kom Gerti skyndilega út úr skóginum með hattinn í hendinni og Fanny hlæjandi illgirn-

islega á eftir sér. "Miss Clinton", sagði hún um leið og hún lagði hattinn í fang hennar, "eg er hrædd um, að Fanny hafi verið ókurteis í minni nafni. Eg sendi hana hvorki eftir þessum hatti né öðrum, og það gleddi mig, ef þér vilduð nota þenna hatt eins oft og þér viljið".

"Eg þarf hans ekki með", svaraði Bella fyrirlitlega, "eg hafði enga hugmynd um, að þér ættuð hann".

"Eg trúi því", svaraði Gerti; "en eg vona að það hamli yður ekki frá að nota hann, að minsta kosti í dag". Án þess að eyða fleiri orðum um þetta, stakk hún upp á því, að hraða sér upp á hæðina, því annars sæu þau ekki sólsetrið, og hinum til eftirdæmis lagði hún af stað ásamt Fanny, sem var að rífa skritilega skrautið af hattinum hennar Emily. Bella batt skrautsaumuðum vasaklút um höfuðið, og Bruce tók stráhattinn hennar Gerti, sem Bella hafði fleygt á jörðina, og lét hann dingla á handlegg sínum.

Bella var í slæmu skapi allt kveldið, en hinum þótti ferðin skemtileg, og það var nærri komið myrkur það kom á móts við heimili Thomtons á heimleiðinni. Þar yfirgaf Gerti hópinn um leið og hún sagði við Fanny, að hún ætlaði að líta inn til Jenny Thomson, eins af sunnudagaskólanemendunum sínum, sem væri mjög veik, og að hún gæti ekki komið þangað inn með sér, því mömmu hennar mundi líka illa, að hún færi inn í hús þar sem margir væru veikir.

Þegar Gerti var á heimleið hér um bil klukkutíma síðar, rakst hún á Bruce í nánd við hús Grahams með hattinn hennar á handleggnum; það leit út fyrir, að hann hefði beðið hennar. Hún hrökk við þegar hún mætti honum, því það var svo dimt, að hún þekti hann ekki strax.

"Eg vona að eg hafi ekki gjört yður hrædda, ungfrú Gerti", sagði hann.

"Nei", svaraði hún, þegar hún heyrði hver það var. "Eg vissi ekki, að það voruð þér".

Hann rétti henni handlegg sinn og hún tók hann; því kurteisísatlotin, sem hann hafði sýnt Kitty, höfðu komið þeirri skoðun inn hjá henni, að atlot hans við sig hefðu enga dýpri þýðingu.

“Þessi kveldferð hefir verið skemtileg”, sagði hann, “að minsta kosti fyrir mig. Samvera mín við Kitty hefir verið ánægjuleg”.

“Því trúi eg vel”, svaraði Gerti; “mér geðjast vel að fjörugu og eðlilegu framkomunni hennar”.

“Eg er hræddur um, að Fanny hafi þreytt yður. Eg ætlaði oft til ykkar, en gat ekki yfirgefið Kitty né hætt samtalinu við hana”.

“Við Fanny erum vanar að vera saman og við skemtum okkur ágætlega”.

“Vitið þér að við höfum komið okkur saman um, að aka okkur til skemtunar á morgun?”

“Nei, um það veit eg ekkert”.

“Eg held að ungfrú Kitty búist við að eg bjóði sér, en ef eg léti yður ganga fyrir og byði yður, hverju mynduð þér þá svara?”

“Að eg væri yður mjög þakklát, en að eg væri búin að lofa ungfrú Emily að aka með henni”, svaraði Gerti strax.

“Er það tilfellið?” sagði hann hissa og í gremjuróm. “Eg hélt, að yður mundi geðjast að því; en ungfrú Kitty tekur tilboði mínu, það efast eg ekki um. Eg ætla að fara inn og spyrja hana um það. Hérna er hatturinn yðar”.

“Þökk fyrir”, sagði Gerti og ætlaði að taka hann, en Bruce hélt honum föstum og sagði:

“Þér viljið þá ekki vera með okkur, ungfrú Gerti?”

“Eg get alls ekki brugðist lofordi mínu við Emily”, svaraði Gerti, glöð yfir því að hafa slíka ástæðu fyrir neitun sinni.

“Rugl”, sagði Bruce. “Þér getuð komið með okkur, ef þér vilduð, en fyrst þér ekki vilið það, þá ætla eg í raun og veru að bjóða ungfrú Kitty”.

Aherzlan, sem hann virtist leggja á þessa hótun, gjörði Gerti hissa. "Skal það vera mögulegt, að hann haldi, að þetta vekji hjá mér sorg eða gremju?" hugsaði hún og svaraði því hiklaust: "Ef neitun mín gæti orðið til þess að útvega Kitty ánægju, gleddi það mig mikið; henni líka tilbreytingar, en hefir svo sjaldan tækifæri til að njóta þeirra".

Þau gengu nú inn í daglegu stofuna. Bruce fann Kitty sitjandi í gluggaskotinu; en þar eð Gerti sá, að Emily var þar ekki, fór hún strax út, en áður en hún fór sá hún hin vingjarnlegu atlot Bruce við Kitty, sem og aðrir sáu líka. Kitty lofaði að fara með honum daginn eftir og efndi það.

TUTTUGASTI OG ANNAR KAPITULI.

Drambsemi.

Langur tími leið án nokkurra tilbreytinga. Veðrið var orðið mjög heitt. Lautinantiinn ferðaðist til bæjarins og Isabella, sem ekki gat tekið hitanum með þolinmæði og gat ekki heldur verið án félagsskapar, varð óðelli með hverjum degi.

Fyrir Kitty voru þessir dagar þar á móti ihugunarverðir. Hr. Bruce kom oft til Grahams, en vesalings Kitty var oft í vafa, því það var ómögulegt að skilja framkomu Bruce, án þess að þekkja tilgang hans. Það var aðeins þegar Gerti var í nánd, að hann veitti Kitty svo aðdánlegt og ástúðlegt athygli, sem hann hélt að myndi vekja öfund Gerti.

Gerti skildi tilgang hans undir eins og fylltist kviða yfir frantið Kitty. Hún reyndi við öll tækifæri að láta hann sjá, að hún skeytti ekki hið minsta um hann, og að hann á engan hátt gæti gjört sig fyrirlið-

legri, eftir hennar skoðun, en að hegða sér einsog hann gjörði. Kitty, sem áður hafði álitist Gerti keppinauf sinn, sagði henni leyndarmál sitt, og sömuleiðis frá öllum ástaratlotum Bruce, sem hún var mjög glöð yfir; en þegar Gerti sagði henni, að það væri best að vera varkár, varð hin káta Kitty hnuggin og vissi ekki, hvað hún átti að hugsa.

Að lokum reyndi hann stöðuglyndi Gerti með því að bjóða henni mjög verðmikinn hring, sem hún neitaði harðlega að þiggja; en daginn eftir sá hún hringinn á fingri Kitty, er sagði henni óendanlega glöð hver hefði gefið sér hann.

“Og þú þáðir hann?” spurði Gerti með svo sjáanlegri undrun, að Kitty áleit hyggilegast að segja, að hún hefði að eins lófað að bera hann nokkra daga.

“Eg hefði ekki þegið hann”, sagði Gerti.

“Hvers vegna ekki?”

“Af því það er ekki viðeigandi, að þiggja slíka gjöf af karlmanni, og af því, að aðrir kynnu að gjöra óþægilegar athugasemdir, þegar þeir sæu hann”.

“Hvað mundir þú gjöra við hann?” spurði Kitty.

“Skila honum aftur”.



Kitty var í efa, en skilaði honum þó og sagði unleið, hvað Gerti hefði sagt. En Bruce, sem ekki skildi tilgang Gerti, komst að þeirri niðurstöðu, að nú væri hann búinn að ná ást hennar.

Vonbrigði hans voru því mikil, þegar hann við næstu samfundi sýndi honum sömu köldu kurteisina og hún hafði gjört undanfarið; já, honum fanst hún jafnvel ennþá tilfinningarminni fyrir kostum hans, en hún hafði nokkurntíma áður verið, og þar af leiðandi fór hann strax úr húsinu, Kitty til mikillar hrygðar.

“Á eg að ákveða að giftast þessari fátæku stúlku?” hugsaði hann. “Á eg, sem nú á miklar eignir og á von á ennþá meiri auð, að sleppa þeim hagsmunum, sem rik gifting veitir og niðurlægja mig til að skifta auð mínum með þessari nafnlausu stúlku? Ef hún væri



(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

ekki eins áhrifamikil, skyldi eg láta vonir hennar bregðast. Mér þætti gaman að vita, hvað hún segði, ef eg giftist Kitty. En eg fengi aldrei að vita það, hún er svo dramsöm, að hún mundi vera til staðar við giftingu mína, beygja beina hálsinn sinn með sínum eðlilega unaði og segja: "Gott kveld, hr. Bruce!" — jajfn kurteis og róleg einsog nú. En ef hún yrði frú Bruce, væri eg upp með mér af hinni metnaðarlegu framkomu hennar. Mér þætti gaman að vita, hvernig það orsakaðist, að eg varð ástfanginn af henni — eg skil það alls ekki. Hún er ekki frið, að minsta kosti finst ekki mömmu það, og ekki Bellu Clinton heldur. En lautinant Osborne veitti henni þó athygli undir eins og hún kom inn í salinn, og Fanny er hrifin yfir fegurð hennar. Sjálfur veit eg ekki, hvað mér finst; eg held hún hafi töfrað mig svo, að eg hafi mist dómgreind mína. En þó hún sé engin fegurð, hefir hún það til að bera, sem meira er vert en ytri fegurð".

Um þetta leyti voru fjölskyldur Bruce og Grahams boðnar í brúðkaupsveizlu fáar mílur frá D. Brúðurin var skólasystir Bellu og bæði hún og Kitty hlökk-uðu mikið til veizlunnar. Frú Bruce átti stóran, rúm-góðan, lokaðan vagn og bauð frænkunum að verða sér samferða, þar eð Grahams vagn tók æplega fleiri en hann og frú hans. Tilboðinu var tekið með ánægju.

Vonin um skemtilegan félagsskap bætti lunderni Bellu. Bella fór í sparifötin sín, og meðan hún stóð frammi fyrir speglinum og hugsaði aðeins um sjálfa sig, stóð Kitty við hlið hennar og bað um ráðleggingar og hjálp viðvikjandi sínum búnaði en henni var ómögulegt að fá svar, svo hún sneri sér að Gerti.

"Gerti", sagði Kitty, "í hvaða klæðnaði á eg að vera í kveld? Eg hefi beðið Bellu að segja mér þetta, en hún vill hvorki heyra né sjá, þegar hún er að hugsa um sinn eigin klæðnað. — Ó, hún er svo voðalega eigingjörn".

"Hver gefur henni ráðleggingar?" spurði Gerti.

“Enginn; en hún hefir svo góðan smekk, sem eg hefi ekki minstu ögn af. Þess vegna verðið þér að segja mér, hverju eg á að klæðast í kveld”.

“Þér ættuð sízt að spyrja mig um það, Kitty, því eg hefi aldrei á æfi minni verið í margmennu samkvæmi”.

“Það gjörir ekkert. Eg er viss um það, að ef þér væruð með í samkvæmi munduð þér verða meir aðlaðandi, en nokkur okkar, og eg hika ekki við að fylgja ráðum yðar; eg hafi aldrei séð yður með neitt smekklaut”.

“Nei, nei, Kitty, nú farið þér of langt; þér megið ekki koma með neinar öfgar, ef þér viljið að eg trúi yður”.

“Jæja, eg ætla þá ekkert að segja um yður sjálfar, því eg veit, að yður geðjast ekki að smjaðri. En hver velur klæðnað handa ungfrú Emily?”

“Það hefi eg gjört núna um tíma, en —”

“Eg hugsaði það, og þess vegna er hún ávalt svo smekklega klædd. — En, Gerti, hefir ungfrú Emily ávalt verið blind?”

“Nei, þangað til hún var 16 ára hafði hún eins fögu raugu og sá eins vel og þér”.

“Hvernig misti hún sjónina?”

“Eg veit það ekki”.

“Hafið þér aldrei spurt hana um það?”

“Nei”.

“Hvers vegna ekki? Það er undarlegt”.

“Mér hefir verið sagt, að hún vildi ekki um það tala”.

“En yður hefði hún sagt það. Hún nærri því tilbiður yður”.

“Ef hún vildi að eg vissi það, myndi hún hafa sagt mér það, án þess eg spyrði”.

Kitty leit á Gerti alveg undrandi yfir svo mikilli nærgætni, og dáðist ósjálfrátt að svo góðum hugsunarhætti, sem hún vissi að hún sjálf átti ekki til.

“En það var um klæðnaðinn yðar, sem við ætluðum að tala”, sagði Gerti brosandi.

“Já, það er alveg satt; eg var nærri búin að gleyma í hverju skyni eg kom hingað”, sagði Kitty. “Hvernig á hann þá að vera — rauður, blár eða hvítur, léttur eða veigamikill?”

“Hvað hefir Bella valið sér?”

“Hún hefir valið sér þykkan, bláan silkikjól; blátt er uppáhalds litur hennar, en hann á ekki við mig”.

“Eg held ekki”, sagði Gerti, “en nú skulum við fara inn í herbergi yðar og skoða klæðnaðinn, og þá skal eg segja yður mína skoðun”.

Þegar þær voru búnar að skoða kjólana, sem Kitty átti, úr léttu, gagnsæu efni, og Gerti hafði mælt þá, völdu þær fallegan, hvítan *Crepe*-kjól. En nú komu ný vandræði, því ekkert höfuðskraut var viðunandi, alt var meir eða minna skemt og þoldi engan s. r. við þann blómsveig, sem Bella hafði valið s. r.

Eg get engan þeirra notað”, sagði Kitty, “þeir eru svo lélegir í samanburði við blómsveiginn hennar Bellu, en sko hérna, þessi eru yndisleg”, sagði hún og leit niður í öskju, sem stóð á borðinu. Nei, Bella, hvar hefirðu fengið þessi fallegu negulblóm?” Hún greip eftir blómunum um leið og hún sagði við Gerti, að einmitt svona blóm vildi hún.

“Ó, Kitty”, sagði Bella gröm, um leið og hún sneri sér frá speglinum, “snertu ekki blómin mín, þú eyðileggur þau”. Um leið og hún sagði þetta tók hún blómin frá henni, lét þau niður í skúffu, sem hún læsti, og stakk lyklinum í vasa sinn. — Gerti gramdist að horfa á slíka hegðun.

“Ef þér viljið, þá er eg fús til að búa til sveig handa yður úr lifandi blómum, Kitty”, sagði Gerti.

“Er það alvara yðar, Certi?” svaraði hin móðgaða Kitty. “Hann verður fallegur og hann líkar mér best. Og þú eigingjarni, gamli nirfill, getur átt alla þína sveiga sjálf. Slæmt að þú getur ekki notað tvo í einu”.

Gerti bjó nú til svo smekklegan sveig handa Kitty, að Bella öfundaði hana, enda þétt hún vissi, að Kitty gæti aldrei kastað skugga á fegurð sína.

TUTTUGASTI OG ÞRÍÐJI KAPITULI.

Hinn útskýfaði.

Emily var ekki vel frisk þetta kveld. Á síðari tímum kom það oft fyrir að höfuðveiki, þreyta eða viðkvæm hræðsla við hávaða og gleðiglamur kom henni til að fara upp í herbergi sitt eða að háttu snemma. Þegar frú Graham og frænkur hennar voru farnar ofan til að biða eftir vögnunum, fór Gerti aftur inn til Emily og sá að hún var vesælli en vanalega. Hún félst strax á, að reyna það eina gagnlega hjálparmeðal, svefninn, og Gerti settist há rúminu hennar og baðaði gagnaungun þangað til hún sofnaði. Hávaðinn af vagni frú Bruce, þegar hann kom og fór, truflaði ró hennar ofurlítið, en brátt sofnaði hún aftur rólega og fast. Gerti sat enn kyrr litla stund, en svo stóð hún upp og bjó alt undir nóttina, fór síðan til herbergis síns og sótti þangað bók, sem hún fór með ofan í svölu daglegu stofuna, og settist þar við borð til að njóta þeirrar rósemi, sem nú var svo sjaldgæf.

En hún gat ekki fest hugann við bókina, stóð því upp og gekk að opnu glerdyrunum, settist þar og fór að hugsa.

Hún var ekki búin að sitja lengi, þegar hún heyrði fótatak rétt hjá sér, og þegar hún leit upp, sá hún Bruce. Hún varð hissa og sagði: "Hr. Bruce, er það mögulegt að þér séuð hér. Eg hélt þér væruð farinn í veizluna".

"Nei, hér var sterkara aðdráttarafl. Gat yður til

hugar komið, að eg hefði ánægju af samkvæmi þar sem þér ekki voruð til staðar?"

"Eg gæti aldrei verið svo hégómagjörn, að ímynda mér hið gagnstæða", svaraði Gerti.

"Eg vildi, að þér ættuð meira af hégómagirni, ungfrú Gerti. Máskæ þér gætuð þá stundum trúað því, sem eg segi".

"Það gleður mig, hr. Bruce, að þér eruð svo hreinskilinn að viðurkenna, að án þess eiginleika sé manni ómögulegt að trúa yðar fögru orðum".

"Það viðurkenni eg alls ekki. Eg segi yður aðeins það, sem hver ung stúlka, að yður undanskilinni, er fús til að heyra; en hvernig á eg að geta fullvissað yður um, að mér sé alvara og að eg vil vera skilinn á þann hátt? Hvernig á eg að fá yður til að vera óþvingaðri gagnvart mér og hætta að flýja eða forðast félagskap minn?"

"Með því að tala blátt áfram og hreinskilnislega við mig, og hlifa mér við öllu smjædri og vinalátum, sem eg hefi reynt að sannfæra yður um, að eg veiti ekki móttöku".

"En þau hafa þýðingu, Gerti, djúpa þýðingu. Eg hefi í marga daga beðið eftir tækifæri til að segja yður frá áformi mínu, og "bætti hann við, þegar hann sá að Gerti skifti lit og varð kviðafull og óróleg, "nú verðið þér að hlusta á mig. Þér verðið að gefa mér svar, sem eg vona að verði í samræmi við óskir mínar. Yður geðjast að hreinskilni, og eg ætla því að verða eins hreinskilinn og eg get núna, þegar eg hefi fastákveðið takmarkið, sem eg vil ná. Vinir mínir og ættingjar mega verða eins hissa og þeir geta orðið og fjasa eins og þeir vilja yfir því, að eg vel mér konu, sem hvorki á auð né nafn, en eg hefi ásett mér að þverskallast við þeim öllum og býðst því til að skifta auði mínum og ástæðum milli mí og yðar. Hvaða gagn er að peningum, ef þeir gjöra mann ekki svo óháðan, að hann geti breytt einsog hann vill? Og hvað viðvíkur heim-

inum, þé eg að þér getið borið höfuð yðar jafn hátt og aðrir, Gerti; ef þér því gjörið engar athugasemdir skulum við ekki lengur leika skollaleik, en álíta þessu málefni lokið", og hann reyndi að gripa hendi hennar.

Gerti hupaði á hæl, hún varð blóðrauð í kinnum og augun skutu eldingum, þegar hún leit á hann með þeirri undrun og drambi, sem ekki varð misskilið.

Í tilliti þessara dökku, rólegu, bitru augna var mikið að lesa, og Bruce svaraði því með þessum orðum: "Eg vona, að þér misvirðið ekki hreinskilni mína".

"Hreinskilni yðar", sagði Gerti róleg. "Nei, hana misvirði eg aldrei. En hvað hefi eg gjört, sem hefir vakið það oftraust hjá yður, að eg fæ ekki að segja eitt orð um þetta málefni, meðan þér talið um óskir ættingja yðar og vina?"

"Ekkert", svaraði Bruce í afsakandi róm, "en eg hélt að breytni yðar væri bygð á þeirri ímyndun, að eg vildi leika með ást yðar, og að þér af þeirri ástæðu væruð svo fálátar við mig, sem þér ekki munduð vera, ef þér vissuð, hve alvarlegur tilgangur minn var; en þér megid trúa því, að eg dáist ennþá meira að yður fyrir það, að framkoma yðar var svo virðingarverð, og þar eð eg hefi vonað, að þér bæruð hlýjan hug til mín, verðið þér að fyrirgefa mér þetta. Eg kalla mig gæfuríkan, ef eg fæ gott svar hjá yður".

Svipur særðrar velsæmistilfinningar hvarf af andliti Gerti. "Hann hefir ekki betra vit", hugsaði hún, "eg verð að hafa meðaumkun með hégómagirni hans og fávizku og kenna í brjósti um hann af því vonir hans bregðast". Hún varð nú mildari í viðmóti við hann og neitaði honum ný vingaarnlegum og nærgætnum orðum. En hún fór nærri að iðrast eftir meðaumkun sinni með honum, þegar hún heyrði, hvernig hann tók neitun hennar.

"Gerti", sagði hann, "annaðhvort hendið þér gaman að mér eða sjálfri yður. Ef þér hafið ennþá löng-

un til að brúka léttúðarglens við mig, þá bið eg yður að ihuga það, að eg vil ekki auðmýkja mig til að sækjast eftir yður. En ef þér að hinu leytinu gleymið yðar eigin hagsmunum svo gjörsamlega, að þér af ásettu ráði hrindið frá yður öðrum eins eignum og eg á, þá get eg aðeins vorkent yður, að eiga engan vin til að ráðleggja yður. Slik gæfa býðst ekki daglega, að minsta kosti ekki fátækum kenslukonum, og ef þér eruð svo heimskar, að forsmá hana, þori eg að segja að slíkt tilboð fáið þér aldrei aftur”.

Þessi móðgandi orð vöktu gömlu ofsalegu reiðina í Gerti, sem sauð í huga hennar, svo sjá mátti það, jafnvel á fingurgómunum, sem skulfu, þar sem þeir hvildu á borðinu, er hún stóð við; en hún stilti sig og svaraði rólega: “Þú að eg gleymdi sjálfsvirðingu minni að svona miklu leyti, hr. Bruce, vildi eg þó ekki móðga yður svo stórkostlega, að giftast yður vegna peninga yðar. Eg fyrirlit samt ekki auðinn, því eg þekki öll þau tæði, sem honum fylgja, en ást mín fæst eigi keypt fyrir peninga”.

Að enduðum þessum orðum gekk hún til dyranna.

“Bíðið þér”, sagði Bruce og greip hendi hennar; “hlustið þér á mig eitt augnablik og leyfið mér að bera upp eina spurningu enn. Finnið þér til afbrýði af því, að eg hefi nú um tíma sýnt annari stúlku vinnu-gjarnleg atlot?”

“Nei”, svaraði Gerti, “en eg verð að viðurkenna, að eg skil ekki tilgang yðar í því efni”.

“Þér hafið þó ekki haldið, að eg skeytti neitt um hina flónslegu Kitty?” spurði hann ákafur. “Gátuð þér eitt augnablik haldið, að eg hefði annan tilgang en þann, að sýna yður að alúðar-atlot mín voru vel þegin annarsstaðar? Nei, eg legg við drengskap minn, að hugur minn hefir aldrei hneigst að henni; hjarta mitt hefir ávalt tilheyrt yður, og eg lézt vera hugfanginn af henni í því skyni, að sjá afbrýði í augnatilliti yðar. Ó, hve oft hefi eg ekki óskað mér, að sjá svo

sem fjórðapartinn af slíkri gleði, sem Kitty lét í ljósi yfir nærveru minni, í angum yðar; að þér værnð hnugnar þegar eg var það, og hlæjandi þegar eg var glaður, þá hefði eg, einsog tilfellið var gagnvart henni, glaðst yfir því að ná ást yðar. En elska Kitty, — nei, svei, svei; keltuhundurinn hennar frú Graham gat eins vel verið keppinautur yðar og þessi litilmöllega —”.

“Pey, pey”, greip Gerti fram í, “þegið þér mín vegna, ef þér ekki viljið gjöra það yðar vegna. Ó, hve —”, meira gat hún ekki sagt, en hné niður í næsta stólinn, byrgði andlitið með höndunum, einsog hún gjörði í æsku, og grét hindronarlaust.

Bruce horfði undrandi á hana og spurði loksins í lágun róm: “Hvað er að? Hvað hefi eg gjört?”

Nokkrar mínútur liðu áður en hún gat svarað spurningu hans; en svo lyfti hún höfðinu upp, strauk hárið frá enninu og sýndi honum andlit gagntekið af hinnari sárustu sorg, og sagði með skjálfandi röddu: “Hvað þér hafið gjört? Ó, hvernig getið þér spurt þannig? Hún er góð, ástrík og elskuverð. Henni þykir vænt um allar mæniskjur og treystir öllum þér hafið taldregið hana, og eg var orsök til þess. Ó, hvernig gátuð þér fengið yður til þess!”

“Bruce varð mjög sneypulegur við þessi orð, og stamaði: “Hún vinnur sigur á því”.

“Sigrar hvað?” spurði Gerti. “Ást sína á yður? Ef til vill, eg veit ekki, hve djúp hún er. En hugsið yður hennar glaða eðli og trúnaðartrast til annara og hve skammarlega hún er taldregin. Hugsið yður hvert traust hún bar til smjæðursorða yðar, og hve meiningarlaus þau vörn þó í rauninni. Hugsið yður, hve mjög traust hennar til mannauna hlýtur að rýrna við þetta, hvernig þessi foreldralausa stúlka, sem verðskuldar hluttekningu allra, neyðist til að vantreysta öllum heiminum”.

“Mér kom ekki til hugar, að þér munduð taka þetta þannig”, sagði Bruce.

"Hvernig get eg skilið þetta öðruvísi?" spurði Gerti. "Gátuð þér búist við, að slíkt framferði öðlaðist samþykki mitt?"

"Þér takið þetta mjög alvarlega, Gerti; slíkir leikarir með ástina eru almennir".

"Mér þykir leitt að heyra það", sagði Gerti. "Eftir minni skoðun er það voðalegt að leika sér þannig að mannshjartanu. Hvort Kitty elskar yður eða ekki, veit eg ekki með vissu, en hvað haldið þér hún hugsar um hreinskilni yðar?"

"Þér eruð harður dómari, ungfrú Gerti, einkum þar eð það var ást mín til yðar, sem réði framferði mínu".

"Máske eg sé það", svaaði Gerti. "Eg hefi enga heimild til að ásaka yður, en eg talaði aðeins það, sem tilfinning hjartans sagði mér. Að hinu leytinu er það eðlilegt, að ein foreldralaus stúlka verji aðra, en vera kann, að hún liti öðruvísi á þetta og þurfi engan til að verja sig. Þér megið samt ekki hafa svo lélega skoðun á okkar kyni, hr. Bruce, að ímynda yður að þér getið náð ástumu einnar stúlku með því að svikja aðra. Sú, sem hefði svo litla sómatilfinningu, ætti ekki að skoðast sem heiðvirð stúlka".

"Svikari! — Rugl! Þér eruð alt of ákafar".

"Fyrir hálfri stundu síðan hefði eg getað grátið yfir því, að þér festuð ást á persónu, sem ekki endurgalt hana; en nú græt eg fyrir hana, sem hlustað hefir á fólks orð, og mist frið hjartans, að minsta kosti um tíma, og að þessu hefi eg verið óvitandi og óvilljandi orsök".

Nú varð stutt þögn. Bruce gekk nokkur skref til dýanna, nam svo staðar, kom til baka og sagði: "Þrátt fyrir þetta held eg, Gerti Flint, að sá tími komi að skoðanir yðar verði öðruvísi, og að þér, þegar þér endurkallið þetta kveld í huga yðar, munið óska að þér hefðuð breytt öðruvísi".

Þegar hann hafði sagt þetta, fór hann, og Gerti

heyrði hann skell. hurðinni hörkulega á eftir sér.

Augnabliki síðar var kyrðin rofin með lágu hljóði, sem virtist koma frá gluggaskotinu. Gerti þaut á fætur, og meðan hún gekk þangað, heyrði hún greinilega grátekka. Hún dró blæjurnar til hliðar og sá vesalings Kitty Ray sitja þar samankrepta.

"Kitty!" sagði Gerti, sem þekti hana undir eins, þó hún hefði byrgt andlit sitt.

Þegar Kitty heyrði málróm hennar, stökk hún á fætur, fleygði sér í faðm hennar og lagði höfuðið á öxl hennar, og skalf af taugateygjuflogi, sem henni var ósjálfrátt. Hendin, sem hún greip Gertis hendi með, var ísköld, augun voru kyr og hreyfðust ekki, og sama lága hljóðið og Gerti heyrði fyrst, framleitt af heilakviki, endurómaði við og við og gjörði Gerti hált hrædda. Hún fór með hana að stól, settist og þrýsti henni að brjósti sínu og vermdi köldu hendurnar, kysti aftur og aftur stíðnuðu varirnar og tókst á þenna hátt að gjöra hana ögn rólegri. Heila klukkustund lá hún þannig og tók ástúð Gerti með ánægju, sem hún reyndi að endurgjalda við og við; en ekkert talaði hún og lét ekkert hljóð frá sér heyrast. Ekki spurði Gerti hana eins eða mintist á samtalið, sem hún hafði ef-
laus, eyrt. Hún beið þolinmód, þar til Kitty varð rólegri og bjó þá til styrkjandi drykk handa henni. Þegar hún að því bünü sá, að hún var þjád og veikluð bæði á sál og líkama, fór hún með hana npp á sitt eigið herbergi, þar sem hún væri óhult fyrir spurningum Bellu, þegar hún vaknaði. Af því hún ávalt fékk að þrýsta sér að Gerti, gat hún loksins grátið og við það batnaði henni all-mikið. Loks sofnaði hún og fékk á þann hátt sviun tilfinninga sinna.

Gerti sa strax, að hún mátti ekki sofna, því hún varð að vera á ferli þangað til Bella kom, og segja henni, hvar Kitty væri, svo hún saknaði hennar ekki.

Eftir miðja nótt kom frú Graham og frænka hennar, og Gerti fóro strax ofan að segja Bellu, hvar Kitty

væri. Vagnaskrötið hafði samt vakið Kitty, og þegar Gerti kom aftur upp nuggaði hún augun og reyndi að endurkalla í huga sinn það sem fram hafði farið.

Alt í einu mundi hún, hvað fram hafði farið um kveldið, stundi þungan og sagði: "Ó, Gerti, mig var að dreyma um Bruce. Gátuð þér ímyndað yður, að hann mundi tæla mig einsog hann gjörði?"

"Nei", sagði Gerti, "það kom mér aldrei til huga; en í yðar sporum vildi eg hvorki dreyma um hann eða hugsa um hann framar; við skulum nú fara að sofa og gleyma honum".

"Það er nú annað mál með yður", sagði Kitty barnalega. "Hann elskar yður; en þér skeytið ekkert um hann; en eg — eg —". Tilfinningarnar yfirbuguðu hana nú svo gjörsamlega, að hún fól andlit sitt í koddanum.

Gerti lagði hendi sína vingjarnlega á höfuð hennar, og endaði setninguna, sem hún hætti við: "Hjarta yðar er svo ríkt af ást, að hann hefir máské fundið ofurlítið pláss í því; en það er of gott og eðllynt til þess að verða ránsfengur óvandaðs og lélegs manns. Þér megið ekki hugsa um hann oftar, — hann er ekki þess verður".

"Það gagnar ekki", sagði Kitty. "Eg er grunnhygginn, einsog hann sagði".

"Nei, það eruð þér ekki", sagði Gerti huggandi, "og þér verðið að sýna honum, að þér eruð það ekki".

"Me hverju móti?"

"Sýnið þér honum, að Kitty Ray er sterk og djörf, þrátt fyrir bliðu sína, og að hún trúir ekki lengur smjæðursmælgum hans og stað' hugum".

"Viljið þér hjálpa mér, Gerti? Þér eruð bezta vinstúlkan mín; þér tókuð málstað minn og sögðuð honum, hve illa hann hefði breytt við mig. Má eg leita til yðar eftir huggun, þegar eg get ekki verið glöð gagnvart honum, frænku og Bellu?"

Gerti faðmaði hana að sér með miklum ákafa,

sem var full sönnun þess, að hún var villjug til að hjálpa henni.

"Að fáum vikum liðnum munuð þér verða jafn glaðar og gæfuríkar og þér hafið nokkurntíma verið", sagði hún. "Þér munuð bráðlega hætta að hugsa um þá persónu, sem þér getið ekki borið virðingu fyrir".

Kitty lét í ljósi efa sinn um það, að hún gæti nokkurntíma orðið glöð og gæfurík aftur, en Gerti var ekki í vonbetri. Hún sá, að ekkinn og tárastraumurinn hjá Kitty líktist mikið ákafri sorg barna, og vonaði að hið dýpstímanra eðli hennar væri ósnortið af storminum. Hún fann samt til innilegrar meðauðkvunar með henni, og var hrædd um, að hana mundi skorta þrek til að sýna kvenlegan metnað og sjálfsvirðingu gagnvart Bruce. Til hamnigju fyrir hana losnaði hún við þessa raun, því Bruce kom ekki aftur á heimili hennar, og eftir fáa daga lagði hann af stað í ferð, sem átti að vara það sem eftir var sumarsins; og þar eð fjölskylda hans og Grahams voru andrandi og í efa um, hver orsök væri til þessarar sýnilegu burtfarar hans, varð aðalraun Kitty innifallin í því, að þola spurningar frænku sinnar og Bellu um það, hvaða hlutdeild hún ætli í þessum óvænta viðburði. Hafði hún hryggbrotið hann? Hafði hún svikið hann? Og hvers vegna?

Kitty neitaði báðum spurningunum, en henni var ekki trúað.

Bæði frú Graham og Bella grunaði um orsökina til þess, að Kitty hætti við að fara í veizluna með þeim, og þegar þær fengu hana til að viðurkenna það, að Bruce hafði dvalið nokkuð af kveldinu í húsinu, komust þær að þeirri eðlilegu niðurstöðu, að eitthvert ósamkomulag hefði átt sér stað á milli hinna imynduðu elskenda.

Bella þekti lundareinkenningu Kitty of vel til þess, að trúá því, að hún hefði af frjálsum vilja slept aðdaanda sínum, sem hún hafði sýnt að hún mat mikils, og hún

sá líka, hve nákvæmlega hún forðaðist að minnast á þenna trygðlausa mann. Hún valdi nú Bruce og hvarf hans fyrir aðal-umræðuefni sitt, og bæri henni og Kitty eitthvað á milli, kom hún Kitty ávalt til að þagna með því, að hæðast napurlega að þessu ástabralli hennar. Þá flúði Kitty til Gerti og sagði henni frá þessum raunum sínum, og fann alt af huggun hjá henni við sorgunum, og af því að umgangast hana, tamdi Kitty sér meira þrek, gleði og jafnlyndi.

Oft var það, þegar Bella hafði kallið hana og stritt henni þangað til hún þoldi það ekki lengur, að lítil stúlka opnaði dyrnar hjá ungfrú Graham og leit inn, og var þá alt af vön að heyra vingjarnlega rödd inni segja: "Eg heyri vel til þín, Kitty, komdu inn og spjallaðu við okkur, við höfum ánægju af því". Og þegar hún sat við hliðina á Gerti og lærði af henni listhagan saum, heyrði lesið í bók eða hlustaði á hinar þægilegu samræður Emily, voru henni það ógleymanlegar stundir.

Enginn gat lifað í alúðlegri umgengni með Emily og hlustað á orð hennar, séð ástúðlega brosið hennar og andað að sér hinu hreina andrúmslofti, sem umkringdi tilveru hennar á alla vegu, án þess að festa ást á hinu góða. Hún var svo ósérplægin, svo þolinmóð, þrátt fyrir söknuð sinn, að Kitty hefði skammast sín að kvarta í nærveru hennar; og í herbergi hennar ríkti ávalt svo mikil ánægja, að Kitty gleymdi sorg sinni og tók þátt í gleðinni. Gagn þessara heimsókna var því tvöfalt fyrir hana.

TUTTUGASTI OG FJÓRÐI KAPITULI.

Hatur, öfund, illmenska.

Meðan hin ósérplægna Gerti reyndi að efla velferð og gæfu Kitty, grunaði hana ekki, hve mikla öfund og óvilja hún vakti hjá öðrum. Bella, sem aldrei gat felt sig við Gerti, af því líf hennar og hegðun var sífeld ávitun gegn hégómagirnd hennar og eigingirni, notaði með ánægju fyrsta tækifærið sem bauðst til að vekja hatur frú Graham til hennar. Hún varð þess brátt vör, að Gerti og Kitty voru mjög samrýndar; hún mundi, að Kitty hafði yfirgefið herbergi sitt og sofið hjá Gerti nóttina eftir hið ímyndaða ósamkomulag við Bruce; og þegar hefndargirni hennar óx við hina vaxandi vináttu milli Kitty og Gerti, flýtti hún sér að segja frú Graham frá grun sínum um það, að eigin hagsmuna vegna mundi Gerti hafa vakið ósamlyndi milli Bruce og Kitty, og haldið því við, unz til algjörðs skilnaðar kom.

Frú Graham samþykkti strax skoðun Bellu: "Kitty er veil", sagði hún, "og ungfrú Flint hefir sjáanlega mikil áhrif á hana. Eg get varla efast um, að þú hafir rétt fyrir þér, Bella".

Þegar þeim hafði komið saman um þetta, reyndu þær að komast eftir því hjá Kitty, hvaða aðferð Gerti hefði notað til að fjarlægja Bruce frá henni; en hún neitaði því harðlega, að Gerti hefði gjört nokkuð af þessu tagi, og vildi alls ekkert um það segja, hvað fram hefði farið veizlukveldið. Þetta var fyrsta leyndarmálið, sem Kitty geymdi hjá sér, en kvenleg sjálfsvirðing olli þessari þögn.

Frú Graham og Bella reiddust þessu, og áttu marg-

ar leyndar ráðagjörðir um þetta efni, og þar eð hatur þeirra til Gerti fór dagvaxandi, fóru þær að sýna henni það með viðmóti sínu.

Gerti varð þess brátt vör, hve ókurteisar þær voru við sig, og þó hún væri þeim að flestu leyti óháð, gat hún þó ekki umflúið svivirðingar þeirra, af því hún bjó undir sama þaki.

Gerti gætti jafnaðargeðs síns og þolinmæði. Hún hafði aldrei búist við vinsemd frá frú Graham eða Bellu; hún sá það strax fyrsta daginn, að litil samhygg gat átt sér stað á milli þeirra, og nú, þegar þær sýndu opinberan óvilja gegn henni, reyndi hún að sýna sjálfstjórn sína og sanna kristilega þolinmæði og umburðarlyndi. Það var lán fyrir hana, að hún stóðst þessa raun, því nýtt, óvænt og enn sárara stríð beið hennar. Hinir vonzkufullu ofsóknarar hennar urðu enn reiðari við ró hennar og þolinmæði, og beittu nú árás sinni í aðra átt. Emily, hin góða, elskuverða Emily, varð ná takmarkið fyrir illsku þeirra og ónotum.

Gerti gat þolað móðganir, ranglæti og jafnvel ónærgætin orð, þegar þeim var beint til hennar; en blóðið sauð í æðum hennar, þegar hún varð þess vör, að Emily var óvirt og illa með hana farið. Það var næstum ómögulegt, að ávarpa hina blindu Emily öðruvisi en kurteislega, og það var jafn ervitt, að finna ástæðu til, að setja nokkuð út á breytni hennar; en frá Graham var óvönduð og ráðrik, Bella sjálfselek og tilfinningalaus, og löngu áður en blindu stúlkuna grundaði um hin óvingjarnlegu áform þeirra, varð Gerti að gjöra alt sem hún gat til að halda reiði sinni í skefnum, þegar hún heyrði orð eða fregnaði um gjörðir, sem var ætlað til þess, að móðga eðallynt og viðkvæmt lunderni. Gerti kom í veg fyrir margar móðgunartilraunir, áður en Emily vissi nokkuð um þær. Mörg næstum ónýtt áform, sem Emily var áfram um að nær tilgangi sínum, gat Gerti með kjarki sínum og þrautseigju komið í framkvæmd; margar vikur liðu án þess

Emily vissi, að ýmiskonar greiðasemi, sem áður var framkvæmd af vinnukonu, var nú gjörð af Gerti, sem ekki vildi láta hana vita, að frúin hafði gefið Bridget skipanir, sem gjörðu henni ómögulegt, að framkvæma sín vanalegu vik fyrir Emily.

Um þetta leyti var Graham ekki heima. Ariðandi og erfið störf knúðu hann til að fara til New York á þeim tíma árs, sem hann var vanalega laus við slíkar áhyggjur og naut sveitarsælunnar í næði. Hefði hann verið til staðar, gat frúin naumast komið illvilja sínum í framkvæmd, því henni var vel kunnugt um hina innilegu ást, sem hann bar til dóttur sinnar, og að hann vildi fyrst af öllu láta sjá um velliðan hennar; en þessi ást og umhyggja fyrir Emily og virðingin, sem alt vinnufólkið bar fyrir henni, vakti afbrýði frúarinnar, og þar af leiðandi var hún strax fús til að hjálpa Bellu með að móðga hana.

Riftingin með Bruce og hinn svívirðilegi grunur um, að Gerti væri höfundur hennar, með samþykki Emily, gaf þeim uppgjörðar-ástæðu til að beita hatri sínu.

Skömmu áður en heimkomu Grahams var vænst, sátu þær frænkur, frúin og Bella, heitan síðari hluta dags í ágúst, og reyndu að stytta sér stundir með því, að setja út á alt heimilisfólkið. Þá kom bréf til frúarinnar frá Graham. Þegar hún var búin að lesa bréfið, sagði hún glöð á svip: "Hér eru góðar fregnir til okkar, Bella, og útlit fyrir dálitlar skemtanir"; hún las hátt úr bréfinu: "Hin óþægilegu atvik, sem kölluðu mig hingað, eru sem næst um garð gengin, og niðurstaðan samkvæm óskum minum og áformum. Eg sé nú ekkert því til fyrirstöðu, að við förum til Evrópu í næsta mánuði, og ungu stúlkurnar verða því að búa sig undir förina. Segðu Emily, að hún megi engin útgjöld spara til að undirbúa sig og Gerti sem bezt þær geta undir þessa ferð".

"Hann talar um Gerti einsog hún væri ein af fjöl-

skyldunni", sagði Bella háðslega. "Eg sé enga ánægju í því að ferðast um Evrópu ásamt blindri stúlku og óþægilega fylgifiskinum hennar. Eg skil ekki, hvers vegna Graham vill hafa þær í eftirdragi".

"Eg vildi, að hann skildi þær eftir heima", sagði frúin; "það væri viðeigandi hegning fyrir Gerti. En það veit guð, að hann færi heldur án sinnar hægri handar en Emily".

"Eg vona eg giftist aldrei manni, sem á blinda dóttur", sagði Bella; "einkum þar eð hún er svo góð manneskja, að allir verða að virða hana, dást að henni og þjóna henni".

"Eg þarf ekkert að þjóna henni", sagði frú Graham; "það verður Gerti að gjöra — og þess vegna fer hún með okkur".

"Það er nú aðal-ógæfan. Blind persóna verður að hafa þjón, og þjónninn er viðhafnarstúlka, sem ekki hikar við að ræna frænkur þinar aðdáendum sínum, eða koma af stað ósamkomulagi milli þeirra".

"En, hvað á eg að gjöra, Bella? Eg er ekki fremur en þú hneigó fyrir að njóta félagsskapar Gerti; en eg get ekki séð, hvernig eg get losast við hana".

"Eg held þú ættir að segja Graham frá nokkru af hinum mörgu illverkum hennar, sem hún er búin að framkvæma. Ef þú hefir nokkur áhrif á hann, ættirðu að geta hindrað það, að hún yrði samferða".

"Hún verðskuldar það í sannleika", sagði frú Graham hugsandi, "og eg skal gefa honum bendingar um framferði hennar; hann verður hissa, þegar hann heyrir um hinn skyndilega flóttu Bruce. Eg veit, að hann ímyndaði sér, að Kitty og hann mundu giftast".

Nú komu boð til Bellu, að gestir væru komnir, sem vildu finna hana, svo hún yfirgaf frænku sína þungt hugsandi.

Meðan Bella gekk ofan stigann, til þess að mæta gestum sínum með brosi og fagurgala, sem hún í rauninni vildi að væru komnir norður og niður, mætti hún

Gerti, sem kom úr eldhúsinu og var á leið til herbergis síns. Hún bar fallega, hvíta netludúskjóla á handlegg sínum og mikið af hálslíni og brjóstlíni, sem sjáanlega kom beint frá línstroks-fjölinni. Hún var rjóð í andliti og þreytuleg. Þegar hún var komin inn í herbergi sitt og hafði lagt línið haganlega á rúmið, andaði hún þungt, einsog hún væri mjög þreytt, og settist við opinn gluggann í því skyni, að fá svalandi loft. Á sama augnabliki kom frú Prime inn og varð alveg hissa þegar hún leit á rúmið og sá árangurinn af starfi Gerti. "En hamingjan góða", sagði hún, "á eg að ímynda mér að þér hafið sjálfar strokið alt þetta?"

"Gerti brosti en svaraði engu.

"Nei, þetta er um of", sagði vingjarnlega, góða konan. "Þér eruð niðri í heita eldhúsinu við erviða vinnu, meðan við ræktum leti okkar hér uppi í hitanum. Ef ungfrú Emily vissi þetta, veit eg að hún vildi ekki fara í þenna hvíta kjól".

"Hann er naumast nógu góður fyrir hana", sagði Gerti. "Eg er lítið vön við að strjúka lin og átti ervitt með það. Önnur hliðin varð þur áður en eg gat gjört hina slétta".

"Hann litur prýðisvel út, ungfrú Gerti; en hvers vegna gjörir þér það, sem Bridget á ða gjöra?"

"Bridget hefir ávalt nóg að gjöra", sagði Gerti, sem ekki vildi greina frá hinni sönnu orsök, "og það er gagnlegt fyrir mig að fá dálitla æfingu; dugnaður og verkleg þekking er aldrei til бага, einsog þér vitið".

"En þetta er ekki hentugur dagur fyrir slíkar æfingar, og eg held líka, að þér hefðuð ekki gjört þetta, ef þér hefðuð ekki haldið að ungfrú Emily þyrfti á þessu að halda og yrði þess vör, að það væri ekki tilbúið. Það er margt breytt á þessu heimili: einkadóttir Grams, sem áður var hugsað fyrst um af öllum, er nú látin vera á hakanum fyrir öðrum. Bridget ætti að vita betur, en að haga sér eftir þessum boðflennum, þegar þær segja henni, einsog í gær, að hún skuli láta

þetta netludúksstáss biða og gjöra eitthvað annað þarf-legra. Katy hefði vitað betur, en Bridget er ný í vist-inni og lík öllum hinum. Eg skal sannarlega segja ung-frú Emily, hvernig sakir standa. Þér skuluð ekki oft-ar þurfa að ofreyna yður á því að strjúka lín. Ef sá fatnaður, sem ungfrú Emily notar, verður ekki gjörð-ur nothæfur hér heima, verður að fá það gjört annars-staðar; peningar eru nógir til, og nokkuð af þeim verður að brúka að minsta kosti til gagns fyrir sannar heldri stúlkur. Eg vildi, að þessi Bella nenti að gjöra eitthvað, hún hefði gott af því; en mér sárnar að sjá það, sem nú fer fram hér. Eg ætla að fara beint til ungfrú Emily og segja henni, hvernig alt er.

“Nei, þér gjörð það ekki, þegar eg bið yður að láta það vera. Þér gleymið því, hve hrygg hún mundi verða. Eg vil heldur strjúka kjól á hverjum degi og gjöra hvað helst annað, sem væri fyrir okkar kærung-frú Emily, heldur en að leyfa að hún fengi grun um, að nokkur af ásettu ráði vildi vera óvingjarnlegur við hana”.

Frú Prime hikaði. “Ungfrú Gerti”, sagði hún, “eg hélt að mér þætti eins vænt um ungfrú Emily og nokkrum öðrum, en nú fer eg að halda að yður þyki vænna um hana, fyrst yðar umhyggja fyrir henni er svona nákvæm. Eg mundi ekkert segja, ef eg væri ekki að hugsa um yður; en þér hafið verið hér síðan þér voruð lítil stúlka, og okkur þykir öllum svo vænt um yður, að við getum ekki með ró horft á það, að aðrir kúgi yður”.

“Eg veit, að yður þykir vænt um mig, frú Prime, og sömu leiðis um ungfrú Emily; en þess vegna megid þér okkar vegna ekki minnst á breytinguna, sem átt hefir sér stað á þessu heimili. Við viljum gjöra alt, sem við getum, til að varðveita Emily fyrir móðgunum, og hugsa minna um okkur. Þó mér sé ekki sýnt nú eins mikið eftirlæti og eg er vön við, þá er ekki verið að hugsa um það”.

“Guð blessi yðar góða hjarta, ungfrú Gerti. Þær manneskjur eru gæfuríkar, sem umgangast yður. Það er erviðara að eiga við hinar heldri stúlkurnar; en til allrar lukku hefi eg ekki mikið saman við þær að selda. Strax í byrjun gaf eg frú Graham í skyn, að eg vildi ekki afskifti hennar við mitt starf. Matreiðslukona hefir heimild til að gæta réttar síns, og eg sagði henni, að láta mína stöðu hlutlausa. Mér fellur þungt, að sjá okkar góðu Emily gjörða að olnbogabarni; en fyrst þér krefjist þes, að eg þegi, skal eg gjöra það á meðan eg get”. Frú Prime gekk út gröm í huga.

Einni stundu síðar, þegar Gerti stóð fyrir framan spegilinn sinn og fléttaði langa hárið sitt, var hárið hægt að dyrum og frú Ellis kom inn.

“Ó, Gerti”, sagði hún, “svo langt hélt eg að vonzka þeirra næði ekki”.

“Hvað er nú á ferðum?” spurði Gerti hnuggin.

“Það litur út fyrir, að við verðum allar reknað úr herbergjum okkar; fyrst þér og svo eg”.

Gerti roðnaði en sagði ekkert, og frú Ellis sagði henni nú, að sér hefði verið skipað, að laga til í herbergi hennar handa gesti, sem vænst væri næsta dag. Hún varð hissa á því, að þetta hafði ekki verið nefnt við Gerti. Frú Graham hafði talað svo hiklaust um þetta, og áleit það til hagsmuna fyrir þær báðar, að Gerti flytti inn í herbergi Emily, að frú Ellis hélt að þetta hefði verið ráðgjört og samþykkt áður.

Særð og móðguð, bæði sín vegna og fyrir hönd Emily, stóð Gerti efandi eitt augnablik. Svo spurði hún, hvort frú Ellis hefði talað við Emily um þetta, en þegar hún neitaði því, bað hún hana að múnast ekki á það.

“Eg get ekki hugsað til þess, að Emily fái að vita, að þetta litla herbergi, sem hún lét búa út handa mér, verði tekið af mér fyrirvaralaust”, sagði hún. “Eins og þér vitið, sef eg jafn oft inni hjá henni; en henni líkar svo vel, að eg hafi herbergi út af fyrir mig, sem

eg má eigna mér, og að eg geti setið þar í ró, lesið og unnið. Ef þér viljið leyfa mér, að láta skrifborðið mitt inn í yðar herbergi og sofa þar á legubekknum, þá þarf Emily ekkert að vita um þetta”.

Frú Ellis samþykkti þetta. Á síðari tímum var hún orðin eftirlát og viðfangsgóð gagnvart Gerti, og bauðst nú til að hálpa henni að flytja fatnaðinn, skrifborðið og bækurnar. Meðan þær unnu að þessu, talaði hún mikið um hið svivirðilega framferði frú Grahams og Bellu, og endaði með því að segja: “Ef vildi að þær færu bráðum til Evrópu, og skildu okkur eftir í ró og næði hér. Þér farið líklega ekki með þeim, Gerti?”

“Jú, ef Emily fer, þá fer eg líka”.

“Þá eruð þér betri en eg, því slíka fórn get eg ekki fært, ekki einu sinni hennar vegna”.

Það er óþarft, að segja frá öllum þeim móðgunum, sem Gerti varð fyrir, einkum eftir að gestirnir komu. Það var nefnilega hópur af hugsunarlausum, skrautgjörnum ungum stúlkum, sem Bella og frúin voru búnar að fræða um, að Gerti væri óskammfeillin og nærgöngul, og Emily mjög vandræðaleg persóna. Og þrátt fyrir allar tilraunir var ekki lengur hægt að dylja Emily þess, hve litið tillit var tekið til hennar og Gerti

En frú Graham fór of langt; hún stofnaði sér í vandræði af sjálfsdáðum. Maðurinn hennar kom heim, og þá varð henni og Bellu hrein nauðsyn á, að breyta framkomu sinni. Frú Graham vissi nákvæmlega, hve langt þolinmæði manns sins náði, og vissi að hún varð að brúka sín úrræði, þegar hann kæmi heim. En meðan hann var burtu, hegðaði hún sér þvingunarlaust, og leyfði Bellu að fylla húsið með vinstúlkum sínum, og lokaði augum og eyrum fyrir hinni miklu ókurteisi, sem þær gjörðu sig sekar í gagnvart Emily og Gerti. Nú varð að sjá um, að allar þessar svivirðingar hættu; en til allrar ógæfu kom heimilisráðandinn óvænt og í slíkum kringumstæðum, að engin úrræði voru mögu-

leg. Hann komi i rökrinu og hafði gagnstætt venju sinni komið með fólksvagninum úr bænum.

Kveldið var kalt; dyr og gluggar hússins voru lokaðir, en i samkomusalnum var svo afarbjart, að hann vissi strax, að þar mundu gestir vera. Honum gramdist það, því laugardagskveld var, og samkvæmt tömlum sið i Nýja Englandi vildi Graham, að kyrð væri á heimili hans það kveld. Auk þess hafði hann mikinn höfudverk. Hann gekk nú fram hjá samkomusalnum og inn i lestrarherbergið og þaðan inn i borðstofuna. — Þau herbergi voru bæði köld og tóm. Svo fór hann upp á loft og gekk gegnum mörg herbergi — reiður yfir óreglunni, sem allstaðar ríkti, — og kom nú að herbergi Emily opnaði dyrnar hægt og leit inn.

Eldur brann i ofninum, og við hlið hans stóð legubekkur, sem Emily sat á, en við hina hlið hans stóð ruggustóll Gerti. Þægilegi hitinn, hvítu gluggablæurnar, ilmurinn, sem barst frá blómakörfunni á borðinu: fegurðin og reglan, sem ríkti i herberginu, friðsamlegi og blíði svipurinn hennar Emily, og ánægjan, sem geislaði i augum Gerti, þegar hún sá föður hinnar blindu vinstúlku sinnar, — þetta allt til samans var svo ólíkt því, se mhann hafði séð i hinum herbergjum hússins, að hann varð hrifinn af ánægju og heilsaði dóttur sinni með því að faðma hana að sér, sem hann var sjaldan vanur a gjöra, og gjörði hana hissa i þetta skifti. Þegar hann var líka búinn að heilsa Gerti vngjarnlega, settist hann i hægindastólinn, sem hún hafði dregið að ofninum og sagði: "Hér er sannarlega viðfeldið og notalegt, en — hvað gengur á niðri?".

Emily sagði, að gestir væru komnir.

"Ó-já, gestir", tautaði Graham óánægður. "Eg mátti vita það. Það er líklega þess vegna, að allt er i rugli i herbergjunum".

Gerti spurði, hvort hann hefði drukkið te, og þegar hann neitaði því, þá fór hún ofan að útvega honum það.

“Láttu engan vita, að eg sé komin, Gerti”, kallaði hann á eftir henni. “Eg vil fá að hafa frið í kveld”.

Meðan Gerti var niðri, spurði Graham Emily, hvort hún væri búin að búa sig undir Evrópu-ferðina. Sér til undrunar heyrði hann, að hún hafði ekki fengið boðin, sem hann sendi henni í bréfinu til konu sinnar, og vissi því ekkert um áform hans. Hann lét sem minst bera á reiði sinni, því hann vildi ekki viðurkenna með sjálfum sér og því síður gagnvart dóttur sinni, að koma hans hefði ekkert tillit tekið til skipunar hans.

En þetta gjörði hann tortryggan.

Þegar hann var búinn að borða góðan mat, spurði hann eftir kveldblaðinu.

“Eg skal fara og sækja það”, sagði Gerti og stóð upp.

“Hringdu”, sagði Graham skipandi. Meðan hann borðaði hafði hann tekið eftir því, að ekkert tillit var teki til hringingar Gerti, og vildi fá að vita orsökina til slíkrar óreglu. Gerti hringdi hvað eftir annað, en enginn kom. Loksins heyrði hún fótatak Bridgetar úti í ganginum, og þegar Gerti opnaði dyrnar, sagði hún: “Bridget, viljið þér sækja kveldblaðið og koma með það upp í herbergi Emily?”. — Bridget kom strax aftur með þá fregn, að ungfrú Bella væri að lesa það og vildi ekki missa það.

Graham þrúnaði af reiði. “Slík boð til dóttur minnar”, sagði hann. “Gerti, farðu sjálf ofan og segðu þessari svívirðilegu stelpu, að eg vilji fá blaðið. Hvers konar hegðun er þetta?” sagði hann.

Gerti gekk róleg inn í samkomusalið, og meðan allir stórðu á hana undrandi sagði hún nokkur orð við Bellu ofur lágt, sem roðnaði og varð vandræðaleg um leið og hún fékk henni blaðið. Bella var hrædd við Graham, og þegar hún sagði frúnni frá komu hans, varð hún einnig vandræðaleg. Hún hafði búist við að finna mann sinn áður en hann hitti Emily, en nú var

það of seint. Hún vildi ekki fara til hans, ætlaði að láta það ráðast og treysta láni sínu. En samt sá hún um, að vinstúlkur sínar færu sem fyrst, og strax á eftir fann hún Graham rekkjandi í borðstofunni.

Hann var í slæmu skapi og óráðþæginn einsog þjarndýr, sagði hún seinna við Bellu frænku sína. Hún fann samt ráð til að bliðka hann, og daginn eftir gat hún kynt hann gestum sínum sem hinn elskuverðasta húsbónda.

En sunnudagurinn var ekki liðinn áður en bliðan breyttist. Þegar hann, einsog vant var, gekk inn eftir kyrkjugólfinu og leiddi dóttur sína, lét hann brún síga, þegar hann sá Bellu sitja makindalega í sæti dóttur sinnar, sem allir vissu, að hún hafði um mörg ár notað. Frú Graham gaf Bellu bendingu, sem hún skildi ekki, svo Graham tók í hendi hennar og leiddi hana burt frá sæti Emily og lét hana setjast, en setti Bellu við hliðina á sér, svo hún varð að snúa baki að prédikunarstólnum alla messuna; að Bellu gramdist þetta, furðar vist engan, og ekki bætti það skap hennar, þegar hún sá háðsbrots á vörum margra og ekki minnst hjá Fanny Bruce.

Graham var ekki búinn að vera eina viku heima, þegar hann skildi tilfinningar og hugsunarhátt Bellu og konu sinnar, og sá, hve vond áhrif það hafði á heimilisánægjuna. Hann sá, að Emily var hafin yfir það að kvarta og vissi að hún hafði aldrei gjört það; og hann sá, hve nærgætin Gerti var við hið kæra barn hans, sem kom honum til að virða hana mikils. Það var því eðlilegt, að hann, þegar kona hans kom með ásakanir á Gerti með mælsku mikilli, hlustaði á þær með fyrirlitningu og gaf þeim engan gæm.

Hann hafði þekt Gerti frá því hún var barn. Hún var hafin yfir alla smásálarlega illgirni; var aldrei fólksk eða undirförl. Það gagnaði ekki að koma með slíkt rugl. Fyrir sitt leyti var hann ánægður yfir því, að ekkert varð úr samdrætti milli Kitty og Bruce, því

Bruce væri letingi og yrði aldrei að manni; og að því er Kitty suertli virtist honum hún hafa tekið miklum framförum til hins betra í seinni tíð, og ef hún ætti það áhrifum Gerti að þakka, þá væri það til góðs, að þær væru sem mest saman.

Frú Graham var örvilnuð. "Alt er afgjört", sagði hún við Bellu. "Það gagnar ekki, að segja neitt við Graham, hann er eins óhreyfanlegur og bjarg, og svo framarlega, sem við förum til Evrópu, fer Emily og Gerti líku".

Hún varð því meira en lítið hissa nokkrum dögum síðna, þegar hún fékk að vita, að hvorki Emily né Gerti yrðu þeim samferða. Emily hikaði fyrst við að segja föður sínum, hve litillar ánægju hún vænti sér af Evrópu-ferðinni; en þegar hún varð þess vis, að Gerti yrði fyrir enn meiri óþægindum hjá þessum frænkum, þá sagði hún honum hreint og beint, að hún vildi ekki taka þátt í ferðinni.

Enda þótt Emily væri blind, heyrði hún og athugaði næstum alt sem fram fór í kringum hana. Hún var óvanalega skilningsskörp og heyrnin óviðjafnanlega góð, sem orsakast hefir að líkindum af sjónleysi hennar, og hún mun því hafa verið sú af fjölskyldunni, sem bezt þekkti til viðburðanna, sem áttu sér stað um sumarið. Hún skildi viðskiftin milli Bruce og Gerti, enda þótt Gerti hefði aldrei minnst á það við hana. Hún skilði, á hvern hátt Kitty var riðin við það málefni, enda hafði henni orðið það auðvelt, því hin opinskáa stúlka hafði á síðustu tímum gjört hana að trúnaðarvinu sinni, án þess að vita það. Þegar því Emily komist að breytni frúarinnar og Bellu gagnvart Gerti, ásetti hún sér að vera kyr.

Auðvitað mætti hún mótlæra hjá föður sínum, en hann varð þó að viðurkenna, að hún gæti enga ánægju haft af ferðinni og afréð því að láta hana vera heima. Enda hafði hann séð það á suðurferðinni, að hún var ekki fær um slíkt ferðalag, og allra sízt, þegar hana

skorti nákvæmu unibygginguna hennar Gerti. Auk þess sá hann, að mikill munur var á smekkvísi hennar og konu hans og beggja ungu stúlkanna; en þar eð hann vildi ekki láta sannfæra sig um óheppilegt konuval og óþægindin, sem því mundu fylgja, samþykkti hann heið. í dóttur sinnar, sem hann vissi að öllum líkaði vel.

Arnþjotur B. Olsen

TUTTUGASTI OG FIMTI KAPITULI.

Ferðin og leyndarmálið.

Emily yaldi fæðisskólann hennar frú Warren til vetrarsetu handa sér og Gerti, og mánuði eftir að Graham kom heim frá New York, var sumarbústað hans lokað, en hann sjálfur, kona hans, Bella og Kitty voru á leið til Havre. Frú Ellis fór vestur í land til að hvíla sig hjá ættingjum sínum og frú Prime gjörðist matreiðslukona hjá frú Warren.

Enda þótt Graham hefði fengið þeim nóga peningum til nauðsynja sinna, vildi Gerti samt gjöra eitt hvert gagn, og tók því að sér að kenna nokkrar stundir daglega á skóla frú Warren; Emily samþykkti það undireins, af því hún áleit það göfugt áform. Í hindrmarlausri ró nutu þær samveru sinnar, ásamt fáeinum gáfuðum námsstúlkum. Þær lásu, gengu sér til skemtunar og nutu gleðinnar einsog áður á tímum. — Þessi vetur, sem þær lifðu saman, var því í alla staði maðsrikur. Þær lifðu ekki eingöngu fyrir sig; þeir fátæku blessuðu þær; þeir sorgbitnu sóttu huggun til þeirra, og allir, sem kyntust þeim, þótti vænt um þær. Gerti mintist oft á þessar sælu stundir síðar á tímum, þegar hún og Emily lifðu saman í sínum eigin fagra heimi. Vorið kom og leið og ennþá voru þær í fæðis.

skólanum, — kviðandi því, að verða að yfirgefa þenna stað, þar sem þeim hafði liðið svo vel. Ekkert hefði getað fengið þær til að yfirgefa bæinn, ef Emily hefði ekki alt í einu orðið veik, og Jeremy læknir mælt með sve' aloftinu, sem hinni beztu hálp.

Asamt áhyggju sinni fyrir Emily, fór Gerti að gjörast óróleg yfir hinni langvarandi þögn Willie Sullivans; hún hafði ekkert bréf fengið og ekkert frétt af honum síðustu 3 mánuðina. Willie gat þó ekki hafa gleymt henni, eða með asettu ráði vanrækt hana þannig. Það var óhugsandi. En hvers vegna hætti hann þá öllum bréfa-viðskiftum? Hún reyndi samt að vera róleg og annaðist um Emily eftir beztu getu, einsog hún líka þurfti.

Þær fóru nú til baðstaðar, til þess að dvelja þar nokkrar vikur; en hið hreina, taugastyrkjandi loft veitti Emily engan bata. Hún varð að hætta við skemtigöngur sínar, og sífellt magnleysi svifti hana sinni eðlilegu göngulags-lipurð; gleðin hvarf og í hennar stað kom þunglyudi og vanstilling, svo allrar varúðar varð að gæta til að styggja hana ekki.

Læknirinn kom oft að vitja hennar og þegar hann sá, að henni versnaði, í stað þess að batna, sagði hann að hún yrði að flytja til bæjarins og setjast að hjá sér eina eða tvær vikur; og ef Emily batnaði ekkert að þeim liðnum, vonaði hann að geta ferðast með þeim og fundið hentugan stað handa henni.

Emily áleit, að sér liði vel þar sem hún væri, og var hrædd um að verða frú Jeremy til óþæginda.

"Segið þér ekki þetta, Emily. Þér ættuð að þekkja konu mína betur en svo. Komið þið á morgun; eg skal vera til staðar á stöðinni. Verið þið sælar!" — Hann tók hattinn sinn og fór.

Gerti fór út með honum. "Eg sé að yður líkar ekki heilbrigðisástand Emily", sagði hún.

"Nei, hvernig ætti henni að geta batnað hér? — Sjávarniðurinn á aðra hlið og argið í börnunum henn-

ar frú Fillows á hina, er nægilegt til að svífta hana öllum kröftum. Eg vil ekki, að hún sé hér lengur, og þess vegna verðið þér að koma með hana heim til mín á morgun".

"Börnin hafa vanalega ekki eins hátt og í dag", sagði Gerti brosandi, "og Emily þykir vænt um að hlusta á sjávarniðinn. Hún situr oft marga klukkutíma að hlusta á hann".

"Mig grunar það", sagði læknirinn, "en það má hún ekki gjöra; það gjörir hana þunglynda, án þess hún viti það. Komið þið til Boston, einsog eg hefi sagt".

Prem vikum eftir að Gerti og Emily fluttu til læknisins, gat hann loks fengið tækifæri til að leggja af stað í skemtiferð. Það var fremur vegna ungu stúlknanna en sín og konu sinnar, að hann gjörði það.

Emily var nú til muna hressari, og hlakkaði til að koma til West Point, Catskill og Saratoga, fremur vegna Gerti en sjálfrar sín.

Í New York mættu þau Griseworth læknir, frá Philadelphia, gömlum vin Jeremy. Hann var á leið til Saratoga til að mæta ömmu tveggja dætra sinna, er með honum voru, og slóst nú í samfylgd með Jeremy og fylgdarliði hans.

Morgun þann, sem þau ætluðu út í bátinn, er átti að flytja þau upp Hudson, kom Gerti seint til morgunverðar. Fáir af gestunum voru í borðstofunni. Af þeim, sem enn sátu við borðið, tók Gerti eftir einum manni meðan hún neytti matarins.

Hann sat skamt frá henni og var að stytta sér stundir með því, að láta teskeiðina vega salt á bollabarminum sínum. Hann virtist ekki eiga annrikt, og áður en Gerti kom inn, fanst frú Jeremy að hann veitti fylgdarfólki hennar meira athygli en hún áleit nauðsynlegt.

"Gjörðu svo vel", sagði hún við mann sinn, "að biðja þjóninn að spyrja þenna herra, hvort hann vilji

“Éi hugsa meira um sjálfan sig en aðra. Eg get ekki lúð, að hann horfi þannig á mig á meðan eg borða”.

“Ó, hann horfir ekki á þig; það er Emily, sem hefir vakið aðdáun hans. Emily, hér er maður, sem dást að yður”.

“Er það svo?” svaraði Emily brosandi.

“Já, og það er laglegur maður líka, þó konu minni geðjast ekki að honum”.

Þegar Gerti kom inn, sneri maðurinn athygli sínu að henni. Hún tók eftir því og varð feimin, en gladdist við það, að hann fór bráðlega út. Þegar hann gekk til dyranna, sá hún að hann var meira en meðalhár, fremur grannur en fallega vaxinn og framkoman djarfleg. Augun voru dökk og skarpleg og varirnar báru vott um einbeitni og sterkan vilja.

Hár hans var einkennilegt; orðið grátt hingað og þangað, og alhvítt við gagnaugun. Það var alveg gagnstætt skarplegu augunum og liðlega fótatakinu.

“Þetta er undarlegur maður”, sagði frú Jeremy, þegar hann fór.

“Hann er glæsilegur, er hann það ekki?” sagði Gerti.

“Glæsilegur?” endurtók frú Jeremy. “Hvað segið þér um gráa hárið hans?”

“Mér finst það fallett”, sagði Gerti, “en eg vildi að hann væri ekki eins angurvær á svip; eg varð hnuggin af því að sjá hann”.

Hvað haldið þið hann sé gamall?” spurði Jeremy.

“Hér um bil fimtugur”, sagði frú Jeremy.

“Hér um bil þritugur”, sagði Gerti.

“Mikill munur”, sagði Emily. “Læknir, þér verðið að greiða úr þessari flækju”.

“Það er inér ómögulegt. Kona mín heldur að hann sé gamall; máske hann sé ekki eldri en Gerti heldur hann vera. En það er vist, að aldurinn hefir ekki gjört hár hans grátt”.

TUTTUGASTI OG SJÖTTI KAPITULI.

Nýr kunningi.

Jeremy læknir, sem um mörg ár hafði verið kyr-
a Boston og stundað iðn sína, var óvanur ferðalögum og
kunni illa hávaðanum og órónni á hótelnunum, götunum
og bryggjunum, var því ánægður, þegar hann var kom-
inn út í gufubátinn með stúlkum sínum.

Fjöldi manna var á skipinu, og þegar stúlkurnar
höfðu lagt frá sér yfirhafnir sínar niðri, leituðu þær
árangurslaust eftir sætum uppi á þilfari. Læknirinn
varð því að yfirgefa þær til að svipast eftir stólum.

“Það er ekkert varið í að vera hér”, sagði frú Jere-
my við Emily og Gerti. “Niðri í farrúminu er enginn
maður, og eg kann ekki við að standa hér, þar sem all-
ir glápa á mig. Finst yður það ekki líka, Emily?”

Frú Jeremy var ein af þeim, sem alt af gleymdi
að Emily var blind.

“Eg held að svalara sé hér uppi, ef að við setjum
okkur í skugga”, svaraði Emily. “Þér viljið ávalt held-
ur svalandi pláss en hlý”.

“Já, það gjöri eg. en eg tók eftir því, að niðri í
kvennasalnum var hreint og gott ioft, og — —. Nú
kom Gryseworth læknir og heilsaði kurteislega; hann
hafði setið og snúið baki að þeim, en sneri sér við, þeg-
ar hann heyrði hreimfögru röddina hennar Emily. —
Þegar hann var búinn að heilsa þeim öllum, krafðist
hann þess, að frú Jeremy tæki stólinn hans, og á sama
augnablíki stóð annar maður upp, sem þau höfðu ekki
tekið eftir, hneigði sig kurteislega og bauð Emily stól-
inn sinn og fjarlægði sig með hægð. Það var sami
maðurinn og þau sáu við morgunverðinn. Gerti þekti
hann strax, þakkaði honum og leiddi Emily að stóln-

um, en roðnaði um leið og hún sá alvarlega augnatillitið hans til sín. En Gryseworth læknir kom nú og kynti henni dætur sínar, og þar af leiðandi gat hún ekkert hugsað um ókunna manninn.

Eldri systirin, sem nýlega var komin frá Evrópu ásamt föður sínum, var sögð falleg og mentuð stúlka, og Gerti varð hrifin af þeim iunileik, sem þær sýndu henni og Emily.

Þegar Jeremy læknir kom loksins aftur með þann eina stól, sem hann gat fundið, voru þau Gryseworth og Gerti búin að ná sér í sæti, og sér til ánægju gat hann því sjálfur sezt á stólinn, sem hann kom með.

Löngu áður en skipið kom til West Point, þar sem Jeremy og hans fólk ætlaði í land, var orðið mjög gott samkomulag milli Gerti og dætra Gryseworths.

Þær höfðu dvalið þarna eina klukkustund og notið útsjónar eins hins fegursta landsvæðis í heiminum, þegar Netta Gryseworth ýtti við handlegg systur sinnar og sagði lágt: "Ella, bið þú herra Philips að koma hingað og láta kynna sig ungfrú Flint. Sjáðu hvað einmanalegur vesalings maðurinn er".

Gerti fylgdi augnatilliti Nettu og sá þá ókunnuga manninn, sem hún sá fyrst við morgunverðinn, ganga aftur og fram spottakorn frá þeim, alvarlegan og utan við sig.

"Hann hefir ekki verið hjá okkur heila stund", sagði Netta. "Eg held hann hafi fengið dutlunga".

"Eg vona að við höfum ekki fælt vin yðar í burt frá okkur", sagði Gerti.

"Nei, alls ekki", svaraði Ella. "Enda þó að hr. Philipp sé nýr kunningi, er eg í engum efa um, að hann er dutlungafullur og mjög sjálfstæður; þess vegna furðar mig aldrei á framferði hans og móðgast ekkert yfir því, þó hann skildi við okkur skyndilega. Þér vitið að það eru til manneskjur, sem nægir að afsaka með þessum orðum: "Hann er nú einu sinni þannig". Er mér þætti nú samt vænt um, ef hann vildi láta svo lítið

að koma hingað aftur, mig langar til að kynna yður hann, ungfrú Flint”.

“Yður mun naumast falla hann í geð”, sagði Netta.

“Það er ljótt, að reyna fyrirfram að kvikja slæmt álit á vini mínum hjá ungfrú Flint”, sagði Ella. “Þér megið ekkert tillit taka til orða hennar”, sagði hún við Gerti, “hún hefir ekki þekt hann nálægt því eins lengi og eg, og eg kann vel við hann. Systir mín kann ekki við einkennilegar manneskjur, og eg verð að viðurkenna, að hann er dálítið sérlyndur, og einmitt af þeirri ástæðu geðjast mér að honum, og eg er viss um að þér og hann mynduð eiga vel saman”.

“Hvernig dettur þér slíkt í hug, Ella?” sagði Netta.

“Eg held þau séu algjörlega gagnstæð hvort öðru”.

“En samt við þér kynna mig honum”, sagði Gerti.

“Já, það er af meðauníkun með honum, sem eg vil það. Eg get ekki varist því, að kenna í brjósti um hann þegar eg sé hve þunglyndur hann er, og eg hélt að felagsssskapur yðar mundi gleðja hann”.

“Ó, Netta, Netta”, sagði systir hennar, “eg sé að hann hefir vakið samhygð þína. Mig skal ekki furða, þó að þú að fáum dögum liðnum dáist meira að honum en eg. En þá verður þú að gæta þess, að þú sýnir ekki skort þinn á staðfestu, þú gagnsæja persóna”. — Svo sneri hún sér að Gerti og sagði: “Netta var í gær í fyrsta sinni með Philipp, og hann virðist engin góð áhrif hafa haft á hana. Pabbi og eg urðum honum samferða á sama skipi frá Liverpool og hingað fyrir fáum vikum. Fyrri hluta leiðarinnar var hann veikur og þess vegna kyntist pabbi honum sem læknir. Eg er hissa á því, að sjá hann hér á skipinu í dag, því að hann mintist ekkert á það í gær, að hann ætlaði að fara”.

“Gerti datt í hug, að unga, viðfeldna stúlkan væri álf orsök til ferðar hans, en hún sagði það ekki, og mtalið snerist nú að öðru, og Philipp var ekki nefndur á nafn; enda þótt Gerti sæi, skömmu áður en skip-

ið lenti í West Point, að báðir læknarnir og hann voru sokknir niður í samræður, sem virtust vekja áhuga hjá þeim öllum.

Í West Point skildist Gerti frá þessum nýju vinstúlkum sínum, sem óskuðu þess að þær fyndust aftur í Saratoga.

Eina nótt dvöldu kunningjar okkar í West Point. Veðrið var óvanalega heitt, og þar eð Jermy læknir sá, að Emily þoldi illa hitann, vildi hann hraða ferðinni sem mest til hins hátt liggjandi Catskill og vera kominn þangað fyrir sunnudag.

Eitt tunglsljóss kveld var nægilegt til að gefa Gerti hugmynd um landsfegurðina í heild sinni, en ekki fegurð hina einstöku staða.

Snemma næsta morgun eru þau komin af stað upp eftir fljótinu. Reynsla fyrsta dagsins hafði kent þeim að þekkja hættuna, sem í því var fólgin, að koma of seint, og þau flýttu sér því að fá sæti á þilfarinu, því eins margt fólk var á skipinu nú og daginn áður. En varla voru þau búin að yfirgefa West Point, þegar Gerti sá þreytu á andliti Emily. Hún hætti því strax að horfa á hið fagra landslag, sem skipið fór fram hjá á þessu augnabliki, og stakk upp á því, að fara ofan í farrýmið, þar sem Emily gæti verið í algjörðri ró.

En Emily vildi ekki heyra þetta; hún gat ekki fengið sig til, að svifta Gerti þeirri ánægju, sem hún vissi að útsýnið veitti henni.

“Fyrir mig er nú ekkert útsýni til”, sagði Gerti; “og sé aðeins að þú ert þreytt, farðu þess vegna ofan og hvíldu þig. — ef ekki annars vegna, þá til að gjöra að heiðni minni. Þú hefir næstum ekkert sofið alla nóttina”.

“Eruð þið að tala um að fara ofan?” spurði frá Jermy. “Mig langar líka til þess; það er eins þægilegt niðri og hér, og við getum séð alt, sem við viljum, gegnum gluggana. Er það ekki, Emily?”

“Viljið þér heldur fara ofan?” spurði Emily.

"Já, það vil eg reyndar", sagði frú Jeremy svo alvarlega, að engin ástæða var til að efast um það.

"Ef þú vilt lofa mér því, að verða kyr hérna, þá skal eg fara ofan með frú Jermy", sagði Emily. Gerti samþykkti þetta, en vildi þó fyrst fá að fylgja henni ofan og finna autt rúm handa henni.

Þar eð Jeremy læknir var farinn til að útvega sér upplýsingar um miðdagsmatinn, fóru þær strax ofan. Emily þoldi illa hávaðann á þilfarinu, og eftir að hún hafði lagt sig fyrir í kyrðinni niðri, stóð Gerti við hlið hennar og strauk föla andlitið hennar, þangað til henni var borið á brýn, að hún væri að rjúfa samningana.

"Þér ættuð að flýta yður upp undir eins", sagði frú Jeremy við hana, "áður en þér missið sætið yðar, og munið þér það, Gerti, að láta ekki læknirinn koma ofan til okkar, því hann reynir þá að fá okkur til að koma upp aftur, en það viljum við ekki".

Um leið og frú Jeremy sagði þetta, losaði hún haftböndin sín og lagði fæturnar á stól gagnvart þeim, sem hún sat á og bað svo Gerti að fara, sem hún og loksins gjörði.

Um leið og hún með hröðum fetum hljóp upp stigann, vék sér há persóna til hliðar, svo hún gæti haldið áfram. Það var herra Philipps. Hann hneigði sig og Gerti svaraði kveðju hans og settist svo í sæti sitt. Hissa á því, að hann væri ennþá samferða. Hann gat alls ekki hafa verið á skipinu áður en hún fór ofan með Emily, því þá hefði hún séð hann; hún var viss um að þekkja hann meðal þúsunda. Hann hlaut að hafa komið á skipið í Newburgh, því þar nam skipið staðar meðan hún var niðri.

Stóllinn, sem Gerti sat á, var á afturdekkinu, og meðan hún var að horfa yfir fljótið, sneri hún bakinu að flestum farþeganna. Hún hafði setið þarna hér um bil 5 mínútur, ýmist hugsandi um fegurð landsins eða athugaverða andlit ókunna mannsins, þegar hún sá skugga líða fram hjá sér. Hún hélt það væri Jeremy

læknir og leit upp, en varð ofurlítið utan við sig, þegar hún leit í þessi alvarlegu, segulmögnuðu augu, sem gátu komið fátí á hana. Hún sneri sér skjótlega undan, en um leið sagði maðurinn:

“Góðan morgun, unga stúlkan mín. Það litur út fyrir, að við eigum samleið ennþá. Viljið þér sýna mér þá virðingu, að nota ferðabókina mína?”

Hann rétti henni litla bók, sem hafði inni að haldu landabréf yfir fljótið og báða bakka þess. Gerti tók við bókinni og þakkaði. Meðan hún skoðaði landabréfið, stóð hann fáein fet frá henni og horfði út yfir hástokkinn. Nokkrar mínútur þagði hann, sneri sér svo skyndilega að henni og sagði: “Yður lízt eflaust vel á þetta allt?”

“Já, mjög vel”, svaraði Gerti.

“Þér hafið aldrei séð neitt jafn fagurt á æfi yðar”. Hann spurði ekki með þessum orðum, en talaði einsog hann vissi það.

“Fyrir yður er þetta væntanlega engin nýung?” svaraði hún.

“Hvers vegna haldið þér það?” spurði hann brosandí.

Gerti varð feimin við augnatillit hans og þó meira við brosið; það breytti gjörsamlega andliti hans — gjörði hann fríðari, en um leið þungbúinn. Hún roðnaði og vissi ekki, hverju hún átti að svara, enda hlífði hann henni við því. “Þetta er máske ekki við-eigandi spurning? Þér álítið, að líkindum, að þér hafið eins góðar ástæður fyrir yðar skoðun og eg fyrir minni. En yður skjáttar nú samt; eg hefi aldrei farið þessa leið áður, en eg hefi ferðast of mikið til þess að eldlegur áhugi sjáist í augum mínum, einsog tilfellið er með yður”, bætti hann við eftir augnabliks þögn, á meðan hann horfði á hana. Svo virtist hann í fyrsta sinn taka eftir feimninni, sem athygli hans á andlitsdráttum hennar framleiddi; Þá sneri hann sér frá henni og skugga brá yfir fagra andli hans, er sýndi

bæði beiskju og ákafa. Feimni Gerti hvarf við þetta, og hún gleymdi öllu nema hugðarhvötinni, sem þessi einkennilegi maður vakti hjá henni.

Um leið og hann settist á tóman stól við hliðina á henni, vakti hann eftirtekt hennar á fögru þorpi hægra megin fljótsins; mintist á fyrverandi eiganda þess, sem hann hafði kynst erlendis, og sagði frá ýms-um eftirtektaverðum atvikum, sem komu fyrir á sögulegri ferð, er þeir áttu saman. Þetta leiddi hann aftur inn í önnur efni, aðallega í sambandi við ferðalög erlendis, og svo auðug og margbrotin var skemtun hans, lýsingar hans svo lifandi, hugsjóna-gáfan svo fjörug, vald hans yfir málinu og hæfileikinn til að klæða hugsarir sínar í orð og veita þeim áherzlu svo mikill, að hin unga, draumlynda áheyrandi meylla sat hugfangin af aðdáun og ánægju.

Þegar Jeremy læknir kom til þeirra nokkru síðar, var samtal þeirra orðið svo fjörugt og óþvingað, að læknirinn leit undrandi á þau, ypti öxlum og sagði: "Nú þetta gengur bærilega".

Gerti skildi strax, hve hissa læknirinn hlaut að vera yfir því, að hún talaði svo óþvingað við ókunnugan mann, og roðnaði því við þessa athugasemd hans; en þegar hún sá, að maðurinn var alveg óhræddur og brosti að athugasemdinni, fann hún fremur til fjörs en feimni. Ókunni maðurinn stóð upp, heilsaði læknum vingjarnlega og sagði rólega: "Viljið þér gjöra mér þann greiða, að kynna mig þessari ungu stúlku, herra minn? Við höfum talað saman stundarkorn, án þess að þekkja nafn hvors annars?"

Þegar læknirinn var búinn að kynna þau, hneigði Philipp sig kurteislega og leit á Gerti með svo föðurlegum svip, að hún hikaði ekki við, að taka hendina, sem hann rétti henni. Hann hélt um hendi hennar eitt augnablik og sagði: "Verið þér ekki hræddar við mig, þegar við hittumst aftur", — svo fór hann og gekk aftur og fram um þilfarið í hægðum sínum, þangað til

farþegarnir til Catskill voru kallaðir að borðinu til að neyta matar, og þá fór hann, læknirinn og Gerti ofan í borðsalinn.

Læknirinn reyndi að stríða Gerti með hinum grá-hærða aðdáanda hennar og áleit hann enn vera ungan og fagran, og hún gæti látið lita hárið eftir eigin vild; en hann gat ekki vakið gremju hjá henni, því samhygð hennar, sem hún reyndi alls ekki að dylja, átti ekkert skylt við hið ytra útlit hans.

Pegar þau komu til Catskill, áttu þau annrikt með að koma sér og farangri sínum í land, því að skipið dvaldi þar aðeins stutta stund, og troðningurinn á bryggjunni og skipinu var mikill. Philipp hjálpaði þeim með farangurinn, og þegar það var búið, hjálpaði hann þeim Gerti og Emily upp í vagninn, sem átti að flytja gestina upp eftir fjallinu. Læknirinn og kona hans komu brátt til þeirra, en ókunnir gestir settust í hin sætin í vagninum, og svo var ekið af stað.

TUTTUGASTI OG SJÖUNDI KAPITULI.

Sorgmæddur maður.

Áður en þau voru komin gegnum bæinn, var hitinn orðinn lítt þolanlegur, svo Gerti hafði nóg að gjöra að verja Emily og sjálfa sig gegn geislum sólarinnar; en þegar þau komu á götuna, sem lá upp á fjallið, batnaði strax ásigkomulagið, því hún var í skugga og góð og slétt.

Lofðið var hreint og bjart og útsýnið því fegurra, sem ofar dró. Gerti var svo frá sér numin af ánægju, að hún gat naumast setið kyr í vagninum, og þegar leiðin var orðin svo brött, að ökumaður bað karlmennina að fara ofan úr vagninum, tók Gerti með ánægju því

tilboði læknisins, að ganga spottakorn með honum.

Gerti var dugleg að ganga einsog læknirinn, og innan skamms var vagninn orðinn langt á eftir. Við bugðu á veðinum námu þau staðar til að lita yfir hið fagra landslag, og meðan þau stóðu þögul og dádust að segurðinni, í heyrðu þau sagt í nánd við sig: "sannleika mjög fagurt umhverfi".

Þau litu kringum sig og sáu Philipp, er sat á mósavöxnum kletti, hinum sama, er Gerti hafði hallað sér upp að Stráhattinn sinn hafði hann lagt við hliðina á sér, og gráa, hrokna hárið hafði hann strokið til hliðar frá breiða og háa enninn. Hann stóð upp og gekk til þeirra.

"Þér hafið orðið á undan okkur, herra", sagði læknirinn.

"Ja, eg hefi gengið alla leiðina, einsog eg er vanur að gjöra, þegar enginn tími sparast við að aka".

Meðan hann talaði rétti hann Gerti fagran lárviðar blómavönd, án þess að lita á hana, sem hann að líkindum hefir tínt á leiðinni. Hún ætlaði að þakka honum, en hann var svo utan við sig og sokkinn niður í samræðu við læknirinn, einsog þeir væru tveir einir, að hún fékk ekki tækifæri til þess.

Þau lögðu nú af stað öll þrjú. Philipp og læknirinn töluðu sjörlega saman og Gerti gjörði sig ánægða með, að hlusta á þá; en brátt sá hún, að hún var ekki sú eina, sem dádust að hinum ókunna Jeremy læknir talaði um ýms málefni við hann og alt þekti hann, svo læknirinn var hinn ánægðasti og nuggaði saman höndunum.

Hún gekk þegjandi við hlið hans, en hvorki gleymd né eftirlitslaus, því þegar þau náguðust brattan bakka bauð hann henni handlegg sinn og kvaðst halda að hún væri orðin þreytt. Hún kvað enga hættu á ferð með það, og Jeremy kvaðst ætla, að Gerti væri eins úthaldsgóð og þeir báðir; og þegar Philipp var orðinn kviðaloss um þetta efni, byrjaði hann aftur á samræðunum,

sem Gerti tók óafvitandi þátt í.

Philipp var maður, sem kunni að vekja virðingu, jafnvel ótta, þegar hann vildi; en á hina hliðina var hann líka fær um, að hrekja óttann úr huga annara, vekja traust og hæna menn að sér. Hjá Gerti var hann ekki lengur ókunnur, — hann var leyndardómur, en ekki hræðandi leyndardómur. Hún þræði að fá að heyra meira um hann, — að heyra æfisögu hans, sem hlaut að innihalda markverða reynslu af ýmsu tagi, eftir þeim atvikum að dæma, sem hann hafði sjálfur sagt frá. Einkum var það samhygðareðli hennar, sem vildi komast eftir orsökinni til þess þunglyndis, er brá skugga yfir hið eðallynda andlit hans og breiddi jafnvel sorrgarblæju yfir brosið.

Jeremy læknir var líka dálítið forvitinn einsog Gerti, og kom með fásinar spurningar, í þeirri von, að fá eitthvað að vita um æfisögu þessa kunningja síns, en hann ýmist þagði, eða neitaði að fræða hann um sína hagi.

Loksins kvaðst læknirinn vera orðinn uppgefinn, og þess vegna settust þau við veginn til að biða eftir vagninum. Eftir dálitla þögn sagði læknirinn: "Á morgun fáum við enga messu, Gerti".

"Enga messu? Hvernig stendur á því?" sagði Gerti.

Philipp horfði á hana spyrjandi og athuguluni augum og sagði svo brosandi með einkennilegum raddhreim: "Hér er enginn sunnudagur, ungfrú Flint, — hann nær ekki svona hátt".

Gerti fannst hann tala af mikilli léttúð, og svaraði því alvarlega, en jafnframt vingjarnlega: "Eg hefi oft glaðst yfir því, að hinn himneski hvíldardagur hefir verið sendur ofan á jörðina til okkar, og því herra sem við komum, þess nær erum við væntanlega hinum eilífa hvíldardegi".

Philipp beit á vörina og sneri sér frá henni án þess að svara. Ekki geðjaðist Gerti að svipdráttunum

kringum munnið, né háðinu, sem fólst í hreyfingum hans, fremur en í augunum: en samt gat hún ekki ásakað hann, því þegar hann hafði horft út í bláinn eitt augnablik, sá hún svo mikla hrygð í andliti hans, að hún annukvaðist yfir hann og fylltist undrunar.

Vagninn kom nú til þeirra og hann hjálpaði henni upp í sæti sitt og var þá aftur orðinn vingjarnlegur, svo hún þóttist viss um, að ekkert óheiðarlegt gat dulið bak við henna opna og hreinskilna svip.

Að einni klukkustundu liðinni komu þau til hótelsins uppi á fjalinu, og þeim til mikillar ánægju, gestumum, var þeim fylgt til beztu herbergjanna, sem til voru í húsinn.

Emily var þreytt og lét fara sér og Gerti kveldmatinn á herbergi þeirra og háttuðin þær snemma.

Það seinasta, sem Gerti heyrði, áður en hún sofnaði, var rödd læknisins, sem kallaði inn til hennar: "Gerti, gleymdu ekki að fara snemma á fætur, svo þú getir séð sólaruppkomuna".

En hvorki læknirinn né hún var nógu snemma á ferli til að geta séð sólaruppkomuna. Frú Jeremy ætlaði líka að fara með þeim upp á fjallstindinu, en henni fanst það of erfitt og neitaði að fara lengra, svo læknirinn varð að fylgja henni til baka, en það samt Gerti að halda áfram og bíða sín uppi á tindinum.

Gerti settist við ræturnar á stóru grenitré og tók af sér hattinn sinn, því hún var orðin heit af áreynslunni, og sat nú hugsandi.

Hún hafði naumast setið eitt augnablik, þegar hún heyrði skríjál í nánd við sig. Henni datt í hug skellinaðran og þaut á fætur all-skelkuð; en um leið heyrði hún lágt hljóð, sem líktist andardrætti, og leit þangað, sem hljóðið kom frá. Þar sá hún umann, hér um bil 4 fet frá sér, sem lá endilangur á jörðunni og svaf. Hún gekk þangað, en áður en hún sá andlit mannsins, sagði stóri stráhatturinn og löngu gráu lokkarnir henni að það væri Philipp. Höfuðið lá á handleggnum, aug-

un lokuð, og alt útlit hans bar vott um algjörða ró. — Gerti stóð kyr og horfi á hann. Meðan hún gjörði það, breyttist rólega andlitið í sáran sorgarsvip. Varirnar hreyfðust og hann kallaði í svefninum: "Nei, nei, nei!" og í hvert skifti, sem hann endurtók orðin, óx ákafinn í röddinni. Svo fleygði hann handleggnum ofboðslega yfir höfuðið, en lét hann svo siga með hægð á jörðina, og meðan ofsinn í svipnum hvarf, hvislaði hann þessum orðum: "'Ó, góða!" Alveg einsog breytt barn, sem hvílir höfuðið í kjöltu móður sinnar.

Gerti viknaði. Hún gleymdi, að hann var ókunnur, en sá aðeins þjáðan mann. Flugu settist á breiða, fallega ennið hans, svo hún laut niður að reka hana burt, en um leið féll tár frá augum hennar ofan á kinnina hans.

Þá vaknaði hann skyndilega, en rólegur, og án þess að hreyfa sig, horfði hann í feimnu augun hennar. Hún ætlaði að þjóta burt, en hann reis upp við olnboga og greip hendi hennar og hélt henni kyrr; svo sagði hann alvarlega: "Felduð þér þetta tár mín vegna, barnið mitt?"

Hún svaraði aðeins með augunum, sem enn voru vot af meðaumkvunartárum.

"Eg held þér hafið gjört það, og eg þakka yður hjartanlega fyrir það. Þér ættuð aldrei oftar að gráta á ókunnugs manns; Þér fáið nóg af sorgum, þegar þér eruð orðnar jafn gömul og ég".

"Ef eg hefði aldrei verið hrygg, myndi eg ekki kunna að aumkvast yfir öðrum", sagði Gerti; "ef eg hefði ekki oft og tíðum grátið yfir sjálfri mér, myndi eg naumast hafa gjört það yðar vegna".

"En þér eruð samt lánsamar?"

"Já".

"Sumum veitist auðvelt að gleyma liðna tímaum".

"Eg hefði ekki gleymt honum".

"En barnasorgir eru aðeins smámunir og þér er-

uð lítið meira en barn ennþá”.

“Eg hef aldrei verið barn”, sagði Gerti.

“Undarleg stúlka”, sagði hann við sjálfan sig. —
“Viljið þér ekki setjast og tala við mig fáeinar mínútur?”

Gerti hikaði.

“Þér megið ekki neita mér um það. Eg er gamall maður og alls ekki hættulegur. Setjist þér hérna undir tréð og segið mér álit yðar um útsjónina”.

Gerti brosti að hugsuninni um það að hann kallaði sig gamlan mann, en hana barn. Hún gat ekki neitað bön hans eða verið hrædd við hann. Hún settist og hann settist við hlið hennar, en talaði ekkert fyrstu augnablikin; svo sneri hann sér að henni og sagði: “Þér hafið þá aldrei verið ógæfusamar á æf-inni.”

“Ógæfusamar!” sagði Gerti. “Jú, oft og mörgum sinnum”.

En aldrei lengi?”

“Jú, eg man eftir heilum árum, sem mig dreymdi aldrei um gæfuna”.

“En huggunin kom þó að lokum. Hvað hugsað þér um þær manneskjur, sem hún heimsækir aldrei?”

“Eg þekki sorgina nógu vel til þess, að finna til meðauðkvunar með þeim og að vilja hjálpa þeim”.

“Hvað getið þér gjört fyrir þær?”

“Vonað fyrir þær, beðið fyrir þær”, sagði Gerti með djúpri tilfinningu í röddinni.

“En ef þær hafa nú mist vonina? — Og bænin hefur engin áhrif á þær?”

“Slíkar manneskjur eru ekki til”, sagði Gerti ákveðin.

“Sjáið þér þessa skýjablæju, sem nú breiðist yfir himininn?” sagði Philipps. “Mörg hjörtu eru jafnþrungin og hulin ógagnsæju myrkri”.

“En fyrir ofan skýin er nóg ljós”, sagði Gerti.

“Fyrir ofan skýin; já, það getur verið; en hvað

gagnar það þeim, sem ekki sjá það?"

"Það er oft brattur og erfiður vegur, sem liggur upp til fjalltindsins, en pílagrimurinn fær rikulegt endskýin", sagði Gerti hrifin.

"Það eru aðins fáir, sem finna þann veg, sem urgjald fyrir erfiði sitt, þegar hann kemur upp fyrir liggur svo hátt upp", svaraði hinn þunglyndi vinur hennar, "og þeir sem finna hann lifa ekki lengi í þeim hugsjónaheimi. Þeir verða að fara ofan af hæðum sínum og lifa meðal fjöldans; taka aftur þátt í baráttunni gegn hinu ómannlega og illa. Enn þykkri ský safnast þá saman um höfuð-þeirra, og þeir hyljast enn svartara myrkri".

"En þeir hafa séð dýrðina; þeir vita að ljósið geislar þar uppi og trúa því, að það að síðustu eyðileggi myrkrið. Sko, sko", sagði hún, og í augum hennar glitraði ákafi, "einmitt á þessu augnabliki rifna þykkustu skýin og sólskinið breiðist bráðum yfir dalinn".

Meðan hún talaði benti hún á skýin og sneri sér svo að honum, til að vita, hvort hann veitti þessu eftirtekt; en með rólegu brosi leit hann ekki á þenna sjónleik náttúrunnar í fjarlægðinni, heldur á hana. Hann horfði með alvarlegri athygli á þenna talsmann hins fagra og sanna, og Gerti, sem hélt að hann væri utan við sig einsog vanalega og heyrði ekki orð sín, þagnaði og seri sér frá hóm.

En þá sagði hann:

"Haldið þér áfram, gæfuríka barn. Kennið þér mér að sjá heiminn í þessari róslituðu birtu, sem hann birtist yður í; kennið þér mér að elska og hafa með aumkvun með þessari voluðu veru, sem kallast manneskja. Eg segi yður fyrirfram, að það verður ervitt stari, en þér virðist hafa góðar vonir".

"Hatið þér heiminn?" spurði Gerti blátt áfram.

"Já, næstum því", svaraði Philipp.

"Eg hefi líka einu sinni hatað hann", sagði Gerti

hugsandi.

“Og gjörir það mäske aftur?”

“Nei, það yrði ómögulegt; hann hefir verið góð fóstra við foreldralausa barnið sitt, og nú elska eg hann”.

“Hafa menn verið góðir við yður?” spurði hann ákafur. “Hafa ókunnir og harðgeðja menn verðskuldað þá ást, sem þú virðist bera til þeirra?”

“Ókunnir og harðgeðja!” hrópaði Gerti með tárir í augunum. “Ó, herra, eg vildi að þér hefðuð þekt Truman frænda og Emily, hina elskuverðu, blindu Emily, þá munduð þér, þeirra vegna, hafa betra álit á heiminum”.

“Segið þér mér frá þeim”, sagði hann klökkur og horfði niður í gjána við fætur sínar.

“Það er ekki mikið um þau að segja. Annað þeirra var gamall og fátækur maður, en hitt algjörlega blind st. og þó hafa þau gjört alt svo auðugt, bjart og fagur. mig, sem var fátækt, einmana og misþyrmt barn”.

“Misþyrmt? Þér viðurkennið þá að hafa orðið fyrir ranglæti og vonzku áður á tímum?”

“Eg”, hrópaði Gerti; “það fyrsta, sem eg man eftir, var skortur, þjáningar og ill meðferð”.

“Og svo tóku þessir vinir yður að sér?”

“Já, annar varð jarðneskur faðir fyrir mig, og hinn kendi mér. Hvernig eg ætti að finna þann himneska”.

“Og frá þeirri stundu hafið þér verið frjálsar eins og fuglinn í loftinu, án nokkurrar þrár eða sorgar?”

“Eg — það hefi eg ekki sagt”, sagði Gerti. “Eg hefi mist Truman frænda og orðið að skilja við fleiri vini; suma fyrir fult og alt og suma um nokkur ár. — Eg hefi mörgum raunum mætt, margar einmana og sorglegar stundir lifað, og jafnvel nú ásækir mig kviði og hræðsla”.

“Hvernig getið þér þá verið svo glöð og gæfurík?”

Gerti var staðin upp, því hún sá Jeremy læknir

koma, og studdist nú við stóran klett, í hvers skugga þau höfðu setið. Hún brosti hugsandi við spurningu Philipps; leit svo niður í gjána við fætur sína og síðan á hann með huggandi augnaráði og sagði lágt og blíðlega: "Eg sé hyldýpið við fætur mína, en styð mig við hinn eilífa klett".

Gerti sagði satt, þegar hún sagði að sorg og kviði hvíldi í huga sínum; því bæði var hún hrædd um að Emily mundi deyja, og að Willie Sullivan væri búinn að gleyma sér, sem hún elskaði með stærri ást en systir; seinasta bréfið hans var stutt og skrifað í flýtir, sem hann sagði að annriki ætti þátt í, og Gerti grunaði að þau bönd, sem höfðu tengt hann við heimilið, hefðu slitnað, þegar móðir hans og afi dóu.

Jeremy og Philipp heilsuðust innilega, og svo fór læknirinn að tala um þennan ágæta sunnudagsmorgun — fegurðina og friðinn, sem ríkti á fjallinu; og Philipp, sem gjörði alt, sem hann gat til að dylja þunglyndi sitt, talaði rólega og jafnvel glaðlega, sem vakti undrun hjá Gerti, er sneri sér þögul heim á leið til hótelsins. Hún sá hann ekki við morgunverðinn, en við dagverðinn setist hann spölkorn frá Jeremys fólkinu og heilsaði því vingjarnlega, þegar Gerti gekk út úr borðsalnum.

Nokkru seinna kom hann inn í stóra framherbergið, þar sem Emily og Gerti höfðu sezt. Gerti bjóst við, að hann myndi koma til þeirra; hún vissi, að Emily myndi finna ánægju í hinu gáfulega viðtali hans, og vonaði, að hin blíða rödd hennar myndi tala friðarorð til hins sorgþrungna hjarta hans. En von hennar brást; þegar hann sá þær, fór hann strax út, og litlu síðar sá Gerti hann ganga upp eftir bratta fjallinu, sem þau höfðu heimsótt um morguninn. Hann kom heldur ekki til hótelsins það kveld.

Jeremy dvaldi tvo daga ennþá á fjallinu; andrúmsloftið þar hresti Emily mikið; hún varð miklu hraustlegri, en hún hafði verið síðustu vikurnar, og gat nú

gengið i kring um húsið við og við.

Ekki sáu þau þenna nýja kunningja sinn, svo Jeremy spurði gestgjafann um hann, er sagði honum, að hann hefði farið snemma á mánudagsmorguninn.

Lækninum þótti það slæmt, því honum geðjaðist vel að Philipp, og bjóst við að hann mundi slást i för með sér.

“Skeyttu ekki um þetta, Gerti”, sagði hann i spaugi, “eg er sannfærður um, að við mætum honum aftur, þegar við síst væntum þess”.

Arnþjotur B. Olson

TUTTUGASTI OG ATTUNDI KAPITULI.

Ókunnur velgjörðamaður.

Frá Catskill fór læknirinn beina leið til Saratoga. Þar var fult af gestum, og af því þau voru óvön ferðalagi höfðu þau ekki beðið um herbergi nógu snemma.

“Hvar ætlið þér að setjast að?” spurði kunningi læknisins, sem hann af tilviljun hitti i lestarvagnsklefa.

“Í Kongress-höllinni”, svaraði læknirinn; “það verður rólegur staður fyrir okkur gömlu hjónin, og þægilegra en nokkurt annað hótél fyrir ungfrú Graham, sem ekki er frisk”.

“Þar er auðvitað vænst eftir yður?”

“Vænst? Nei. Hver ætti að vænta okkar?”

“Gestgjafinn. Ef þér hafið ekki beðið um herbergi fyrirfram, þá eruð þér illa staddur, því öll hótél eru troðfull”.

“Þá verðum við að taka því einsog fyrir fellur”, sagði læknirinn kæruleysislega; en kæruleysið hvarf,

þegar hann kom til hins ákveðna staðar og komst að því að orð vinar hans voru sönn.

“Eg veit ekki, hvað við eigum að gjöra”, sagði læknirinn: “Það er sagt, að öll hótél séu full, og ef svo er, gjörum við réttast í, að fara með næstu lest, því ekki getum við sofist á götunni”.

“Vagn, herra!” hrópaði ökumaður og veifaði hendinni til læknisins.

“Vagn?” endurtók hann gramur. “Hvert? Hvert ætlið þér að flytja okkur? Það fæst ekki einu sinni hanabjálkaloft í bænum yðar, hvorki fyrir góð orð né borgun”.

“Það getur nú samt viljað til, herra”, sagði ökumaður. “Hótelin eru að sönnu full, en þér getið máske fengið pláss fyrir utan húsið”.

“Fyrir utan húsið”, tautaði læknirinn enn gramari. Mér virðist að við séum þar núna. Eg vil fá pláss í einhverju húsi. Hvert akið þér vanalega?”

“Til Kongress-hallarinnar”.

“Akið þér okkur þangað og sjáið um að við fáum pláss”.

Frú Jeremy, Emily og Gerti var hjálpað upp í vagninn, þar sem fyrr voru 6, konur og börn. Læknirinn fékk sér sæti utanvert í vagninum, og undir eins og vagninn kom að hótelinu fór hann inn að finna gestgjafann, en einsog hann bjóst við, var enginn kimi tónur. En þar eð gestgjafinn vildi gjarnan hjálpa honum, gaf hann honum von um, að geta fengið herbergi í næstu götu.

“Herbergi í næstu götu!” hrópaði læknirinn. “Nú, það er þao sem þið kallið að fa herbergi fyrir utan húsið. Nei, þökk fyrir, herra, það gagnar mér ekki. Eg verð strax að fá pláss handa stúlkunum mínum. Hvers vegna hafið þið ekki næg hótél handa gestum?”

“Þetta er um miðjan skemtanatímann, herra, og—”

“Hvað þá, Jeremy læknir!” kallaði Netta Gryseworth, sem gek fram hjá með önnu sinni. “Hvernig

liður yður, herra? Eru ungfrúrnar Graham og Flint með yður? Dveljið þér hér um stund?"

Áður en læknirinn gat svarað spurningum hennar og beilsað frú Gryseworth, sem var gömul og heiðvirð kona, er hann hafði þekt i mörg ár, ávarpaði gestgjafinn hann:

"Eruð þér Jeremy læknir?" sagði hann. "Afsakið að eg þekti yður ekki. Jeremy læknir frá Boston?"

"Já, það er eg", svaraði læknirinn og hneigði sig.

"Þá er alt i beztu reglu. Það hefir verið beðið um herbergi handa yður og þau verða tilbúin innau tveggja mínútna".

"Hvað á þetta að þýða?" sagði læknirinn. "Eg hefi ekki beðið um nein herbergi".

"Þá hefir einhver vinur yðar gjört það; það var heppilegt, einkum af því, að þér hafið kvenfólk með yður. Á þessum tímum kemur fjöldi manns til Saratoga; i gar voru hér sjö þúsund gestir".

Lækninum þótti vænt um þessa hepnir og hinn ókunna vin, og fór út til að segja stúlkunum frá þessu.

"Við höfum sannarlega verið heppin", sagði frú Jeremy um leið og hún leit yfir viðfeldna herbergið sitt, og gekk svo inn til Emily og Gerti til að skoða herbergi þeirra, "og þó hafa allir kvartað um herbergja skort".

Læknirinn, sem verið hafði úti, að skipa fyrir um farangur þeirra, kom nógu snemma til að heyra síðustu orð konu sinnar og lagði nú fingurinn á munninn og sagði: "Þey, þey, talaðu ekki mikið um þetta. Það er stórkostlegur misskilningur hjá gestgjafanum, sem hefir orðið okkur að gagni. Það hefir verið beðið um þessi herbergi handa öðrum en okkur; en þeir geta ekki gjört annað en rekið okkur út, og þangað til höfum við góð herbergi".

En samt sem áður kom enginn að heimta herbergin, og að viku liðinni voru þau svo heppin að fá herbergi á neðsta gólfi handa Emily, svo hún þyrfti ekki

að ganga upp stigann.

Bráðlega heimsóttu Gryseworth systurnar þau, sem var þeim til skemtunar, og þó amma þeirra væri köld og fámælt við ókunnuga, hafði hún þó lag á, að draga athygli annara að sér, ungra og gamalla.

TUTTUGASTI OG NIUNDI KAPITULI.

Óvæntur samfundur.

Kveld eitt, þegar Gerti var komin í hópinn, sneru allir athygli sinni að ungri stúlku, sem kom inn ásamt nokkrum ungum mönnum. Þegar hún var búin að líta í kringum sig í salnum eftir manni, sem hún leitaði að, sneri hún sér að frú Petrancourt, sem hún hafði nýlega kynst, er stóð upp til að heisa henni. Gerti sá undir eins, að þetta var Bella Clinton, sem nú gekk fram há henni og Emily, án þess að taka eftir þeim. Þar eð enginn tómur stóll var í nánd, gekk hún og frú Petrancourt að legubekk, settust á hann og fóru að tala saman. Þegar hún ætlaði að fara aftur, heyrði hún einhvern nefna nafn ungfrú Flint; hún leit til hliðar og sagði kæruleysislega, um leið og hún gekk framhjá: "Hvernig stendur á þessu?" alveg eins og maður talar til einhvers litið kunnugs, — leit á Emily og rendi augum yfir hópinn, óskammfeilnum og forvitnum, hélt svo áfram, um leið og hún sagði nokkur háðsk orð um fólkið og staðinn við fylgdarmann sinn.

"Nei, en sú fegurð", sagði Netta við frú Petrancourt. "Hver er þetta?"

Frúin sagði henni það sem hún vissi um ungfrú Clinton: að þær hefðu orðið samferða um Svissland og að þær hefðu fundist aftur í París, þar sem alment

var dæðst að henni; svo sneri hún sér að Gerti og sagði: "Eg sé, að þér þekkið hana líka, ungfrú Flint?"

Gerti kvaðst hafa þekt ungfrú Clinton áður en hún fór til útlanda, en að hún hefði ekki séð hana síðan hún komi aftur.

"Hún er líka nýkomin", sagði frú Petrancourt. "Hún kom með föður sínum á síðasta gufuskipti og hefur aðeins verið tvo daga hér í Saratoga. Mér er sagt, að hún vekji mikið athygli á sér í *Hotel Bandafylkin*, og eigi þar marga aðdáendur".

"Sem líklega flestir vita, að hún eignast nýkinn auð með tímanum", sagði herra Petrancourt.

Nú vaknaði eftirtekt Emily, sem hafði verið að tala við Elly Gryseworth, en sneri sér nú að Gerti og spurði, hvort verið væri að tala um Bellu Clinton.

"Já", svaraði Jeremy læknir, "og ef hún væri ekki dónalegasta stúlkan í öllum heiminum, mynduð þér fyrir löngu hafa vitað, að hún var hér".

Emily svaraði engu, hún vissi ofurvel, hve ókærteis Bella var, hún hafði orðið vör við það áður. Gerti sagði heldur ekkert, en blóðið sand í æðum hennar, einsog vant var, þegar einhver móðgaði Emily.

Gerti og Jeremy voru ávalt með þeim fyrstu við brunninn. Honum þótti gott, að drekka þetta styrkjandi vatn um það leyti, og þar eð Gerti var ávalt snemma á ferli og þótti gott að hreyfa sig úti á morgnana, höfðu þau komið sér saman um að verða samferða til brunnsins og að ganga svo langan spöl á eftir.

Næsta morgun eftir þetta áðurnefnda kveld, höfðu þau verið við brunninn og voru nú á heimleið, þegar læknirinn saknaði stafsins síns, og ætlaði að snúa aftur til að sækja hann. Gerti vildi fara með honum, en læknirinn áleit hyggilegra, að hún héldi áfram í hægðum sínum og þá gæti hann náð henni. Hún var búin að ganga spottakorn hugsandi, þegar hún alt í einu sá unga stúlku, er studdist við handlegg karlmanns, koma á móti sér, og sá hún þegar, að það var Bella Clinton.

Það sást líka greinilega, að Bella þekti hana, þó hún léti, sem hún ekki gjörði það. Þessi hegðun Bellu særði Gerti ekki neitt; en um leið og þau gengu fram hjá henni, varð henni lítið á manninn.

Þau héldu áfram, en Gerti stóð sem steini lostin og hjarta hennar barðist ákaft. Hún þekti svipinn og röddina. Gat Gerti gleymt litla Willie Sullivan? En hann hafði gleymt henni. Átti hún að hlaupa á eftir honum, stöðva hann og þvinga hann til að þekkja sig og tala við sig? Hún tók eitt skref í áttina á eftir þeim, en nam svo staðar. Á meðan hvarf hann fyrir bugðu á veginum. Stórt flóð af tilfinningum gjörði hana blinda. Hún byrgði andlitið með höndum sínum og hallaði sér upp að tré.

Það var Willie. Um það var enginn efi; en það var ekki hennar Willie — drengurinn Willie. Að sönnu hafði hann lítið þakkað og gildnað síðan hann fór, því að hann var stór orðinn þegar hann fór að heiman. Hið þægilega viðmót drengsins hafði vikið úr vegi fyrir ennþá stærri eiginleikum fulorðna mannsins. Hann var ennþá friður sýnum og framkoma hans aðlaðandi, svo allir dáðust að. En andlitsdrættirnir voru auðþektir, svo það var engin nauðsyn til að heyra rödd hans, sem hún þó heyrði, til þess að segja henni, að William Sullivan hafði mætt henni andliti til andlitis. — gengið fram hjá henni og látið hana eiga sig, óþekta og gleymda.

Um stund bjó í huga hennar þessi beiska hugsun: Hann þekkir mig ekki. Henni datt ekki í hug, að hún hefði aðeins verið barn, þegar þau skildu. Aðrar hugsanir ásóttu hana líka: Hvers vegna var Willie að ganga með Isabellu Clinton? Því hafði hann ekki strax fundið hana, sem var hans fyrsti og eini vinur? Því hafði hann ekki skrifað henni og tilkynt komu sína? Hvernig átti hún að gjöra sér grein fyrir þessari undarlegu þögn, og hinu enn undarlega, að hann hraðaði sér til þessa skemtistaðar, án þess að heim-

sækja fæðingarþæ sinn og kjörsystur sína?

Enginn draumur hennar hafði verið jafn myrkur einsog þessi sannreynd; hinn verstí grunur hennar hafði aldrei látið í ljós, að öll kærri böndin, sem tengdu hana og hinn fjarverandi vin saman, mundu slitna.

Það var því engin furða, þó hún gleymdi staðrum, tímanum og öllu öðru, nema þessum sáru hugsunum, og meðan hún stóð þarna og hallaðist upp að trénn, runnu tárin niður kinnar hennar viðstöðulau-t.

Henni varð bilt við að heyra fótatak og flýtti sér hurt, án þess að lita þangað, sem hljóðið kom frá, og um leið og hún fleygði kniplingaklútnum yfir andlitið, til að hylja það, þurkaði hún af sér tárin og flýtti sér af stað, til þess að enginn næði henni og sæi sorg hennar.

Þar eð hún var hálf blind bæði af klútnum og tár-unum, vissi hún ekki, hvert hún stefndi; en alt í einu heyrði hún hátt hljóð rétt hjá sér og varð svo hrædd, að hún vissi ekki, hvert hún átti að snúa sér; en á sama augnabliki var hún gripin á loft svo léttilega eins og hún væri barn, og áður en hún gat áttað sig á því, sem fram fór, þaut litill vagn með tveimur persónum í fram hjá henni. Hefði hún stigið einu feti lengra, hefði hún orðið fyrir járnbrautar smávagni og meiddst mikið. Um leið og hún tók klútinn frá andlitinu, sá hún í hverri hættu hún hafði verið stödd. Hún leit grát-bólgnum, feimnum og þakklátum augum á frelsara sinn.

Philipps — því það var hann — leit á hana með föðurlegri meðaunnkvæm. "Vesalings barn", sagði hann um leið og hann lagði handlegg sinn um hennar. "Þér urðuð mjög hræddar. Komid þér og setjist hérna á bekkinn", en hún hristi höfnðið og gaf honnum með bendingu til kynna — því hún gat ekki talað — að hún vildi helst fara heim á hótelið.

Philipp gekk því þögull við hlið hennar, en studdi hana með nákvæmri umhyggju og leit oft sorgaraug-

um til hennar.

Eftir langa þögn dírðist hann þó að spyrja: "Gjörði eg yður hrædda?"

"Þér", svaraði hún lágt og skjálfrödduð. "Nei, eg þakka yður fyrir vinsemdina".

"Mér þykir skæmt, að þér urðuð svona hræddar. Þessir litlu vagnar eru hettulegir: eg vildi að þeir yrðu lagðir niður".

"Vagninn", sagði Gerti utan við sig. "Já, honum var eg nærri búin að gleyma".

"Eg er hræddur um, að taugar yðar séu ofreyndar. Getið þér ekki látið læknirinn ráðleggja yður eitt hvað?"

"Læknirinn. Eg held hann hafi farið að sækja stafinn sínn".

Philipps sá, hve mjög hún var utan við sig, og hetti því að spyrja, og þau gengu þegjandi alla leið til hótelsins. Áður en hann skildi við hana, sagði hann með innilegri hluttekningu: "Get eg nokkuð gjört fyrir yður? Get eg hjálpað yður?"

Gerti leit á hann og sá á svip hans, að hann vissi að hún var sorgþrungin. "Nei, þökk fyrir", svaraði hún, "en þér eruð mjög alúðlegur". Hún þaut inn í húsið, en hann stóð kyr heila mínútu og horfði á dyrnar, sem hún hvarf inn um.

Fyrst hugsaði Gerti um það, hvernig hún ætti að dylja sorg sína fyrir vinum sínum og einkum fyrir Emily. Hún vissi raunar, að hún mundi fá hluttekningu og huggun hjá henni, en hún vildi ekki segja neitt, sem gæti niðurlægt Willie Sullivan í huga hennar.

Gerti datt auðvitað í hug, að Willie hefði máske heimsótt Boston, spurt eftir sér og frétt, hvar hún væri og hefði farið hingað í því skyni að finna sig. Við rólegri umhugsun sá hún, að líklegt var að hann hefði ekki þekt hana, þar sem þau mættust aðeins af tilviljun, því hún vissi, að andlit sitt og líkamsbygging var mikið breytt. En þessi vonargeisli hvarf brátt,

Þegar hún um kveldið fékk bréf frá frú Ellis, sem nú var ráðskona hjá Jeremy lækni, og mintist ekki einu orði á Willie, sem hún þó eflaust hefði gjört, ef hann hefði komið þangað, — það var hugsanlegt, að Willie hefði komið þangað eftir að hún skrifaði bréfið, eða — að hann hefði ekki verið húna á viti, hvar frú Ellis átti heima, áður en hún sendi það. En samt var það undarlegt, hve löngum tíma hann eyddi til að fylgja Isabelnu á morgungöngu hennar; og þó ól hún þá von, að hann myndi koma heim í hótelið og finna sig.

Hún átti ervitt með, að gæta jafnvægis hugana sinna og varast eftirtekt hinna kærna Emily; en samt ætlaði hún að gjöra allt, sem í hennar valdi stóð til að dylja sorg sína og þvingaði sig því til að fara inn til Emily, hjóða henni góðan morgun gládlega og hjálpa henni í fötin einsog vant var. Tár voru einn í augum hennar, en þau gat Emily ekki séð.

Nú biðu nýjar raunir hennar, því þegar lækurinn var búinn að finna stafinn sinn, gekk hann á eftir henni hinn untalaða veg, en fann hana hvergi; hún spurði því eðlilega, hvaða leið hún hefði farið og lvers vegna hún hefði ekki gengið hina untöluðu leið. Nú mundi hún fyrst að lækurinn hafði lofað að ná henni aftur, og var því ekki tilhúin að svara, en roðnaði og varð vandræðaleg. En áður en hún gat komið með nokkra afsökun, kom Netta Gryseworth hlauðandi til þeirra, laut niður að öxl Gerti og hvíslaði, en þó svo hátt, að allir í litla hópunum heyrðu það: "Jafn blíðar kveðjur eiga að gjörast með leynd, Gerti; mig furðar á því, að þið skulið láta jafn ástrikt viðmót eiga sér stað rétt fyrir utan dyrnar".

Ekki minkuðu vandræði Gerti við þetta, og komst á hesta stig, þegar Jeremy lækur greip um handlegg Nettu og krafðist að fá að vita, hvað hún ætti við, því sig grunaði, að Gerti hefði fylgst með einhverjum og vildi vita, hver hann væri.

“Ó, það var með beinvöxnum aðdáanda hennar; og þegar hún yfirgaf hann, stóð hann kyr og starði á eftir henni, þangað til eg hélt að þessi vandræða mann-
eskja hefði breytt honum i stein. Hvað gjörðuð þér
vesalings manningum, Gerti?”

“Ekkert”, svaraði Gerti; “hann frelsaði mig frá því að verða undir járnbrautar smávagni og fylgdi mér svo heim”.

Gerti talaði mjög alvarlega, því hjarta hennar var svo sorgþrungið; annars hefði hún getað spaugað og hlegið með Nettu. Læknirinn tók ekki eftir hinni vaxandi geðshræringu hennar og hélt því áfram að spauga.

“Hve skáldsögulegt! Yfirvofandi lífshætta! Frelsun! Einmanaleg skemtiganga til að forðast gamla læknirinn, sem hefði getað truflað hið skemtilega einnæli! Eg skil”.

Vesalings Gerti blóðroðnaði og reyndi i vandræðum sínum að stama út úr sér nokkrum skýringum.

Ellen Gryseworth horfði rannsakandi augum á hana; en Emily var hnuggin, og Netta, sem að hálfu leyti hafði gaman af vandræðum hennar, og að hálfu leyti kendi i brjósti um hana, hvíslaði: “Hugsaðu ekkert um þetta, Gerti; Það hefir ekkert að þýða”.

Fyrri hluti dagsins leið svo, að Gerti gjörði ekki vart við sig; en Gerti hlustaði með sterkri eftirvæntingu i hvert sinn, sem barið var á dyrnar, og var svo skjálíandi, að hún gat varla opnað hurðina. Dimmur roði hafði breiðst yfir andlit hennar og hún hafði sárán höfuðverk, þegar dagverðar átti að neyta; en af því hún vissi, hvern skilning menn mundu leggja i það, ef hún léti sig vanta, gekk hún samt ofan og reyndi að vera eins glaðleg og hún gat; roðinn á andlitinu og gljáinn i dökku augunum, sem geðshræringin hafði framleitt, vakti samt eftirtekt, einkum hjá Philipp, sem stöðugt horfði á hana þessa stuttu stund, sem hún sat við borðið.

PRITUGASTI KAPITULI.

Ervið raun.

Þegar Gerti kom til herbergis síns eftir dagverðinn, fann hún ljómandi fallegan blómsveig á borðinu úr beztu tegund rósa, sem þjónustustúlkan sagði, að sér hefði verið skipað að fá henni. Hún vissi, hver gefandinn mundi vera, og skildi hinar vingjarnlegu hvatir, sem komu honum til að gjöra þetta. Jafnframt fann hún, að ef hún ætti að þiggja meðaumkvun frá nokkrum manni, þá væri það frá Philipp.

Þrátt fyrir bendingar Nettu kom henni ekki til hugar, að annað en góðvild og meðaumkvun hefði knúð hann til að senda henni þessi fögru blóm; enda hafði hún ekki ástæðu til annarar skoðunar, því framkoma Philipps gagnvart henni líktist meira föður en elskhuga, og þess vegna skoðaði hún hann sem tryggan vin, einsog hún vissi, að hann gjörði um sig.

Hún lét blómin í vatn, gekk svo aftur inn í salinn þar sem Emily og aðrir kunningjar hennar sátu og fór að tala um eitt og annað, þó henni veittist það ervitt; en svo losnaði hún við þessa raun, þegar allur hópurinn bjó sig til ferða; sumir til skemtireiða og aðrir til að aka, og sumir til að fá sér miðdagsblund, og meðal þeirra síðustu var Gerti, sem afsakaði sig með höfuðverknum. Hún gat samt ekki sofnað og dagurinn leið hægt og seint.

Loks kom kveldið og með því tilboð til Gerti, að fylgjast með Gryseworths og Petrancourts fjölskyldum á söngsamkomu, sem halda átti á *Hotel Bandafylkin*. Hún neitaði þessu tilboði fastlega, því hún vissi að hún var ekki fær um að mæta Willie undir sömu kringumstæðum og um morguninn. Nei, hún ætlaði að biða og vita, hvernig alt gengi.

Þau fóru því öll nema Gerti, og þar eð margir gestir fóru líka, varð kyrt og rólegt í salnum, sem Gerti þótti vænt um, þar eð hún þjáðist enn af höfuðverk og andlegri óró. Seinna um kveldið fór roskinn prestur að tala við Emily; frú Gryseworth og Jeremy lækni-ir spjölluðu saman, en frú Jeremy sat og dottaði, og þar eð Gerti hélt að sín yrði ekki saknað, læddist hún út í því skyni, að sitja einsömul í tungsljósinu stundarkorn; en í dyraganginum mætti hún Philipp.

“Hvers vegna eruð þér einmana hér?” spurði hann. “Hvers vegna fóruð þér ekki á söngsamkomuna?”

“Eg hefi höfuðverk”.

“Eg sá það við borðið. Liður yður betur nú?”

“Nei, eg held ekki”.

“Komið þér út og gangið með mér fyrir framan húsið litla stund. Það ætti að vera yður holt”.

Hún fór með honum, og honum hepnadist að hreifa hugsunum hennar; gat stundum látið hana brosa, og eftir að hafa sagt henni margar smásögur og viðburði, fór hann að tala um hana sjálfa. Hann sagði henni, að þangað til í gær hefði hún verið svo glöð og fjörug, en í dag væri hún alt öðru vísi. Þá varð hann þess var, að handleggur hennar sem lá í hans, fór að skjálfa, og hún, sem áður hafði horft í augu hans, leit nú til jarðar, og þá bætti hann við: “Við skulum þó vona, að þér verðið brátt jafu kátar. En menn hefðu ekki átt að fara með yður hingað. Catskill var miklu hentugri staður fyrir yðar fjöruga ímyndunarafl og ígrundandi sál. Tilfinningarnæmt eðli má ekki vera skotmark illskunnar og öfundarinnar örva, sem eflaust finnast hér á meðal hinna sjálfselsku, lágt hugsandi og grimmu manneskja”.

Gerti skildi, að Philipp hélt að einhver hefði móðgað hana.

“Nei”, sagði hún. “Þér eruð of beiskur; allir menn eru ekki sjálfselskir og óvinveittir”.

“Ó, þér eruð ungar og vongóðar. Geymið þér

þetta traust á meðan þér getið. Eg trúi engum”.

“Engum. Er þá enginn til í heiminum, sem yður þykir vænt um og þér treystið?”

“Tæplega; að minsta kosti ekki fleiri en einn. Hverjum ætti eg að treysta?”

“Þeim góða, þeim hreinskilna, þeim eðallynda”.

“Og hvar finnast slíkir menn? Hvar a maður að leita þeirra? Eg skal segja yður, unga vina mín, að eftir minni reynslu, og hún er mikil, injög mikil” — hann beit á jaxl og talaði í grömum róm — “hefir hinn svo kallaði góði, heiðarlegi og hreinskilni maður, þegar til kom, reynst hinn versti hræsnari, algjörður og slunginn syndaselur. Já”, bætti hann við, og rödd hans varð dimm og svipurinn ofsalegur; “eg þarf aðeins að hugsa um einn mann, mikilsvirtan mann, sem í ykkar skoðun stendur hátt, einn af kyrkjunnar mönnum, sem með hörku sinni, ranglæti og grimd hefir gjört líf mitt að því, sem það er — ánægjulausri tilvænu, eyðimörk; já, verra en þetta; og eg man eftir öðrum manni, gömlun, ruddalegum, drykkfeldum sjómanni, sem aldrei lét nokkurn dag líða, án þess að leggja guðs nafn við hégóma, og sem samt sem áður geymdi inst í sálu sinni svo hreina og flekklausa dygð, sem ekki væri unt að ná út úr tíu þúsund sálum ykkar gljáfægðu þorp-ara. Hverjum á eg þá að treysta, — hinum svo kölluðu ráðvöndu og trúræknun mönnum, eða hinum viðbjóðslegu og kærulausu heimsmönnum?”

“Treystið þér því góða, þar sem þér finnið það”, svaraði Gerti; “treystið þér heldur öllum en engum”.

“Yðar heimur, yðar trú reisir gleggri landamerki”.

“Kallið þér það ekki mína trú né minn heim”, sagði Gerti. “Eg þekki engin landamerki; þekki engu aðra trú en hjartans. Kristur dó fyrir okkur öll, og þar eð mjög fáar sálir eru svo gagnteknar af synd, að þær geymi engan neista af sannleika og dygð, — hver getur þá fullyrt, að ekki kvikni hjá þeim ljós, er lýsi þeim eftir veginum til guðs?”

“Þér eruð gott barn, full af vön og kristilegum kærleika”, sagði Philipp og þrýsti handlegg hennar að síðu sinni. “Eg vil reyna þetta og treysta yður. En, sko, nú eru vinir okkar komnir aftur frá söngsamkomunni. Við skulum fara inn til þeirra”.

Þeir höfðu haft mjög skemtilegt kveld. Alboni hafði skemt frámunalega vel, og þeim þótti leitt, að Gerti var þar ekki. “En máske þér hafið skemt yður betur heima”, hvíslaði Netta, en iðraðist strax eftir að hafa sagt þetta, því Gerti var svo sakleysisleg og feimnislaus, þar sem hún stóð og studdist við handlegg Philipps, að framkoma hennar eyddi gjörsamlega öllum grun hjá Nettu.

“Ungfrú Clinton var þar”, sagði Netta, “og hún var ljómandi fögur. Stór hópur af aðdáendum hafði safnast utan um hana. En tókuð þér eftir þeim manni”, sagði hún við frú Petrancourt, “sem virtist njóta hylli hennar fremur öðrum. Eg á að við háa og fallega manninn, sem fylgdi henni fram í dyraganginn og fór svo út. Hún talaði eingöngu við hann á meðan hann var þar”.

“Var það ekki sami maðurinn og sá, sem kom inn rétt áður en samsöngurinn endaði, og hallaði sér upp að veggnum nokkrar mínútur?” spurði Ellen.

“Jú”, svaraði Netta, “en beið aðeins þar til Alboni hætti að syngja; þá gekk hann til ungfrú Clinton og hvíslaði að henni nokkrum orðum. Hún stóð upp og fór út með honum, hinum mönnunum til mikillar gremju. Eg sá þau ganga fyrir gluggann, þar sem eg sat og verða samferða út úr garðinum”.

“Já, einmitt á sama tíma og sungið var fagurt lag eftir ‘Lucia’,” sagði Ellen. “Hvernig gátu þau fengið sig til, að hlusta ekki á það?”

“Ó, það er ekki svo undarlegt, að ungfrú Clinton kys heldur skemtigöngu með Sullivan en að hlusta á fegursta sönginn, sem til er”, sagði frú Petrancourt.

“Hvernig stendur á því?” spurði Netta. “Er hæn

svo viðfeldinn, eða er hann tekinn fram yfir aðra?"

"Eg efast ekki um það", svaraði frú Petrancourt.

"Eg held að menn skoði það alment sem trúlofun. — Hann var saman með þeim í vor í París, og þau komu öll heim með sama skipi. Allir vita, að hr. Clinton er áfram um giftingu þeirra, og Ísabella fer eki í launkofa með það, að hún tekur hann fram yfir aðra".

"Ó, já, það er víst afráðið", sagði frú Gryseworth. "Eg hefi heyrt marga tala um það í kveld".

Hvað var orðið af Gerti allan þenna tíma? Gat hún, sem í sex ár hafði alið þá æskuvon, að hún væri eitt og alt fyrir Willie og héldi áfram að vera það, staði í kyr og hlusta á, að spjallað væri um hann og hann gefinn annari?

Hún gjörði það, en án þess að vita það, því hún var algjörlega utan við sig, og hefði eflaust hnigið niður, ef Philipp hefði ekki haldið handlegg hennar svo fast. Hann fann, hve mjög hún skalf, en aðrir sáu ekkert, því hún stóð í skugga.

Hjarta hennar barðist ákaft og helfölva sló á andlit hennar; hún heyrði hvert orð og skildi alt, en hélt að það væri draumur. En Philipp talaði og skygði á hana, svo geðshræringar hennar sátust ekki.

"Hr. Sullivan", sagði hann, "það er ágætur maður. Hann þekki eg. Eg verð að segja yður smásögu um þann unga mann, ungfrú Gerti", bætti hann við, um leið og hann leiddi hana fram í ganginn og lézt ætla að halda áfram skemtigöngu sinni; en það var hann einn, sem gekk, því hann varð nærri því að bera Gerti, þangað til hitt fólkið, sem í ganginum var, gekk inn í salinn og þau urðu tvö ein eftir.

Sögunni hélt hann áfram og sagði hana þannig. að fyrir nokkrum árum hefði hann og Sullivan ferðast yfir eyðimörk í Arabíu, og þá hefði hann frelsað sig frá dauða, er Beduina flokkur réðist á hann. Þegar svo langt var komið sögunni, sá hann að enginn var til staðar, er gæti séð Gerti; hætti því frásögunni og

setti Gerti í hægindastól. "Sitjið þér hérna", sagði hann, "meðan eg fer og sæki yður glas af vatni". Svo lagði hann sjalið hennar yfir hana og fór.

En hvað Gerti var honum þakklát fyrir að yfirgefa hana óbeðinn, svo hún gæti jafnað sig. Það var þæð hyggilegasta, sem hann gat gjört og jafnframt ^{húu} nær-gætnasta. Hann sá, að hún myndi ekki falla í dá, og gæti betur jafnað sig ein.

Eftir fáar mínútur kom hann aftur með vatnið og þá var hún orðin róleg. "Eg hefi líklega látið yður vera hér of lengi", sagði hann. Komið þér, þér ættuð nú helzt að fara inn".

Hún stóð upp og hann lagði handlegg hennar í sinn og fylgdi henni til herbergis hennar og Emily. Þar nam hann staðar og sagði með áherzlu: "Þér viljið kenna mér að treysta manneskjunum, ungfrú Gerti; en eg bið yður, óreyndar einsog þér eruð, að treysta þeim ekki um of. Ef þér hafið ástæðu til að treysta, þá gjörið þér það á meðan þér getið, en reiðið yður ekki á neitt, sem þér ekki eruð vissar um, og umframt alt, verið þér vissar um, að slík lausmælg, sem maður heyrir við baðstað, einsog þenna, verðskuldar ekki að henni sé trúað. Góða nótt".

Þessi fáu orð breyttu hugarstefnu Gerti algjörlega; þau voru einskonar spásögn fyrir hana. Að sönnu bygði hann þau á siuni eigin löngu reynd, en þau virtust þó sönn í þessu tilfelli. Hún hafði látið afbrýðina fara í gönur með sig. Willie hafði sem drengur, unglingur og fullorðinn maður ávalt reynst henni sem sannur vinur, ávalt borið ást til hennar.

Í fyrsta bréfinu, sem hann skrifaði henni, sagði hann það skýrt og hreinskilnislega, að hún væri honum alt. Átti hún þá að vantreysta honum? Nei, hún ásetti sér strax, að bannfæra slíka hugsun, og glæða þá von hjá sér, að hann innan skamms mundi finna hana og gjöra grein fyrir öllu og hugga hennar sorgbitna hjarta.

Þegar hún var búin að taka þessa ákvörðun, leit hún út í garðinn. Tunglið var horfið, en himininn þakinn stjörnum. Hún elskaði stjörnurnar, og einsog á æskuárunum, fanst henni hún heyra Truman segja: "Vertu nú glöð, litla Gerti, eg held að alt batni aftur".

Það sem eftir var kveldsins, mátti Gerti kallast kát, og þar af leiðandi gat hún farið ofan, sótt Emily og boðið vinum sínum góða nótt.

En þetta ásigkomulag varaði ekki lengi. Næsta morgun var hún mjög hnuggin og næstum ósjálfrátt klæddi hún sig og fór ofan í borðsalinn. Hún beiddi læknið afsökunar á því, að hún gæti ekki fylgst með honum, þar eð hún væri vesæl. Hún þráði að komast heim, þar sem færri voru til að horfa á hana, og þegar læknið kom með bréfin, horfði hún á þau með þeim ákafa, að læknið sá það og sagði: "Ekkert til yðar. Gerti; en eitt til Emily".

Gerti fagnaði komu þessa bréfs, því væntanlega tilkynti það þeim nær Graham kæmi og nær þær gætu yfirgefið Saratoga.

Þeim til undrunar var hann kominn til New York, og það þær að koma til sín næsta dag. Gerti gat varla dulið gleði sína yfir því, að losna frá fjölmenninu í Saratoga, og Emily fagnaði því að finna föður sinn.

Þær gengu til herbergis síns og Gerti fór strax að tína saman minni þeirra og búa um þá og var að því til dagverðar. Nú fylltist hún kviða yfir því, að Willie kynni að koma, því hún treysti sér ekki til að taka á móti honum í allra augsýn, en daginn áður þráði hún komu hans.

Hún gladdist yfir því, að Philipp bauð henni, Gryseworth lækni og einni dóttur hans að aka með sér niður að sjónum, og þar eð Emily þurfti ekki aðstoðar hennar um þetta leyti og hún þóttist óhultari fyrir Willie, fór hún með glöðu geði.

Þau voru búin að dvelja hér um bil klukkustund við sjóinn. Gryseworth og dóttir hans höfðu tekið

þátt í keiluleik, en Philipp og Gerti ekki; samt stóðu þau og horfðu á litla stund. Þar eð veðrið var heitt og loftið inni í húsinu þungt, gengu þau og settust á bekk til að bíða leikslokanna. Meðan þau sátu þarna og horfðu á geisla sólarinnar leika sér á haffletinum, sáu þau tvær persónur koma gangandi. Philipp og Gerti sátu á bak við digran trjábol, svo þær tóku ekki eftir þeim; en Gerti sá þau og þekti strax Willie Sullivan og Isabellu Clinton. Þau settust skamt frá þeim, svo Gerti gat heyrt hvert orð, sem þau töluðu.

“Verður mín þá saknað?” spurði Isabella og horfði alvarlega á fylgdarmann sinn, sem starði út á sjóinn.

“Saknað”, endurtók hann og sneri sér að henni og hreimurinn í röddinni var ásakandi. “Hvernig getur það verið öðruvisi? Hver getur tekið að sér yðar pláss?”

“En það eru að eins tveir dagar”.

“Undir vanalegum kringumstæðum er það stuttur tími”, sagði Willie, “en einsog nú stendur eilíft —”. Hann þagnaði og stóð upp til að fara.

Bella fylgdi honum og sagði: “En þér verðið hér þangað til eg kem aftur?”

Hann sneri sér aftur við til að svara, og nú sá Gerti ásökunina í augum hans mjög glögt, þegar hann sagði: “Auðvitað! Hvernig getið þér efast um það?”

Hinn óeðlilegi svipur á andliti Gerti meðan hún hlustaði á samtál þetta, var hræðilegur.

“Gerti!” kallaði Philipp, þegar hann var búinn að horfa á hana augnablik. “Gerti! sitjið þér ekki svona starandi! Talið þér, Gerti! Hvað gengur að yður?”

En Gerti hreyfðist ekki; hún heyrði sjáanlega ekki hvað hann sagði. Hann greip hendi hennar, sem var ísköld. Svipur hans var nærri því jafn örvilnandi og hennar og stór tár runnu niður kinnar hans. Einu sinni opnaði hann faðm sinn, einsog hann vildi þrýsta henni að brjósti sínu, en þvingaði sig sjáanlega til að gjöra það ekki. “Gerti”, sagði hann innilega, laut á-

fram og horfði í augu hennar, "hvað hafa þessar mann-
eskjur gjört yður? Hvers vegna eruð þér svona sorg-
mæddar þeirra vegna? Ef þessi ungi maður hefir
móðgað yður, þá skal hann líða fyrir það, þorparinn",
og hann stökk á fætur.

Nú kom Gerti til sjálfrar sín aftur. "Nei, nei, það
hefir hann ekki gjört! Eg er betri núna. Þetta þýðir
ekkert, og þér megið ekki tala um það", og um leið leit
hún kviðandi til keiluleiks-hússins. "Eg er betri
núna", og honum til undrunar — því hið starandi
augnaráð hennar hafði gjört hann hræddan — stóð
hún upp einsog ekkert hefði komið fyrir, og stakk upp
á því að aka heim.

Hann fylgdi henni þegjandi, og áður en þau voru
komin miðja leið þangað sem vagnarnir stóðu, náði
hitt fólkið þeim, og fáum augnablikum síðar óku þau
til Saratoga.

A leiðinni heim og það sem eftir var kveldsins var
Gerti óeðlilega róleg. Nokkrum sinnum spurði Gryse-
worth læknir, hvort hún væri vesæl, og Philipp leit til
hennar kviðandi öðru hvoru. Rómur hennar var einn-
ig ónáttúrlegur, og þess vegna spurði Emily, þegar hún
kom heim: "Hvað gengur að þér, góða barnið mitt?"
En hún svaraði, að sér liði vel og gjörði alt, sem henni
bar að gjöra, kvadði marga af kunningjum sínum og
samdi við Gryseworth um það, að þau skyldu finnast
næsta morgun.

Að ytra álitu var Emily hnugnari en Gerti, því hún
vissi vel, að eitthvað amaði að vinkonu sinni. Gerti
mundi ekki helminginn af því, sem komið hafði fyrir
þetta kveld; hún mintist þess að eins sem draums, og
aldrei gat hún skilið, hvernig hún fór að dylja þessa
andlegu kvöl og látast vera róleg.

Það var fyrst um nóttina, þegar hún hélt að Emily
svæfi fast, að hún fleygði af sér þessum þvingunarfjötr-
um, fór ofan úr rúminu og lagðist á lágan legubekk.
faldi andlitið í sessunum og grét sáran og lengi.

Hún var í engum efa um, að Willie hafði brugðist sér, svo nú átti hún enga aðstoð lengur aðra en Emily, sem var á leiðinni þangað, sem Truman og frú Sullivan höfðu farið á undan henni.

Hún var einmana, átti engan að, sem hún gat leit að ráða til eða huggunar.

Það var því engin furða, þó hún gréti, gréti þangað til uppsprettur táranna voru þurrar; en þá stóð hún upp, hallaði sér út úr gluggunum og leit til himins; féll síðan á kné og flutti heita og innilega bæn til guðs. Þá lagði Emily hendi sína á höfuð henni.

"Gerti", sagði hún hnuggin, "ertu sorgmædd og reynir að dylja það fyrir mér? Snúðu þér ekki burt frá mér, Gerti". Um leið og hún sagði þetta, tók hún höfuð hennar, þrýsti því að brjósti sínu og sagði: "Segðu mér alt, vina mín, sem að þér gengur".

Gerti sagði henni nú frá þessu eina leyndarmáli, sem hún hafði dulið fyrir henni, og þegar hún var búin að því, þrýsti Emily henni að hjarta sínu og sagði með meiri geðshræringu en hún átti vanda til: "Undarlegt, undarlegt, að þú skyldir líka verða fyrir þessum forlögum. Ó, Gerti, við getum grátið í sameinirum, en þó er þín sorg ekki eins beisk og mín".

Þessa dimmu nótt sagði Emily henni þjáningasögu sína, sem byrjaði fyrir tuttugu árum og sem sjónleysið var einn þáttur af.

TUTTUGASTI OG FYRSTI KAPITULI.

Sorgleg saga.

"Eg var yngri en þú, Gerti", sagði Emily, "þegar mín reynsla byrjaði. Þú veizt máske, að móðir mín dó svo snemma, að eg man ekkert eftir henni, en faðir

minn gifti sig bráðlega aftur, og stjúpa mín, sem eg ávalt minnst með sannri ást, veitti mér þá ást og umhyggju, sem fyllilega bætti mér móðurmissirinn. Eg man eftir henni einsog hún leit út skömmu fyrir dauða sinn, hávaxin skrautleg, veikbygð kona, með fagurt en þunglyndislegt andlit. Hún var ekkja, þegar faðir minn giftist henni og átti einn son, sem strax varð minn eini leikbróðir og þátt-takandi í minni barnslegu gleði. Fyrir nokkrum árum síðan sagðir þú mér, að eg gæti ekki skilið, hve heitt þú elskaðir Willie, og þá var rétt komið að mér, að segja þér sögu æskuára minna og að reynslan hefði kent mér að þekkja slíka ást; en eg gætti mín, því að þá varst þú of ung til að heyra slíka sorgarsögu og mín er. Orð geta ekki lýst því, hve kær leikbróðir minn varð mér, og innbyrðis staða okkar og áhrifin, sem við höfðum hvort á annað, varð þannig, að við vorum hvort öðru háð; því enda þótt hann væri leiðandi og ráðandi og eg hlýðnaðist fúslega skipunum hans, bjóst hann þó ávalt við hjálp og aðstoð frá mér. Eg varð að stilla til friðar milli hans og föður míns; því þó að drengurinn væri átrúnaðargoð móður sinnar, var faðir minn ávalt kaldur við hann, því hann kunni ekki að meta hina góðu eiginleika hans og var ávalt tortrygginn gagnvart honum. En til minna orða og bóna tók hann ávalt tillit, og þegar leikbróðir minn þurfti einhvern greiða að fá, eða fyrirgefning yfirsjóna sinna, beitti eg allri minni mælsku honum til gagns.

“Að harka föður míns gagnvart syni stjúpunnar var henni til stórrar kvalar, efast eg ekki um, því eg man ennþá, hve umhugað henni var um að dylja yfirsjónir hans, og hve oft hún bað mig um að mæla honum bót við föður minn, sem vanalega fyrirgaf honum mín vegna. Sem ekkja hafði stjúpa mín verið mjög fátæk, og þess vegna varð sonur hennar að þiggja gjafir af föður mínum; en sökum þess, að hann var að eðlisfari stoltur og sjálfstæður, var honum það þvert um geð.

en faðir minn, sem ekki skildi lundarlag drengsins, áleit hann mjög vanþakklátan.

“Á meðan stjúpa mín lifði var samkomulagið nokkurn veginn gott, en þegar eg var sextán ára, veiktist hún og dó. Eg man ennþá vel, að síðustu nóttina, sem hún lifði, kallaði hún mig að barnabeði sínum og sagði: ‘Emily, síðasta bónin néi til þín er, að þú verðir drengnum mínum samveru vernda engli’. Guð fyrirgefi mér, ef eg hefi brugðist móti hennar, sagði Emily með tár í augum.

“Hann, sem eg tala um — Emily forðaðist að nefna nafn hans — var þá átján ára gamall, og var nýlega orðinn skrifari á verzlunarskrifstofu föður míns gagnstætt vilja sínum, því hann vildi ganga mentunarvegin, en faðir minn vildi nú annað, og samkvæmt innilegri beiðni minni og móður sinnar, lét hann að vilja föður míns. Dauði stjupu minnar sameinaði okkur enn nánar en áður. Hann hélt áfram með að vera á heimili okkar, og öllum fristundum sínum varði hann til þess að vera mér til skemtunar. Hann var ekki hneigður fyrir skrifstofustörf og gjörði því stundum misgrip, en því reiddist faðir minn, og nú var mér torveldara en áður að stilla til friðar. Þannig liðu sex mánuðir, en þá komumst við að því, að faðir minn vildi stemma stigu fyrir samveru okkar, og í því skyni fékk hann sér ráðskonu, frú Ellis, sem síðan hefir verið hjá okkur.

“Eg var jafn óánægð yfir þessari ráðstöfun sem hann, og þó var hann gramastur yfir þessu af öllu, sem faðir minn gjörði á hans hluta. Þrátt fyrir aðgæslu frú Ellis, gátum við þó oft fundist og talað saman, og gramdist föður mínum það mjög.

“Eg tel vist, að faðir minn hafi ætlað að senda hann til útlanda eða til fjarlæggra staða á ættilandi hans, til að koma í veg fyrir samveru okkar.

“En áður en þessi ráðagjörð komst í framkvæmd, komu fyrir atvik, sem eyðilögðu annað fórnardýrið, þan hitt —”

Emily sagnaði, lagði höfuð sitt á öxl Geru og grét beisklega.

"Segðu mér ekki það, sem eftir er, Emily mín guð", sagði Gerti. "Mér er nóg að vita, að þér líður illa. — Búðu þér ekki til nýja sorg mín vegna af umliðnum sársauka".

"Umliðnum", endurtók Emily, sem nú gat aftur talað. "Nei, það er ekki umliðið né gleymt; en eg er svo óvön að tala um þetta, að eg réði ekki við sinnis-óróa minn, og hefði ekki gjört það, ef eg vildi ekki sannfæra þig um vald trúarinnar, sem hefir breytt myrkrinu, er umkringdi mig í undarlegt ljós, og gjört þjáningarnar að boðbera hinnar eilífu gleði, sem I vændum er. En nú skal eg ljúka við sögu mína:

"Eg varð alt í einu veik. Frú Ellis, sem eg hafði sýnt kalt viðmót, stundaði mig ágætlega, og með hennar umhyggju og leiðbeiningum Jeremys læknis, sem þá var orðinn heimilislæknir okkar, fór mér að skána eftir hálfan mánuð. En daginn, þegar eg var orðinn svo frísk, að eg gat verið á ferli nokkrar stundir, fór eg inn í bókaherbergi föður míns, til að fá mér nýtt andrúmsloft og lagðist þar á legubekkinn. Frú Ellis var nýfarin frá mér; en áður en hún fór hafði hún sótt lífið borðinn í hliðarherbergið, ásamt nokkrum flöskum og glösum, sem hún hélt að eg gæti fengið þörf fyrir áður en hún kæmi aftur. Þetta var seint á degi í júnímánaðar lok og eg horfði á sólsetrið í gegnum opinn gluggann. Eg var dálítið leið og einmanaleg, því síðustu vikurnar hafði eg engan umgengist nema frú Ellis og einstöku sinnum föður minn. Eg varð því feginn, þegar minn kærasti en næstum bannfærði vinur kom inn í herbergið. Hann hafði ekki séð mig síðan eg veiktist, og þess vegna voru samfundir okkar óvanalega ástúðlegir eftir þenna langa aðskilnað. Hann tók ilmvatnsflösku og baðaði höfuð mitt, því hann var blíður og nærgættinn, jafnframt því sem hann var djarfur og hugrakkur.

"Eg veit ekki, hvað lengi við höfum setið saman,

en það var farið að dimma, og þá kom faðir minn og gekk til okkar hröðum fetum. Þrjú eða fjögur fet frá okkur stóð hann kyrr og horfði á stjúpson sinn með þeirri reiði og fyrirlitningu, sem eg hafði aldrei séð hjá honum áður. Vinur minn stóð upp og tók sér stöðu beint á móti honum, stoltur og djarfur, og nú byrjaði rósta, sem eg get ekki lýst.

Faðir minn bar honum á brún, að hann reyndi á óheiðarlegan hátt, að ná ástum einkabarns síns, til þess að ná í auðinn, sem hún ætti í vændum, sem væri þó smáræði í samanburði við það, að hann hefði falsað ávisun undir sínu nafni fyrir stórrí upphæð.

“Þessi ásökun er enn ekki hrakin, svo eg viti, en eg er sannfær um að hún er röng.

Enda þótt eg heyrði orð þeirra hefi eg aldrei getað munað þau. Faðir minn sneri bakinu að birtunni eftir að hann kom inn, en kveldroðageislarnir breiddust yfir hið djarfa andlit vinar míns. Alt í einu gekk hann nær föður mínum með kreftan hnefann á lofti; ég stökk á fætur í því skyni að ganga á milli þeirra, en kraftar mínir biluðu; eg rak upp hljóð og féll í ómegin.

“En sú endurvöknun! Vesalings drengurinn hljóp til mín til að hjálpa mér; en utan við sig yfir því ranglæti, sem hann hafði orðið fyrir, vissi hann ekki hvað hann gjörði. Hafi eg sagt nokkur ásakandi orð, þá hefir það verið án míns vilja”.

“Hvað þá!” hrópaði Gerti, “hann —”.

“Nei, nei, það var ekki hann, sem svifti mig sjóninni”, sagði Emily, “það var óhappa-tilfelli. Hann ætlaði að grípa ilmvatnsflöskuna, en greip flösku með brennisteinssýru, sem frú Ellis hafði borið inn af tilviljun. Glertappi var í flöskunni, — hendi hans skalf og hann helti því, sem í flöskunni var, í mín —”.

“Í þín augu?” æpti Gerti.

Emily kinkaði kolli.

“Vesalings Emily! Vesalings ólánssemi ungi mað-

ur!" sagði Gerti.

"Já, þú mátt sannarlega kalla hann ólánssaman. Veittu honum alla þína meðaumkvun, Gerti; hans hlutskifti var verra en mitt".

"Ó, Emily, hve voðalegar kvalir hefir þú orðið að liða, og samt gæzt þú lifað!"

"Attu við sársaukann af brennisteinssýrunni í augun? Já, hann var mikill, en andlegu kvalirnar voru enn verri".

"Hvað varð af honum?" spurði Gerti. "Hvað gjörði Graham?"

"Nákvæmlega veit eg ekki, hvað skeði; en faðir minn rak hann burt af heimilinu".

"Hefir þú aldrei heyrt neitt um hann síðan?"

"Jú, í gegnum hinn góða lækni fékk eg að vita, að hann væri kominn til Suður-Ameríku; eg skrifaði honum með aðstoð frú Ellis og bað hann að koma aftur, en skömmu síðar frétti eg, að hann hefði dáið í framandi landi, og með honum dóu allar mínar jarðnesku vonir. Eg varð aftur hættulega veik og grét svo mikið, að lækknirinn misti alla von um, að eg gæti fengið sjónina aftur".

Emily þagnaði. Gerti tók hana í faðm sinn og þrýsti henni að sér, því nú batt sameiginleg sorg þær enn fastar saman en áður.

"Eg var heimsbarn þá", sagði Emily, "sem sóttist eftir jarðneskri gleði og þekti ekki aðra, og þar af leiðandi lifði eg í andlegu myrkri, — örvilnunarmyrkri. Þú getur naumast skilið, hve sorgmædd og huggunarlaus eg var; og eg hafi hlotið að baka föður mínum sorg, þó að hann mintist aldrei á það, og sem hefði ef-laust viljað gefa aleigu sína til þess að þessi rósta hefði aldrei átt sér stað.

Loks rauf þó morgunroði trúarinnar þetta andlega myrkur. Síra Arnold opnaði mín andlegu augu og kveikti ljós trúarinnar í sálu minni og sýndi mér leiðina til friðarins.

Í augum heimsins er eg ennþá blind, en með sjálfri mér veit eg að eg hefi þá réttu og beztu sjón”.

Gerti gleymdi næstum sinni eigin sorg yfir þessari harmasögu Emily, og þegar hún lagði hendi sína á höfuð Gerti og óskaði þess að hún gæti borið raunir sínar með þolinmæði, fann hún þá djúpu ást og traust í huga sínum, sem sjaldan finst nema á sorgarstundunum og sannar það, að gegnum þjáningar náum við fullkomnun.

Arnþjotur B. Olsen

ÞRITUGASTI OG ANNAR KAPITULI.

Í lífshættu.

Þar eð Graham hafði skrifað að hann skyldi mæta dóttur sinni og Gerti á bryggjunni í New York, áleit Jeremy læknir ekki nauðsynlegt, að fylgja þeim lengra en til Albany; þar gæti hann skilið við þær óhultar og farið svo heim til sín með vesturbrautinni, því kona hans þráði að komast heim.

“Eg er hræddur um, að þér hafið mist hjarta yðar í Saratoga, Gerti”, sagði læknirinn, þegar hann kvaddi þær á þilfarinu á stóra Hudson gufuskipinu; “þér eruð ekki eins glaðar og þér hafið verið. Það hefir þó naumast vilst langt í burtu á slikum stað, og eg vona að þér verðið búnar að finna það aftur áður en við mætumst í Boston.

Hann var nýfarinn, þegar hópur ungra persóna kom hlægjandi og í landi all-hátt, og meðal þeirra sá Gerti Bellu Clinton, sem ungu mennirnir voru sjáanlega að skopast að í gamni. Hún lét sem hún væri reið við þá, en var í rauninni ánægð yfir keskni þeirra. Nú sáu þeir Willie koma og þögnuðu þá algjörlega; hann hélt á ferðatösku í hendinni og á stóru sjali á

handleggnum. Hann var alvarlegur og gekk fram hjá Gerti, sem hafði dregið blæju fyrir andlitið, og til Isabellu, og lagði töskuna og sjalið á stól hjá henni.

Hann var þó að eins búinn að tala fácin orð við Bellu, þegar bjallan hringdi, til merkis um að þeir, sem ekki ætluðu með skipinu, skyldu fara á land. Hann varð því að flýta sér og kom við það tækifæri nær Gerti, svo hún heyrði glögt þegar hann sagði: "Ef þér getið komið aftur á fimtudaginn, skal eg reyna að vera ekki óþolinmóður á meðan".

Augnabliki síðar hreyfðist skipið; en um leið stökk hár maður af bryggjunni út á þilfarið, farþegunum til undrunar, gekk svo niður í salinn, tók bók úr vasa sínum og fór að lesa.

Undir eins og skipið var komið af stað sagði Emily: "Mér heyrðist eg heyra málróf Isabellu Clinton".

"Já, hún er hér líka", svaraði Gerti; "hún situr hins vegar á þilfarinu og snýr bakinu að okkur".

"Hefir hún ekki séð okkur?"

"Jú, það held eg; hún stóð og horfði hingað rétt áðan".

"Og svo valdi hún sér pláss, þar sem hún horfði í aðra átt".

"Já".

"Hún fer líklega til New York til að sjá frú Graham?"

"Mjög líklegt; mér hafði ekki dottið það í hug".

Nú varð þögn og Emily virtist hugsandi, svo hvíslaði hún:

"Hver var maðurinn, sem kom og talaði við hana rétt áður en skipið fór?"

"Willie", sagði Gerti skjálfrödduð.

Emily þrýsti hendi hennar og þagði. Hún hafði líka heyrt orð hans og skilið þau.

Nokkrir klukkutímar liðu og skipið gekk með miklum hraða. Gerti sat hugsandi og veitti engu í

kringum sig neina eftirtekt; en svo heyrðust reiðar karlmannaraddir og kviðaróm kvenfólksins.

Hún komst þá eftir því, að þetta skip og annað af sömu stærð voru á kapphlaupi, og komu stundum svo nærri hvort öðru, að kvenfólk hræddist, en karlmenn reiddust yfir þessum óþarfa hraða, sem ollað gat hættu.

Gerti sat kyr og hélt í hendina á Emily, og reyndi að sjá á svip samferðamannanna hver hætta væri á ferðum. Emily var þögul og hl. Hún heyrði samtál ferðafólksins og vissi því að hætta var í nánd.

Loks komst skip þeirra dálítið á undan ofurlitla stund, og um leið var hrópað, að engin hætta væri á ferð. Farþegarnir urðu nú aftur óhræddir og byrjuðu samtál og galsahlátur. Emily var samt enn talsvert föl.

"Við skulum fara ofan, Emily", sagði Gerti, "niðri í kvennasalnum eru legubekkir, þar sem þú getur hvílt þig. Alt virðist rólegt og óhult nú".

Emily félst á þetta og þær lögðust í eitt hornið á salnum, þar sem þær gátu verið ótruflaðar þangað til menn áttu að matast. Þær gengu ekki að borðinu, eins og flestir af hinum farþegunum, en voru kyrrar á sama stað.

Gerti opnaði ferðatöskuna og tók upp nesti þeirra, og var að skoða, hvað af því væri boðlegast fyrir Emily, þegar þjónn kom til þeirra með nægan og góðan mat og lét hann á borðið hjá þeim, og spurði svo Gerti, hvort hann gæti gjört þeim nokkurn greiða.

"Þetta er ekki handa okkur", sagði Gerti. "Yður skjátlar".

"Nei, það var beðið um það handa blindu stúlkunni og ungu, falletu stúlkunni", sagði þjónninn.

Gerti þakkaði þjóninum og lét hann svo fara, sneri sér síðan að Emily og reyndi að spyrja í spaugi, hvað þær ættu að gjöra við þenna góða mat.

"Borða þú hann, góða, ef þú getur", sagði hún; "hann er eflaust ætlaður okkur".

"En hverjum heldurðu við eigum að þakka hann?"

"Blindni minni eða fegurð þinni", svaraði Emily brosandi, og bætti svo við: "Máske matreiðslumaðurinn hafi kent í brjósti um okkur, af því við fórum ekki að borðinu, og sent okkur þetta til huggunar. Í öllu falli verður þú að borða".

"Eg er ekki svöng, en eg skal finna eitthvað gott handa þér", sagði Gerti.

Þegar þjónninn kom aftur, til að taka af borðinu, varð hann hryggur af því, hve litið þær höfðu etið. Gerti tók upp pyngju sína og gaf honum vikaskilding og spurði svo, hverjum hún ætti að borga máltíðina.

"Borga", sagði þjónninn undrandi. "Maðurinn hefir borgað".

"Hvaða maður?" spurði Gerti. En áður en þjónninn gat svarað henni, lauk annar þjónn upp dyrunum og gaf honum bendingu um að koma. Svo þær urðu að geta sér til, hver gefandinn væri, og komust loks að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera Jeremy læknir, og þenna dag fékk því lækinrinn alhnikið af óverðskulduðu hrósi.

Þegar máltíðinni var lokið, lagðist Emily út af attur til að sofna litla stund og bað Gerti að gjöra hið sama, og með þeirri von, að hún mundi gjöra það, sofnaði hún litla stund. Gerti sat við hlið hennar og ætti þess, að enginn gjörði henni ónæði.

"Hvað er klukkan?" spurði Emily, þegar hún vaknaði.

"Hér um þil 15 mínútur yfir þrjú", svaraði Gerti, um leið og hún liet á fallega úrið sitt, sem var gjöf frá nokkrum af námsmeyjum hennar.

Emily þaut á fætur.

"Þá getum við ekki verið langt frá New York", sagði hún. "Hvar erum við nú?"

"Eg veit ekki með vissu", svaraði Gerti, "en eg skal fara upp og líta eftir því, ef þú vilt bíða hér".

Hún hraðaði sér upp á þilfarið, en varð skjótt vör

við hávaða og hlaup fólksins. Þegar hún kom upp á þilfarið, þaut náfölnur maður fram hjá henni og sagði: "Eldur!"

Augnabliki síðar urðu ópin og hljóðin svo afskapleg, að ekki er unt að lýsa þeim. Menn hrópuðu um hjálp, og margir, sem aldrei höfðu beðið guð, fluttu nú innilegar bænir til hans.

Gerti leit alt í kringum sig og allstaðar var sama æðið og hræðslan. Í miðju skipsins hafði eldurinn kviknað, af ofhitaðri vél, og stóð eldurinn hátt í loft upp. Gerti leit þangað og ætlaði svo að hlaupa ofan til Emily aftur, en þá gripu tveir sterkir handleggir utan um hana og héldu henni kyrrri, og um leið sagði kunnug rödd:

"Gerti, barnið mitt; mín eigin, kæra Gerti! Vertu róleg — vertu róleg! Eg skal frelsa þig!"

Hann hafði gilda ástæðu til að biðja hana að vera rólega, því hún brautz um af öllum kröftum til að losna.

"Nei, nei!" hrópaði hún. "Emily, Emily! Láttu mig deyja! En eg verð að finna Emily!"

"Hvar er hún?" spurði Philipp, því þetta var hann.

"Þarna, þarna!" benti Gerti. "Niðri í salnum! Sleptu mér, sleptu mér!"

Hann leit í kringum sig og sagði svo rólegur.

"Vertu róleg, barnið mitt. Eg skal frelsa ykkur báðar".

Hann þaut sem elding niður stigann og inn í salinn. Í fjarlægasta horninu knéféll Emily með upplyftar hendur, og svipurinn á andlitinu líktist svip engils.

Gerti og Philipp voru á sama augnabliki við hlið hennar. Hann laut niður til að taka hana í faðm sinn og Gerti kallaði: "Komdu, Emily, komdu! Hann ætlar að frelsa okkur!"

En Emily veitti mótspyrnu.

"Láttu mig vera hér, Gerti; en frelsaðu sjálfa þig. Ó" bætti hún við og sagði við hinn ókunna maan í bænarróm, "skeytið þér ekkert um mig, en frelsið barnið

mitt”.

En áður en orðin yfirgáfu varir hennar var hún borin út úr salnum og Gerti var á hælum þeirra.

“Ef við komumst fram á skipið, þá erum við óhult”, sagði hann með hásri rödd.

Það reyndis ómögulegt, því öll miðja skipsins var eitt eldhaf.

“Hamingjan góða!” hrópaði hann. “Við komum of seint! Við verðum að snúa aftur!”

Augnabliki síðar voru þau komin ofan í salinn aftur og strax á eftir rakst skipið á klettana og brotnaði í sundur um miðjuna, — því undir eins og eldsins varð vart, hafði skipstjóri stefnt skipinu til lands. Framhluti þess var því nálægt landi og góð björgunarvon fyrir þá, sem þar voru, en minni fyrir þá, sem á afturhlutanum voru.

Þegar Philipp kom ofan í salinn, braut hann gluggann, tók kaðal, sem hékk á veggnum og batt hann fastan við skipið, og sneri sér svo að Gerti, sem stóð við hlið hans alveg róleg.

“Gerti”, sagði hann fast og ákveðið, “eg syndi nú í land með ungfrú Graham. Ef eldurinn kemur of nálægt, verðið þér að halda yður fast við hástokkinn, og ef brýn nauðsyn krefur, verðið þér að halda yður í kaðalinn. Látið þér blæjuna blakta; eg kem bráðum aftur að sækja yður”.

“Nei, nei!” hrópaði Emily. “Farðu fyrst, Gerti!”

“Þey, Emily”, hrópaði Gerti, “okkur verður báðum bjargað!”

“Halðið þér yður fast um herðar mínar, ungfrú Graham, þegar við erum komin í sjóinn”, sagði Philipp, án þess að gefa orðum hennar gaum. Hann tók hana í faðm sinn, — mikið skamp heyrðist í sjónum og þau voru farin. Á sama augnabliki tók einhver í Gerti að aftanverðu. Hún sneri sér við og sá Ísabellu Clinton, afskræmda af hræðslu, halda sér svo fast í hana, a hvorug þeirra gat neitt gjört, um leið og hún

hrópaði: "Ó, Gerti, Gerti, frelsaðu mig!"

Gerti reyndi að reisa hana upp, en það var ómögulegt, og án þess að gjöra nokkra tilraun til að hjálpa sjálfri sér, vafði hún ferðakápu Gerti um sig, einsog hún væri viti sínu fjær. Á meðan Ísabella hélt utan um fót Gerti gat hún ekkert gjört, hvorki til að bjarga sér sða henni. Hún leit því í áttina þangað sem Phillipp hvarf og sér til ánægju sá hún hann koma aftur. Hann hafði kómið Emily upp í bát og kom nú að sækja Gerti. Á þessu augnabliki kom eldgusa og reykur svo nálægt þeim, að þær voru nærri kafnaðar.

Gerti ásetti sér, að Ísebella yrði frelsuð. Willie elskaði hana og mundi syrgja missir hennar, en það nátti hann ekki. Sig myndi hann ekki syrgja, og ef önnur þeirra yrði að deyja, skyldi það vera hún.

"Ísabella", sagði hún hörkulega, "standið þér upp og hlustið á mig. Gjörið það, sem eg segi, og yður skal verða bjargað. Heyrið þér?"

Ísabella svaraði engu.

Gerti laut niður og losaði hendur hennar af fótum sínum með valdi og sagði enn byrstari: "Ef þér hlýðið mér, Ísabella, verðið þér komnar á land eftir fimm mínútur. Standið þér upp og hlustið á mig!"

Ísabella stóð upp og sagði: "Hvað á eg að gjöra? Eg skal reyna það".

"Sjáið þér manninn, sem syndir hingað?"

"Já".

"Hann kemur til okkar. Haldið þér yður fast við þenna kaðal, svo skal eg láta yður síga ofan í sjóinn; haldið yður fast —"

Hún tók dökkbláu blæjuna af sér og batt um háls Ísabellu og sveiflaði henni yfir ljósa hárið hennar. — Phillipp var nú svo sem einn faðm í burtu. — "Nú, Ísabella, annaðhvort strax eða það er of seint!" hrópaði Gerti. Ísabella tók í kaðalinn, en hrökk aftur á bak við að sjá sjóinn. En á sama augnabliki sló eldblossa út um gluggann, og þá herti hún upp hugann og rendi

sér niður í sjóinn. Philipp kom mátulega til þess að gripa hana, því hún var svo hrædd, að hún gat ekki haldið sér við kaðalinn. Gerti hafði ekki tíma til að horfa á eftir þeim; hún þurfti að gæta sjálfrar sín, því eldurinn var kominn fast að henni. Hún greip kaðalinn, hoppaði yfir hástokkinn og lét sig siga ofan að sjónum; en um leið og fætur hennar snertu sjóinn, snerist hið afarstóra hjol í síðasta sinni, og myndaði sterka straumiðu, sem reif Gerti með sér.

ÞRITUGASTI OG ÞRÍÐJI KAPITULI.

Með eftirvænting.

Við skulum nú athuga annað friðsamara umhverfi, og snúa okkur að kyrláta og snotra sveitaheimilinu hans Grahams.

Gamli maðurinn var orðinn þreyttur af ferðalagiinu, og rölti nú aftur og fram um garðinn sinn til að skoða blómin og ungu trén, sem voru að þroskast. Hann var sjáanlega glaður yfir því að vera kominn heim aftur, og ekki síður yfir því, að nöldrunargjarna konan hans var kyr í New York, svo algjörður friður ríkti nú á heimili hans og hann var sinn eigin herra; því að satt að segja var kona hans farin að hafa allmikið vald yfir honum síðn elli hans og óstyrkur fór vaxandi.

Emily og Gerti voru líka ánægðar með lífið, sem var einsog í gamla daga, og honum þótti vænt um, að sjá þær við dagverðarborðið, þar sem frú Ellis sá um allt, einsog fyrrum átti sér stað.

Já, Gerti var þar, frelsuð frá dauðanum einsog aðrir — hún vissi naumast sjálf hvernig, — og nú var

hún aftur komin í friðsama, góða húsið, sem henni þótti vænst um af öllu.

Þegar húsið var að vekja meðvitund hennar, sem hafði algjörlega yfirgefið hana meðan hin langvinna barátta milli lífs og dauða stóð yfir, var henni sagt að nokkrir menn, sem lögðu frá landi í því skyni að hjálpa skipbrotsfólkinu, hefðu fundið hana fljótandi á síðasta augnablikinu, sem nokkur von var um líf fyrir hana; en eftir þessu mundi hún ekki. Þegar hún kom til meðvitundar, laut Emily ofan að henni, þar sem hún lá í rúminu. Fáum stundum síðar kom Graham þangað, og fáum dögum seinna voru þau öll komin heim til D—.

Graham hafði orðið fyrir ýmsum nýjum reynslum, og var í mörgu tilliti breyttur maður. Emily situr í sínu eigin herbergi og er fólari en hún átti vanda til. Þegar dyrnar eru opnaðar, hrekkur hún við og tvisvar hefir hún grátið þenna morgun. Hún er mjög taugaóstyrk, getur ekki hlustað á það, sem Gerti les, með ró, en tekur oft fram í fyrir henni og spyr um ýmislegt viðvikjandi slysinu.

Meðan þær sátu þannig og spjölluðu saman, kom þernan með bréf. Gerti tók við því með skjálfandi höndum, því hún bjóst við, að það væri frá Willie; en sú von brást, því enda þótt að New Yorks póstmerki væri á því, og vel gat verið, að hann væri kominn þangað, þekti hún samt ekki skriftina. Nú greip hana önnur hugsun ekki þýðingarminni, og tæplega fær um að draga andann sökum geðshræringar, opnaði hún bréfið og las:

“Kæra Gerti mín, elskaða barnið mitt, — því það ertu, enda þótt hræðsla og örvilnan föðursins knýji mig til að kalla þig það. Það var ekki brjálsemi, sem kom mér til að kalla þig mína og þrýsta þér að hjarta mínu, þegar hættan var mest. Sömu tilfinningarnar voru oft áður búnar að leita á mig, en eg hrakti þær jafnharð-

un á burt, og jafnvel nú hefði eg þvingað þessar eðlis-
tilhneiglingar minar og haldið áfram að ferðast, til þess
að eyða hinni einmanalegu æfi mínni við sorg og sök-
nað, ef innri rödd hefði ekki á mig skorað, sem mér er
ómögulegt að fá til að þegja. Hefði eg séð þig glaða og
gæfuríka, þá hefði mér ekki komið til hugar, að blöja
þig að leyfa mér að taka þátt í gleði þinni, og því slö-
ur hefði eg viljað dreifa skuggum á æfibráut þína; en
þú ert sorgþrungin og hrygg, elsku barnið mitt, og þín
sorg bindur okkur fastara saman, heldur en blóðböndin,
því eg er ógæfusamur maður og hefi meðaumkun með
þjáningunu annara manna.

“Þú hefir gott og eðllynt hugarfar, barnið mitt.
Þú hefir einu sinni grátið yfir sorg ókunnugs manns,
— viltu nú hika við að bera meðaumkun með þínum
ystrgefna föður, enda þótt þú getir ekki elskað hann,
sem með örvilnan og skjálfsandi hendi skrifar þessi ör-
lagapungu orð, er ef til vill baka houum hatur og fyrir-
litningu hjá þeirri einu persónu á þessari jörð, sem
hann er bundinn hinum náttúrlegu ættarböndum. Tvis-
var sinnum áður hefi eg ætlað að skrifa þetta, en í hvort-
tveggja skifti hætt við það, af hræðlu við afleiðingarn-
ar. Þó mér veiti erfitt að tala orðin, er mér þó enn erf-
iðara, að slöðva hjartslátt minn. Þess vegna bið eg þig
að hlusta á mig, þó það máske verði í síðasta sinni. Er
nokkur maður til í þessum heimi, sem þig hryllir við
að hugsa um? Manstu eftir að þú hafir heyrt talað um
mann, sem sultvirðing og glæpir voru bundnir við? —
Hefir þú frá æsku lært að hata og fyrirrita þetta nafn?
Hefir sú skoðun verið gróðursett í huga þínum, að jafn-
framt því, sem þú elskar beztu vinstúlku þína, skulir
þú hata hennar verstu óvini? Það getur naumast öðru-
vlsi verið. Mig hryllir við þeirri hugsun, að barnið
mitt muni hræðast föður sinn, þegar það fær að vita,
hver hann er.

Philipp Armory”.

Þegar Gerti var búin að lesa þetta undarlega og óskiljanlega bréf, leit hún upp með vandræðasvip, sem gaf til kynna, að hún skildi ekki meiningu hins ókunna manns.

Stundarkorn sat hún kyr og hugsaði; svo þaut hún á fætur og hljóp yfir ganginn að herbergi Emily með bréfið í hendinni, til þess að segja henni frá því og heyra skoðun hennar um það. Þegar hún lagði hendi á skráarhúnninn, datt henni í hug, að Emily væri ekki frísk og að það væri ekki rétt að trufla hana. — Hún gekk því aftur til herbergis síns og las bréfið í annað sinn.

Hún skildi strax, að Philipp hafði skrifað bréfið. Framkoma hans og orð á skipinu meðan þau voru í hættu stödd, höfðu haft mikil áhrif á hana, og þessa þrjá daga, sem liðnir voru síðan slysið vildi til, hljómuðu æ fyrir eyrum hennar orðin: "Barnið mitt! Mitt eigið, kæra barn!" Nú kom henni til hugar, að þessi ókunni maður, sem vogað hafði lífi sínu til að bjarga henni og Emily, gæti í raun og veru og veru verið faðir sinn, og geðshræring hennar varð svo mikil við þessa von, að hún skalf. Svo fleygði hún þessari hugsun frá sér aftur einsog hún væri ómöguleg, og hélt að þessi hugsun mannsins væri spröttin af geðshræringu hans.

Daginn, sem Gerti kom til meðvitundar aftur, eftir slysið, spurði hún fyrst eftir björgunarmanni Emily og Isabellu; en hann var horfinn. Það vissi enginn, hvað af honum varð; og þar eð Graham kom í sömu svifum, slepti hún voninni um, að fá að sjá hann aftur.

Sömu ástæðurnar og nú hömluðu henni frá að leita ráða Emily viðvíkjandi bréfinu, höfðu einnig bannað henni, að segja frá orðum og háttalagi Philipps, sem var svo einkennilegt strax frá fyrstu fundum þeirra, að hún gat ekki annað en hugsað um það við og við.

Þegar hún var búin að lesa bréfið í fyrsta sinn, gjörði það hana órólega og vakti enga ákveðna skoðun.

En þegar hún var búin að halda á bréfinu meirna en eina klukkustund og lesa það aftur og aftur, fannst henni hún skilja það betur. Hún tók upp pappirsark, og meðan hún var bæði hrædd og vongóð skrifaði hún þetta í flýttir:

"Minn kæri, kæri faðir! Eg vildi eg mætti halda áfram að trúa því, að þér séuð það! Hvernig á eg að skrifa yður og hvað á eg að segja, fyrst öll yðar orð eru leyndarmál? Faðir! Ó, hve unaðssælt orð! Ó, eg vildi, að minnu eðallyndi vinur væri í raun og veru faðir minn! En, hvernig getur það verið mögulegt? Ó, eg hefi sorglegan grunn um, að þessi sagri draumur sé hugarflug. Eg minnst þess ekki, að hafa heyrt nafnið Philipp Armory fyrir en nú. Hin góða, eðallynda Emily hefir kent mér að elska allar manneskjur; hatur og fyrirítlitning er ekki til í hennar eðli, og eg vona ekki í mínu heldur. Auk þess á hún engan óvin í heiminum, — hefir aldrei átt neinn og getur aldrei átt neinn. Menntu gætu með jafn hægð móti átt í erjum við einn af englum guðs einsog hana.

"Þér megist heldur ekki biðja mig að hugsa um yður sem glæpamann. Það getur ekki átt sér stað. Það væri að gjöra eðallyndri náttúru rangt, og eg segi aftur: Það getur ekki átt sér stað. Með ánægju skyldi eg halla mér að brjósti slíks föðurs, með ánægju skyldi eg taka að mér að hugga jafn hjálpsusan, góðan og eðallyndan mann í sorgum hans. Þegar þér tókuð mig í faðm yðar og kölluð mig yðar barn, yðar kæra barn, þá hélt eg að geðshræring yðar hefði truflað skynsemi yðar, svo að þér tækjuð mig fyrir aðra, — að þér tækjuð mig fyrir aðra elskaða í sjarlægð. Nú held eg að það sé ekki nein augnabliksvilla, en að eg hafi um langan tíma verið tekin fyrir aðra, hvernar kærsta verk efni verði máske að kæta hið ánægjulausa líf föður sins, meðan eg held áfram að vera hið óþekta — föðurlausa, móðurlausa barn, sem eg hefi ávallt álitist mig vera. Ef

þér hafið mist dóttur, þá gefi guð það, að þér getið fundið hana aftur, til þess hún geti elskað yður jafn heitt og eg mundi gjöra, ef eg væri svo heppin að vera yðar dóttir. Og eg, — lítið ekki á mig sem ókunnuga; látið mig í huga yðar vera yðar barn, leyfið mér að elska yður, biðja fyrir yður og gráta fyrir yður; leyfið mér að hugsa um yður með þakklæti fyrir alla hina vingjarnlegu umhyggju og samhyggð, sem þér hafið þegar sýnt mér. Og þó, enda þótt eg efist ekki eitt augnablik um, að yður skjálfi, þegar þér álítið mig yðar barn, skelf eg og nötra af ánægju, þegar eg aðhyllist þessa von. Nei, nei, eg má ekki hugsa þannig, svo að eg verði ekki fyrir vonbrigðum! Ó, hvað er ég að skrifa? Eg veit það ekki! Eg þoli ekki þessa geðs-
hræringu lengur; skrifið þér strax. Eða komið þér til mín, faðir minn, — því eg verð að fá leyfi til að kalla yður það einu sinni, máské aldrei oftar.

Gerti".

Annaðhvort af gleymsku, eða með ásettu ráði, hafði Philipp ekki skrifað áritun sína, og varð Gerti þess ekki vör, fyr en hún ætlaði að skrifa utan á bréfið; en svo mundi hún, að pósthmerkið var frá New York, og þangað ritaði hún utanáskrift bréfsins. Þar eð hún vildi ekki biðja aðra að annast það, greip hún hattinn sinn, lét á sig þykka blæju til að hylja tárin, og fór sjálf með það á pósthúsið.

Dagarnir þrír, sem liðu áður ensvarið kom, fundust Gerti nokkuð langir; en samt tókst henni að dylja óróa sinn fyrir öðrum og framkvæma skylduverk sín.

Við skulum nú yfirgefa hana stundarkorn, meðan hún á annrikt með þessar hrósverðu tilraunir sínar. að hrekja burt hugsanir, sem eru hættulegar fyrir hinn innri frið hennar.

PRITUGASTI OG FJÖRÐI KAPITULI.

• Aðdráttarafl — en ekki jarðneskt.

Í skrautbúnu herbergi í einu af beztu hótelnunum í New York sat Philipp Amory, sokkinn niður í þungar hugsanir. Það var kveld. Blæjurnar byrgðu gluggana og ljósið á lampanum logaði skært og kastaði birtu sinni á skrautmunina í herberginu og gjörði það víðfeldið, — alveg gagnstætt hinum einmanalega íbúa þess, sem sat við borðið á miðju gólfi og studdi hönd undir kinn.

Hann var búinn að sitja hér um bil klukkustund í sömu stöðu, án þess að hreyfa sig; en sofnaður var hann ekki, því öðru hvoru lét hann fingurna liða gegn um fagra gráa hárið sitt.

Alt í einu stóð hann upp og teygði úr þreklega líkamanum sínum og fór að ganga um gólfið. Svo var barið ofur hægt að dyrum; hann nam staðar og gremju-svip brá á andlit hans; hann settist niður og ætlaði að fara að segja þjóninum, að hann tæki ekki á móti gestum, en það var of seint. Gesturinn var kominn inn fyrir dyrnar, sem þjónninn lokaði á eftir honum um leið og hann fór.

“Fyrirgefðu, herra Philipp”, sagði William Sullivan — því að það var hann sem kom svo glaðlegur inn til hins sorgbitna manns. “Eg er hræddur um það heim-sókn mín virðist yður nokkuð nærgöngul”.

“Minnist þér ekki á það”, svaraði Amory. Gjörði þér svo vel að fá yður sæti”, og hann benti kurteislega á stól.

Willie gekk að stólnum og studdi hendinni á bak hans, en settist ekki. “Þér eruð mikið breyttur síðan eg sá yður síðast, herra”, sagði hann.

“Breyttur? Já, það getur vel verið”, svaraði hinn utan við sig.

“Eg vona, að heilbrigði yðar —”

“Heilsa mín er ágæt”, greip Amory fram í fyrir honum. Svo datt honum í hug, að hann yrði að átta sig og kasta frá sér þunglyndinu til þess að geta haldið áfram samtalinu, og bætti svo við: “Það er langt síðan við höfum sést, herra. Eg er ekki búinn að gleyma i hverri þakklætisskuld eg er við yður, síðan Ali, svikuli Arabinn, réðist á mig með Beduina flokknum sínum”.

Minnist þér ekki á það”, svaraði Willie. “Samfundir okkar þá voru heppnis tilviljun, því hagsmunir þeirra einsog hættan var sameiginleg t fyrir okkur báða”

“Eg get nú ekki litið á þetta frá sama sjónarmiði. Samkomulag yðar og fylgdarsveina yðar virtist ágætt, enda þótt þeir væru Arabar líka”.

Já, samkomulag okkar var gott. Eg hefi öðlast dálitla þekkingu á ferðum mínum um Austurlönd, og veit, hvernig best er að umgangast hin braðlyndu börn eyðimerkurinnar. En þegar við sameinuðum okkur, var ég kominn inn á landeign óvinveittrar ættar, og á minn fylgdarflokk hefði eflaust verið ráðist, ef herflokkar okkar hefðu ekki sameinast”.

“Þér virðist sáttaumleitan yðar alt of litils, ungi maður, og þér megið ekki ræna mig þeirri ánægju, að þakka yður enn einu sinni fyrir hina ómetanlegu hjálpi sem þér veittuð mér”.

“Þér gjörði heimsókn mína alveg gagnstæða því, sem hún átti að vera, herra”, sagði Willie brosandil. “Eg kom ekki hingað til þess að taka á móti þakklæti, heldur til þess að færa yður þakklæti eftir beztnu getu minni”.

“Fyrir hvað, herra?” spurði Amory fljótlega, nærri hrottalega. “Þér eigið mér ekkert að þakka”.

“Vinir Ísabellu Clintons eru í svo stórra þakklætis-

skuld við yður, að þeir geta aldrei endurgoldið hana að fullu”

“Yður skjáttar, herra Sullivan. Eg hefi ekkert gjört, sem verðskuldar hið minsta þakklæti, fyrir þessa ungu stúlku”.

“Björguðuð þér ekki lífi hennar?”

“Jú, en ekkert var fjær tilgangi minum”.

Willie brosti. “Það hefir þó naumast getað verið tilviljun, sem kom yður til að stofna lífi yðar í hættu til að frelsa eina persónu af samferðafólki yðar?”

“Nei, það var raunar engin tilviljun, sem frelsaði ungfrú Clinton frá dauða; það er eg sannfærður um. En þér megið ekki þakka mér fyrir það; það var eingöngu að þakka annari persónu, að hún hvílir nú ekki í gróf sinni”.

“Má eg spyra, við hvern þér eigið? Mér finnst orð yðar dularfull”.

“Eg á við elskuverða, eðallynda stúlku, sem eg ætlaði að bjarga frá hinu brennandi skipi, þegar eg synti þangað aftur. Við höfðum samið um, að hún skyldi láta blæjuna sína blakta, svo eg gæti séð, hvar hún væri. Þessari blæju var með nákvæmni svelpað um höfuð ungfrú Clinton, sem eg fann á þeim stað, þar sem hún átti að vera. Eg var gabbaður og synti lík laust til lands með þessa byrði, en skildi eftir vildar mör mína, sem hafði stofnað lífi sínu í betlu til þess að frelsa aðra, svo að —”

“Ó, líklega ekki til að deyja?” spurði Willie.

“Nei; það var sammarlegt krafftaverk, að hún helt lífi. Farið þér því til hennar og þakkið henni fyrir lífgjöf ungfrú Clinton”.

“Gnði sé lof”, sagði Willie minilega, “að slíkar hetju framkvæmdir sem þessar draga úr hinum hryllilega voða, sem eyðileggingin veldur!”

Harkan í svíp Amory minkaði, þegar hann heyrði unga manninn dást að hinni eðallynda sjálfstjórn Gerti.

“Hver er hún og hvar er hún?” sagði Willie.

“Spyrjið þér mig ekki um það”, svaraði Amory óþolinmóðlega, “eg get ekki sagt það, þó eg vildi. Eg hefði ekki séð hana utan óhappadaginn”.

Þar eð Willie sá, að Amory vildi helst ekki tala um frelsun ísabellu, stóð hann kyr og efablandinn um stund. Svo gekk hann nær og sagði: “Enda þótt þér afþakkið alla hluttekningu í björgun ungrú Clinton, álit eg erindi mitt illa flutt, ef eg flyt ekki kveðju til þess manns, sem var síðasta úrræðið, þó ekki væri hann fyrsta orsökinn, til frelsunar hennar. Herra Clinton, faðir ungu stúlkunnar, bað mig að segja yður, að með því að frelsa dóttur hans, hina síðustu af sjö börnum, sem öll dóu ung, hafið þér lengt líftíma hans og komið honum í þakklætisskuld við yður, sem ekki verður með orðum lýst. En á meðan hann lifir, ætlar hann ávalt að þakka yður og blessa yður og biðja guð að veita yður það, sem er yður og yðar fyrir heztu”.

Tár komu fram í augu Amory, en með kurteisu brosi sagði hann: “Alt þetta er frá herra Clinton, sem eg efasi ekki um, að meini það alvarlega. En, er það ætlun yðar, að þakka mér eingöngu hans vegna, ungi vinur minn? Hafið þér ekkert að segja frá yðar eigin hálfu?”

Willie virtist vera hissa, en svaraði blátt áfram: “Jú, andvitað, sem einn hinna mörgu vina ungrú Clinton, er þakklæti mitt til yðar afar-mikið, og ekki eingöngu hennar vegna, heldur líka hinna, sem þér frelsuð frá hinum voðalega dauða”.

“Á eg að skilja yður þannig, að þér tatið sem vinur mannkynsins, og hafið engan sérstakan áhuga eða umhyggju fyrir neinum af samferðamönnum mínum?”

“Eg þekti flesta þeirra. En ungrú Clinton var sú eina, sem eg hafði þekt um lengri tíma en tvo, þrjá daga í Saratoga; en dauði hennar hefði hrygt mig, þar eð eg hefði þekt hana síðan við vorum litil, og af því eg veit, að það hefði verið óbærilega þungt högg fyrir

hr. Clinton".

"Þér talið mjög kuldalega, hr. Sullivan. Vitið þér, að orðrómurinn segir yður taka meiri þátt í umhyggju ungfrú Clinton, en sem vinur?"

Willie varð hissa. "Svipur hans sýndi, að spurningin kom óvænt. Hann settist á stól. "Herra minn", sagði hann, "annaðhvort misskil eg yður, eða orðrómurinn er ósannur".

"Þér hafið þá ekki heyrt um yðar eigin trúlofun?"

"Aldrei; það fullvissa eg yður um. Er það mögulegt, að slík fjúksaga hafi náð útbreiðslu meðal vina ungfrú Clinton?"

"Næga útbreiðlu til þess að jafuvel eg, sem að eins var áhorfandi í Saratoga, heyrði því hvislað frá manni til manns, sem áreiðanlegum viðburði".

"Eg er alveg hissa á þessu, sem þér segið", sagði Willie. Svo heimskuleg og fölsk, sem þessi fregn er, getur hún þó orðið til leiðinda fyrir ungfrú Clinton, ef hún heyrir hana".

"Hr. Sullivan", sagði Amory, "eruð þér viss um, að þér standið ekki í vegi fyrir yðar eigin gæfu? Skiljið þér ekki, að of mikil feimni hefir hindrað margan ungan mann frá að ná í lán og framför, og að þetta getur líka orðið tilfellið með yður?"

"Á hvern hátt? Orð yðar eru dularfull".

"Laglegur ungur maður, einsog þér, getur oft náð í mikinn auð, að eins með því að spyrja. Slik tækifæri koma ekki oft, og heimsbúarnir muna hlæja að yður, ef þér notið það ekki".

"Tækifæri til hvers? Þér viljið þó ekki ráða mér til —?"

"Jú, það gjörir eg. Eg er eldri en þér og þekki heimin. Auður safnast ekki á einum degi, og peninga er ekki vert að fyrirrita. Hr. Clinton getur ekki lifað lengi, og dóttir hans er eini erfingiinn. Hún er ung, fögur og hlýtur mikla aðdáun hjá þeim, sem umgangast hana. Bæði faðirinn og dóttirin eru vingjarnleg

við yður. Ó, þér þurfið ekki að verða órólegur, — eg tala sem vinur. Hvers vegna eruð þér á báðum áttum?”

“Hr. Philipp”, sagði Willie vandræðalegur. “Fjúksögur — einkum hér í Saratoga — eru ekki þess verðar, að þeim sé gaumur gefinn. Samband mitt við hr. Clinton hefir verið af þeirri tegund, að eg hefi orðið að vera mikið saman með honum og dóttur hans. Hann á fáa ættingja og vini og er þess vegna alúðlegri við mig, en hann myndi vera, ef eg væri að sækjast eftir dóttur hans, og það væri hégómlegt af mér að halda—”.

“Rugl, rugl!” sagði Philipp. “Annað eins og þetta getið þér sagt fávísari mönnum en mér. Það fer yður vel, að tala þannig; en fáeinar bendingar geta ekki skaðað ungan mann, sem hefir svo lítið álit á sjálfum sér. Nú, hver var ungi maðurinn, sem ungfrú Clinton vildi heldur fylgja, en hlusta á sönginn, og yfirgaf troðfullan salinn af aðdáendum sínum?”

“Ó, nú man eg það”, sagði Willie. “Það hefir þá verið ein orsök til að vekja þenna grun. Eg var þá aðeins boðberi til ungfrú Clinton frá föður hennar, sem eg hafði vakað yfir í margar klukkustundir. Þegar hann vaknaði, spurði hann svo kviðafullur eftir dóttur sinni, að eg hikaði ekki við, að trufla ánægju hennar og segja henni frá föður hennar til þess eftir á að fylgja henni í lungsljósinu til lystiskálans, sem hann þá dvaldi í”.

Amory hló góðlátlega og sagði: “Þá er nú nóg sagt um margmæli manna. Eg skal ekki nefna fleiri sannanir fyrir þeim áhuga, sem þið hafið hvort á öðru. En þér megið trúa mér, hr. Sullivan, að enda þótt hjarta hennar einsog auðurinn sé í varðveislu föður hennar, er yður þó auðvelt að ná í hvorttveggja. Þér hafið góða þekkingu á viðskiftamálefnum, sem þeim gamla er nauðsynlegt, og ef þér með fallega andlitinu yðar, gervilega vextinum og öðrum hæfileikum getið ekki gjört yður jafn ómissandi fyrir hana, hafið

þér sjálfan yður að ásaka”.

Willie hló. “Ef eg hefði slíkt takmark fyrir stafni, þekki eg engan, sem eg vildi heldur leita ráða til en yðar; en þetta álitlega útlit, sem þér bendið mér á, er gagnslaust fyrir mig”.

Amory sagði: “Eg get ekki haldið, að þér séuð svo heimskur, að vilja ekki nota þetta tækifæri til að ná álitlegri stöðu, sem bæði þekking yðar og hæfileikar eiga heimtingu á. Faðir yðar var mikilsvirtur prestur. Sem unglingur notuðust þér hvert tækifæri sem gafst, og á Indlandi hafið þér náð þeim frama, að með nægilegu stofnfé munuð þér innan fárra ára verða einn af hinum leiðandi verzlunarmönnum. Ekki er það heldur mögulegt, að þér hafið unnið í 6 ár undir austurlanda sólinni, án þess að læra að meta launin fyrir vinnu yðar, sem yrðu blessunarrikust, ef þau væru falleg brúður”.

“Hr. Philipp” sagði Willie; “eg hefi eytt mörgum af mínum beztu árum undir brennandi sól og í eins konar útleigð frá föðurlandi mínu og öllu, sem mér var kærast, án þess að hafa takmark að stefna að. En yður skjátlar stórkostlega, ef þér haldið, að sá meinaður, sem knúði mig fram, finni fullnægju sína í slíkum hlutum, sem þér hafið nefnt. Nei, herra minn, þér megið trúa því, að eg stefni ofar”.

“Og frá hvaða hlið búist þér við, að ná slíku takmarki?” spurði Amory.

“Ekki frá tízkunnar glaðværa verksviði”, svaraði Willie, “ekki heldur frá hinum auðugu höfðingjum. Eg litilsvirði ekki heiðarlega stöðu fyrir augum meðbræðra minna. Eg er ekki blindur fyrir kostum auðsins eða yndisleik fegurðarinnar; en það var ekki fyrir þessa hluti, að eg yfirgaf heimili mitt. Þó eg sé ungur, hefir reynslan kent mér, að það, sem er þess vert að sækjast eftir, er varanlegra. Þetur fullnægjandi en ótraustur auður og kviklynt brot”.

“Að hverju stefnið þér þá. ef eg má spyrja?”

“Að heimili, ekki eins mikið mín vegna og annars, sem eg vona að verði þar með mér. Fyrir ári síðan” — varir og rödd Willie skulfu — “fyrir ári síðan voru aðrir við hlið hinnar kærú, hverrar mynd eg geymi í hjarta mínu, sem eg vonaði, að myndu njóta ávaxtanna af vinnu minni; en eg átti ekki að fá að sjá þá framar. Og nú, — en eg vil ekki gjöra yður ómak eða leiðindi með einkamálum mínum”.

“Haldið þér áfram, haldið þér áfram”, sagði Amory, talið til mín einsog gamals vinar. Eg hefi mikinn áhuga á því, sem þér segið frá”.

“Það er langt síðan eg hefi talað svo frjállega um sjálfan mig”, sagði Willie, “en hreinskilni er mér eðlileg. Staða mín sem barn var einkennileg. Eg var ekki eldri en 12 til 14 ára, þegar eg fór að skilja dálítið af alvöru lífsins. Móðir mín var ekkja, og gamli faðir hennar voru einu ættingjar mínir, sem eg þekti. En þrátt fyrir fátækt þeirra veittu þau mér góða mentun.

“Á heim aldri, sem flestir drengir leika sér á götunni, fékk eg vinnu, sem var vel borguð, þangað til húsbóndi minn dó. Afi minn bjóst ekki við, að eg kæmist áfram í lífinu. Móðir mín var kyrlát og viðkvæm kona. Hún elskaði mig einsog sjálfa sig. Fyrir þau bæði og hina þriðju, sem eg skal strax segja frá, var eg fús til að fara burtu til að vinna, til að þjást og vera þolinmóður. Eg fékk nú atvinnu, og varð brött fær um, að ala önnu fyrir mér og þeim, og eg var farinn að hugsa til þess dags, þegar heimkoma mín fullkomnaði gæfu okkar. Ekki vissi eg þá, að fregnin um dauða afa míns og veikindi móður minnar var á leiðinni til mín. Nú eru þau bæði dáið, og eg væri fús til að fylgja þeim, ef það væri ekki fyrir aðra, sem eg vil lifa; ástin til hennar bindur mig við þenna heim á meðan hún lifir”.

“Og hún?” hrópaði Amory með mikilli geðshræringu, sem Willie tók ekki eftir vegna hugsana sinna.

“Er ung stúlka”, sagði Willie. “án ættingja, auðs

og segurðar; en á svo eðallynt hjarta, að hún er samt yfirburða fögur”.

Þar eð Amory virtist mjög ákafur eftir að heyra meira, hélt Willie áfram: “Í sama húsi og móðir mín bjó, var líka gamall maður — ljósörður. Hann var enn fátækari en við, en betri maður hefir aldrei lifað. Eitt kveld, er hann kveikti götuljósinn, fann hann og flutti heim með sér illa klædda litla stúlku, sem einhver grimmi kona hafði kastað út á götuna til þess hún frysi þar í hel, eða dæi á fátækraheimilinu að öðrum kosti, því ekkert nema umhyggja móður minnar og Trumans frænda, sem var nafn gamla mannsins, gat frelsað hana. Hún var þá mjög grönn og mögur, og alt annað en falleg, og með mjög æstu skapi, sem hún hafði aldrei lært að stjórna. En ekki bugaði þetta kjark Trumans, og undir áhrifum hans fóru nýir eiginleikar og nýtt skapferli að þroskast. Jafnframt þessu varð hún aðnjótandi ljóssins hjá þeirri persónu, sem sjálf sat í myrkri. Hún óx og þroskaðist, til þess að hún varð ung stúlka, verð þess að vera elskuð og treyst alla æfina. Að því er mig snerti hafði ást mín á henni engin takmörk, sem upphaflega byrjaði af meðaumkvun”.

“Við vorum alt af saman. Við höfðum enga hugsun, ekkert ætlunarverk, enga gleði, enga sorg, sem við ekki tókum bæði þátt í. Í byrjuninni var hún algjörlega háð Truman frænda: en seinna komu þeir tímar, að hún varð að annast hann. Þá fyrst skinu hinir björtu geislar kvenedlis segurðarinnar, — ó, sú viðkvæmni og umhyggja, sem hún veitti Truman síðustu æfistundir hans! Oft fór eg til herbergis hennar um miðjar nætur, því eg var hræddur um að hún, jafn ung og óreynd og hún var, gæti ekki stundað hann eins vel og honum var nauðsynlegt. Eg get aldrei gleymt litlu stúlkunni, sem sat kyr og róleg við rúmið hans um miðjar nætur; á þeim tíma mundu margir jafnaldrar hennar hafa skolfið af hræðslu, ef þeir hefðu þurft að vaka einmana yfir herfangi dauðans, einsog

hún. Þarna sat hún með litið ljós á borðinu fyrir fram-
an sig og las í biblíunni fyrir hann. En öll hennar um-
hyggja gat ekki lengt líf hans; því rétt áður en eg fór af
stað til Indlands, dó hann, — þakkandi guði fyrir þá
blessun og umhyggju, sem þessi litla stúlka veitti hon-
um.

“Það varð mitt hlutskifti, að hugga litlu Gerti, eins
vel og eg gat, og með ósegjanlegri ánægju fylgdi eg
henni að húsi blindu stúlkunnar, sem tók hana að sér,
og sem áður um langan tíma hafði verið henni og Trú-
man vinveitt og hjálpsöm. Áður en eg fór lofaði Gerti
að líta eftir og annast móður mína og afa, og það lof-
orð hefir hún efnt dyggilega. Þrátt fyrir hörku og
mispóknun Grahams efndi hún loforð sitt. Í stað
skemtana og hvíldar hlaut hún að vinna talsvert og vaka
um nætur til að annast þau, sem hún elskaði meira en
nokkur dóttir hefði getað gjört, því það var heilög ást”.

Arnþjotur B. Olsen

ÞRITUGASTI OG FIMTI KAPITULI.

Rannsóknin.

“Eg skil það vel”, sagði Amory, “að þér virðist
hana mikils; en jafnframt get eg ekki haldið, að ung-
ur maður í yðar stöðu hugsi til að ganga að eiga litla
leiksysstir, fátæka, fegurðarlausu, af óþektri ætt, nema
því að eins að hann hafi lofað því, eða að hann líti svo
á, að hann að eins á þenna hátt geti endurgoldið hjálp-
semi hennar. Má eg spyrja, hvort þér séuð heitbund-
inn?”

“Nei, það er eg ekki”, svaraði Willie.

“Hlustið þér á mig eitt augnablik. Tilgangur
minn er af vináttu sprottinn, þegar eg bið yður að
fara hægt og varlega í þessu tilfelli. Yður skjáttlar,

ungi vinur, ef þér haldið, að gæfa ykkar sé fullkomin-
uð með hjónabandi, nema þið eigið saman. Þér hafið
ekki séð hana í sex ár; hrasið þér því ekki að þessu.
Þér hafið allan þenna tíma verið atorkusamur starfs-
maður og kynst heiminum. Vera yðar í Austurlönd-
um gjörði yður óháðan og veitti yður þá framkomu,
sem var í París hrósað mikið og vel þegin. Þér hafið
líka hlotið að taka eftir virðingunni, sem ungu stúlk-
urnar bera fyrir yður. Þegar eg hugsa um þetta og
gjöri mér ljóst, að þér hrindið slíkum kjörum frá yð-
ur og fleygið yður fyrir fæturnar á hjúkrunarstólku
móður yðar, get eg ekki þagað. Þetta fátæka óskila-
barn, sem þér hafið í hyggju að velja yður fyrir félagu
á lífsleiðinni, — þessi litla, kyláta kenslukona —”.

“Eg hefi aldrei sagt yur, að hún væri kenslukona”,
hrópaði Willie og hatti að ganga um gólf. “Eg hefi
ekki sagt yður það. Hvernig vitið þér það?”

Amory, sem hafði ljóstað því upp, að hann vissi
meira en hann vildi kannast við, hugsaði sig um stund.
arkorn, en svaraði svo, að ytra álit hreinskilnislega:
“Svo eg segi sannleikann, hr. Sullivan, þá hefi eg fund-
ið þessa ungu stólku, sem þá var með gömlum lækni”.

“Jeremy lækni?” spurði Willie.

“Einmitt”.

“Nær mattuð þér henni? Hvernig orsakaðist
það?”


“Spyrjið þér mig ekki um það”, sagði Amory, eins
og þetta efni væri þýðingarlaust, og að hann vildi ekki
láta hindra sig. “Eg hitti þenna gamla mann á ferð
minni, og ungfrú Gerti Flint var með honum. Hann
sagði mér frá ýmsu um hana, — ekkert ilt samt, og þeg-
ar eg varaði yður við þeim félagsskap, var það blátt
áfram sagt”.

Willie leit undrandi og rannsakandi augum á Am-
ory, og virtist ætla að halda áfram að spyrja, til þess
að fá að vita meira; en Amory tók upp samtalspráð-
inn og hélt áfram, án þess að láta hann komast að með



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

• fleiri spurningar.

“Einsog eg hefi sagt yður, hr. Sullivan, þá verður þessi Gerti yður til óþæginda; hún verður sífeld hindrun þeirra tilrauna yðar, að geta tekið þátt í félagslífi heldra fólksins, sem hún er tæplega hæf fyrir. Þér segið sjálfur, að hún sé bæði fátæk og án fegurðar; um ætt hennar vitið þér ekkert, og hafið litla ástæðu til að halda, að hún gjörði henni sóma, þó þér kæmust að því, hver hún er. Eg held því að heilbrigð skynsemi stjórni orðum mínum, þegar eg vara yður við þessum félagsskap”.

“Eg skal fúslega viðurkenna, herra”, sagði Willie um leið og hann settist aftur, “að ástæðurnar, sem þér með svo vel völdum orðum færið fram fyrir minni tím-anlegu velferð, eru bygðar á nákvæmri ihugun og hreinskilinni ósk um að styðja að gæfu minni. Eg viðurkenni jafnframt, að frá yðar — með tilliti til hins stutta, en um leið tryggja kunningsskapar — bjóst eg alls ekki við slíkum ráðleggingum, því eg hélt að þér væruð svo óháður heimsskoðunum og svo kærulaus um samsinni þeirra, að þér tækjuð lítið tillit til þessara tveggja at-riða, þegar þér ætlið að reyna að hafa áhrif á breytni annara.

“Enda þótt ráðleggingar yðar breyti hugsunum mínum og áformum að engu leyti, þakka eg yður samt fyrir hreinskilnina og alvöruna, sem þér beitið, til að fá mig til að aðhyllast yðar skoðun, og eg skal svara ástæðum yðar svo opinskátt, að þér getið skilið, að eg hefi engar flausturskoðanir, en leiðist af tilfinningum bygðum á reynslu.

“Yður skjátlar ekki, þegar þér álitíð mig hafa eðli-lega smekkvísi fyrir góðum félagsskap, — smekkvísi, sem fátæktin og einangranin á æskuárum mínum gáfu mér lítið tækifæri til að sýna, en hafði samt sem áður mikil áhrif á takmark lífsmetnaðar míns. Fögru húsin auðmannanna, skrautvagnar þeirra og klæðnaður, hafði miklu minna aðdráttarafl fyrir hugsjónir ruínar, en hin

tíginmannlega rósemi, göfuga mentun og háttfagra frakoma, sem einkendi suma af þeim, er eg hafði tækifæri til að athuga, og hve mjög sem eg óskaði auðs, faust mér hann hafa mist helming verðgildis síns, ef hann skorti hæfileika til að veita óhindraðan aðgang að hinum mentuðu mannflokkum. sem eg leit upp til með mikilli aðdáun.

“Það var því ekki af skorti á góðum félagsskap á Indlandi, að eg tók þátt í hina breytilega skemtanalífi í París, sem göðvild Clintons veitti mér strax aðgang að.

“Þegar eg tók þátt í Parísar-skemtununum, var eg í nokkra mánuði búinn að berjast við sorg og þunglyndi, sem orsakaðist af hryggilegum fréttum að heiman, og eg hafði því enga löngun að taka tilboði Clintons; en hin slæma heilsa hans neyddi mig ávalt til að fylgja dóttur hans, sem ekki vildi missa af skemtununum, af því hún hafði ánægju af þeim. Hún þáði því ávalt tilboð mitt að fylgja henni, og leiddi mig á þann hátt inn í hið töfrandi Parísar-líf, sem eg verð að viðurkenna, að mér þótti skemtun að og jafnvel aðdánlegt. Eg gat ekki verið tilfinningarlaus fyrir þessum frumréttindum, sem mér voru veitt svo óvænt, og hégómagirnd mín gat ekki verið róleg gagnvart þeim árásum, sem hún varð fyrir. Það var ekki eingöngu lundarfarsstaðfestan, sem var í hættu stödd, því að staða mín í hópi heldra fólksins lagði alvarlegar freistingar fyrir mig, en meginreglur minar og siðferðisgæzlan, sem mér var inni rétt frá æsku og eg varðveitti ennþá, var einnig í voða stödd. Eg hafði getað forðast allar opinskáar freistingar; en þessir nýju kunuingjar mínir sýndu mér þær nú í einskonar dulargervi, svo snyrtilegar í framkomu, að sá, sem með hægu móti gat hrint hinum opinskáu frá sér, átti erfiðara með að forðast þessar. Eg hafði enga tilhneigingu til að neyta vins, sem eg hafði séð hafa svo viðbjóðsleg og ruddaleg áhrif á neytendur sína; en í höndunum á þessum paulæfðu heims-

mönnum, sem augnbliki áður höfðu verið orsök aðdáunar fólksins og að brosi kvenna, skein bikarinn með meiri gljáa og beisku dreggjarnar gleymdust. Þorparinn, hinn viðurkendi leikari glæpanna, hefði aldrei getað komið mér til að taka þátt í afbrotum sínum; en eg var ekki jafn vel viðbúinn að mæta annari hættu, sem beið mín í annari átt, án þess mig grunaði það; því hvernig gat eg búist við, að vinir mínir, vinir Clintons, sem voru prýði fyrir þann mannflokk, er þeir heyrðu til, vildu á óheiðarlegan hátt reyna að ná frá mér peningum, stofna mér í vandræði og eyðileggja mig? Þegar eg hugsa um fyrstu dvöl mína í París, fúrdar mig næstum á því, að eg skyldi ekki lenda í neinni af þeim mörgu snörum, sem frá öllum hliðum voru fyrir mig lagðar, og sem mér var meiri hætta búin af, vegna þess, að eg hneigðist að félagslífinu og að eg var ekki hið minsta var um mig, því eðli mitt var óskemt og hrekklaust, og hið sama ætlaði ég öðrum. Það voru endurminningarnar um mína ágætu móður, sem þá var nýlega dáið, er endurkölluðu í huga minn allar hinar ástríku aðvaranir og áskoranir, sem hún hafði gefið mér, og meðvitundin um, að hennar eðallyndi sveif ávalt yfir mér, hrygðist yfir baráttu minni og gladdist yfir sigurvinningunum, — sem gaf mér kjark og þrek til að forðast snörurnar, er eg sökum þekkingarskorts míns annars hefði getað fallið í.

“Til allrar lukku sá eg þó bráðlega, hve hégómagjarn og gagnslaus tizkuheimurinn er. Eg á þó ekki við, að í sölum hans findi eg ekki yndi, vit og listgáfu, og mentun, sem eg hafði búist við að finna þar, eða að þessum eiginleikum fylgdu aðrir lakari. En eg verð þó að viðurkenna, að eg hefi orðið var við meiri þekkingarskort, mentunarleysi og ósiði hjá hinum svokölluðu höfðingjum, en eg bjóst við. Eg gæti sagt yður frá þúsund vélabrögðum og þrætum, og hræðilegri vanrækslu á þeim helgustu skyldum, sem eg sá sjálfur, en eg vil ekki opinbera leyndarmál annara, né þreyta yður með

allikum sögum.

“Sérstaklega furðaði mig á áhrifunum, sem hin endalaus eftirsókn eftir skemtunum hafði á tilfinningar og hugsunarhátt kvenfólksins. Enda þótt eg bæri í hjarta mínu mynd af kvenlegri mildi og hreinleik, hefði þó þessi lifandi fyrirmynd ef til vill hröklast niður úr háseti sínu fyrir löngu, og eitt eða annað unaðslegt andlit, sem eg varð hrifinn af, komið í stað hennar, ef því hefði fylgt hlutfallsleg andleg fegurð. Auðvitað eru til eðallyndar og góðar kvenpersónur í efstu stéttum mannfélagsins líka, en meðal þeirra, sem eg hafði náin kynni af, var ekki ein einasta, sem þoldi samanburð við þá, sem ávalt sveif fyrir hugskotssjónum mínum og er sönn fyrirmynd síns kyns.

“Það er engin furða, þó engin önnur svaraði til skoðana minna um eðallynda konu, því Gerti Flint var mælikvarðinn, sem eg dæmdi allar aðrar eftir. Eg gat ekki annað en borið saman afkáraskapinn, heimslundina og harðúðina, sem eg sá umhverfis mig, við ósérplægna mannkærleikann, sem einkendi Gerti. Yður hefir ekki hepnast, að sannfæra mig um, að hún verði nokkuru sinni til byrði fyrir þann inann, sem verður svo heppinn, að mega kalla hana sína. Eg fyrir mitt leyti þrái enga betri, enga í sannleika höfðinglegri stöðu í lífinu, en hún er hæf fyrir; því hún verður hin fegursta prýði hennar; hún á þá aðalstign og göfgi, sem byggist á sannri nientun, þekkingu, yndi og fegurð. Þér talið um auð. Gerti á engar eignir, en sál hennar er það hreinasta gull, sem er hreinsað í eldi sorgarinnar og reynslunnar. Þér talið um foreldra og góðan ættlegg. Hún á enga foreldra né frændur, og einhver dularblæja hvílir yfir fæðingu hennar, en blóðið, sem rennur um æðar hennar, gjörir aldrei ættingjum hennar neina vanvirðu, hverjir sem þeir eru. Þér töluðuð um fegurð. Þegar eg yfirgaf Gerti, var hún aðeins barn, tólf til þrettán ára. Enda þótt hún hefði breyzt mikið til batnaðar, eftir að hún kom til okkar, held eg þó

naumast, að hún hafi verið frið. Eg fyrir mitt leyti hugsaði lítið um það, og þó eg hefði ekki verið eins kærulaus í því tilliti, þótti mér svo vænt um hana, að eg hefði naumast getað dæmt óhlutdrægt um það, hvort hún var frið eða ekki.

Sex ár hafa getað breytt henni mikið að ytra álit; en þau hafa ekki geað svipt hana því, sem eg met mest. Hún er gædd eiginleikum, sem tíminn hefir ekkert vald yfir, — fegurð, sem varir eilíflega. Get eg krafist meira?

“Ímyndið yður þess vegna ekki”, sagði hann eftir langa þögn, “að trygð mín til hinnar fyrverandi leik-systur minnar stafi eingöngu af þakklæti. Það er að sönnu satt, að eg skulda henni mikið, — miklu meira en eg get nokkru sinni endurgoldið henni; en mín hreinskilna ást til hinnar eðallyndu stúlku byggist á aðdáun að hinu hrcina hugarfari og falslausa hjarta, sem eg aldrei hefi fundið líka til hjá öðrum”.

“Og þér eruð nú viss um, að hún, sem þér elskið svo heitt og innilega —?” spurði Philipp, sem vegna gæðshrwingar gat ekki endað spurninguna.

“Nei”, svaraði Willie, sem gizkaði á, hver spurningin mundi vera, “eg veit, hvað þér ætluðuð að spyrja um. Eg er ekki viss um það. Eg hefi enga ástæðu til, að ala þær vonir, sem eg hefi. En eg iðrast ekki eftir, að hafa talað hreinskilnislega við yður; því enda þótt hún svifti mig hugarrósemi með köldu viðmóti, skal mér ávalt þykja sæmd að því, að elska hana.

“Hingað til hafa svo margar skyldur hamlað mér frá, að fara þangað sem hugurinn heimtar”.

Hann rétti hendi sína að Amory, sem nú greip hana mjög hlýlega. “Verið þér sælir”, sagði hann. Minar beztu óskir fylgja yður. Einhvern tíma seinna er eg viss um, að þér minnist þess, sem eg hefi sagt yður hé í kveld”.

“Undarlegur maður”, hugsaði Willie, þegar hann var á leiðinni heima til hótelsins, þar sem hann bjó. —

“En hvað hann kvaddi mig hlýlega, í sunnanburði við kalda viðmótið, sem hann sýndi mér, þegar eg heilsaði honum”.

ÞRITUGASTI OG SJÖTTI KAPITULI.

Hinn langþráði.

“Ungfrú Gerti”, sagði frú Prime; “nei, en hvað þér eigið annrikt. Eruð þér ekki að taka niður blæjur til þess að þvo þær? Væri eg í yðar sporun, myndi eg ekki skeyta um þær. Frú Graham kemur ekki heim næstu tvær vikurnar, svo að frú Ellis hefir nægan tíma til að sinna þeim”.

“Ó, eg hefi ekkert annað að gjöra”. Svo leit hún vingjarnlega til gömlu matreiðlukonunnar og spurði: “Er það ekki skemtilegt, að við erum öll heima?”

“Jú, sannarlega er það skemtilegt”, svaraði frú Prime, “og það væri yndislegt, að geta notið þessarar rósemi, án þess að verða fyrir fleiri truflunum”.

Gerti brosti og sagði: “Nú lítur alt út einsog í gamla daga, þegar eg kom hingað fyrst. Þá var eg að eins barn”, sagði hún og stundi.

“Hamingjan góða. en hvað eruð þér þá núna?” hrópaði frú Prime. “Umfram alt, farið þér ekki að í-mynda yður, að þér séuð að verða gamlar. Ef þér viljið vera ungar, þá verðið þér að hugsa, að þér séuð ungar. Litið þér aðeins á ungfrú Patty Pace, — nú —”

“Eg hefi verið að hugsa um að spyrja um hana. Lifir hún enaþá?”

“Hún!” svaraði frú Prime. “Hún deyr aldrei! — Gamlar konur einsog hún, sem æskan býr í, lifa ávalt. Hún bað mig að skila til yðar, að koma og finna sig. En væri eg í yðar sporun, myndi eg ekki hraða mér

að heimsækja hana né aðra, en aðeins hvíla mig”.

“Vildi hún fá að sjá mig?” spurði Gerti. “Vesalings gamla konan. Eg ætla að fara og finna hana eftir dagverðinn í dag”.

Gerti fór. Hún fann ungfrú Pace mjög þjáða af gigt; hún var fátæklegar klædd, en hún var vön, og sat kengbogin fyrir framan lélegan eld. Henni þótti vænt um, að sjá Gerti, og spurði hana fjölda margra spurninga.

“Og þér hafið enn ekki valið yður eiginmann?” spurði hún að stundarkorni liðnu. “Það er fremur slæmt. Eg hafði vonað, að við mundum báðar giftast; það veitir svo mikla vernd”.

“Eg vona, að það hafi ekki þjáð yður til muna”, sagði Gerti.

“Jú, eg hefi liðið ósegjanlega mikið, ungfrú Gerti. Ó, eg vildi, að eg hefði vængi einsog dúfan, svo eg gæti flogið frá ættingjum mínum. Eg hélt, að þeir væru búnir að missa spor mín, en á þessu síðasta ári hafa þeir komist eftir verustað mínum, og eg get ekki sloppið frá þeim. Eg er naumast búin að jafna mig eftir geðshræringuna, sem ein heimsókn framleiðir — gjörð í því skyni, að sjá, hve mikið eg á og hve lengi eg geti lifað — þegar annar af þessum ránfuglum fara hringinn í kringum bústað minn. En”, hrópaði hún, “eg skal leggja gildru fyrir þá alla. Eg skal gabba hvern einn og einasta af þeim”.

“Eg vissi ekki, að þér áttuð ættingja”, sagði Gerti “og líklega eru þeir fremur fáir”.

“Þeir eru margir, — alt of margir. En af því eg er svo giðtveik og stíð í fingrunum”, langar mig til að biðja yður að skrifa fyrir mig erfðaskrá. Hér er pappír, penni og blek. Eg skal lesa fyrir, það sem þér eigið að skrifa”.

Gerti færði borðið nær ofninum, svo gamla konan gæti verið kyr og notið hlýjindanna.

Til stórrar undrunar fyrir Gerti, var gamla konan

svo nákunnug lögunum, að erfðaskráin, sem hún skrifaði fyrir hana, einsog hún sagði fyrir, var að öllu leyti rétt, og svo fullkomin, að þegar skiftaráðandinn las hana nokkrum mánuðum seinna, að ungfrú Pace látnu, dáðist hann að, hve vel hún var samín.

Þess er vert að geta, að maður sá, sem erfðaskráin tilcinkaði alla hina verðmiklu muni gömlu konunnar, gjörði sér ekki önnur not af þeim, en að úthlata þeim meðal erfingja hinnar látnu, og sá maður var Willie Sullivan. Hin göfuga framkoma hans hafði náð hylli gömlu konunnar; en hin sama göfgi bannaði honum að þiggja jafn mikið endurgjald fyrir þann litla greiða, sem hann hafði gjört henni.

Gerti var lengi að skrifa erfðaskrána, og þegar hún loks var búin, kvaddi hún gömlu ungfrúna og helt heimleiðis; en þá var komin þoka úti og ofurlítill súld, svo fót hennar vögnuðu að utan. Strax og hún kom inn, tók Emily eftir þessu og sagði: "Fötin þín eru dálítið vot, held eg. Farðu ofan og sittu við ofninn. Eg kem ekki ofan fyr en te er drukkið, en pabbi er niðri og honum þykir vænt um, að þú sért þar honum til skenitunar. Hann hefir verið einsamall síðan eftir dagverðinn".

Gerti fann Graham að hálfu leyti sofandi og að hálfu leyti lesandi fyrir framan ofninn. Hún tók sér bók í hönd og settist á lágan stól við hlið hans, en af því þar var svo heitt, stóð hún upp aftur, gekk að legubeknum og settist þar. Í sama bili var hringt dyrböllunni, og ein af þernunum, sem þar var á ferð, opnaði dyrnar og fylgdi gestinum inn í daglegu stofuna. Það var Willie.

Gerti stóð upp og skalf frá hvirfli til ilja, svo hún treysti sér ekki að stiga eitt spor áfram. Willie gekk inn á mitt gólf, nam þar staðar hálf hissa og sagði: "Ungfrú Flint — er hún hér?" Roðinn streymdi fram í kinnarnar á Gerti. Hún reyndi að tala, en gat ekki. Það var heldur ekki nauðsynlegt, — roðinn nægði. — Willie þekti hana, gekk til hennar og greip hendi

hennar.

“Gerti! Er þetta mögulegt?”

Hin frálsmannlega framkoma hans og það, hve hlylega hann tók hendi hennar og hélt henni, gjörði hina feimnu stúlku ögn rólegri. Nokkur augnablik var hann fyrir hennar sjónum hinn gánli Willie, vinur hennar, leikbróðir hennar, svo henni tókst að segja: “Willie, þú ert þá loksins kominn. Mér þykir svo vænt um að sjá þig”. Hljómurinn af orðum þeirra vakti Graham, sem hafði sofnað. Hann stóð upp og sneri sér við. — Willie slepti hendi Gerti og gekk til hans. “Herra Sullivan”, sagði Gerti, í því skyni að kynna þá, en átti þó bágð með að tala.

Þeir tóku höndum saman og svo settust þau niður öll þrjú.

En nú greip feimnin Gerti aftur. Það er alititt, að þegar beztu vinir finnast eftir langan aðskilnað, heilsast þeir innilega; en þrátt fyrir það, að þeir hafa margt áriðandi að sega hvor öðrum, finna þeir ekki á sömu stundu neitt viðeigandi til að segja, og eftir fyrstu þögnina koma óákveðnar spurningar um ferðina, líðanina og því um líkt. Hún hafði séð Willie áður; hún vissi jafnvel með hvaða skipi hann kom, en hún vildi dylja þetta fyrir honum. Hún gat ekki fengið sig til að segja honum, að hún hefði séð hann áður, þar eð hann virtist ekkert um það vita, — og hún vissi ekki, hvað hún átti að segja. Feimni hennar og vandræði vitust nú að hafa sýkt bæði Willie og Graham, sem báðir þögðu. — Willie rauf þögnina.

“Eg hefði naumast þekkt þig, Gerti. Eg þekki þig ekki. Hvernig —”.

“Hvernig komuð þér hingað?” spurði Graham alt í einu, sjáanlega óafvitandi að hann tók fram í fyrir Willie.

“Með ‘Evrópu’,” sagði Willie. “Skipið kom til New York fyrir hér um bil viku síðan”.

“Eg átti við hingað út”, sagði Graham nokkuð þyrk-

ingslega. "Komuð þér með fólksvagninum?"

"Ó, afsakið, herra, eg misskildi yður. Nei, eg ók í smávagni hingað frá Boston".

"Hefir nokkur tekið hestinn yðar?"

"Eg batt hann við girðingarhliðið".

Willie leit út um gluggann, til að sjá, hvort hesturinn stæði kyr, þar sem hann skildi við hann. Graham hagræddi sér í hwgindastólnum og horfði á eldið í ofninum. Nú varð ný þögn, ennþá leiðinlegri en hin fyrri.

"Þú hefir líka breytt", sagði Gerti, sem svar upp á hina hálf sögðu setningu Willies. En svo kom henni til hugar, að þessi orð kynnu að særa hann, sem voru sönn í meira en einu tilliti, og hún blóðroðnaði aftur.

Hann virtist þó ekki hið minsta móðgaður og svaraði: "Já, Austurlanda loftið framleiðir miklar breytingar; en eg held þó naumast, að eg hafi breytt meira en þú. Þú varst aðeins barn, þegar eg fór, og eg hefði átt að vita, að eg fyndi þig aftur sem unga stúlku, en eg held, að eg hafi aldrei hugsað um það".

"Nær fórstu frá Kalkútta?"

"Í lok febrúar. Um vortímann dvaldi eg í París".

"Þú skrifaðir ekki?" sagð. Gerti skjálfrödduð.

"Nei, eg bjóst ávallt við að fá að fara með fyrstu gufuskipsferð, og ætlaði að koma þér á óvart".

"Mér voru vonbrigði að því, að fá ekkert bréf", sagði hún, "en nú þykir mér vænt um, að sjá þig aftur, Willie".

"Þú getur ekki verið eins glöð og eg er", sagði hann lágt og leit til hennar með unaðslegri bliðu.

"Hverja mínútu, sem eg er hjá þér, líkist þú sjálfri þér meir og meir. En eg fer að halda, að eg hefði átt að skífa þér og segja þér, að eg ætlaði að koma".

Gerti brosti. Framkoma Willie var svo óbreytt og orð hans svo ástrik, að það væri rangt að efast um hinn vingjarnlega hugsunarhátt hans, enda þótt hún fyndi, að hún mátti enga von gjöra sér um hans einlægu ó-

skiftu ást.

Nei, mér þykir vænt um öll viðbrigði", sagði hún "Manstu ekki eftir því, að mér hefir ávalt þótt vænt um þau?"

"Man? — Jú, áreiðanlega. Eg hefi engu gleymt, sem eg vissi, að þér var geðþékt".

Nú fóru litlu fuglarnir hennar ungfrú Gerti a. t. l. í búrinu sínu, sem hékk í glugganum rétt hjá Willie. Hann leit upp.

"Þetta eru fuglarnir þínir", sagði Gerti. "Fuglarnir, sem þú sendir mér".

"Lifa þeir allir enn og eru heilbrigðir?" sagði hann.

"Já, allir".

"Þú hefir verið góð húsmóðir fyrir þessar litlu verur".

"Mér þykir mjög vænt um þá".

"Þú stundar svo vel alla, sem þér þykir vænt um, Gerti, að þú heldur við lífi þeirra á meðan það er mögulegt".

Hreimur orðanna, sem hann talaði, lýsti enn betur hinni djúpu þýðingu þeirra en orðin sjálf. Gerti þagði.

"Er ungfrú Graham frísk?"

Gerti sagði, að taugar hennar væru mjög veikar síðan hún hefði lent í þessari voðalegu hættu við skipsbrunann, og nú snerist talið að slysinu, án þess Gerti segði honum, að hún hefði verið ein á meðal þeirra, sem dauðanum voru næstir.

Willie talaði með mikilli hluttekningu um hinn voðalega viðburð, og ásakaði harðlega ónærgætnina, sem var orsök hans, og lét þess getið að síðustu, að hann hefði átt góða kunningja á skipinu; en að hann hefði ekki vitað, að ungfrú Graham var á meðal farþeganna, sem honum þótti svo vænt um vegna Gerti.

Samtalið á milli Willie og Gerti var nú orðið frjálst og hafði fengið nokkuð af sínum gamla alútarblá. Hann var nú seztur á legubekkin við hlið hennar, svo þau gætu talað óþvingaðra; því enda þótt Graham væri

sofnaður, gleymdu þau ekki algjörlega nærveru hans. Ýms efni voru til, sem þeim hefði verið eðlilegt að taka um, ef Gerti hefði ekki af ásettu ráði forðast þau. Orsökkin til hinnar ákyndilegu komu hans, áform hans fyrir okomna tímann og orsakirnar til þess, að hann heimsotti hana ekki fyrir — voru spurningar, sem almennur áhugi og vanaleg forvitni hefði afsakað: hjá Gerti voru þær í læstum hugarklefa. Hún áleit ekki við því búna, að taka á móti trausti hans, allra þess að því er snerti trúlofun hans með ungfrú Clinton. Vegna þess forðaðist hún allar slíkar spurningar, og Willie, sem líkaði illa þessi samhygðarskortur, forðaðist því að minnast á þetta.

Þau töluðu um lífið í París, um skóla Gerti og margt annað, en ekki eitt orð um það, sem efst var í huga þeirra. Loksins sagði þjónninn, að teið væri tilbúið. Graham stóð upp og sneri baki að ofninum. Willie stóð líka upp til að fara. Graham bauð honum með kuldalegri kurteisni, að dvelja lengur, og Gerti bað hann alvarlega hins sama en hann afþakkaði það svo ákveðið, að Gerti skildi honum sárnaði kuldi Grahams. Gamli maðurinn var lítið hlyntur ungum mönnum, og hann hafði heldur ekki gleymt því, að það var Willie að kenna, að Gerti neitaði að taka þátt í ferð hans og Emili.

Gerti sagði Willie til dyra. Rigningin var hætt, en kaldur vindur blés úti. Willie hnepti að sér frakkann, og lofaði að koma og finna Gerti daginn eftir.

“Þú hefir enga kápu”, sagði Gerti; “það kólnar og þú ert vanur heitu loftslagi. Takiu þetta sjal með þér og notaðu það um hálsinn.

Hann þakkaði henni og lagði sjalið yfir handlegg sinn. Svo tók hann báðar hendur hennar, horfði fast á andlit hennar, einsog hann ætlaði að segja eitthvað. En þegar hann sá, að hún forðaðist að líta á hann, slepti hann höndum hennar og kvaddi hana með sorgþrungnum svip.

Certi studdi hendi ni á skráarhúninn meðan hún heyrði jódyninn; svo gekk hún til herbergis síns hugsandi um það, að þar eð hún yrði að sjá hann á þeim verjum degi, væri þyngsta raunin að byrja.

Var framkoma hans breytt gagnvart henni? Nei, hann kom aftur jafn hreinskilinn, myndarlegur og elskuverður. Hann var hinn sami Willie, sem hún hafði hugsað um, dreymt og elskað.

Hugsanir hennar truflaðust við það, að Jane færði henni böggul. Hún gat ekki skilið, hvernig á honum stóð. Hún bjóst ekki við, að geta fengið bréf frá Philip svona fljót; en þegar hún gekk að ljósinu, sá hún að það var hans skrift á áritaninni; hún settist því niður, og las bréfið með mesta áfergi.

Arnþjótur B. Olsen

ÞRITUGASTI OG SJÖUNDI KAPÍTULI.

Frásögn föðursins.

Bréfið hljóðaði þannig: —

“Dóttir mín! Mitt elskulega, góða barn!

“Nú, þegar þín eigin orð hafa sannfært mig um, að hræðsla mín var ástæðulaus, nefnilega kviðinu fyrir því, að nafn mitt mundi láta illa í eyrum þínum, og að þú í huga þínum myndir álita mig glæpamann. Nú skal eg segja þér æfisögu mína, og um leið og eg sanna þér, að þú sért dóttir mín, vona eg að mitt barn trúi föður sínum, elski hann og treysti honum, þrátt fyrir ranglæti heimsins.

“Eg ætla ekkert að dylja; eg ætla strax að byrja á þeim afhjúpunum, sem eg er hræddastur við að gjöra, og fela það á vald minna seinni skýringa, að dreifa úr

myrkrinu í frá sögu minni.

"Graham er stjúpi minn, og móðir mín, sem er dáið fyrir löngu síðan, var í öllu öðru en fæðingunni sönn móðir fyrir Emily. Þó eg stæði þannig í nánu sambandi við þá, sem þú elskar innilegast, er eg þó skilinn frá þeim með áhrifamiklum bölbænum; því það er ekki eingöngu mín ógæfusama hendi — ó, ha-aðu mig ekki, Gerli — sem haldi vesalings Emily í eilífu líyrkri; en auk þessa voðalega verks var eg einnig sakaður um annan glæp í augum meðbræðra minna, ljótan og viðbjóðslegan glæp. Og samt er eg, þó eg hafi lifað sem bannsunginn maður og flækst um heiminn ógæfusamur og raunamæddur, alveg saklaus af þeirri ásökun, sem þú munt skilja, ef þú getur trú-að sannleikanum í þeirri skýrslu, sem eg ætla nú að gefa þér.

"Eg var að eðlisfari bráðlyndur og það fór vax-andi af uppeldinu, sem mér hlotnaðist. Eg var átrún-aðargoð móður minnar, sem þrátt fyrir það, að hún elskaði mig innilega sem eg blessa minningu hennar fyrir, hafði hún ekki þrek til að temja og bæla niður geðofsa minn. Þrátt fyrir þetta óstjórnlega lundarfar hafði eg hvorki grimmar né glæpsamlegar tilhneig-ingar, og þó að ráðriki mitt væri ósigrandi bæði heima og á meðal skólabræðra minna, eignaðist eg þó marga vini, en engan óvin. En skyudilega var eg sviftur þessu frjálsræði minnu. Móðir mín gisti sig aftur, og eg varð þess brátt var, hverja þvingun stjúpi minn lagði á sjálfstæði mitt. Ef hann hefði breytt við mig sem vin-ur, hefði hann strax náð ást minni, og það var hon-um innan handar, þar eð eðlisákafi minn batt mig strax við þá, sem sýndu mér ást og alíð, — og þá hefði hann haft hin æskilegustu áhrif á lundarfar mitt.

"En það gagnstæða átti sér stað. Hann sýndi mér afarkalt viðmót, og þegar eg, samkvæmt ósk móður minnar, kallaði hann "pabba", afþakkaði hann það með svo mikili fyrirliðningu, að eg kallaði hann það

aldrei oftar. En enda þótt hann ekki vildi kannast við föðurnafnið, brúkaði hann þó öll þau réttindi, sem því fylgja, og með því særði hann tilfinningar minar og velsæmi, og kveikti hjá mér þráa gagnvart skipunum hans.

“Það var einkum tvent, sem særði tilfinningar minar og jók ógeð mitt til stjupa míns. Fyrst og fremst meðvitundin um, að eg var háður góðvild hans, og í öðru lagi, að illvilji hans til mín, stafaði af gamalli óvináttu milli hans og föður míns, — eftir því sem einn af þjónunum sagði mér. Faðir minn var góður og gófugur maður, og það var sagt, að eg væri mjög líkur honum, sem mér þótti mjög mikill sómi að.

“Enda þótt hugarstrið mitt væri hart, var þó valdið Grahams megin, því eg var aðeins barn og þurfti leiðbeiningar. Svo höfðu líka bænir móður minnar áhrif á mig, þegar hún sagði, að sín vegna yrði eg að hlýða. Það var því aðeins, þegar mér fanst eg vera beittur of miklum rangindum, að eg sýndi mótlþróa. Þannig liðu nokkur ár, og þó eg gæti ekki vanið mig á, að þykja vænt um Graham, gjörði þó vaninn og áhuginn, sem eg hafði á námsgreinum mínum, líf mitt þolanlegra, en það hafði verið.

“Það, sem aðallega gaf mér þolinmæði til að bera raunir minar, var ástin, sem eg bar til Emily, og sem hún endurgalt í ríku mæli. Það var ekki af því að hún reyndi að stilla til friðar milli mín og föður síns, heldur ekki af því, að hún lét að vilja mínum og hjálpaði mér með öll mín áform; en það var einsog við værum sköpuð hvort fyrir annað, og samdráttur okkar var svo sterkur, að aðeins ofsafullur ójöfnuður var fær um að skilja okkur.

“Eg ætla ekki að dvelja við styrkleik ástar minnar, en aðeins segja það sem satt er, að hún var mér sama og lífið.

“Svo dó móðir mín, — eg var þá gagnstætt vilja mínum á skrifstofu Grahams og átti heima í húsi hans.

En nú byrjaði stjúpi minn á jafn heimskulegu og vondu háttalagi við mig, og særði velsæmi tilfinningu mína svo mjög, að mér lá við æði. Hann reyndi að svifta mig því eina, sem eg mat nokkurs, nefnilega ást Emily. Eg skal ekki minnst á ástæðurnar, sem eg eignaði honum til að gjöra þetta, né aðferðina, sem hann notaði. Það er nóg að segja, að nú breyttist ógeð mitt á honum í beiskt hatur, mín viljalausa hlýðni í auðsæja ásetnings móttöðu.

"Í stað þess að hlýðnast því, sem eg áleit grimdarleg afskifti af hans hálfu, reyndi eg við hvert tækifæri að njóta félagsskapar Emily, og fékk hana til að styðja þau áform mín, að fara í kringum skipanir föður hennar. Eg talaði ekki til hennar um ást; eg reyndi ekki að binda hana með loforðum; eg mintist aldrei á giftingu, því velsæmistilfinning mín leyfði ekki slíkt; en með vanalegu ihugunarleysi unglunga reyndi eg við hvert tækifæri, jafnvel í nærveru föður hennar, að tala í ljósi þann ásetning minn, að viðhalda gamla frelsinu og alúðinni í umgengni okkar.

Loks varð Emily veik og í sex vikur fékk eg ekki að tala við hana. Þegar henni fór að skána, svo að hún gat yfirgefið herbergi sitt, leitaði eg tækifæris til að finna hana, og loks hepnadist það. Við höfðum verið lengur en eina klukkustund í bókaherberginu, þegar Graham allt í einu kom inn. Hann gekk til mín með þeirri hörku og reiði í svip sínum, sem eg aldrei gleymi. Eg var ekki hræddur við, að hann kom mér á óvart, því eg var við öllu búinn, en annað eins og þetta kom mér óvænt.

"Eg hafði búið við, að hann myndi finna óhlýðni minni, og var tilbúinn að svara; en þegar hann helli yfir mig óheyrnlegum skömmum og bráðslum; sakaði mig um óheiðarlegan tilgang og hamaðist sem óður væri, þá varð eg mállaus af reiði.

"En þetta var ekki allt. Í nærveru hinnar eðal-lyndu stúlku sakaði hann mig um hinn sultvirðileg-

asta glæp — fölsun —, og sagði að afbrot mitt væri nýlega komið í lós; en að eg væri sá seki, kvaðst hann alls ekki efa. Nú varð eg sem næst óður, krepti hnefann og lyfti upp hendinni. Eg veit ekki, hvað eg myndi hafa gjört, annaðhvort að reyna að afsaka mig, eða, þar eð reiðin hafði swift mig málinu, slegið Graham í rot; en hávært angistaróp frá Emily vakti mig til meðvitundar aftur og um leið og eg sneri mér við, sá eg hana falla í öngvit á legubekkknum.

Þá gleymdi eg öllu og sá aðeins hana, sem var að deyja af hræðslu yfir því sem hún sá. Eg þaut til hennar í því skyni að hjálpa; á litlu borði rétt hjá stóðu nokkrar flöskur, og greip eg eina þeirra og helti því, sem í henni var, í andlit hennar; eg hélt að innihald flöskunnar væri aðeins styrkjandi lyf; en það reyndist á annan veg, því hin voðalegu áhrif þess komu strax í ljós.

“Sökum hins óþolandi sársauka, fékk hún meðvitundina undir eins aftur, stökk á fætur og hljóp einsog brjáluð manneskja um herbergið, og að síðustu hnipraði hún sig saman í einu horninu. Eg elti hana, jafn hræddur og hún, en hún hrinti mér frá sér, og um leið rak hún upp ógurlegt org. Graham hafði staðið kyr nokkur augnablik, alveg utan við sig af skelfingu; en nú þaut hann til mín og jós yfir mig þeim viðbjóðslegustu skömmum, blótsyrðum og formælingum, og sagði, að eg hefði drepíð barnið sitt. Rak mig svo út úr herberginu og húsinu, sem eg hafði hvorki vilja né þrek til að veita móttöðu.

“En hve voðaleg nóttin og næsti dagur var og hvernig sá sólarhringur leið, get eg ekki sagt. Eg flæktist fram og aftur um engjarnar og beitilandið alla nóttina, og reyndi að átta mig á kringumstæðunum, en gat það ekki. Þegar birti af degi, sá eg þó, að eg varð að taka einhverja stefnu fyrir ókomna tímann.

Hið sorglega ásigkomulag Emily og afleiðingin af þessum voðalega viðburði, hvatti mig til að komast

inn í hús Grahams snemma morguns, annaðhvort opinberlega eða með leynd. Auk þess var aleiga mín, peningar, fatnaður og gjafir frá uðður minni, í herberginu, sem eg hafði sofið í. Eg gat ekki hjá því komist, að fara þangað og flýtti mér því til bæjarins. Eg ætlaði að eiga á hættu, að mæta Graham, ef svo bæri undir, til þess að fá að vita um liðan Emily. Þegar eg nálgadist húsið, hikaði eg við að halda áfram, því Graham hafði hótað mér að beita valdi, ef eg stigi yfir hans þröskuld oftar. En enda þótt eg vissi, að reiði hans væri ekki sloknuð ennþá, áleit eg nauðsynlegi að finna hann til þess að bera af mér hinar röngu ásakanir hans; en eg ætlaði ekki að gjöra þetta á heimili hans, þar sem hin veika dóttir hans lá, heldur á skrifstofunni, þar sem glæpurinn var framinn, í áheyrn hinna skrifaranna, og skora á hann að sanna þenna áburð. En fyrst varð eg annaðhvort að sjá Emily, eða fréttu um liðan hennar, og vildi fá að vita, á hvern hátt eg hefði skaðað hana, áður en eg mætti föður hennar; en þá varð eg að bíða þangað til kveldaði, svo eg gæli læst inn í húsið í myrkrinu.

"Eg var allan daginn að röltu, án þess að smakka mat, og hugsaði eingöngu um mína heittelskuðu, ógæfusömu Emily. Stundirnar voru langar, en loksins kom kveldið og með því þykk þoka; þegar eg nálgadist hús Grahams, skalf eg við að sjá vagn Jeremy læknis við dyrnar, því eg vissi, að læknirinn var hættur að vitja hennar fyrir meira en viku síðan, og hlaut því að hafa verið kallaður til hennar vegna þessa nýja óhapps. Af því læknirinn var þar, vildi eg ekki strax fara inn og hinkraði við.

"Litlu síðar kom læknirinn út og Graham með honum. Læknirinn ætlaði að fara, en Graham tafaði fyrir honum með því að spyrja hann um ásigkomulag dóttur sinnar. Eg heyrði ekki, hvað talað var, en af svip Grahams, sem ávalt varð sorglegri og sorglegri, gat eg mér til, hvernig ástætt mundi vera.

"Eg þurfti því engar frekari sannanir fyrir því, að forlög Emily voru ákveðin, og meðan eg horfði meðaumkunaraugum á föðurinn, ásakaði eg sjálfan mig fyrir þá hlutdeild, sem eg átti í þessu óhappi. Hve innileg, sem iðrun mín var, gat eg ekki gleymt því, að Graham átti mestan þátt í þessu, og gat ómögulega fyrirgefið honum rangindin og svlvirðinguna, sem hann veitti mér, og sem var orsök þess, að eg misti stjórn á sjálfum mér, svo að eg var óviljandi orsök þessa óhapps. Þegar læknirinn var farinn, sá .eg Graham fara út og ganga burt, og þegar hann var horfinn inn í aðra götu, gekk eg inn í húsið. Þar var algjörð kyrd og engin manneskja sást í herbergjunum niðri. Eg gekk því upp á loft hávaðalaust, og inn í lítið herbergi við hliðina á Emily; þar beið eg lengi, en heyrði hvorki né sá til nokkurar manneskju, og þar eð eg var hræddur um, að Graham kæmi bráðum aftur, ásetti eg mér að fara inn í herbergi mitt og taka peninga mína og annað, sem eg gat haft með mér, og að því búnu ætlaði eg ofan í eldhúsið og spyrja frú Prime, sem var allra bezta manneskja, um ásigkomulag Emily. En þegar eg gekk ofan bakstigann til eldhússins mætti eg frú Ellis með súpudisk í hendi sinni. Hún var nýlega komin til Grahams, og hafði verið skipað að lita eftir mér, og þess vegna hafði eg viðbjóð á henni. — Hún vissi um allt, sem fram hafði farið, og var viðstödd þegar Graham rak mig út. Þegar hún sá mig, stóð hún kyr, rak upp hátt org og ætlaði að flýja, eins og hún seji villt dýr, sem eg hafi máské líkst því sorg og órvilnan hafa sézt í andliti mínu.

"Eg neyddi hana til að vera kyrra og hlusta á mig, en áður en eg gat lokið við spurningu mína sagði hún:

"'Lofið þér mér að fara. Þér ætlið kannske að gjöra mig blinda líka, þrælmenni?'

"'Hvar er Emily?' spurði eg. 'Lofið mér að sjá hana'.

“Sjá hana! Niðingur, nei; hún er búin að kveljast nóg yðar vegna. Hún er nógu ógæfusöm, svo þér verðið að láta hana í friði”.

“Hvað meinið þér með þessu?” hrópaði eg og hristi hana, því orð heunnar særðu mig ósegjanlega.

“Hvað eg meina? Eg meina, að hér eftir getur Emily engan mann séð, og þó hún hefði þúsund augu, eruð þér sá síðasti, sem hún vildi sjá”.

“Hatar Emily mig þá líka?” sagði eg, fremur við sjálfan mig en ráðskonuna.

“Svarið kom nú samt strax. ‘Hatar yður? Já, meira en það; hún getur ekki fundið orð, sem eru nógu hörð um yður. Þegar kvalir hennar eru sem verstar, liggur hún og tautar: ‘Vondi maðurinn! Niðingurinn.’ Heyri hún nafn yðar nefnt, fer hryllingur um hana, og þess vegna er okkur bannað, að nefna það í nærveru hennar’.

“Eg gat ekki beðið eftir að heyra meira, en flýtti mér út úr húsinu.

“Á þessu augnabliki byggðist öll framtíðar tilvera mín; höggið hitti og eg varð sem brjálaður maður. Vonir mínar, gæsa mín, mannorð mitt, — allt var horfið; eina ljósið sem hafði skinið fyrir hugskotsaugum mínum, var ást Emily. Eg hafði reitt mig á hana, — hana eina, en nú hafði eg mist hana líka, og um leið æsku mína, trúna og traustið á guði. Nú stóð mér á sama, hvar eg var og hvað um mig varð, og eg var ekkert.

“Frá þessu augnabliki var eg annar maður, umkringdur af skjónum á allar hliðar, og í þeim og undir þeim hesi eg síðan lífað, og í þeim sást þú mig fyrst og kyntist mér. Hinn fyrverandi glaði hlátur minn varð að beisku brosi, hárið gránaði og andlitsdrættir mínir urðu harðir og gremjulegir.

“Eg veit ekki, í hvaða átt eg fór frá húsi Grahams; eg man ekki eftir hvaða götum eg gekk, þó eg þekti þær allar; en eg nam ekki staðar fyrir en eg var kom-

inn ofan að sjónum; þar stóð eg kyrr og horfði niður í hylðýpið, og fann sterka löngun til að stökkva út í það og grafa mig niður í eilífa gleysku.

“Þannig stóð eg, án þess að geta tekið nokkura ákvörðun; en þá kom tilviljanin mér til hjálpar. Eg vaknaði af hugsunum mínum við að heyra áraglamur í sjónum rétt hjá mér. Svo heyrði eg rösklegt fótatak á bryggjunni og leit við; þá sá eg í tunglsljósinu djarflegan sjómann með ferðakistu í anuári hendinni. Hann var góðmanulegur á svip, og um leið og hann gekk fram hjá mér, til að hoppa ofan í bátinn, sló hann vingjarnlega á öxl mína og sagði:

“Nú, vinur minn, viljið þér verða samferða?”

“An þess að hugsa núg um, svaraði eg já, og þegar hann hafði litið á andlit mitt og búning, og þóttist viss um, að eg gæti borgað fargjaldið, sagði hann hlæjandi: ‘Farið þér þá út í bátinn’.

“Honum til undrunar — Því hann hefir naumast haldið, að mér væri alvara — hoppaði eg út í bátinn. og fáum augnablikum síðar var eg kominn út í fallegt barkskip, án þess eg vissi, hvert ferðinni væri heitið.

“Að þrem dögum liðnum fékk eg fyrst að vita, að skipið ætlaði til Rio Janeiro; euda var mér jafnkært, hvert það ætlaði að fara. Annar farþeginu til var á skipinu; það var dóttir skipstjórans, Lucy Grey, sem eg veitti enga eftirtekt fyrstu vikuna; en hún var svo kunnug öllu á skipinu, að naður gat haldið, að hún hefði verið þar alla æfi sína. Eg hefði máske ekki veitt þessari ungu stúku neina eftirtekt alla leiðina, ef hið einkennilega og leyndardómsfulla framferði mitt hefði ekki komið henni til að haga sér þannig, að mig furðaði það í fyrstu, en vakti athygli mitt síðar. Hið svipbunga andlit mitt, sífeldur órói, hve litið og borðaði og kæruleysið um alt sem fram fór í kringum mig, vakti undrun hennar og hluttekningu. Fyrst heit hún að eg væri brjálaður og breytti við mig samkvæmt því. Hún var von að setjast beint á milli mér á þil-

farinu, horfa á mig langa stund, án þess að taka eftir því, að eg leit eftir henni; og svo yfirgaf hún mig með hungri stunu. Stundum kom hún til mín og bauð mér eitthvert sælæti og, og sökum þess, að eg var hrifinn af góðvild hennar, þáði eg fremur mat af henni en öðrum og þar af leiðandi varð þessi greiðasemi hennar að fastri reglu. En þegar frar koma mín og útlit varð rólegra, og eg varð afar þunglyndur, kom hún sjaldnar til mín, og þegar eg fór að haga mér einsoy aðrir n eun, borðaði reglulega og var að minsta kosti nokkurn hluta af nóttunni í káetunni, í stað þess að ganga aftur og fram um þilfarið, hætti hún alveg að koma til mín, og eg talaði sjaldan við hana, nema þegar eg heimsótti hana beinlínis.

"En nú fór að verða stormasamt, svo eg kans heldur að vera niðri í káetunni og lesa í bók eða horfa á báurnar, og þar að ferðin stóð lengi yfir, vorum við oft saman.

"Óframfærni hennar hvarf nú smátt og smátt, og áður en ferðinni var lokið, talaði hún hiklaust til mín og enda þótt eg mintist ekki með einu orði á mína liðnu æfi, sagði hún mér alla æfisögu sína blátt áfram. Stundum hlustaði eg á hana með athygli, en stundum var eg svo sokkinn niður í minar sorglegu hugsanir, að eg heyrði ekki orð hennar. Þá hætti hún allt í einu að tala, og þegar eg svo vaknaði af draum mínum, eg leit upp, sá eg, að hún horfði á mig með ósakandi augum; eg reyndi þá að þvinga mig til að hlusta með eftirtekt á sögu hennar, sem mér og oftast tókst. Hún sagði mér, að hún hefði verið með móður sinni á litlu sveitaheimili á Cap Cod, þangað til hún var á fjórtánda ári, og að faðir sinn hefði sjaldan komið til að fjörga einverulífið á heimili þeirra. Við slík tækifæri voru þær vanar, að heimsækja bæinn, þar sem skip hans lá, og dvelja þar tvær vikur við unaðslegar skemtanir, og að því búnu að fara heim aftur til að syrgja burtför hins lífsglaða skipsstjóra, og telja vikurnar og mánuð-

ina, þangað til hans væri aftur von til heimilis síns.

"Enn fremur sagði hún mér frá dauða móður sinnar; hve mjög hún hefði syrgt hana og hve mjög faðir sinn hefði grátið, þegar hann kom heim og frétti lát hennar. Eftir þetta hefði hún ávallt verið á skipinu með föður sínum, en þar hefði sér oflast leiðst, þegar vindasamt var og faðir sinn hefði þurft að vera uppi á þilfari.

"Tár komu fram í augu hennar, þegar hún talaði um þetta, og eg horfði á hana með hlutlektningu, eins og sorgin gjörði hana að systur minni. Þessir hryggilegu viðburðir höfðu þó ekki svipt hana kælinni; því þegar skipstjórinn kom henni á óvart með eitthverri spaug, var hún ávallt við því búin, að spauga við hann, byrja einhverja kimniþrælu eða hlæja glaðlega. Þegar hún var búin að gleyma sorg sinni, skemtu glaðlegu orðin og káta röddin föðurnum, svo káelan eða þilfarið einrómaði af glaðlegum hlátri; en þessi kæli var mér andstyggileg, svo eg dró mig í hlé til að hugsa um ógæfu mína.

"En eg má ekki dvelja of lengi við lífið á skipinu, því eg hefi svo margt annað að minnast á. Eg verð að sleppa því, að lýsa hinu voðalega illviðri, sem við urðum fyrir og sem var nærri búið að gjöra Lucy frávilta; en sem hafði engin áhrif á mig, sem lét mér á sama standa um allt. Þá gafst mér tækifæri til að endurgjalda Lucy góðvild hennar, hugga hana og kæla, eftir bezlu gelu, svo að hún að lokum bar allt traust til mín, er inætti harðri reynslu, þegar við loksins komumst í hina fyrirhuguðu höfn.

"Þegar við áttum álta daga ferð eftir til hinnar ákveðnu hafnar, varð Grey skipstjóri veikur, og þremur dögum áður en við lögðumst við akkeri í höfninni við Rio, dó hann. Eg hjálpaði Lucy til að stunda hann, lokaði að siðustu augum hans, og bar hana í fangi mínu í yfirliði burtu frá banabeði föður hennar. Með vingjarnlegum orðum tókst mér að koma henni til

fullrar meðvitundar; en þegar hún fór að hugsa um sitt einmanalega líf, sem framtíðin bauð henni, varð hún algjörlega örvíluð. Grey hafði enga erfðaskrá skrifað, enda var það þýðingarlaust, því hann var félaus maður. Vesalings stúlkan hafði því fylstu ástæðu til að hryggjast, því hún átti enga ætlingja og enga peninga, og var bráðum komin til ókunnugs lands, þar sem engrar verndar var að vænta fyrir einstæðinga. Föður hennar létum við í sjóinn. Þegar þessi sorglega skylda var framkvæmd, fór eg að finna Lucy og reyndi að gjöra henni skiljanlegt, hvernig staða hennar var, svo að eg á eftir gæti talað um framtíð hennar; því nú vorum við svo nálæg landi, að við urðum að nokkrum stundum liðnum að yfirgefa skipið og leita hælis í bænum. Hún hlustaði á mig án þess að svara.

"Loks mintist eg á það, að eg væri neyddur til að yfirgefa hana, og spurði, hvort hún hefði ekkert áform tekið fyrir ókomna tímann. Hún svaraði aðeins með lárastrávm. Eg sagðist kenna brósti um hana og bað hana að gráta ekki. Þú fleygði hún sér snöktandi í þaðm minn, og grátbændi mig um, að yfirgefa sig ekki, eða, einsog hún komst að orði, að reynast sér ekki ótrú. Hún minti mig á, að hún var einmana í heiminum, og að hún hlaut að fara í land, þar sem hún þekkti engan, og bað mig að láta sig ekki deyja einmana.

"Hvað átti eg að gjöra? Eg hafði engan tilgang fyrir líf mitt. Bæði vorum við foreldralaus og yfirgefin; en í einu tilliti voru kjör okkar misjöfn. Eg gat unnið og verndað hana; hún gat hvorugt gjört fyrir sjálfa sig. Þarna hafði eg nokkuð að lifa fyrir, og fyrir hana væri það að minsta kosti betra, en þjáningarnar og einveran, sem hún átti í vændum. Svo sagði eg henni hreinskilnislega, hve lítið eg hefði að bjóða henni; að eg væri rannamæddur og ógæfusamur, en að eg væri fús til að vinna fyrir hana og vernda hana fyrir hættum; að eg vorkendi henni og gæti ináske síðar lært að elska hana.

"Þessi fákæna stúlka hafði aldrei hugsað um hjónaband; hana langaði til að njóta verndar vinar en ekki eiginmanns; en eg sýndi henni fram á, að þetta væri eina aðferðin, er komið gæti í veg fyrir, að við þyrflum að skilja, og loks tók hún tilboði mínu.

"Sá eini maður, sem fékk að vita um trúlofun okkar, það eina vitni, sem var til staðar við giftinguna fáum slundum síðar, var gamall sjómaður, sem hafði þekkt Lucy frá því hún var barn, og nafn hans var — Ben Grant —; sem þú mást kannast við. Hann fylgdi okkur í land og til kyrkjunnar, sem við leituðum fyrst til. Síðan fylgdi hann okkur til herbergja þeirra, er við höfðum tekið ú leigu, til bráðabirgða, og gjörði allt, sem í hans valdi stóð, til að hlýna að Lucy, er síðar meir varð henni eitt sinn til óhappa, einsog sör sk' sagl.

„Að mörgum vandræðum afstöðum fékk eg loks einnu hjá manni, sem verið hafði góður vinur faður míns. Hann hafði um mörg ár slundað verzlun í Rio og lét mig strax fara að starfa á skrifstofu sinni; og einnig sendi hann mig við og við í verzlunarferðir hingað og þangað. Þar eð tekjur mínar voru reglubundnar og ekki svo littar, gat eg bráðlega látið konu minni lða vel, — hafa ullsnægtir.

"Húð yndistega viðmót hennar, hve glöð hún var, þó að eitthvað skorti, og hinar óteljandi tilraunir hennar til að láta mér liða vel og gjöra mig glaðan, varð ekki árangurslaust. Smátt og smátt hvarf þunglyndi mitt og dökki svipurinn af andlitinu, og hrökkurnar á andlitinu stéttaði litla hendin hennar, svo þær hurfu. Hinn stutti limi, sem eg dvaldi með móður þinni, Gerti, svalaði sorgum mínum, og að síðustu elskaði eg hana innilega.

"Hér um bit tveimur mánudögum eftir fæðingu þína varð eg að leggja upp í langa verzlunarferð. Hún varð enn lengri, en eg hafði búist við byrjun; en eg skrifaði Lucy reglulega og sagði henni frá öllum ferðum

minum. Seinna komst eg á þá skoðun, að hún hefði aldrei fengið neitt af bréfum mínum.

"Alt í einu byrjaði hættuleg veikni að gjöra vart við sig í héraðinu, sem eg dvaldi í. Eg reyndi af öllu megni, að forðast sjkingu, en gat það ekki, eg veiktlst og lá í margar vikur nær danða en lífi. Það var hlúð illa að mér meðan eg lá, því bæði hafði eg titið af peningum og engan vin á þessum stöðvum. En hinar andlegu þjáningar minar viðvikjandi þér og Lucy, voru þó ennþá verri en hinar líkamlegu. Eg kvaldist af öllum hugsanlegum mynduðum sorgum um ykkur; en hin voðalega sannreynd var þó þúsnud sinnum verri, þegar eg kom aftur til Rio, horaður og magnlaus.

"Eg fór til heimilis míns, en það var tóm, og mér var strax sagt, að eg gjörði réttast í að fara úr bænum, þar eð hin sama veikni geysaði þar og eg hafði þjáðst af. Sunar götur voru alveg mannlausar. Eg reyndi allt, sem eg gat, til að komast eftir, hvar kona mín og barn væru, en árangurslaust. Eg fór í líkhúsið, en öll þau lík, sem þar voru, voru algjörlega óþekkjanleg. Eg dvaldi margar vikur í bænum við rannsóknir mínar, en enginn gat sagt mér, hvað af Lucy væri orðið. Ben Grant, sem eg hafði beði, að sjá um konuna mína, var heldur ekki finnanlegur.

"Mér kom fyrst til hugar, að kona mín hefði farið að finna húsbónda mínn, til að spyrja um mig, og því hraðaði eg mér þangað, þegar eg sáu heimili mitt tóm; en hann var líka dáiinn og verzluninni lokað, og þess vegna réð eg af að yfirgefa þetta land, sem geyndi svo sávar endurminningar fyrir mig.

"Nú byrjaði hið ógæfusama flakk mitt, sem í takniarks eða nokkurrar hugsunar hefir varað við alla æfi mína fram að þessari stundu, í alveg ólíkum stöðum og með mismunandi láni hefi eg ferðast um allan heimin. Eg hefi komið í næstum öll lönd, siglt yfir flest höf og reynt allar loftbreytingar. Eg þekki lífið í bæjunum og á eyðimörkunum, meðal hinna siðfag-

uðustu manna og villimanna. Eg hefi komist að því, að friðurinn á hvergi heima, og að sönn vinátta er að eins til að nafninu. Að eg hefi lært að hata, forðast og fyrirlita mannkynið, byggist á því, að eg hefi lært að þekkja það.

“Einu sinni á ferðalagi minnu kom eg til æskuheimilis míns. Enginn þekti mig, en eg þekti marga; enda þótt þeir væru mikið breyttir. Eg stóð fyrir utan gluggann á húsi Grahams, og sá hið ánægjulega, gæfuríka andlit Emily, — hún var gæfurik, þrátt fyrir sjónleysi sitt; hún hafði gleymt liðna tímanum. Ung stúlka sat við ofninn og reyndi að lesa við hina ókyrru logaglampa frá honum. Þá vissi eg ekki, hvað það var, sem gaf hinum hugsanaríku andlitsdráttum hennar svo mikinn unað, — heldur ekki, hvers vegna eg varð hrifinn af þeim og horfði á þá með ánægju, því enginn gat sagt mér, að eg horfði á mitt eigið barn. Mig langaði mikið til að fara inn, segja hver eg var og biðja Emily fyrirgefningar, og eg held þessi löngun hefði sigrað ótta minn, ef Graham hefði ekki komið á sama augnabliki, kaldur og harðlegur, einsog hann var ávallt. Eg horfði á hann eitt augnablik, flýði svo frá húsinu og tók mér far með skipi til annars lands.

“Enda þótt eg, við hina ýmislegu vinnu, sem eg varð að leysa af hendi til að geta lifað, væri stundum svo heppinn, að eg á eftir um langan tíma gat lifað óháðu lífi og ferðast langar leiðir, hafði eg þó aldrei safnað mér verulegum auði. Tilviljanin veitti mér nú samt mikinn auð, án þess eg gjörði mér nokkurt ómak til að ná honum.

“Þegar eg var búinn að dvelja heilt ár á eyðimörkum vestursins og hafði lent þar í ýmsum æfintýrum, kom eg loks til hins fyrirheitna lands, sem þó all-oft hefir reynst vonbrigðanna land fyrir svo margan ágjarnan gullnema. En fyrir mig, sem næstum enga áherzlu lagði á gullið, rigndi því yfir mig. Eg var meðal þeirra, sem fyrst fundu hinar beztu gullnámur

landsins, — sá hepnasti, og um leið sá, sem minsta á-herzlu lagði á auðinn. Lánið var ekki einungis með mér í gullnámunum. Fyrir peninga þá, sem eg hafði sparað, keypti eg stórt landssvæði, án þess að gruna, að þetta eyðilega pláss yrði að götum og húsalóðum í blómstrandí bæ.

“Það varð það nú samt, og tilraunalaust, já, án þes að vita af því varð eg að stórauðugum manni.

“En þetta var ekki allt. Sú blessaða tilviljun, sem leiddi mig inn í þetta gull-land, varð einnig til þess, að útvega mér gersemi, er Kalifornía með öllu sínu gulli var í minum augum einkis virði í samanburði við. Þú veizt, að gullshljómurinn barst um allan heiminn og að menn frá öllum löndum streymdu inn í gull-landið. Svo byrjaði hallæri með veikindum og dauða, og margir af þeim, sem komu að leita gulls í þessu landi, dóu á þjóðveginum.

“Enda þótt eg fyrirliti þenna ágjarna mannflokk, gat eg þó ekki á þessum gæfunnar tíma hikað við, að hjálpa þeim, sem eg hitti og bágt áttu, og í fyrsta skifti fékk nú mannkærleiki minn endurgjald.

“Veikur, tötralegur, hungraður og að því er virtist deyjandi maður, kom að dyrum minum og bað mig með veikri röddu um líkn. Eg leyfði honum að setjast að í litla kofanum minum og hjúkraði honum eftir beztu getu. Það kom í ljós, að vesæld hans stafaði fremur af skorti á ýmsu, en verulegum veikindum, og þegar hann var búinn að borða nægju sína, kom ruddaskapur hans í ljós í kæruleysinu, sem hann sýndi við móttöku velgjörðanna af ókunnum manni og vanþaklætinu yfir gestrisni minni. Eftir fáeina daga var hann fyllilega búinn að ná sér, og þar eð eg vildi losna við gest, sem með háttalagi sínu kveikti hjá mér efa um ráðvendni hans, sagði eg honum, að nú yrði hann að fara, og gaf honum jafnframt peninga, sem nægðu til að viðhalda lífi hans, unz hann næði námunum, sem hann kvaðst ætla að heimsækja.

“Hann virtist óánægður með þetta og bað um að fá að vera til næsta morguns, þar eð komið væri kveld og hann hefði ekki útvegað sér annan verustað. Eg hafði ekkert að athuga við þetta, þar eð mig grunaði alls ekki, hvert þrælmenni eg hýsti. Um miðnætti vaknaði eg og sá gest minn vera að ræna eign minni. Og hann lét ekki þrælmensku sína enda við þetta; þegar eg kom að honum óvörum og ásakaði hann um þjófnað, greip hann vopn, sem lá í nánd við hann, og reyndi að drepa veigjörðamann sinn; en eg var við þessu búinn og bar af mér höggið og gat bráðla yfirbugað hann. Nú bað hann miskunnar, en eg hefði naumast hlíft honum, ef eg ekki af tilviljun hefði tekið eftir því, sem vakti athygli mína svo gjörsamlega, að eg nærri því gleymdi, hvert ómenni hann var.

“Þegar hann tæmdi vasa sína samkvæmt skipun minni og skilaði mér aftur gullinu, sá eg meðal þess dýrgrip, sem var mín eign einsog gullið, en sem kom mér til að gleyma öllu öðru, þegar eg sá hann.

“Það var einkennilega tilbúinn hringur, sem eitt sinn var eign föður min, en eftir dauða hans bar móðir min hann, unz hún giftist Graham; þá gaf hún mér hringinn. Eg hafði ávallt miklar mætur á hringnum, sem verðmiklum erfðagrip, og hann var einn af geresum þeim, sem eg tók með mér, þegar eg flýði úr húsi Grahams. Þenna hring, ásamt úri og öðrum verðmælum munum, skildi eg eftir í umsjá Lucy, þegar eg skildi við hana í Rio; en að sjá hann nú, var sem eg heyrði rödd frá gröfinni. Eg bað fangann að segja mér hvernig hann hefði náð í þenna hring; en hann þagði, svo nú var það eg, sem þurfti að þræbiðja hann; enda tókst mér á endanum að ná í leyndarmál hjá honum, sem var mér mikilsvirði, en jafnframt varð eg að gefa honum upp sakir og láta hann vera frjálsan. Eg skal nú með þám orðum endurtaka frásögu hans.

“Þessi maður var Stefán Grant, sonur kunningja míns Ben Grants; hann hafði heyrt sögu móður þinn-

ar hjá föður sínum, og af frásögu hans kom það í ljós, að Lucy, meðan eg lá svo lengi veikur, hafði fallist á þá skoðun Bens, að eg hefði strokið frá henni af ásetningi. Þar eð eg hafði aldrei sagt henni æfisögu mína, og lundarfar mitt og lífsskoðanir voru henni ókunnar, trúði hún gamla Ben. Hún fór samt og fann húsbónda minn; en þar eð hann áleit, að eg væri dáinn, en vildi ekki segja henni það, voru svör hans svodularfull, að þau urðu til að styðja grun Bens. Ekki vildi hún þó yfirgefa heimili sitt, í þeirri von, að eg kæmi aftur, fyr en drepsóttin byrjaði; þá seldi hún húsmuni sína og fór með sama skipi og Ben var háseti á, til Boston, og þegar þangað kom, bauð hann henni það einu heimili, sem hann hafði ráð á. Þar dó móðir þín og þú varst ein eftir hjá þessari vondu konu, sem án efa hefði strax fleygt þér út á götuna, ef hún hefði ekki verið hrædd um, að glæpur sinn yrði augljós. Hún hafði nefnilega, ásamt Stefáni syni sínum, stolið öllum verðmætum munum frá móður þinni meðan hún lá fyrir dauðanum; en henni varð samt ekkert gagn að þessu þýfi, því Stefán náði því frá henni, seldi það og eyddi andvirðinu fyrir vin og annan ólífnað.

“Hringinn reyndi hann ekki að selja af því hann áleit hann einkisvirði; en að síðustu varð hann lausnargjald fyrir þrælmennið Stefán og frelsaði hann frá forlögum afbrotamanna, sem að síðustu hljóta þó að lenda á honum. En eg veit enn ekki, hvort lykillinn að þessu leyndarmáli verður mér til blessunar eða ekki. Viðvíkjandi þér, Gerti, sagði hann mér, að Truman Flint hefði tekið að sér að annast þig, og að þú hefðir verið þar að tveim mánuðum liðnum frá því að hann tók þig. í Gamli maðurinn var það flón’, sagði hann, ‘að hann fann móður mína og bauðst til að borga rúðuna’, sem þú hafði brotið í húsi hennar.

“Meira en þetta gat eg ekki fengið að vita, en það var nægilegt til þess, að eg gjörði allt sem eg gat til þess

2.

"Kvalinn af þeirri hugsun, að allar mínar bænir, umtölur og skýringar mundu ekki geta afmáð áhrifin af fregnum þeim, sem hún hafði fengið um mig, þegar hún var aðeins barn, — að allar mínar tilraunir og öll mín ást gæti aldrei vakið annað, en kalda viðurkenningu krafa minna; eða, það sem var ennþá verra, barnslega hræsnisást, og þess vegna ásetti eg mér, að láta barn mitt ekkert vita um fæðingu sína eða ætt-erni, og vildi heldur aldrei sjá andlit þess, en að stofna því í þá voðalegu nauðsyn, að velja á milli vinstúlku sinnar og föðurstíns, sem hún hafði snemma lært að hafa viðbjóð á, sökum afbrota hans.

"Þegar eg var búinn lengi að berjast við gagnstæðar tilfinningar, ásetti eg mér þó loksins að gjöra tilraun til að fá að sjá þig, Gerti, en um leið að forðast, að eg yrði séður sjálfur. Eg treysti þeim stóru breytingum, sem tíminn hafði gjört á útliti mínu, og gekk því heim að húsi Grahams alveg óskelkaður. En húsið var tómmt og enginn maður í því.

"Þaðan fór eg til skrifstofunnar og skrifarinn þar sagði mér, að Graham með fjölskyldu sinni, að þér meðtalinni, hefði verið í París um veturinn, en væri nú við þýzkan baðstað. Án frekari eftirspurna fór eg strax til Liverpool og þaðan til Baden-Baden, — lítillsverð ferð fyrir mig, jafn reyndan ferðamann.

"Eg þorði ekki að snúa mér að stjúpum mínum, en fann brátt tækifæri til að verða kyntur frá Graham, sem sagði mér viðstöðulaust, að Emily og þú væruð í Boston undir umsjón Jeremys læknis.

"Á leiðinni htingað aftur kyntist eg Gryseworth lækni og dætrum hans, og varð sá kunningsskapur mér að góðu gagni, því fyrir hann veittist mér hægra að nálgast þig.

"Eg kom aftur til Boston, en hús Jeremys læknis var þá líka tómmt. Af tilviljun sá eg mann þar úti, sem var að endurbæta eitthvað, og hann sagði mér, að fjölskyldan hefði eitthvað farið, en hvert, það vissi hann

ekki; en eg gæti fengið að vita það hjá vinnufólkinu, að finna barnið mitt. Eg flýtti mér til Boston og fékk bráðlega að vita nákvæmari upplýsingar um velgjörðamann þinn, þó hann væri dáiinn fyrir mörgum árum síðan, og um það, hve ástúðlega hann hafði annast þig.

“En til þess að fullkomna hinar sorglegu umbreytingar, sem æfi mín var svo auðug af, þrumuðu nú þau orð fyrir eyrum mínum: ‘Gerti Flint er nú fósturbarn hinnar blindu Emily Graham’.

“Ó, voðalegu forlög, mitt barn, mitt sinkabarn, — bundið með þakklætisins og ástarinnar böndum við þá stúlku, sem eg þorði ekki að líta á af hræðslu við sakfellisdóminn, sem nærvera mín mundi gefa svip hennar!

“Höfin og löndin, sem hingað til höfðu skilið okkur, fundust mér ekki vera nein sérlega örðug hindrun í samanburði við það, að hin eina jarðneska vera, hvernig ástar eg vonaði að geta náð með tímanum, var frá æsku alin upp í því húsi, þar sem nafn mitt hlaut að vekja viðbjóð.

sem væri heima og inni í húsinu. Eg hringdi nú dyrbjöllunni djarflega, og til dyrranna kom frú Ellis, sama konan, sem fyrir hér um bil tuttugu árum hafði svo grimmilega eyðilagt allar mínar jarðnesku vonir. Eg sá undir eins, að hún þekti mig ekki, því hún þoldi mitt hörkulega og rannsakandi augnatillit, án þess að hljóða og flýja, sem hún eflaust hefði gjört, ef hana hefði grunað að það var eg.

“Hún svaraði spurningum mínum með sömu köldu róseminni og hún eflaust hafði áðursvarað mörgum af sjúklingum læknisins, með því að segja mér, að hann hefði þena mörgun lagt af stað til New York, og kæmi naumlega heim aftur fyrir en eftir tvær til þrjár vikur.

“Mér gat ekkert verið velkomnara en að ná ykkur og kynnast ykkur sem ferðafélagi.

“Þú veizt, hvernig þetta skeði, og enda þótt eg

væri stundum á undan og stundum á eftir, var eg þó ávalt í nánd við ykkur. Eg sparaði hvorki áreynslu né útgjöld til að láfa ykkur Emily líða sem bezt, til að vita um áform ykkar, læra að kynnast óskum ykkar, útvega ykkur beztu herbergin og aðhlynnninguna.

“Að eg nálgadist ykkur svo hiklaust og var stundum samferða ykkur, var að mestu leyti sjónleysi Emily að þakka; því eg efaðist ekki um að hún myndi þekkja mig, hefði hún ekki verið blind, þrátt fyrir hinn langa aðskilnað og útlitsbreytingu mína. Það var líka fyrst við endir sorgarviðburðarins, þegar dauðinn stóð frammi fyrir okkur, og öll lannung var lengur ómöguleg, að eg dirfðist að láta hana heyra raust mína.

“Með hve nákvæmri eftirtekt eg athugaði hvert orð þitt og hverja breytni þína, — já, hvernig eg jafnvel reyndi að lesa hugsanir þínar í andliti þínu, getur enginn ímyndað sér. Og hver getur skilið hugsanir hins elskandi föður, sem með hverjum degi elskaði barn sitt meira og meira, en vogaði þó ekki að þrýsta því að brjósti sínu?

“Það var einkum þegar eg sá, að þú varst þjáð af sorg og hugraun, að mig langaði til að krefjast trausts þins; og oftar en einu sinni hefði sjálfsstjórn mín lát-ið bugast, ef eg hefði ekki verið hræddur við Emily, sem er góð við alla nema mig. Eg gat ekki þolað þá hugsun, að með því að segja, hver eg var, myndi eg hætta að verða skoðaður sem góður vinur, en í þess stað orðið hinn fyrirlitni faðir. Eg vildi heldur vera óþektur verndari barns míns, svo að það í mér skyldi ekki sjá hinn vonða grimdarsegg, sem allir hræddust, er gat orðið til þess, að það yrði rekið þaðan, sem hann var eitt sinn rekinn, og hrífa það burt frá þeim hjörtum, sem elskuðu það innilega, þó þau væru kaldari en is gagnvart föður þess.

“Og af þessum ástæðum þagði eg algjörlega, þangað til á hinum voðalega degi, sem þú munt lengi minn-

ást ennþá, þegar hugur minn gleymdi öllu, nema frelsun þinni og Emilys og eg opinberaði leyndarmál mitt.

“Og nú veistu allt, — heimsku mína, ógæfu mína, þjáningar mínar og syndir.

“Getur þú elskað mig, Gerti? Það er allt, sem eg bið um. Eg vil ekki reyna, að taka þig burt frá þínu núverandi heimili; eg vil ekki ræna Emily því barni, sem hún elskar máskæ einu heilt og eg. Hún einu smyrslu, sem mitt særða hjarta þráir, er sú játning frá þér, að þú að minsta kosti viljir reyna aðelska föður þinn.

“Eg á enga aðra von í þessum heimi en þig. Ef þú heyrðir hjartslátt minn, mundi þig gruna það, sem eg veit nú, að það muni bráðum springa, ef þú reynir ekki að hugga það og koma skætti þess í rétt horf. — Villu gjöra það rólegt með meðauknu þinni, góða, elskaða barnið mitt? Villu blessa það með þinni ást? Ef þú vill það, komdu þá, veistu örminnum þínum um mig og hvílaðu að mér orðum, sem veita mér frið. Í gamla listaskálanum fyrir utan gluggana þína bið eg óþreyjusfullur eftir því að heyra fótatak þitt”.

Arnþjótur B. Olsen

ÞRITUGASTI OG ATTUNDI KAPÍTULI.

Endur-sameinuð.

Þegar Gerti las síðustu orðin, þaut hún á fætur, og á næsta augnbliki var herbergið tóm, en um gólf var dreift blöðunum, sem hún hafði tekið með miklum flýti. Hún hljóp ofan stigann og yfir flötina að listahúsinu, — þar sem Philipp með starandi augum bekk hennar.

Hún kom að listiskálanum að aftanverðum. Töta-
tak hennar var svo létt og hávaðalaust, að hún varð
ekki var við komu hennar, fyrr en hún fleygði sér í
faðm hans. Hún skalf frá hvirfli til ilja af hinni svo
lengi niðurbyggðu geðshræringu, og brast svo í grát,
sem innan skamms varð svo ákafur, að hann vakti ó-
róa hjá föður hennar. "Hægt, hægt, barnið mitt",
hvislaði hann, "þú gjörir mig hræddan".

Smátt og smátt varð hún rólegri við ástaratlot
hans, og innan skamms gat hún litið upp og horft á
andlit hans í gegnum tárin sín og brosað. Þannig
stóðu þau kyr í nokkrar mínútur þegjandi; en þessi
þögn hafði dýpri þýðingu en orð. Hulin af þungu
kápunni hans til skjóls gegn kveldgolunni og hvílandi
í faðmi hans, fann Gerti, að sameining þeirra var sterk
— og jafnframt fann hinn einmanalegi maður, sem í
mörg ár hafði verið án áhrifa vingjarnlegra brosa, að
í honum lifnaði eitthvað, sem heimfyrirlitningin og
einmana lifið gat ekki yfirbugað.

Við og við leit tunglið niður til þeirra gegnum
skýin, en sá þau ávalt í sömu stellingu. Þegar tungl-
ið loks komst á skýlausan blett og kastaði skærri birtu
niður til þeirra, lyfti Philipp andliti dóttur sinnar upp
og horfði í hin gleðigeislandi augu hennar, strauk
hárið blíðlega frá enninu og spurði: "Heldurðu að
þér geti þótt vænt um mig?"

Ó, eg elska þig, elska þig", svaraði Gerti og lok-
aði vörum hans með kossi.

Þegar hann heyrði þessi orð, hvarf óvissu blær-
inn af andliti hans; hann lagði höfuð sitt á öxl henn-
ar og grét.

Það stóð ekki lengi yfir, því þegar Gerti sá hann
yfirbugaðan af geðshræringu, náði hún undir eins
sjálfsstjórn sinni, lagði hendi sína í hans, og við það
náði han nsér aftur, að hún sagði í ákveðnum róm:
"Komdu!"

"Hvert?" spurði hann undrandi og leit á hana.

"Til Emily".

Með hryllingi hopaði hann á hæl, í stað þess að halda áfram í þá átt, sem Gerti ætlaði að leiða hann. "Eg get það ekki", sagði hann.

"En hún vonast eftir þér. Hún grætur, þráir þig og biður guð að leyfa þér að koma".

"Emily! — Þú veizt ekki, hvað þú segir, barnið mitt".

"Jú, það er satt, faðir minn. Það ert þú, sem hefir verið gabbaður. Emily hatar þig ekki; hún hefir aldrei gjört það. Hún hélt, að þú værir dæinn fyrir löngu síðan; en enda þótt hún hafi ekki heyrt rödd þína nema einu sinni síðan þið skilduð, var það þó nægilegt til þess, að gjöra hana nærri brjálaða, svo heitt elskar hún þig enn. Komdu, komdu, hún getur sagt þér betur en eg, hvaða misgrip hafa gjört ykkur bæði að pislárvottum".

Emily, sem hafði heyrt raust Willie Sullivans, þegar hann kvaddi Gerti þetta sama kveld, spurði ekki eftir henni við teborðið, því hún áleit eðlilegt, að hún vildi vera ótrufluð, og þess vegna gekk hún sjálf inn í daglegu stofuna og var þar einsömul í liðuga klukkustund.

Hún sat og studdi hönd undir kinu; en þegar vindurinn hreyfði greinar trjáanna, svo þær komu ofurhægt við gluggarúðurnar, hlustaði hún, og þegar Gerti og Philipp komu inn, leit hún fremur út sem líkneski en lifandi vera. Gerti leit fyrst á Emily og svo á föður sinn og hvarf svo. Þegar hurðinni var lokað, rétti Emily fram höndurnar og hvíslaði: "Philipp!"

Hann tók báðar hendur hennar og féll á kné, fól svo andlit sitt við brjóst hennar og hvíslaði nafn hennar.

"Gröfin hefir slept sínum dauðu", sagði Emily; "drottinn minn, eg er þér þakklát". Hún lagði hendur sínar um háls honum og hallaði höfðinu að brjósti hans og sagði með skjálfandi róm: "Philipp, elsku

Philipp, dreymir mig, eða ertu kominn hingað aftur?"

Hún og Philipp höfðu elskað hvort annað frá því þau voru litil. Öll hin beisku ár, sem liðin voru frá þeim tíma, voru horfin og gleymd, og þau voru aftur sem börn. Hún gat ekki séð, hvernig tíminn hafði gjört hár hans grátt og andlitið alvarlegra, og honum fanst að einhver himneskur blær hvildi yfir andliti hennar.

Emily grét, þegar hún heyrði um raunir Lucy og hinn skjóta dauða hennar; og þegar hún heyrði að það var barn hennar og Philipps, sem hún hafði annast um, þakkaði hún guði innilega. "Ef eg gæti elskað hana innilegar", sagði hún og tárin runnu niður kinnar hennar. "skyldi eg gjöra það þín vegna og hinnar saklausu móður hennar".

"Og þú vilt fyrirgefa mér, Emily?" sagði Philipp, þegar þau höfðu lokið sínum sorglegu æfisögum.

"Fyrirgefa? Philipp, ó, hvað hefi eg að fyrirgefa?"

"Það verk, sem svifti þig sjóninni", sagði hann hnugginn.

"Phlipp!" hrópaði Emily, "hvernig getur þér dottið í hug, að eg kendi þér um það, eða ásakaði þig eitt einasta augnablik?"

"Ekki viljandi, það er eg viss um, kæra Emily. En, ó, þú hefir gleymt því, að þú neitaðir að fyrirgefa þeirri grimmu hendi, sem gjörði þér svo mikið ilt?"

"Ó, þú grimmi Philipp, — aldrei hefi eg hugsað eða sagt eitt ilt orð um þig. Enda þótt eg reiddist við föður minn og talaði hörð orð til hans, er eg ekki sek um neitt slíkt við þig".

"Vonda konan hefir þá logið, þegar hún sagði, að þú hefðir skolfið, þegar nafn mitt var nefnt".

"Hafi eg skolfið, Philipp, þá var það yfir ranglætinu, sem þér var sýnt, og hafi hún sagt nokkuð annað en þetta, þá hefir henni skjátlað stórkostlega".

"Hamingjan góðal" hrópaði Philipp, "en hve

þrælslega eg hefi verið svikinn, hve illgirnislega. að mér logið!”

“Ekki illgirnislega”, svaraði Emily. “Frú Ellis var bundin við kringumstæðurnar. Hún var ókunnug hér og vissi ekki, hvernig stöðu þinni var háttað. En hefðir þú séð hana nokkrum vikum seinna gráta yfir þeirri hlutdeild, sem hún átti í þessum ógæfu viðburði, sem gjörði þig örviðnaðan, og þegar við héldum, að þú værir dáinn, — þá mundir þú ekki dæma hana svona hart. Við skulum gleyma líðna tímanum og reiða okkur á þá hendi, sem hefir stjórnað forlögum okkar með miskunnsemi”.

“Miskunnsemi!” hrópaði Philipp. “Hvaða miskunn er í því fölginn, að þú ert gjörð blind; og geturðu haldið, að það hafi verið ástrik hendi, sem notaði mig sem verkfæri til þess, og lagði á þig æfilangar þjáningar af lakasta tagi?”

“Talaðu ekki um sjónleysi mitt sem ógæfu”, sagði Emily, “eg er fyrir löngu hætt að skoða það þannig. Við sjáum ljós himinsins um hinar dimmstu nætur. Enda þótt eg sæi fegurð náttúrunnar í kringum mig, var eg samt blind fyrir ást guðs og rölti með syndinni áfram um æskunnar hættulegu leið. Þess vegna stöðvaði hann mig með ástrikri hendi. Yfir gróf hinna dauðu vona minna, lifnaði hin eilífa von mín. Frá skýjunum og myrkrinu birtist mér ágætt ljós. Þess vegna máttu ekki, kæri Philipp, kvarta yfir þeim forlögum, sem í rauninni eru ekki eins sorgleg og öðrum virðist þau vera; en gleðjast heldur yfir þeirri endurvöknun, sem ekki er mjög fjarlæg, þegar eg á að standa frammi fyrir háseti guðs og horfa á hans háttign og dýrð, sem eg ef til vill aldrei hefði fengið að sjá, ef ekki í gegnum blæju hins jarðneska myrkurs hefði skinið leiðandi stjarna fyrir hugskotssjónum mínum”.

Þegar Emily þagnaði og Philipp horfði á andlit hennar með lotningu, voru dyrnar alt í einu opnaðar

og inn kom Graham.

Óminn af fótataki hans þektu þau bæði, og hinn hátíðlegi svipur, sem á andlitum þeirra hvíldi, hvarf, — roðinn, sem þakið hafði kinnar Emily, breyttist nú í náfólva; en þá stóð Philipp upp og gekk á móti föður hennar.

Graham nálgast dálítið vandræðalegur, svo það það var auðséð, að hann þekti ekki gestinn. Hann leit til dóttur sinnar, með þeirri von, að hún mundi kynna sér hann og binda enda á vandræðin. En Emily þagði og hver dráttur í andliti Philipps varð sem steinsteypa meðan Graham nálgast hann. Alt í einu stóð hann kyrr, starði á stjúpson sinn og riðaði á fótunum, greip í ofnhringinn og hefði dottið, ef Philipp hefði ekki hlaupið til og hjálpað honum til að komast að stól og setjast.

Ennþá hafði enginn sagt neitt. En loksins hrópaði Graham með sjáanlegri geðshræringu: "Philipp Amory! — Ó, guð minn góður!"

"Já, pabbi", sagði Emily um leið og hún stóð upp og greip í handlegg föður síns; "það er Philipp, sem við höfum svo lengi álitid dæinn; hann er nú kominn aftur, hress og heilbrigður".

Graham stóð nú upp af stólnum, studdi sig við Emily og gekk til Philipps, sem stóð kyrr sem myndastytta með krosslagða handleggi. Graham reikaði á fótum, sem enginn hafði áður séð hinn kjarkmikla öldung gjöra, og hending, sem hann rétti Philipp, skalf meira en vanalega.

En Philipp tók ekki hendi hans.

Graham sneri sér þá að Emily, og gleymandi því, að hún gat ekki séð frávísun Philipps, sagði hann, að hálfu leyti móðgaður og að hálfu leyti bryggur: "Eg get ekki ásakað hann! Guð veit, að eg hefi gjört vesalings drengnum rangt!"

"Rangt!" sagði Philipp í svo dimmum róm, að hann var ógeðslegur. "Já, þér hafið í sannleika gjört

honum rangt. Þér hafið gjört líf hans beiskt; eyðilagt æsku hans, marið hjarta hans og skemt mannorð hans stórkostlega”.

“Nei”, sagði Graham, sem hafði bliknað við þessar ásakanir hans, þangað til hann heyrði þá síðustu. “Nei, það síðasta hefi eg aldrei gjört. Í því tilliti hefi eg aldrei kastað skugga á þig. Eg komst að misskilningi mínum áður en eg skemdi mannorð þitt með einu einasta orði í eyra nokkurs manns”.

“Þér viðurkennið þá yfirsjónina?”

“Já, það gjöri eg. Eg ásakaði þig um glæp, sem seinna kom í ljós, að annar skrifari hafði framið, er eg bar fult traust til. Eg komst að sannleikanum nærri strax, en því miður of seint til þess að geta náð í þig. Svo kom fregnin um dauða þinn, og eg vissi þá, að ekki var hægt að bæta úr þessari vangá minni. En það var ekki svo undarlegt, Philipp, — það verðurðu að viðurkenna. Archer hafði verið í þjónustu minni meira en tuttugu ár, svo eg hafði ástæðu til að treysta honum”.

“Nei, undarlegt var það ekki, að eg var álitinn sekur”, sagði Philipp, “þegar einhver glæpur var framinn. Þér álituð, að eg gæti gjört, hvað sem væri af vondu tagi”.

“Eg gjörði rangt”, sagði Graham, um leið og hann reyndi að viðhalda virðingu sinni, “en eg hafði ástæðu til þess — eg hafði sannarlega ástæðu”.

“Máske”, svaraði Philipp, “eg viðurkenni það”.

“Við skulum þá taka höndum saman og reyna að gleyma liðna tímanum”, sagði Graham.

Nú tók Philipp í hendi hans, en ekki var handtak hans hlýlegt að neinu leyti.

Graham, sem áleit, að nú væri þetta málefni fullkomnað og búið, leit út einsog hann hefði hrist af sér þunga byrði, er um mörg ár hefði hvílt á samvizku hans, og um leið og hann settist í hægindastól, það hann Philipp að segja sér æfisögu sína um öll þessi

liðnu ár.

Aðalatriðunum í sögu sinni var hann fljótur að segja frá. Graham hlustaði á hann með nákvæmri eftirtekt, og spurði um ýms atriði með þeim áhuga, sem sýndi, að tilfinningar hans gagnvart stjúpsyninum höfðu hlýnað allmikið öll þessi liðnu ár síðan þeir skildu. Hann hafði í rauninni oftlega ásakað sjálfan sig fyrir breytni sína við hann.

Þrátt fyrir hina mörgu skáldlegu viðburði, sem Amory sagði frá, virtist ekkert hafa jafn mikil áhrif á Graham einsog það, að barnið, sem uppalið var á heimili hans, og sem hafði náð ást hans og virðingu, þrátt fyrir ýmislegt, sem á milli bar, var barn Philipps. Þegar hann var aftur kominn inn í lestrarherbergi sitt og hafði hlustað á frásögn Philipps til enda, tautaði hann við sjálfan sig: 'Undarlegt, í sannleika undarlegt til ljúna.

Hann var naunast farinn, þegar aðrar dyr opnuðust og Gerti leit inn með varkárni. Faðir hennar gekk strax til hennar, lagði handlegg sinn um mitti hennar, leiddi hana til Emily og lagði hana í fang hennar.

"Philipp", sagði Emily, "geturðu ennþá efast um þá náð og miskunnsemi, sem hefir unt oss slíkra samfunda?"

"Ó, Emily," svaraði hann, "eg er sannarlega innilega þakklátur. Kendu mér, hvernig eg á að láta í ljósi ákálæti mitt".

Við skulum nú ekki reyna að lýsa þeim stundum, sem næst liðu, — hinni hugfangnu leiðslu Emily, hinni innilega gleði Philipps og hinu ástrika og vongóða augnatilliti Gerti til þeirra beggja. Það var nærri því komið miðnætti, þegar Philipp stóð upp til að fara. Emily, sem ekki hafði komið til nugar, að hann yfirgæfi þetta hús, sem hún hafði vonað, að hann myndi gjöra að iramtiðarheimili sínu, bað hann að vera kyrran og Gerti studdi ötullega beiðni hennar, en

hann hélt svo fast við ásetning sinn, að þær sáu brátt, að það var gagnslaust að biðja hann.

“Philipp”, sagði Emily að lokum og lagði hendi sína á handlegg hans, “þú hefir ekki fyrirgefið föður mínum ennþá”.

Hún hafði getið sér til um hugsanir hans. Honum varð bilt við ásökunina í róm hennar og svaraði ekki.

“En þú ætlar að gjöra það, kæri Philipp — þú ætlar að fyrirgefa honum”, bætti hún við í bænarróm.

Hann hikaði, leit svo á hana og sagði: “Já, eg vil gjöra það, kæra Emily, eg vil gera það — þegar stundi liða”.

Þegar hann var farinn, stóð Gerti fáein augnablik í dyrunum og horfði á eftir honum; síðan fór hún aftur inn í daglegu stofuna, stundi þungan og sagði: “Ó, hvílikur dagur þetta hefir verið!” En nú varð henni litio á Emily, sem knéfell ío legubekkin me uppréttar hendur og horfandi upp fyrir sig, og líktist meira engli en mannlegri veru.

Gerti knéfell við hlið hennar og þær fluttu báðar innileg þakklætisorð til drottins.

ÞRITUGASTI OG NIUNDI KAPITULI.

Umbúin.

Þegar Truman frændi dó, jarðsetti Cooper vin sinn í gamla kyrkjugarðinum, sem tilheyrði þeirri kirkju, er hann vann við sem hringjari. Það var eyðilegt pláss og mosavöxnu steinarnir báru þess vitni, að það hafði verið vanrækt í seinni tíð og hætt að nota það. En löngu áður en gamla kyrkjan varð að

vikja fyrir hinni nýju, höfðu bein Trumans frænda fengið viðfeldnari hvíldarstað.

Fallegt, skógivaxið svæði í nánd við sveitaheimili Grahams hafði verið valið fyrir kyrkjugarð, og þar fengu hinar jarðnesku leifar gamla ljósvarðarins sinn síðast hvíldarstað.

Í þessum grafreit hvíldu líka Cooper og Sullivan, og á leiðum þessara grafa hafði Gerti gróðursett mörg blóm, sem hún hafði all-oft vætt með tárum sínum. Á dánardegi þessara framliðnu vina sinna, áleit hún það heilaga skyldu sína, að gróðursetja ný blóm á leiðum þeirra, og í því skyni fór hún út úr húsi Grahams hér um bil viku síðar, en hinir nýlega umgetnu viðburðir áttu sér stað.

Hún bar körfu á handleggnum með blómunum í, og þar eð vegurinn var langur, sem hún þurfti að fara gekk hún fremur hratt. Hún hafði skilið við föður sinn há Emily; hún vildi ekki biðja hann að fylgja sér, þó hann hefði einu inni mælt til þess, að fá að sjá gróf Trumans frænda; hann og Emily undu sér svo vel saman, að hún gat ekki fengið sig til að trufla þau. Í huga hennar ríkti þakklæti fyrir það, að hún hafði fengið föður sinn aftur. Næst hugsaði hún um Willie, og um hina viðkvæmu vináttu milli þeirra, sem nú var fölnuð, ef ekki alveg dauð. Hún reyndi að hrinda frá sér hugsuninni um ótrygð Willies, því hún áleit það vanþakklátt, að syrgja yfir vonbrigðum ímitt nú, þegar hún hafði ástæðu til að gleðjast yfir ánægju föður síns og Emily.

Hún gat þó ekki hrint þessum sorglegu endurminningum alveg frá sér, og loks greip hana ákaft þunglyndi.

Auk hinnar áður nefndu heimsóknar Willie, hafði hann fundið hana ávisvar eftir það; en við síðustu samfundina hafði þvingunin verið meiri en áður. — Nokkrum sinnum hafði Willie reynt að fleygja frá sér þessum óeðlilega dularfeldi, sem hvíldi yfir samtali

þeirra, og haga sér jafn frjálsglega og í gamla daga, en skyndilegur feimnisroði og vandræðasvipur hjá Gerti gjörði honum það ómögulegt.

Þegar Gerti hugsaði um þessar kveljandi heim-sóknir, vonaði hún með sjálfri sér, að hann mundi hætta þeim, því tilfinningar hans og hennar mundu þjást minna við algjörðan aðskilnað en þessa sam-fundi, þar eð þau urðu hvort öðru ókunnugra eftir slíka fundi.

Þó undarlegt sé, hafði hún enn ekki sagt Willie frá þeirri markverðu tilviljun, að hún hefði fundið og eignast föður. Hún hafði oft ætlað að gjöra það, en gat ekki fengið sig til þess.

Eitt var það þó, sem kvaldi hana meira en allt annað. Þegar Willie reyndi í fyrsta sinni að fleygja frá sér óframfærni sinni, hafði hann talað við Gerti um sína ógæfusömu stöðu, og áður en hún gat breytt untals-efninu, hafði hann í hryggum róm talað um framtíðs-chorfur sínar. Gerti gat ekki skilið þetta á annan hátt en þann, að hann ætti við trúlofun sína með Bellu, og þetta vakti hjá henni grun um, að hann, töfraður af fegurð hennar, hefði heitbundist stúlku, sem aldrei gæti gjört hann gæfurikan.

“Hann elskar hana”, hugsaði Gerti, “og sem heiðarlegur maður getur hann ekki yfirgefið hana, en hann er orðinn þess vís, að hegðun hennar samrýmist ekki við hans hegðun og skoðanir. Það er ómögulegt, að hann verði ánægður og gæfusamur með Bellu”.

Hið meðaumkvunarsama hjarta Gerti syrgði ekki meira yfir sínum eigin vonbrigðum, en aðeins þeim, sem Willie hlaut að verða fyrir, ef hann hefði nokkurntíma búist við, að finna gæfuna í sambandi við jafn hrokafulla, dutlungasama og vitgranna stúlku.

Þjáð af slíkum hugsunum hélt hún áfram með þeim hraða, sem hún vissi ekkert um, og kom brátt í skugga stóru grenitrjáanna, sem stóðu fyrir utan kyrkjugarðshliðið. Þar nam hún staðar nokkur augnablik, til að

anda að sér hinu hressandi lofti milli trjáanna, og gekk svo inn um hliðið og eftir stig til hægri handar upp eftir hæðinni. Vanalega var þarna mjög kyrlátt, en þenna dag var þar þó neð einmanalegasta móti; að eins einn fugl tisti við og við. Brátt náði hún hlýja, skuggaríka staðnum, þar sem vinir hennar hvíldu. Hann var við ræturnar á dálitilli hæð. Stór klettur skygði á hann frá annari hliðinni, en á hina hliðina var stór, gömul og greinarík eik, sem fól hann fyrir aðgætnum augum þeirra, sem fram hjá gengu. Jarngirðingin kringum leiðin var skrautlaus, og huldist næstum af skrúð blómanna, sem Gerti hafði gróðursett. Er einnig náði til mosavaxna klettsins. Gerti settist niður við leiði Trumans, og eftir nokkurra augnablika umhugsun, helti hún blómunum úr körfunni á jörðina, og fór með æfðum höndum að hnýta blómsveig á leiði Trumans; þegar hún var búin með hann, lagði hún hann á gróf hans. Með blómunum, sem eftir voru, skreyttu hún hin leiðin, og seinast tók hún garðreku til að laga moldina í kringum blómin, sem áður voru gróðursett. Þegar hún var búin að öllu þessu, settist hún við gamla kleitinn til að hvíla sig.

Sjö ár voru liðin þenna dag síðan Truman frændi dó; en hún var enn ekki búin að gleyma góða, gamla mannum. Oft sá hún vingjarnlega brosið hans og heyrði huggandi orðin hans í draumi, og bæði dag og nótt hatti mynd hans, sem hafði gjört æskuár hennar svo ánægjuleg, hana til að líkjast honum í auðmýkt og þolinmæði. Meðan hún sat þarna og horfði á leiðið, sem byrgði hinn fyrsta vin hennar, datt henni einnig í hug hinn þriðji vinur, sem var nauðsynlegt til að gjöra endurminninguna um hina barnslegu ánægju hennar fullkomna, og næstum ósjálfrátt sagði hún: "Ó, Truman frændi, við erum enn ekki skilin, en Willie tilheyrir okkur ekki lengur".

"Ó, Gerti", sagði ásakandi rödd við hlið hennar,

“er það Willie að kenna?”

Hún leit upp og sá þann, sem hún var að hugsa um standa þar með blíðum en sorgþrungnum augum, starandi á sig, og án þess að svara haldi hún andlitið í höndum sínum.

Hann fleygði sér niður við fætur hennar, og eins og þegar þau sáuust í fyrsta sinni sem börn, lyfti hann höfði hennar ofurlítið upp og neyði hana til að líta á andlit sitt, um leið og hann sagði í bænarróm: “Segðu mér það, Gerti, hvers vegna eg er útilokaður frá ast þinni”.

En hún svaraði aðeins með tárunum, sem runnu niður kinnar hennar.

“Þú gjörir mig ógæfusaman”, sagði hann með ákafa. “Hvað hefi eg gjört fyrst að þú sviftir mig ást þinni? Hvers vegna líturðu svona kuldalega til mín? Þú er hrædd við augnatillit mitt,” bætti hann við, þegar Gerti, sem gat ekki lengur þolað hið fasta, rannsakandi augnatillit hans, leit í aðra átt og reyndi að losa hendur sínar úr hans.

“Eg er ekki köld, að minsta kosti vil eg ekki vera það”, sagði hún, og rödd hennar skalf af geðshræringu.

“Ó, Gerti”, sagði hann, slepti höndum hennar og vék sér að hálfu leyti frá henni, “nú skil eg, að þú ert hætt að elska mig. Þegar eg sá þig í fyrsta sinni, svo yndislega, svo fallega og í svo miklu afhaldi hjá öllum, skalf eg af ótta við það, að einhver meðhiðill minn kynni að hafa rænt hjarta þínu frá mér; en jafnvel þá gat eg ekki ímyndað mér, að þú myndir neita mér um systurlega ást”.

“Það gjöri eg ekki”, sagði Gerti fljótlega. “Ó, Willie, þú mátt ekki reiðast mér. Láttu mig vera systur þína”.

Hann brosti sorgþrunginn. “Eg hefi þá getið rétt til”, bætti hann við. “Þú varst hrædd við, að eg mundi heimta of mikið, og þess vegna visar þú kröfum mín-

um í burt með því að gefa mér ekkert. Já, það hefir hlotið að vera þannig. Hygni þín er okkur mäske til góðs; en þú mátt trúa því, Gerti, að þú hefir eyðilaggt hjarta mitt”.

“Willie”, sagði Gerti hrifin, “veiztu, hvað undarlega þú talar?”

“Undarlega”, svaraði Willie í gremjuróm. “Er það þá svo undarlegt, að mér þyki vænt um þig? Hefi eg ekki í mörg ár geymt endurminninguna um okkar gömlu ást, og hugsað um endurfundi okkar sem þá einu von um gæfu? Hefir ekki þessi glaða von styrkt mig við vinnu mína, huggað mig við þrautirnar og gjört mér lífið kært, þrátt fyrir hinn mikla söknuð? Og getur þú í raun rétttri á þessum stað, þar sem hinir hvíla, sem eg elskaði á þessari jörð, án meðaumkvunar eyðilaggt þessa von mína, sem er alt —”

“Willie”, sagði Gerti, sem nú var búin að ná sér og talaði vingjarnlega en alvarlega, “er það virðingartvert af þér, að tala þannig til mín? Hefir þú gleymt—”

Nei, eg hefi engu gleymt”, sagði hann ákafur. “Eg hefi ekki gleymt því, að eg hefi enga heimild til að kvelja þig, og eg ætla líka að hætta því. En, Gerti, kæra systir mín — því nafni verð eg að kalla þig héðan af, þegar öll von er úti um nánara samband milli okkar —, þú mátt ekki ásaka mig eða undrast yfir því, þó eg geti ekki ávalt hegðað mér sem bróðir gagnvart þér. Eg get ekki haldið áfram að dvelja hér. Eg get ekki með þolinmæði horft á annars manns gæfu. Þú getur ráðið yfir öllu, sem eg á, — mínum tíma, mínu lífi og öllu, og í minnu fjarlægna heimili skal eg aldrei hætta að biðja guð um, að sá eiginmaður, sem þú hefir valið þér, reynist þér þess verður að eiga þig, og að hann elski þig, að minsta kosti að hálfu leyti eins mikið og eg”.

“Willie”, sagði Gerti, “hvers konar brjál er þetta? Eg er engum manni bundin á þann hátt, sem þú talar um. En hvað á eg að hugsa um ótrygð þína gagnvart

Isabellu?"

"Gagnvart Isabellu?" endurtók Willie og þaut á fætur, gripinn af nýrri hugsun. "Þessi heimskulegi orðrómur hefir þá náð til þín? Og þú trúðir þessum ósannindum?"

"Ósannindum?" endurtók Gerti og leit á hann rannsakandi augum í gegnum tárin.

Willie svaraði rólegur augnatilliti hennar, sem hann hafði aldrei forðast eða hræðst, og svaraði tafarlaust með dálitilli ásökun í rómnum: "Ósannindi? Já. — Hvernig gættu efast um, að það væri ósatt, sem þektir bæði mig og hana?"

"Ó, Willie", svaraði Gerti; "hvernig gat eg efast um það, sem eg sá og heyrði sjálf. Hefðu aðrir sagt mér það, gat verið, að eg hefði álitid það gabb; — en reyndu ekki að dylja fyrir mér þann sannleika, sem eg sjálf hefi verið vitni að og séð. Vertu hreinskilin gagnvart mér, Willie. — Eg á það sannarlega skilið af þér".

"Hreinskilinn, Gerti. Það ert þú, sem ert dularfull. Ef eg gæti látið þig lesa í huga mínum, myndir þú sannfærast um, að eg hefi ávalt verið minni fyrstu ást trúr. Og að því er snertir Isabellu Clinton, ef það er hún, sem þú átt við, þá hafa bæði augu þín og eyru borið falskan vitnisburð; ef að —"

"Willie, Willie", greip Gerti fram í fyrir honum, "ertu búinn að gleyma vinsældinni til hinnar fögru í Saratoga: hrygð þinni yfir, að hún fór í burtu aðeins um stund, og viðkvæmu óþolinmæðinni, sem ætlaði að gjöra þessa stuttu stund að eilífð fyrir þér?"

"Bíddu, bíddu", sagði Willie, sem nú sá nýtt ljós renna upp fyrir sér yfir þessu leyndarmáli, "og segðu mér, hver hafi sagt þér þetta".

"Eg heyrði það sjálf á þeim stað, sem þú talaðir þessi orð. Við sáumst ekki í fyrsta sinni í daglegu stofni hans Grahams. Í skemtigarðinum við Saratoga, við sjávarströndina og á skipinu, sá eg þig og

þekti þig, en þú þektir mig ekki. Einnig þar sannfærðu þín eigin orð mig um það, sem eg hefði hikað við að trúa, ef aðrir hefðu sagt mér það”.

Me gunroðinn er naumast hjartari en ástareldurinn, sem kveikti nýjar vonir í huga Willie og kom linnum hans til að blossa.

“Illustaðu á mig, Gerti”, sagði hann hátiðlega, “og reiddu þig á það, að hér, við gróf móður minnar, tala eg af svo hreinskilinni alvöru sannleikann, að englarnir geta heyrt hann. Leyfðu mér fyrst og fremst að hreinsa mig af þeim ásökunum, sem þú hefir borið á mig, og á eftir verður maske ástæða til að koma með nokkrar greinilegar skýringar”.

“Það er satt, að mér grandist för ungfrú Clinton til New York, undir því yfirskini, sem ekki eitt augnablik hefði átt að knýja hana til þess. Það er líka satt að eg reyndi af fremsta megni, að fá hana til að hætta við förina; og þegar það tókst ekki, reyndi eg til að fá hana til að vera svo stuttan tíma í burtu, sem mögulegt var. En allt þetta gjörði eg ekki af því, að mér þætti nokkuð varið í félagskap hinnar sjálfselsku stúlku, heldur vegna þess, að hinn elskuverði faðir hennar, sem elskaði hana heitar en allt annað á jörðunni, var um þetta leyti alvarlega veikur við hinn hávaðasama og margmenna þaðstað. Mér grandist þessi skortur á tilfinningu og samhygð, sem hún sýndi föður sínum, er skoðgat að mundi deyja meðan hún var fjarverandi. Hafi nokkur ögn af singirni verið í áformum mínum, kæra Gerti, og að eg vænti þess með óþolinræði, að dóttirin sneri aftur til þess staðar, sem barnsleg skilja kallaði hana, — þá var það af því, að eg þráði að losna frá sjúkrabeð vinar míns, til þess að geta hraðað mér til hennar, sem eg bjóst við að hún er s hlýja kveðju min og eg ætlaði að gefa henni. Þig getur því ekki furðað á því, að mæta þín snerti hjarta mitt með bitrum kulda?”

“En nú skilurðu líka ástæðuna til kulda míns”,

sagði Gerti, um leið og hún brosti til hans með tár í augum; „nú veistu, hvers vegna eg þorði ekki að láta tilfinningar mínar til þín í ljós”.

“Er þetta þá allt saman?” hrópaði Willie. “Og þú ert frjós og eg þori ennþá að elska þig?”

“Laus við öll bönd önnur en þau, sem þú hefir lagt á mig, kæri Willie, en sem eg hefi borið síðan eg var barn”.

Nú sögðu þessar gæfuríku Lanneskjur hvor annari frá ást sinni, — ástinni, sem var gróðursett, þegar þau voru börn; nærð og aukin á æskuárunum, þroskuð við aðskilnaðinn og fullkomnuð af mottætinu, til þess að veita blessun og sælu hverri samverustund þeirra á öllum tímum.

Arnþjótur B. Olsen

FERTUGASTI KAPITULI.

Örugg höfn þreyttum sálum.

Það var komið fast að sólsetri, þegar Gerti og Willie stóðu upp til að fara. Fyrir utan kyrkjugarðshliðið beið hesturinn og vagninn, sem Willie kom í, og hálfri stundu síðar voru þau komin heim til Grahams.

Undir eins og þau sáu húsið, vissi Gerti að eitthvað óvanalegt var á ferðum. Lampar voru bornir um allt húsið, götudyrrnar opnar, og gegnum gluggana í gestasalnum sá hún að eldur logaði í ofninum þar, sem hún hafði aldrei áður séð, og dyragangurinn var fullur af ferðakistum. Gerti vissi strax, að frú Graham mundi vera komin og einhverir með henni.

“Við skulum aka að hliðardyrnunum, Willie, svo að Georg sjái til okkar, taki hestinn þinn og láti hann inn í hesthúsið”, sagði Gerti.

“Nei”, svaraði Willi, um leið og hann nam staðar

fyrir framan aðalinnganginn; "eg get ekki fylgt þér inn núna; húsið er fult af gestum, og auk þess lofaði eg að finna mann inni í bænum klukkan 8, og sagðist skyldi vera stundvis". Hann leit á úrið sitt, um leið og hann talaði, og bætti við: "Hún er bráðum átta, nú er eg hissa. En eg kem aftur á morgun að finna þig, — má eg það?"

Hún samþykkti það með ánægju, og svo tóku þau höndum saman, brostu og skildu glöð.

Hann ók með hraða miklum til Boston. En undir eins og Gerti opnaði húsdýrnar, tók Fanny Bruce han í faðm sinn, sem hafði beðið þess með óþolinmæði að Willie færi, svo hún gæti faðmað hina kæru Gerti a sér og látið í ljósi ánægju sína með kossum og tár-um yfir því, að hún slapp úr voðalegu hættunni á gufuskipinu. Þetta var í fyrsta sinn, sem þær sáuust eftir að slysið vildi til.

"Er frú Graham komin, Fanny?" spurði Gerti.

"Já, bæði frú Graham, Kitty, Bella og litil stúlka og veikur maður — Clinton held eg — og annar maður, — en hann er farinn aftur."

"Hver er farinn?"

"Hár maður og myndarlegur, með dökk augu, fall-egt andlit, og svo hvítt hár, að maður mætti ætla að hann væri gamall; en eg er viss um, að hann er það ekki".

"Þú segir, að han sé farinn?"

"Já, hann kom ekki ásamt hinum. Hann var hér, þegar eg kom, og hann fór fyrir hér um bil klukkustundu síðan. Eg heyrði, að hann sagði frú Graham, að hann hefði lofað að finna vin í Boston; en skeð gæti, að hann kæmi aftur í kveld. Eg vona hann komi, ungfrú Gerti; þér ættuð að sjá hann".

Gerti heyrði nú glögt til frú Graham, sem var að tala við mann sinn og Emily, og um leið og hún kom inn, heyrði hún hana segja: "Ó, það er það voðalegaasta, sem eg hefi heyrt á æfi minni, og að hugsa til

þess, að þú varst þar líka, Emily, og Bella, vesalings barnið; hún er enn ekki búin að ná sér. Og Gerti Flint líka. Það er sagt, að hún hafi hegðað sér vel. Hvað er hún?"

Um leið og hún sagði þetta, sneri hún sér við og sá Gerti, sem var nýkomin inn; hún gekk strax til hennar og kysti hana innilega og ástúðlega.

"En nú verð eg líklega að fara að dæmi ungu stúlknanna og losna við rykið", sagði frúin. "Ég er hulin af ryki, en það er samt sem áður betra, að fara landleiðina, heldur en með þessum voðalegu gufuskipum, einsog Clinton bróðir minn ráðlagði mér. — Hvar er Bridget? Hún verður að bera farangur minn upp á loft".

"Eg skal hjalpa yður", sagði Gerti, um leið og hún tók ferðatösku hennar og aðra muni og gekk á eftir henni. Á fyrsta stigapallinum mætti hún Kitty, sem faðmaði hana að sér og kysti hana.

Nokkru ofar mættu þær Bellu í morgunkjól; hún var afar óánægjuleg á svip, en heilsaði samt Gerti.

"Mér þykir vænt um að sjá yður", sagði hún, "þó að hryllingur fari um mig um leið, því það minnir mig á hættuna, sem við vorum staddar í. En sú hepni, að okkur var bjargað, meðan margar aðrar manneskjur druknuðu. Mig hefir oft furðað á, hve rólegar þér gátuð verið, Gerti; eg hefði ekki vitað, hvað eg hefði átt að gjöra, ef þér hefðuð ekki verið þar. En—hamingjan góða—við skulum ekki tala um þetta. Eg get naumast hugsað um það".

Rétt áður en þær áttu að drekka te, kom Kitty inn til Gerti með litla stúlku í sorgarbúningi. Fyrst brosti Kitty glaðlega; en þegar hún ætlaði að fara að tala, brast hún í grát og féll um hálsinn á Gerti og hvíslaði: "Ó, Gerti, eg er svo gæfurik. Eg er hingd komin til að segja þér það".

"Gæfurik?" endurtók Gerti, "þá máttu ekki tárast".

Nú brosti Kitty, síðan gret hún aftur og svo mo hún og sagði Gerti, að hún væri heitbundin þeim bezta manni i heiminum. Þessi litla stúlka væri systurdóttir hans og foreldralaus, sem hann hefði tekið að sér sem dóttur sína. "Og i raun rétttri", bætti hún við, "á eg þér að þakka þessa gæfu".

"Mér?" sagði Gerti undrandi.

"Já, því ef þú hefðir ekki með orðum og fyrirmynd kent mér að verða að annari manneskju, þá hefði hann ekki viljað líta við mér, því síður að þykja vænt um mig, og vona að eg yrði góð móðir henni Grace litlu". Hún leit ástúðlega á barnið, sem vafði sig upp að henni. "Hann er prestur, Gerti, og mjög elskuverður maður. Ertu ekki hissa á því, að jafn barnaleg manneskja og eg skuli verða prestkona?"

Gerti leit á barnið, og sá þá, að það var sama litla stúlkan og hún hafði hjálpað frá öðrum börnum i Saratoga, seni voru að stríða henni.

Kitty ætlaði að fara að lýsa bóndaefni sínu fyrir Gerti, en þá var kallað á þær til að drekka te.

Daglega stofan hans Grahams hafði aldrei verið eins viðfeldin og nú. Veðrið var hlýtt; en fyrir Clinton var ofninn kyntur ofurlítið, svo þægilegur hiti var i herberginu. Hitinn rak þó alt unga fólkið út i horn, sva að i nánd við ofninn var að eins frú Graham og Emily, sem sátu á legubekknun, og Graham og Clinton á hægindastólum hins vegar.

Graham og Clinton höfðu því næði til að tala um það, sem þeim var mest áhugaefni, og hin málgefna frú Graham spjallaði við Emily og sagði henni frá ferðalagi sínu, viðburðum, sem fyrir komu og ýmsu fleiru. Hins vegar i herberginu lá stórt blaðahylki á borði með fögrum myndum af bæjum, borgum og landsplássun i Norðurálfu, sem Graham hafði keypt fyrir skömmu síðan. Gerti og Kitty skoðuðu myndirnar, Grace sat i hnjam Kitty, og Fanny horfði yfir öxl Gerti og þær hlustuðu báðar með eftirtekt á skýringar hinna

á myndunum.

Bella, sú eina, sem var aðgljörðalaus í herberginu, laut við og við yfir borðio, og að lita á myndir, sem hún kannaðist við og sagði þá: "Kitty, þarna er bið-in, sei.. eg keypti bláa silkikjólinn mínn í", eða: Kitty, þarna er fossinn, sem við fórum að skoða með rússnesku herforingjunum", og þessu líkt.

Meðan tímanum var eytt á þessu hátt, voru dyrnar opnaðar og inn komu Amory og William Sullivan, en þess að koma þeirra hefði verið tilkynnt af áður.

Ef annar þeirra hefði komið einsamall, mundi engan hafa furðað það, en að þeir komu báðir í einu, vakti undrun hjá öllum.

Graham og kona hans voru þó svo vörn gestum, að þau létu ekki sjá undrun sína, en stóðu upp og buðu þá velkomna með viðeigandi kurteis. Graham kinkaði kolli til Amory og kynti hann Clinton og ætlaði einnig að kynna hann konu sinni, en þess var ekki þörf því hún mundi vel eftir, að hún hafði kynst honum í Baden-Baden.

"Ungfrú Gerti", hvíslaði Fanny, þegar aftur var kominn kyrð á í herberginu, "er ekki þetta maðurinn, sem þér ókuð með í kveld um sólarlagsbilið? Eg er viss um, að það er hann", sagði hún svo, þegar hún sá Gerti skifta lit; en leit um leið kvíðafull í kring um sig einsog hún væri hrædd um, að einhver hefði heyrt til sín. "Er þetta Willie, Gerti? — Er þetta Sullivan?"

Feimni Gerti kom nú í ljós og óx við spurningar Fanny. En Bella, sem sá að Willie leit aftur og aftur á Gerti, horfði á hann gremjulegum og rannsakandi augum, svo feimni hennar varð í raun og veru kveljandi.

En þá kom tilviljunin henni til hjálpar. Stofubernan kom með kveldblaðið og Gerti stóð upp til að taka við því.

Meðan hún var að þessu stóð Clinton upp og gekk

til Willie og spurði hann nokkurra spurninga. Næst greip hann hendi Bellu, leiddi hana með sér til Philipps og sagði hugahræður: "Hr. Sullivan segir mér, að það séuð þér, sem frelsuðuð líf dóttur minnar; hér er hún til að þakka yður".

Philipp stóð upp, tók utan um Gerti, sem gekk fram há honum með kveldblaðið til Grahams, og sagði: "Nei, þetta er hún, sem frelsaði líf dóttur yðar, herra Clinton. Það er raunar satt, að eg synti með hana til lands; en eg gjörði það af þeirri ástæðu, að eg hélt að það væri mitt eigið kæra barn, sem eg væri að bjarga; því mig grunaði alls ekki, að hún hefði af frjálsum vilja fest merkið við aðra stúlku, — merkið, sem eg var búinn að segja henni að festa við sig, svo eg gæti séð, hvar hún væri, þegar eg nálgæðist skipið".

"Þetta er líkt Gerti, sannarlega líkt henni!" hrópuðu Kitty og Fanny sem einum rómi.

"Mín eigin, eðallynda Gerti", sagði Emily, sem studdi sig við Philipp og tók hendi Gerti og bar hana að vörum sínum og kysti.

"Ó, Gerti." hrópaði Bella með tár í augum. "Eg vissi ekki — eg hugsaði ekki, að —"

"Yðar barn?" sagði frú Graham með hárri rödd og hindraði Bellu frá að segja meira.

"Já, hún er mitt barn, guði sé lof!" svaraði Philipp hrifinn. "Loksins er húu aftur gefin sínum litilmótlega föður, og — þú hefir að líkindum engin leyndarmál hér, barnið mitt?" — Gerti hristi höfuðið og leit á Willie, sem nú stóð við hlið hennar — "og hann gefur hana með ánægju hennar tryggja æskuvín, sem í öllu tilliti verðskuldar hana". Svo lagði hann hendi Gerti í hendi Sullivans.

Nú varð augnabliks þögn. Allir urðu hrifnir af hátíðleik viðburðarins. Svo gekk Graham til þeirra, þrýsti innilega hendur ungu persónanna og strauk svo hendinni um augu sín og fór síðan inn í lestrarherbergið, einsog venja hans var.

"Gerti", sagði Fanny og ýtti við henni, "ert þú heitbundin — ertu heitbundin honum?"

"Já", hvíslaði Gerti, til að seðja forvitni hennar.

"Ó, eg er svo glöð! Eg er svo glöð!" æpti Fanny af fögnuði og dansaði um herbergið.

"Og eg er líka glöð", sagði litla Grace og teygði sig upp til að fá að kyssa Gerti.

"Og eg er svo glaður", sagði Clinton og lagði hendur sínar á Gertis og Sullivans, sem ennþá stóðu hlið við hlið, "af því að hin eðallynda og hjálpfúsa stúlka, se eg get ekki fullpakkað, hvorki með orðum eða gjörðum, hefir fengið verðskuldað endurgjald með ást þess manns, er umhyggjúsamur faðir með ánægju trúir fyrir gæfu dottur sinnar"

Pegar Sullivan var einnig búinn að taka á móti heillaoskum Emily, heyrði hún með undrun og ánægju, hvernig það atvikaðist, að Gerti og faðir hennar fundust.

"Komdu hingað, Gerti", sagði Willie, "komdu að glugganum og sjáðu, hve fagurt kveldið er".

Það var líka ljómandi fagurt vetrarkveld. Jörðin var þakin af snjó og loftið kalt, sem gizka mátti á af hinum rösklegu hreyfingum þeirra, sem fram hjá gengu. Himininn var stjörnubjartur og tunglið að koma í ljós.

A sama augnabliki kom ljósörðurinn og kveikti einsog með raturmagnsneista hin björtu ljós við báðar hliðar götunnar.

Gerti stundi. "Það var ekki jafn fyrirhafnarlitið fyrir Truman frænda að kveikja ljósin", sagði hún; — "það hefi rmikil framför átt sér stað síðan".

"Já, það er áreiðanlegt", sagði Willie og leit i kringum sig í viðfeldnu daglegu stofunni á heimili sínu og Gerti, og svo leit hann á hana, sem hann elskaði umfram allt og öll gæfa hans bygðist á. "Framför, Gerti, sem við gátum ekki ímyndað okkur neitt um.

Eg vildi, að góði, gamli maðurinn væri hér til að taka þátt í gæfu okkar?”

Tárin runnu niður eftir kinnum Gerti, um leið og hún bent á bjarta stjörnu, — hina sömu og hún hafði ávalt sem barn álitð að Truman kveikti og væri broshans til sín.

“Hinn góði Truman frændi”, sagði hún; “ljósberinn hans logar ennþá og ber skæra birtu á himnum, Willie, og ljós hans ber ennþá birtu á jörðunni”.

Í fögrum bæ, nokkrar mílur frá Boston, hjá einum af þessum skemtilegu, skógumkringdu vötnum, stóð sveitaheimili með gamaldags byggingarsniði, en traust og sterklegt. Það hafði verið eign afa Philipps og ömmu, og þar bjó faðir hans og það var sá eini arfur, sem hann fékk. Hann elskaði heimilið innilega, en sökum fátæktar neyddist hann til að selja það.

Það var aðaláform Philipps, að eignast þetta hús og búa það út með öllum mögulegum þægindum. Þar eð peninga-ástæður leyfðu honum nú að framkvæma þetta áform, lét hann það ekki dragast og var næsta vor búinn að koma öllu í gott lag.

A meðan höfðu Willie og Gerti giftst og Graham var fluttur í hús sitt í borginni Boston, sem, af því Bella dvaldi hjá föðursystur sinni um veturinn, hafði fleiri samkvæmi og skemtanir en nokkru sinni áður.

Emily, sem hafði orðið að skilja við sína kæru Gerti, og varð að sæta þeim lifnaðarhætti, sem illa átti við hennar rólegu geðsmuni, kvartaði ekki og hugsaði ekki um neina breytingu, fyrr en Philipp kom til hennar einn daginn, greip hendi hennar og sagði vingjarnlega:

“Þetta er ekki heimili fyrir þig, Emily. Þér finst þú vera jafn einmanaleg og mér finst eg vera á sveitaheimili mínu. Við elskuðum hvort annað í æsku, og sú ást hefir haldist við til þessarar stundar. Hvers vegna eigum við nú að lifa aðskilin hér eftir?

Faðir þinn mun ekki standa á móti óskum okkar; en vilt þú, mín dýrmæta vina, neita því, að blessa og fjörga líf þíns gráhærða, einmanalega elskhuga?"

Emily hristi höfuðið, en brosti yfirburða ástúðlega, um leið og hún sagði:

"Ó, nei, Philipp, minstu ekki á það. Íhugaðau heilsuleysi mitt og hve ósjálfbjarga eg er".

"Heilbrigði þín, kæra Emily, batnar með hverjum degi. Rósirnar eru að koma aftur á kinnar þínar, ar, og að því er snertir hjálparleysi þitt, þá er ekkert, sem mér er kærara, en fá þig til að gléyma því með auðsveipni minni. Ó, sendu mig ekki frá þér vonlausan, Emily! Vond forlög skildu okkur að í mörg ár,—lengdu ekki þennan aðskilnað með eigin vilja þínum. Þú mátt trúa því, að sameiningin við mína heitt elskuðu æskuvinu, er mín fegursta, mín eina von um framtíðargæfu".

Hún dró ekki að sér hendina, sem hann hélt í, en rétti honum hina líka, til að klappa henni.

"Það hefir verið skoðun mín, kæri Philipp,," sagði hún, "að eg mundi verða kölluð til himins áður en þetta skeði, og nú verð eg vör við margt, sem bendir á, að eg eigi ekki að dvelja lengi hér á jörðunni. En hvort sem eg verð hér lengi eða ekki, skal alt vera einsog þú viltt. Ekkert orð frá mínum vörum skal aðskilja hjörtu, sem heyra hvort öðru til, og þitt heimili skal líka vera mitt".

Þegar vorið kom, með blómailminn og fuglasönginn, fór Emily með Philipp, sem kona hans, til hins fagra bústaðar þeirra. Frú Ellis fór með þeim til að hjálpa til á heimilinu.

Frú Prime vildi líka verða þeim samferða, en Emily bað hana að vera kyrra og annast um föður sinn, og á það félst hún.

Emily tókst að útrýma hinni beisku skoðun hans á mannkyninu úr huga hans, og gróðursett í stað hennar sanna ást til guðs og manna hjá honum. Þau voru bæði eins farsæl og maður getur bezt búist við í þessu lífi.

Arnljotur B. Olsen

ENDIR.

